

Fjögurra barna móðir sterkust **fólk 102**



Engin næring í mat sem ekki er borðaður **skólamáltíðir 38**

**spottið 12**






# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Helgarútgáfa
27. nóvember 2010
274. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000



**Myrkrið umhverfis Ljósu**
*Kristín Steinsdóttir ræðir um nýja bók og hlutskipti geðveikra fyrr á tímum.*
**bækur 32**

**Stolt Rúmeníu**
*Bílaframleiðandinn Dacia á fulltrúa í úrslitum um val á Bíl ársins í Evrópu 2011.*



**bílar 44**

**Víglínan mörkuð**
*Stefán Haukur Jóhannesson aðalsamningamaður ræðir aðildarviðræðurnar við ESB.*
**evrópusambandið 22**

**3 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu
Matur | Allt | Allt atvinna








**522 Í FRAMBOÐI** Landsmenn ganga í dag að kjörborðinu og velja á milli 522 frambjóðenda til stjórnlagaþings. Af þeim munu 25 til 31 ná kjöri, en úrslit liggja í fyrsta lagi fyrir síðdegis á mánudag. Kjörstaðir verða víðast hvar opnaðir klukkan 9 árdegis og verða opnir til tíu í kvöld. **Sjá síðu 2**

# Snjóflóðavarnir skapa störf

**Samþykkt var á ríkisstjórnarfundi í gær að verja 350 milljónum króna úr Ofanflóðasjóði til að hefja tvö stór verkefni við uppbyggingu snjóflóðavarna í Neskaupstað og á Ísafirði. Hægt er að bjóða verkin út strax.**

**FRAMKVÆMDIR** Tvö stór og mannaflsfrek verkefni við uppbyggingu snjóflóðavarnagarða í Neskaupstað og á Ísafirði fara án tafar í útboð. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi í gær að veita 350 milljónir króna úr Ofanflóðasjóði sem sérstaklega eru eyrnamerkt framkvæmdunum.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segir að sameiginlegt minnisblað hennar og Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra þessa efnis hafi verið samþykkt, enda sé um afar mikilvæg verkefni að ræða. „Þetta er mikilvægt út frá byggðarsjónarmiðum en ekki síst sem atvinnuverkefni á þessum tveimur stöðum.“

Í fjárlagafrumvarpi næsta árs var gert ráð fyrir að 450 milljónum yrði varið úr Ofanflóðasjóði og því verða 800 milljónir til skiptanna til að byggja upp flóðavarnir.

Framkvæmdunum í Neskaupstað og á Ísafirði var frestað árið 2009 vegna tilmæla AGS um samdrátt ríkisútgjalda. Þá átti að fresta öllum nýframkvæmdum við uppbyggingu flóðavarna til ársins 2013. Þetta hefur verið gagnrýnt harðlega, þar sem staða sjóðsins er góð. Eignir sjóðsins eru rúmlega sjö milljarðar króna.

Á hverju ári gefa tekjustofnar sjóðsins um 1,3 milljarða króna. Reikna má með að vaxtatekjur sjóðsins, af sjö milljarða króna eign, séu á milli 800 og 900 milljónir á ári. **- shá**









SPURNING DAGSINS



*„Haraldur Flosi, verður ekkert síðasta síðasta partí?“*

„Nei, hestaskál fyrir því.“

Jón Ólafsson, eigandi Icelandic Water Holdings, hélt veislu í móttökusal Hellisheiðarvirkjunar í september 2008 og sagði hana síðustu veisluna fyrir hrun. Í kjölfarið var ákveðið að taka fyrir einkaveislur í húsnæðinu. Haraldur Flosi Tryggvason er stjórnarformaður OR.

Heilbrigðisráðherra segir að skorið verði niður um 1,3 milljarða en ekki þrjá:

# Of bratt farið í niðurskurði

**HEILBRIGÐISMÁL** Fallið hefur verið frá hluta þess niðurskurðar sem áformaður var á heilbrigðisstofnanir í fjárlagafrumvarpinu. Ríkisstjórnin samþykkti í gær að skera niður um 1,3 milljarða króna en ekki þrjá milljarða eins og upphaflega stóð til.

Guðbjartur Hannesson heilbrigðisráðherra sagði í samtali við fréttastofu RÚV að þarna væri um verulega leiðréttingu að ræða, en ekki væri um það að ræða að landsbyggðarpólitík hafi haft betur gegn faglega unnum tillögum.

Hann sagði að lagt hafi verið upp með ákveðnar hugmyndir, en sér hafi þótt of bratt farið og hratt í niðurskurðinn. Sú afstaða hans hafi legið fyrir áður en mótmælaalda reis gegn niðurskurðaráformunum.

Í samtali við fréttavefinn mbl.is sagði Guðbjartur að niðurskurður til einstakra stofnana verði í engum tilvikum meiri en tólf prósent. Áður hafði verið gert ráð fyrir því að niðurskurðurinn yrði að hámarki 40 prósent í einu tilviki.

Ekki náðist í Guðbjart vegna málsins í gær. - bj



**SKORIÐ** Niðurskurðurinn verður ekki meiri en tólf prósent hjá hverri stofnun, segir Guðbjartur Hannesson heilbrigðisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

S-Kórea stefnir á heræfingar:

## Norður-Kórea hótar stríði

**SUÐUR-KÓREA, AP** Norður-Kóreuher skaut í gær nokkrum sprengjum úr þungavopnum í grennd við Yeongpyeong-eyju, sem Norður-Kóreumenn gerðu árás á fyrr í vikunni.

Mikil spenna er milli Kóreuríkjanna og hafa Norður-Kóreumenn sagt að stríð kunni að brjótast út ef herafli Suður-Kóreu og Bandaríkjanna heldur til streitu áformum sínum um heræfingar á Gulahafi, sem eiga að hefjast á morgun. - gb

Jón Ásgeir yfirheyrður:

## Lögmannslaus í skýrslutöku

**LÖGREGLUMÁL Jón Ásgeir Jóhannesson mætti í skýrslutöku hjá sérstökum saksóknara í vikunni vegna rannsóknar embættisins á málefnum Glitnis. Hann mætti án Gests Jónssonar, lögmanns síns, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Jón vildi ekki tjá sig um málið við blaðið í gær.**



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

**Reglulegar skýrslutökur hafa verið vegna málanna fimm sem til rannsóknar eru. Þannig staðfesta bæði Katrín Pétursdóttir, fyrrverandi stjórnarmaður í Glitni, og Óskar Magnússon, fyrrverandi forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar, að hafa gefið vitnaskýrslur í vikunni. Þar hafi þau verið spurð um viðskipti með hluti í Tryggingamiðstöðinni.** - sh

# Vatn er lítið í ám og lækjum nærri Heklu

**Óvenjulítið vatn er í ám, lækjum og vatnsbólum í nágrenni Heklu. Slíkt hefur frá fyrri tíð þótt merki um að eldsumbrot væru yfirvofandi. Búist hefur verið við gosi í Heklu um nokkurt skeið. Lítil úrkoma kann líka að skýra breytinguna.**

**JARÐVÁ** Samdráttur í vatnsbúskap í ám, lækjum og vatnsbólum í grennd við eldfjallið Heklu er meiri en svo að skýrist einvörðungu af þurrkatíð og snjóaleysi til fjalla. Þetta er mat Drífu Hjartardóttur, fyrrverandi alþingismanns, sem býr að Keldum á Rangárvöllum.



DRÍFA HJARTARDÓTTIR

„Þetta er óvenju mikið miðað við að það sé vegna úrkomuleysis*,“ segir Drífa og segir að lækkað hafi um þrjátíu sentímetra í Keldnalæknum við heimili hennar. „Og þetta hefur gerst fyrir gos, einhverjum vikum og mánuðum fyrr, að vatnið hefur hripað svona niður.“

Þessi þróun segir Drífa að hafi átt sér stað í allt haust og sífellt hafi minnkað í læknum. „Ég hef búið lengi á Keldum og aldrei séð svona lítið í læknum fyrr.“

Sverrir Haraldsson, bóndi í Selsundi á Rangárvöllum, í næsta nágrenni Heklu, telur hins vegar óvarlegt að rekja minna rennsli til gosvirkni í Heklu.

„Manni finnst þetta nú ekkert dularfullt eftir nokkra snjóalausa vetur og litla úrkomu yfirleitt,“ segir hann og kveður vatn ekki hafa horfið mjög skyndilega. „En það hefur ágerst mikið á þessu ári.“

Um leið segir Sverrir það rétt athugað að það sé einkenni á aðdraganda gosa í Heklu að dragi úr vatnsmagni í nágrenni fjallsins. „En þetta hefur bara ekki verið eðlilegt ástand í tíðarfarinu,“ bætir hann við. Á svæðinu velti fólk því þó óneitanlega fyrir sér hvort breytt vatnsstaða kunni að vera vísbending um að gos sé í vændum.



**GENGIÐ Á FJALLIÐ** Hekla hefur síðustu ár verið sögð að gosi komin. Myndin er tekin á toppi fjallsins fyrir um þremur árum, en snjóleysi þar taldist til tíðinda og til marks um hita að neðan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hjörleifur Sveinbjörnsson, jarðfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, segir enga skjálftavirkni hafa verið undanfarið í grennd við Heklu. „Engir skjálftar og ekkert að sjá á þenslumælum,“ segir hann en telur ekki hægt að útiloka að lág vatnsstaða í grennd við fjallið sé fyrirboði með lengri aðdraganda en skjálftar eru. „Hekla er náttúrlega löngu komin í stöðu og þannig séð tilbúin. En mælar hafa aldrei sýnt neitt sérstaklega mikið fyrr en svona tveimur tímum fyrir gos,“ segir hann og rifjar upp að þannig hafi það einmitt verið síðast þegar Hekla gaus. „Þá komu fyrstu smáskjálftar um tveimur tímum fyrr og ekki var hægt að sjá breytingu á þenslumæli nema með góðum vilja.“

Um leið áréttar Hjörleifur að óvenju lítil úrkoma hafi verið og víða hafi minnkað í ám og vötnum. Snögg þornun kunni að vera vísbending um yfirvofandi gos, en þróun á síðustu vikum og mánuðum sé frekar að rekja til úrkomuleysis. olikr@frettabladid.is

Ákvörðun ráðherra fyrir dóm:

## Ríkinu stefnt vegna rækju

**DÓMSMÁL Sjávarútvegsfyrirtækið Rammi hf. á Siglufirði hefur stefnt íslenska ríkinu vegna ákvörðunar Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, um að gefa ekki út heildarafla sem veiða má af úthafsrækju á fiskveiðiárinu 2010 til 2011. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær og mun fá flýtimeðferð.**



JÓN BJARNASON

**Hafrannsóknastofnunin lagði til að heildarafli sem veiða mætti af úthafsrækju yrði sjö þúsund tonn á fiskveiðiárinu. Ráðherra ákvað hins vegar að rækjuveiðar yrðu gefnar frjálsar með reglugerð í júlí síðastliðnum en ákvörðunin var til eins árs.** - mþl

Bandaríkin í vörn:

## Upplýsa með leynd um leka

**BANDARÍKIN, AP** Breska stjórnin staðfesti í gær að bandarísk stjórnvöld hefðu skýrt frá því við hverju mætti búast í væntanlegum leka á vefsíðunni Wikileaks.

Bretar vildu þó ekki upplýsa blaðamenn um það hvert inntak lekans gæti orðið.

Bandaríkjastjórn sagðist fyrr í vikunni ætla að upplýsa stjórnvöld vinveittra ríkja um lekann, sem talinn er fela í sér upplýsingar um orðsendingar bandarískra stjórnarerindreka til stjórnvalda í Bandaríkjunum.

Upplýsingarnar eru taldar geta komið sér illa fyrir samskipti Bandaríkjanna við sumar vinaþjóðanna. - gb

Skólaþjófur hlaupinn uppi:

## Stal úlpum fyrir fíkniefnum

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan handsamaði í gær stúlku sem hafði stolið úlpum í fatahengi Valhúsaskóla.

Það voru skólabörn í Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi sem hlupu stúlkuna uppi og síðan var lögregla kölluð til. Stúlkan var þá að fara í skólann í annað sinn í vikunni til þess að stela úlpum. Á mánudag sást í öryggismyndavél skólans hvar stúlkan tók fimm úlpur úr fatahenginu. Þegar hún kom aftur í skólann í gær þekktu nemendur hana aftur.

Lögreglan telur að stúlkan hafi stolið úlpunum til að fjármagna fíkniefnakaup. Úlpunum hefur verið skilað til réttra eigenda og telst málið upplýst, að sögn Ómars Smára Ármannssonar aðstoðaryfirlögregluþjóns. - jss




Niðurstaðna er að vænta úr stjórnlagaþingkosningunum á mánudag:

# Kosið til stjórnlagaþings í dag

**KOSNINGAR** Fulltrúar verða kosnir á stjórnlagaþing um allt land í dag. Kjörfundur hefst klukkan 9.00 en lýkur klukkan 22.

Alls eru 522 einstaklingar í framboði en stjórnlagaþingið verður skipað minnst 25 og mest 31 þjóðkjörnum fulltrúa. Þeir verða kosnir persónukosningu og er landið eitt kjördæmi við kosninguna.

Stjórnlagaþingið mun koma saman í febrúar á næsta ári til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og mun þingið standa í tvo til fjóra mánuði. Því er ætlað að undirbúa frumvarp að breytingum á stjórnarskrá en niðurstöður Þjóðfundar 2010 verða hafðar til hliðsjónar við þá vinnu.



**LAUGARDALSHÖLL Í GÆR** Kosningu utan kjörfundar lauk á hádegi í gær en alls greiddu 10.109 atkvæði utan kjörfundar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stjórnlagaþingið og kosningarnar til þess eru án fordæma í íslenskri sögu.

Talning atkvæða úr kosningunum hefst klukkan níu á sunnudagsmorgun og er niðurstaðna að vænta á mánudag. - mþl


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is
Kringlan
Nú kveikjum við
á jólatrénu!
Í dag kl. 15
FROSTRÓSIR
Frostrósir og Stúlknakór Reykjavíkur
Frú Dorrit Moussaieff kveikir á jólatrénu
Sveppi og jólasveinar skemmta
Kaffi frá Kaffitár og konfekt frá Nóa Siríus
Um leið hefst við jólatréð pakkasöfnun fyrir börn í samstarfi við Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálp Íslands. Leggðu þitt af mörkum.
KOMIN Í JÓLASKAP
Opið 10 - 18
Mán - mið 10-18:30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000

## GENGIÐ 26.11.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,33 | 115,89 |
| Sterlingspund | 181,03 | 181,91 |
| Evra | 152,68 | 153,54 |
| Dönsk króna | 20,481 | 20,601 |
| Norsk króna | 18,714 | 18,824 |
| Sænsk króna | 16,417 | 16,513 |
| Japanskt jen | 1,3763 | 1,3843 |
| SDR | 177,09 | 178,15 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,8533

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forsetinn segir ekki hvort hann telji Icesave eiga að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu:

# Ekki ráðlegt að ganga gegn þjóðinni

**UTANRÍKISMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, vill ekkert segja um hvort hann telji að nýr samningur í Icesave-deilunni eigi að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu, en varar við því að gengið verði gegn vilja þjóðarinnar.

„Það er grundvallaratriði í stjórnskipaninni að ég gef ekkert upp um það, hvað þá áður en samningaviðræðum er lokið,“ sagði Ólafur Ragnar í viðtali við Bloomberg-fréttastofuna í gær, spurður hvort hann myndi vísa nýjum samningi í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ólafur benti á að nýr samningur þyrfti að fara í gegnum Alþingi í formi lagafrumvarps, rétt eins og fyrri samningurinn. Ólafur neitaði að staðfesta þau lög og vísaði þeim í þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem 93,2 prósent höfnuðu samningnum.

„Kjarninn varðandi þjóðaratkvæðagreiðsluna er þessi; ef ætlast er til þess að Íslendingar borgi fyrir föllnu bankana eiga þeir að hafa eitthvað um lokaútkomuna að segja,“ sagði Ólafur.

„Þess vegna tel ég að ekki sé ráðlegt að gera samning sem ekki er í samræmi við vilja íslensku þjóðarinnar,“ sagði hann enn fremur. - bj



**SKULDIR** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, segir að ef ætlast sé til þess að Íslendingar borgi fyrir föllnu bankana eigi þeir að hafa eitthvað að segja um útkomuna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jólatré á Hálsatorgi:

# Jólaljós kveikt í Kópavogi í dag

**KÓPAVOGUR** Ljós verða tendruð á vinabæjarjólatré Kópavogsbúa á Hálsatorgi klukkan fjögur í dag. Jólatréð er gjöf til Kópavogsbúa frá íbúum Norrköping í Svíþjóð og afhendir Anders Ljunggren, sendiherra Svíþjóðar, tréð.

Samkór Kópavogs mun syngja jólalög af þessu tilefni við undirleik Skólahljómsveitar Kópavogs. Jólasveinar mæta á svæðið auk þess sem sjálfboðaliðar á vegum Kópavogsdeildar Rauða kross Íslands bjóða gestum upp á heitt kakó og piparkökur. - mþl



**JÓLIN BOÐIN VELKOMIN** Forsetafrúin kveikti áður á jólatré Kringlunnar árið 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Forsetafrúin mætir í Kringluna:

# Dorrit tendrar jólatréð í dag

**FÓLK** Dorrit Moussaieff forsetafrú mun tendra ljósin á jólatré Kringlunnar við hátíðlega áthöfn í dag klukkan 15. Á sama tíma hefst góðgerðasöfnun á jólapökkum undir jólatréð.

Jólapakkasöfnun Kringlunnar í samstarfi við Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálp Íslands fyrir börn er árviss viðburður á aðventunni. Sigurjón Örn Þórsson, framkvæmdastjóri Kringlunnar, segir Íslendinga hafa tekið söfnuninni afar vel og í fyrra hafi safnast yfir 5.000 jólagjafir. - sv

Uppgjör þriðja ársfjórðungs:

# Landsbankinn skilar hagnaði

**VIÐSKIPTI Landsbankinn skilaði tæplega 3,5 milljarða króna hagnaði á þriðja ársfjórðungi 2010. Samanlagður hagnaður á árinu er því 12,9 milljarðar sem jafngildir því að arðsemi af eigin fé fyrstu 9 mánuði ársins sé 10,9 prósent. Á sama tímabili í fyrra nam hagnaður 14,3 milljörðum króna.**

**Þriðji ársfjórðungur í starfsemi bankans markaðist af breytingum á innra starfi. Nýtt skipurit var samþykkt og stöður framkvæmdastjóra auglýstar til umsóknar.** - mþl

# Stjórn Krossins mun funda um ásakanir

**Fyrrverandi eiginkona Gunnars í Krossinum segist ekki trúa ásökunum um kynferðisbrot. Tvær systur hennar eru í hópi kvenna sem bera Gunnar sökum. Stjórnarmenn vilja ekki tjá sig um ásakanirnar, sem Gunnar segir tilhæfulausar.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Stjórn trúfélagsins Krossins mun koma saman um helgina til að ræða ásakanir um kynferðisbrot sem fimm konur hafa borið á Gunnar Þorsteinsson, forstöðumann trúfélagsins.

Þetta staðfestir Björn Ingi Stefánsson, stjórnarmaður og fyrrverandi framkvæmdastjóri Krossins. Hann vill að öðru leyti ekki tjá sig um ásakanirnar á þessu stigi.

Aðrir stjórnarmenn sem Fréttablaðið ræddi við í gær vildu ekki ræða ásakanirnar eða viðbrögð stjórnarinnar við þeim. Gunnar á sjálfur sæti í stjórn Krossins.

Þrjár nafngreindar konur hafa með bréfi til stjórnar Krossins lýst meintum brotum Gunnars. Það hafa tvær konur sem kjósa að koma ekki fram undir nafni einnig gert. Í bréfinu kemur fram að brotin séu öll fyrnd fyrir lögum sökum þess hversu langt er liðið síðan þau voru framin.

Tvær af konunum eru systur fyrrverandi eiginkonu Gunnars, þær Sigríður og Sólveig Guðnadætur. Í yfirlýsingum þeirra, sem fylgdu bréfinu til stjórnar Krossins, lýsa þær meintum brotum Gunnars. Yfirlýsingarnar voru birtar á vefmiðlinum Pressunni í gær.

Sigríður fullyrðir að Gunnar hafi þreifað á sér innan klæða þegar hún hafi verið fjórtán ára gömul, og ítrekað snert sig á óviðeigandi hátt eftir það. Sólveig segir Gunnar hafa káfað á sér þegar hún hafi verið fjórtán ára, og hann hafi haldið áfram að áreita sig fram á fullorðinsár.

Í samtali við Vísi hafnar Gunnar ásökunum Sólveigar alfarið. „Frá 14 ára aldri var ég sem uppalandi hennar í vandræðum vegna lifnaðarhátta hennar og þar komu margir drengir inn í myndina. Ég var miður mín yfir óreglu stúlkunnar og það þekkir móðir hennar og systur. Hún verður ófrísk 16 ára og á svo fimm börn þétt með manninum sínum. Auk þess á hún eitt barn með manni tvö. Orð hennar um 10 ára misnotkun frá 14 ára aldri halda því ekki frekar en nokkur annað sem frá þessum systrum kemur,“ segir Gunnar.

„Þegar hún var í sem mesta ruglinu yfirgaf hún börnin sín og treysti mér fyrir dætrum sínum. Sólveig fer með ósannindi og harma ég hefndarþorsta hennar í minn garð,“ segir Gunnar.

Ingibjörg Guðnadóttir, fyrrverandi eiginkona Gunnars, segir í yfirlýsingu sem send var DV fyrir hennar hönd að ásakanirnar á hendur Gunnari séu viðbjóðslegar og hún voni að fólk taki ekki mark á þeim.

Hún lýsir því þar yfir að hún hafi aldrei séð neitt sem gæti gefið til kynna að Gunnar hafi áreitt ungar stúlkur kynferðislega.

Þriðja konan sem ber Gunnar sökum er Brynja Dröfn Ísfjörð. Hún segir í yfirlýsingu sinni, sem einnig er birt á Pressunni, að Gunnar hafi svívirt sig á brúðkaupsdaginn. Hún segir Gunnar hafa lyft brúðarslörinu og kysst sig á munninn á skrifstofu hans áður en giftingin hafi farið fram.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hefur Gunnar hafnað ásökunum kvennanna með öllu. Hann segist ætla að leita allra úrræða til að hreinsa nafn sitt, enda séu ásakanirnar tilhæfulausar. brjann@frettabladid.is



**BORINN SÖKUM** Fimm konur saka Gunnar Þorsteinsson, forstöðumann Krossins, um kynferðisbrot. Hann hafnar ásökunum þeirra með öllu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**FYRIR DÓMARA** Steingrímur Þór Ólafsson var færður fyrir dómara í gær.

Gæsluvarðhald framlengt:

# Fjársvikamaður áfram inni

**DÓMSMÁL** Gæsluvarðhald Steingríms Þórs Ólafssonar var í gær framlengt í héraðsdómi til 10. desember.

Steingrímur var handtekinn í Venesúela í Suður-Ameríku í síðasta mánuði. Hann var afhentur íslenskum lögregluyfirvöldum fyrr í mánuðinum. Steingrímur er grunaður um aðild að umfangsmiklu fjársvikamáli sem er til rannsóknar hjá lögreglu. Um er að ræða svik á virðisaukaskatti upp á um 270 milljónir króna.

Upphaflega voru sex handteknir vegna málsins, síðan sá sjöundi og loks Steingrímur. Sjö sem sættu gæskuvarðhaldi hafa verið látnir lausir. - jss

**ATVINNUMÁL**

### Skeljungur segir upp fólki

Átta starfsmönnum á skrifstofu olíufélagsins Skeljungs og tveimur fastráðnum starfsmönnum í dreifingu var sagt upp störfum í gær. Meirihluti fólksins er með margra ára starfsreynslu að baki.




## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**FROST Á FRÓNI**
Það verður áframhaldandi frost á landinu um helgina og víða bjart og stillt veður á morgun. Á mánudag hlánar um landið vestanvert og þá má búast við snjókomu þar í fyrstu en síðan slyddu á láglendi þegar líður á daginn.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Basel | 2° |
| Berlín | -1° |
| Billund | 1° |
| Frankfurt | 1° |
| Friedrichshafen | -3° |
| Gautaborg | 1° |
| Kaupmannahöfn | 1° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 3° |
| Mallorca | 14° |
| New York | 7° |
| Orlando | 22° |
| Ósló | -9° |
| París | 1° |
| San Francisco | 12° |
| Stokkhólmur | -4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF SERÍUM OG JÓLALLJÓSUM



# TAX FREE*

**Af jólaljósum og seríum um helgina**

# AÐVENTA

## VERÐHRUN UM HELGINA



AÐEINS UM HELGINA
**2 stk.**
JÓLASTJÖRNUR
STÓRAR OG FLOTTAR
**1.499,-**

Aðventukrans
**2.490,-**
~~3.990,-~~

Jólaskreyting
**799,-**
~~1.490,-~~

AÐEINS UM HELGINA
**999,-**
~~1.490,-~~

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Aðventuljós úr tré
5899631-3

AÐEINS UM HELGINA
Hýasinta
**99,-**

HÚSASMIÐJAN

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

*TAX FREE gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar enda er það lægsta verð sem við bjóðum á viðkomandi vöru.
Að sjálfsögðu stendur Húsamiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

blómaval

*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma. Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú að kjósa til stjórnlagaþings?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 55,3% |
| NEI | 44,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er jólaundirbúningur hafinn á þínu heimili?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Félagsmálanefnd og fjárlaganefnd hyggjast funda um meðferðarheimili:

# Fundað um Árbót í þingnefndum

**ALÞINGI** Bæði félagsmálanefnd Alþingis og fjárlaganefnd hyggjast funda um málefni meðferðarheimilisins Árbótar í kjölfar umfjöllunar Fréttablaðsins undanfarna viku.

Fundur félagsmálanefndar verður haldinn á mánudaginn. Það voru sjálfstæðismennirnir Unnur Brá Konráðsdóttir og Pétur H. Blöndal sem óskuðu eftir fundinum til að ræða málefni meðferðarheimila, einkum Götusmiðjunnar og Árbótar.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður félagsmálanefndar, segir að á fundinn hafi verið boðaðir fulltrúar félagsmálaráðuneytisins og Árbótarheimilisins, auk lögmanns Götusmiðjunnar.



**SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR**



**ODDNÝ G. HARÐARDÓTTIR**

Sá síðastnefndi hefur lýst því yfir að hann muni kvarta til umboðsmanns Alþingis vegna brots á jafnræðisreglu. Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, verður erlendis og kemst því ekki á fundinn. Hann verður líklega boðaður á fund með nefndinni síðar.

„Við munum funda um þetta mál," segir Oddný G. Harðardóttir, formaður fjárlaganefndar. Tímasetningin hafi þó ekki verið ákveðin né hverjir verði fengnir á fundinn.

- sh

Þriðja sprengingin í námunni:

# Ekki þorandi að ná í líkin

**NÝJA-SJÁLAND, AP** Þriðja sprengingin varð í gær í námunni á Nýja-Sjálandi þar sem 29 námuverkamenn fórust eftir fyrstu sprenginguna sem varð viku fyrr.

Ekkert manntjón varð að þessu sinni, enda hefur náman verið mannlaus vegna hættu á sprengingum vegna eiturgufna sem lekið hafa inn í hana úr kolajarðlögum.

Enn hefur ekki þótt þorandi að fara inn í göngin til að ná í lík mannanna sem fórust. Talið er að nokkrar vikur líði þangað til því verki lýkur.

- gb

Reykjavík nefnd á lista CNN:

# Eftirsóknarvert að halda hér jól

**FERÐAMÁL** Bandaríska fréttastöðin CNN telur að Reykjavík sé einn af tíu bestu stöðum í heiminum til að verja jólunum á. Frá þessu er greint á vef Ferðamálastofu.

Meðal þess sem CNN nefnir sem aðdráttarafl er að hér séu þrettán jólasveinar og jólaþorp í Hafnarfirði. Þá er vísað til trúar á álfa og huldufólk hér á landi.

„Þá kemur fram að fólk byrji að fagna jólunum strax í nóvember með jólahlaðborðum. Að sjálfsögðu er svo klykkt út með frásögn af hinni miklu flugeldasýningu á gamlárskvöld og þrettándanum," segir á vef Ferðamálastofu.

- óká



**ÓGILDA AFSLÁTT** Reykjanesbær hefur afnumið afslátt á opinberum gjöldum af fasteignum á Ásbrú. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Reykjanesbær ógildir afslátt:

# Vilja auknar tekjur af Ásbrú

**REYKJANESBÆR** Bæjarráð Reykjanesbæjar ógilti nýlega yfirlýsingu frá október 2007 um að ekki yrðu innheimt opinber gjöld af fasteignum á Ásbrú.

Í bókun bæjarráðs kemur fram að bæjaryfirvöld telji að forsendubrestur hafi orðið þar sem ríkið hafi tekið til sín um 2.500 milljónir í tekjur af Ásbrú án þess að skila því til þróunar á svæðinu. Á meðan hafi bærinn borið um 700 miljóna króna kostnað af svæðinu umfram tekjur og telja bæjaryfirvöld að það gangi ekki upp í erfiðu árferði.

Breyting þessi tekur gildi um áramót.

- þj

# Þriðji geirinn er mikils virði fyrir samfélagið í heild sinni

**Fræðasetur þriðja geirans hefur starfsemi sína. Stofnunin mun rannsaka félagasamtök og stofnanir sem starfa utan einkageirans og hins opinbera. Prófessor segir þriðja geirann vettvang skoðanaskipta og aðhald.**

**VÍSINDI** Fræðasetur þriðja geirans svokallaða tók formlega til starfa í Háskóla Íslands (HÍ) í gær. Um er að ræða stofnun sem mun fjalla um þau félagasamtök eða stofnanir sem ekki eru reknar af opinberum aðilum og ekki í hagnaðarskyni. Að setrinu standa Félagsráðgjafardeild og Stjórnmálafræðideild HÍ ásamt samtökunum Almannaheill.

Í tilefni af opnun fræðasetursins kom sænski prófessorinn Lars Svedberg, einn af fremstu fræðimönnum þessa sviðs, til landsins og hélt fyrirlestur um stöðu þriðja geirans á krepputíma.

Í samtali við Fréttablaðið segist Svedberg þó ekki geta spáð fyrir um hvaða áhrif efnahagshrunið muni hafa á þriðja geirann hér á landi. Hins vegar megi margt læra af fyrri dýfum í íslensku efnahagslífi.

„Þið hafið upplifað mun meiri sveiflur í þessum málum en hin Norðurlöndin og það er merkilegt að sjá að þið hafið jafnan komið vel út úr þessum lægðum, þannig að ég held að ykkur muni takast það aftur."

Þriðji geirinn muni eflaust snúa sterkur til baka, enda liggi það í eðli þess konar starfs.

„Þriðji geirinn virðist oft standa í skugga markaðarins eða ríkisins en fyrr eða síðar kemur hann aftur upp og skilar sínu verki. Í gegnum árin hafa slíkir hópar komið og farið, en í stað þeirra koma jafnmargir og jafnvel fleiri."

Áhyggjuefni er, að mati Svedbergs, sú tilhneiging að krafist sé breytinga á starfsemi innan þriðja geirans. Stöðlun og samræming við aðra geira geti grafið undan hefðbundnu starfi.

„Það er tvíbent, þar sem það getur haft þann kost að starfsemi aðila í þriðja geiranum getur orðið faglegri og skilvirkari. Hins vegar er líka hætta á því að þeir missi tengingu sína við almenning, en það er afar mikilvægt samfélaginu að allir hafi tækifæri á að láta rödd sína heyrast á þeim vettvangi."

Það er því álit hans að þriðji geirinn verði að halda sérstöðu sinni sem vettvangur þar sem almenningur geti tjáð skoðanir sínar og veitt ríkjandi öflum aðhald.

**thorgils@frettabladid.is**

> Þriðji geirinn virðist oft standa í skugga markaðarins eða ríkisins en fyrr eða síðar kemur hann aftur upp og skilar sínu verki.
>
> DR. LARS SVEDBERG PRÓFESSOR

**Þriðji geirinn**

„Þriðji geirinn samanstendur af samtökum og stofnunum sem starfa utan hins opinbera og eru hvorki hagnaðardreifandi, né hagnaðarsæknar. [...]

Sjálfboðaliðar eru einkennandi fyrir þriðja geirann og hefur hann þar sérstöðu gagnvart hinum tveimur geirunum."

**Af vef Háskólans í Reykjavík**



**SKOÐAR ÞRIÐJA GEIRANN** Dr. Lars Svedberg flutti erindi á opnun Fræðaseturs þriðja geirans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Óverulegar breytingar á tekjum

Í nýlegri rannsókn Steinunnar Hrafnsdóttur og Ómars H. Kristmundssonar, forstöðumanna Fræðasetursins um þriðja geirann, kemur í ljós að tekjur félagasamtaka í velferðarþjónustu hafa ekki dregist verulega saman í kjölfar hrunsins. Litið var til áranna 2008 og 2009, en þar kom í ljós að tekjur voru svipaðar hjá um þriðjungi svarenda, samdráttur varð hjá 37 prósentum og tekjur jukust hjá 31 prósenti.

Þegar nánar er rýnt í tölurnar kemur í ljós að tekjur vegna félagsgjalda og þjónustugjalda hafa ekki breyst mikið og styrkir frá einstaklingum minnka ekki mikið, en framlög frá fyrirtækjum, ríki, sveitarfélögum og ýmsum sjóðum hafa dregist frekar saman. Mismikið þó.

Telja höfundar viðbúið að tekjur félagasamtaka skerðist enn frekar á næsta ári, þar sem framlög frá ríkinu séu mikilvægur tekjustofn margra þeirra.

Rannsóknin var gerð með því að senda spurningalista á úrtak sem í voru 144 samtök og bárust svör frá 116 þeirra.

**Hvernig hafa tekjur félaga breyst í heild frá byrjun árs 2008 til loka árs 2009?**




**Kanarí**

**11. desember - 10 nætur**

**Frá kr. 89.900**

Nú bjóðum við allra síðustu sætin í sólina í desember á Kanaríeyjum á frábæru tilboði. Í boði er m.a. frábært sértilboð á Parquemar, sem er vel staðsett íbúðarhótel á ensku ströndinni. Dunas Mirador með „öllu inniföldu". Þetta er gott hótel í Dunas hótelkeðjunni, sem er staðsett í Sonnenland í norðurhluta Maspalomas. Stór og fallegur hótelgarður með tveimur sundlaugarsvæðum og góðri sólbaðsaðstöðu. **Aðeins örfá sæti í boði.**

Verð kr. **89.900.-**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna í studio íbúð á Parquemar í 10 nætur.
Netverð á mann.

Verð kr. **119.900.**
– með „öllu inniföldu"
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna í herbergi á Dunas Mirador í 10 nætur með „öllu inniföldu".
Netverð á mann.

Heimsferðir

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Ráðherra segir dóm Hæstaréttar afdráttarlausan í máli um ábyrgðarmenn:

# Leita að svigrúmi í lögunum

**DÓMSMÁL** Farið verður vandlega yfir nýjan dóm Hæstaréttar í máli þar sem banka var heimilað að ganga á ábyrgðarmenn lántaka sem fengið hafði greiðsluaðlögun, segir Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra.

Dómurinn byggir á því að ákvæði laga um greiðsluaðlögun standist ekki eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Óheimilt sé að meina bönkum að krefja ábyrgðarmenn um greiðslur vegna lána fólks sem fær greiðsluaðlögun.

Árni segir dóminn ekki girða alfarið fyrir löggjöf sem nái því markmiði að hlífa ábyrgðarmönnunum. Það sé mikilvægur hluti laga um greiðsluaðlögun, þar sem ella sé hætta á að lausn á vanda eins skuldara komi öðrum í greiðsluvanda sem þá þurfi að leysa.

Í yfirlýsingu frá embætti umboðsmanns skuldara kemur fram að dómurinn nái aðeins til þeirra sem fengu samning um greiðsluaðlögun samþykktan af dómstólum. Dómurinn hafi ekki áhrif á þá sem hafi gert frjálsa samninga eins og þá sem umboðsmaður hafi haft milligöngu um.



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON** Efnahags- og viðskiptaráðherra segir að farið verði vandlega yfir nýjan dóm Hæstaréttar.

Þar segir að falli ábyrgð ekki niður samhliða samningi um greiðsluaðlögun eigi ábyrgðarmaðurinn kröfu á þann sem fengið hafi greiðsluaðlögun. Það geti leitt til þess að skuldarinn fari í þrot, og greiðsluaðlögunin verði fyrir bí.

- bj




# TAX FREE DAGAR

*Afnemum VSK af öllum barnafatnaði og barnaskóm!*

Dagana 25. - 28. nóvember afnemum við VSK af öllum BARNAFATNAÐI OG BARNASKÓM.

Þú færð allan Barna**fatnað**, Barna**náttföt**, Barna**undirföt**, Barna**sokka**, Barna**sokkabuxur** og Barna**skó** án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups..

Tilboðin gilda út sunnudaginn 28. nóvember 2010.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða ráðherra hefur tekið fæðingarorlof?*
2. *Hvaða lið er á toppi N1-deildar karla í handbolta?*
3. *Hver er vinsælasti sjónvarpsþáttur þjóðarinnar?*

**SVÖR**

**1.** *Árni Mathiesen.* **2.** *Akureyri.* **3.** *Útsvar.*

Geir H. Haarde lýsir furðu á vinnubrögðum við landsdómsmálið og krefst gagna:

# Óeðlileg afskipti dómsforseta

**LANDSDÓMUR** Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, furðar sig á að breytingar á lögum um landsdóm séu byggðar á tillögum forseta dómsins til dóms- og mannréttindaráðherra. Telur hann afskipti dómsforsetans óeðlileg eftir að mál hefur verið höfðað á grundvelli laga um dóminn.



GEIR H HAARDE

Lýsti hann þeirri skoðun sinni í bréfi til Ingibjargar Benediktsdóttur, forseta landsdóms, í vikunni og óskaði jafnframt gagna um málið.Í bréfinu mótmælir Geir því að dómsforsetinn hafi leitað umsagnar saksóknara Alþingis um kröfu sína um skipun verjanda. Hefur honum enn ekki verið skipaður verjandi þó að tæpir tveir mánuðir séu síðan honum var tilkynnt um málshöfðun fyrir landsdómi.

Geir er einnig ósáttur við að Ögmundur Jónasson, dómsmálaráðherra hafi leitað umsagnar saksóknara Alþingis um „einhver atriði“ frumvarpsins til lagabreytinganna.

Ritaði hann í gær ráðherra og saksóknara bréf og óskaði upplýsinga um aðkomu hins síðarnefnda að málinu. Krefst hann þess jafnframt að fá afrit af öllum gögnum málsins. Geir höfðu síðdegis í gær engin svör borist.

Í frumvarpinu er fjallað um skipunartíma dómara, hæfisskilyrði, meðferð tiltekinna vafaatriða, hljóðritun og ákvörðun um kjör dómara. - bþs

HB Grandi skiptir um kúrs:

# Síldin búin og horft til loðnu

**SJÁVARÚTVEGUR Síldveiðum HB Granda er lokið á þessu ári en Lundey NS landaði síðasta farmi vertíðarinnar, um 800 tonnum, á Vopnafirði. Að sögn Magnúsar Róbertssonar, vinnslustjóra á Vopnafirði, máttu skip félagsins veiða um 4.800 tonn af íslenskri sumargotssíld á vertíðinni. Eftirtöðvar kvótans séu nú um 300 tonn sem færð verða á næsta ár.**

**Nú þegar síldveiðum er lokið horfa menn til loðnuveiða en enn er óvíst hvenær skip HB Granda fara til loðnuleitar.** - shá

Hæstiréttur mildaði dóm:

# Stakk manninn í nauðvörn

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur mildað refsingu yfir karlmanni sem var dæmdur fyrir að stinga mann í síðuna með hníf árið 2008. Þá var hann einnig sakfelldur fyrir að hafa haft fíkniefni undir höndum.

Héraðsdómur dæmdi manninn í tíu mánaða fangelsi, skilorðsbundið til sjö mánaða, fyrir brotið. Hæstiréttur mildaði dóminn niður í þrjá mánuði, skilorðsbundinn til tveggja ára. Maðurinn kvaðst fyrir dómi hafa verið að verjast árás fjögurra manna. Hann sagðist að lokum hafa stungið einn þeirra í sjálfsvörn. - jss

**Svanur Sigurbjörnsson læknir**



**4096**

Stjórnarskrá á að veita innblástur og leggja grunninn að góðu þjóðfélagi.
• jafnræði óháð kyni, búsetu og lífsskoðun • náttúran okkar • valddreifing



**Felix Bergsson**, *leikari*: Ég styð Svan heilshugar. Hann berst gegn kreddum og fyrir betra samfélagi.

**www.svanursig.is**

Grunuðum brotamanni sleppt úr gæsluvarðhaldi:

# Karl og kona hafa kært kynferðisbrot

**LÖGREGLUMÁL** Karlmanni á fimmtugsaldri, sem grunaður er um kynferðisbrot gegn að minnsta kosti tveimur einstaklingum, þegar þeir voru börn, var sleppt úr gæsluvarðhaldi í fyrradag.



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Hafnaði kröfu um framlengingu á gæsluvarðhaldi.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hafði krafist framlengingu á gæsluvarðhaldi yfir manninum á grundvelli almannahagsmuna. Dómari varð ekki við því og var maðurinn látinn laus. Úrskurðurinn var ekki kærður til Hæstaréttar.

Maðurinn sem um ræðir er búsettur á höfuðborgarsvæðinu. Hann var handtekinn um miðjan mánuðinn og síðan úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Tæplega tvítugur piltur varð fyrstur til að kæra manninn, eins og Fréttablaðið hefur greint frá, og síðan kom önnur kæra frá stúlku um tvítugt í kjölfarið.

Lögreglan heldur rannsókn málsins áfram. Meðal annars eru til rannsóknar tölvugögn sem hald var lagt á heima hjá manninum í húsleit. Grunur leikur á að misnotkunin hafi staðið um nokkurt skeið.

Rannsókn lögreglu beinist jafnframt að því hvort um fleiri börn sé að ræða. - jss



**GRAHAM AVERY** Telur að nýju ríkisstjórnirnar í Hollandi og Bretlandi vilji ljúka við Icesave-málið sem fyrst til að „kasta ekki skugga á lokafrágang viðræðnanna“ milli Íslands og ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# ESB vill að ríki séu undirbúin fyrir aðild

**Heiðursframkvæmdastjóri ESB segir það á misskilningi byggt að ríki þurfi að breyta stjórnsýslu sinni áður en gengið er í ESB. Bretar og Hollendingar vilji losna við Icesave-málið sem fyrst.**

**EVRÓPUMÁL** Það er misskilningur sem heyrist á Íslandi að fara þurfi í grundvallarbreytingar í stjórnsýslu áður en gengið er í ESB, að sögn Grahams Avery, heiðursframkvæmdastjóra ESB.

Avery, sem er ráðgjafi European Policy Center í Brussel, hélt í gær fyrirlestur hjá Alþjóðamálastofnun. Hann hefur starfað að stækkunarmálum sambandsins um árabil: fyrir Breta þegar þeir gengu inn og fyrir ESB þegar önnur ríki gengu inn síðar.

„Það sem ESB þarf frá umsóknarríki er trúverðug skuldbinding, áætlun um að frá fyrsta degi aðildar verði hægt að framfylgja sameiginlegu reglunum. ESB er ekki að biðja um og hefur engan beðið um að framfylgja þessum reglum áður en viðræður klárast,“ segir hann í viðtali við blaðið. Íslendingar njóti trúverðugleika í þessum efnum vegna reynslunnar af EES.

„Því held ég að þetta sé misskilningur að þið þurfið að setja upp strúktúr í stjórnsýslu og láta hann virka áður en hann er nauðsynlegur. Í raun er ekki hægt að framfylgja sameiginlegu landbúnaðarstefnunni eða fiskveiðistefnunni áður en þið gerist aðildarríki. ESB vill bara vera öruggt um að þið getið það þegar þar að kemur,“ segir hann.

Avery hefur haldið því fram að þátttaka Íslands í EES geri að verkum að landið geti komist hraðar en ella í gegnum viðræður. Hann gefur þó ekki mikið fyrir hugmyndir um tveggja mánaða hraðferð, ekki ef tilgangurinn er að ná góðum samningi.

Hann telur viðræðurnar ýta undir vilja Breta og Hollendinga til að ljúka við Icesave.

„ESB hefur aldrei sagt að lausn málsins sé skilyrði fyrir því að aðildarferlið nái fram að ganga, og það sannast á því að aðildarferlið gengur ágætlega. Bretar og Hollendingar hafa ekki leyst þennan vanda enn, en bæði löndin eru hlynnt því að þið gangið í ESB. Að mínu viti vilja nýju ríkisstjórnirnar, bæði í Haag og Lundúnum, losna við þetta vandamál fljótlega svo það kasti ekki skugga á lokafrágang viðræðnanna,“ segir Avery.

Um fjárhagsraunir Íra, hvort þær hafi ekki sannað að lítið sé á evrunni að græða, segir Avery:

„Írar þjást eins og þið vegna stjórnlausrar hegðunar bankamanna. Ég held að Írar, ef þeir væru utan evrusvæðisins, og jafnvel það sem væri enn verra, ef þeir væru fyrir utan ESB, að þeir stæðu núna frammi fyrir enn erfiðari valkostum en ella.“

klemens@frettabladid.is

Jólaþorp verður

Jólabær!

Vegna mikillar aðsóknar hefur verið fjölgað húsum og tjöldum á Hjartatorginu, Hljómalindarreit þar sem hringiða jólahaldsins verður á aðventunni með líflegum markaði og viðburðahaldi í viðburðatjaldi. Þessi stækkun þýðir að það sem áður var Jólaþorp verður nú Jólabær í Jólaborg.

Jólabærinn verður opnaður 9. desember, kl. 15:00 af Jóni Gnarr borgarstjóra. Fjölbeytt jóladagskrá verður í Jólabænum frá opnun til jóla.

3 jólahús og 2 pláss í tjöldum bætast því við það sem fyrir var. Niðursett hóflegt gjald per. dag. Hafið samband við Árna hjá Skemmtilegt ehf. í síma 695 3850 eða netleiðis í skemmtilegt@skemmtilegt.is Listamenn sem hafa áhuga á að koma fram á viðburðasviði og árita plötur, bækur og annað hafi samband í síma 7 700 700 eða netleiðis í jfm@midborgin.is

Tjaldaleigan Skemmtilegt ehf.
Sími 557 7887 • www.skemmtilegt.is

Fyrstur kemur – fyrstur fær!

MIÐBORGIN OKKAR

„Ég styð Þorkel Helgason ...



1. val 2 8 5 3
2. val

...af því að hann er traustur, heiðarlegur og vandaður maður."
*Guðfinna S. Bjarnadóttir, fv. rektor*

...vegna þess að hann er rökfastur og hugmyndaríkur.“
*Kolbeinn Bjarnason, flautuleikari*

www.thorkellhelgason.is



TILBOÐ MÁNAÐARINS
HJARTAMAGNÝL
689 KR.

Apótekið
–einfalt og ódýrt

Spönginni • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri • www.apotekid.is


ALLT FYRIR AÐVENTUNA
OPIÐ TIL KL.
22:00
TIL JÓLA
TILBOÐ
Tilbúinn aðventukrans
úr ilmandi greni með sjálfslökkvandi kertum
2.980kr
TILBOÐ
40 LJÓSA ÚTISERÍUR ALLIR LITIR
950kr
80 LJÓSA ÚTISERÍUR ALLIR LITIR
1890kr
Allt efni í aðventukransinn
– og við gefum góðu ráðin!
Amerísku jólatrén
úrvalið er
í Garðheimum
20%
afsláttur
Ný heimasíða www.gardheimar.is
Skoðið amerísku jólatrén í nýrri vefverslun!
20%
afsláttur
af völdum kertum
TILBOÐ
Aðventuljós
hvít og rauð
1.480kr
TILBOÐ
Grenibúnt
595kr
Létt og jólalegt að hætti spírunnar
Smörrebröd
kjúklingasalat og
súpa dagsins,
Heimabakaðar
Sörur
sælkerakaffi og
heitt súkkulaði
spíran.
opin til kl. 20.30 til jóla
GARÐHEIMAR
- fjölskyldufyrirtæki í 19 ár!
Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Aðventan hefst á morgun




Fagnaðu aðventunni með BKI kaffi

Aðventan hefst á morgun

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI



**Á aðventunni hefst jólafasta,** fjórða sunnudag fyrir jóladag. Forðum fastaði fólk síðustu vikurnar fyrir jól og forðaðist kjöt. Þegar aðventan hefst er kveikt á fyrsta kerti aðventukransins, spádómakertinu. Það kerti vísar í spádóma gamla testamentisins um komu frelsarans. Næsta sunnudag er kveikt á ...

Kauptu gott kaffi í dag á góðu verði

Einnig til 250 gr á ennþá betra verði á meðan birgðir endast

... undirbúningur. Búðu þig undir jólahátíðina. Hafðu heitt BKI kaffi á könnunni með smákökunum.

*Njóttu undirbúningsins með góðu BKI kaffi.*

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og ferskt eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

*Kauptu BKI fyrir aðventuna*
Kíktu á bki.is

Stjórnvöld vinna að heildstæðri stefnu í orku- og auðlindamálum:

# Auðlindarentan renni til þjóðarinnar

**ORKUMÁL** Að þjóðin eigi náttúruauðlindir landsins er yfirmarkmið heildstæðrar stefnu stjórnvalda í orku- og auðlindamálum sem unnið er að. Þetta kom fram í máli Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra á málþingi um eignarhald orkufyrirtækja í gær.

„Varanleg eign þjóðarinnar á auðlindum landsins felur í sér að farið sé af ábyrgð með þær. Þær séu ekki nýttar af skammsýni heldur skili líka afrakstri til komandi kynslóða og að auðlindarentan skili sér til þjóðarinnar,“ sagði Steingrímur en stýrihópur á vegum iðnaðarráðuneytisins hefur unnið að orkustefnu frá því í ágúst á síðasta ári.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Steingrímur ræddi einnig eiganda- og arðgreiðslustefnu ríkisins gagnvart orkufyrirtækjunum í eigu þess, en hafin er vinna við slíka stefnu í fjármálaráðuneytinu. „Við viljum leggja það niður til framtíðar hvernig við ætlum að sækja arðinn af þessum auðlindum,“ sagði Steingrímur og bætti við: „Liggja á fyrir hvernig ríkið ætlar að standa að málum sem eigandi, til hvers það ætlast af fyrirtækjunum í sinni eigu og hverjar leikreglurnar eru.“

Að lokum sagðist Steingrímur vera þeirrar skoðunar að tryggasta leiðin til að sjá til þess að þjóðin njóti góðs af arði auðlinda sinna sé opinbert eignarhald. - mþl

Bókhald fangelsisins á Kvíabryggju sett í skoðun hjá Ríkisendurskoðun:

# Grunur um fjárdrátt í fangelsi

**FANGELSISMÁL** Forstöðumaður Kvíabryggju hefur verið leystur frá störfum vegna gruns um að hann hafi misnotað aðstöðu sína með því að taka út varning í nafni fangelsisins til eigin nota. Grunur leikur á að meint misferli hafi átt sér stað um nokkurra mánaða skeið, eftir því sem Fréttablaðið kemst næst, og að um umtalsverðar upphæðir gæti verið að ræða.

Það var Fangelsismálastofnun sem vakti athygli dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins á aðfinnslum sem hún hefur gert við fjárreiður og bókhald fangelsisins að Kvíabryggju. Ráðuneytið ræddi málið við forstöðumann fangelsisins og óskaði hann í framhaldi af því að Ríkisendurskoðun yrði falið að fara yfir bókhaldið.

„Ég heimilaði að forstöðumaðurinn yrði leystur frá störfum og að þessi rannsókn færi fram,“ segir Ögmundur Jónasson dómsmálaráðherra. „Það geri ég að sjálfsögðu af því að ég, sem dómsmálaráðherra, er ábyrgðarmaður fyrir fangelsin, skipa fangelsisstjóra og þar af leiðandi kemur það í minn hlut að veita honum lausn ef þörf er á. Þetta er gert á grundvelli starfsmannalaga og er eðlilegur farvegur fyrir þetta mál, enda hef ég eftirlitsskyldu með höndum sem dómsmálaráðherra. Ég undirstrika að þetta er í samræmi við óskir forstöðumanns fangelsins á Kvíabryggju.“



**KVÍABRYGGJA** Fangelsismálastofnun vakti athygli dómsmálaráðherra á fjárreiðum og bókhaldi fangelsisins á Kvíabryggju.

Páll E. Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, kvaðst ekki vilja tjá sig um málið þegar Fréttablaðið leitaði eftir því. - jss

Fasteignafélagið Reginn A3 ehf. til sölu

Reginn ehf. dótturfélag Landsbankans hefur falið Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans að annast sölu á öllu hlutafé í fasteignafélaginu Reginn A3 ehf. Félagið á 7 fasteignir sem eru að meginhluta leigðar undir smásölurekstur á höfuðborgarsvæðinu. Félagið er með 24 leigusamninga við 19 leigutaka. Heildarfjöldi útleigðra fermetra er um 7.800.

Söluferlið hefst formlega með þessari auglýsingu og er opið öllum áhugasömum fjárfestum sem standast hæfismat og sýnt geta fram á fjárfestingargetu umfram 350 milljónir króna.

Unnt er að nálgast allar frekari upplýsingar um söluferlið, félagið og önnur gögn, þar með talið trúnaðaryfirlýsingu og eyðublað fyrir fjárfesta, á vefsíðu Landsbankans, landsbankinn.is, frá klukkan 15.00 þann 23. nóvember 2010.

**Frestur til að skila inn bindandi tilboðum rennur út klukkan 16.00 mánudaginn 20. desember 2010.**

***Reginn ehf. er sértækt dótturfyrirtæki Landsbankans sem fer með eignarhald bankans á fasteignum eða hlutafé fasteignafélaga sem líklegt er að bankinn eigi um einhvern tíma. Stofnun Regins og starfsemi félagsins er einn þáttur í þeim víðtæku ráðstöfunum sem Landsbankinn beitir við fjárhagslega endurskipulagningu atvinnufyrirtækja.***

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.
ENNEMM / SÍA / NM44458

Reginn

Landsbankinn

Eitthvað fyrir alla

Gott verð!

# Við bjóðum til bókajóla...

## Mörg þúsund nýir íslenskir og erlendir titlar!






2.790,-

**Lífsleikni - Gilz minn.** Verð: ~~3.490,-~~



3.980,-

**Mér er skemmt unga.** Verð: ~~4.990,-~~




3.980,-

**Morgunengill Ævisaga.** Verð: ~~4.890,-~~




1.990,-

**Úlfar eldar** Verð: ~~2.490,-~~




4.190,-

**Heimanfylgja** Verð: ~~5.290,-~~




3.420,-

**19 nóvember** Verð: ~~4.290,-~~




3.840,-

**Hreinsun** Verð: ~~4.890,-~~




3.490,-

**Stelpur!** Verð: ~~4.290,-~~




2.790,-

**Þokan** Verð: ~~3.490,-~~




1.870,-

**Pottormarnir sleppa sér** Verð: ~~2.390,-~~




1.790,-

**Jólastund með Dóru** Verð: ~~2.290,-~~




2.650,-

**Nornin og dularfulla gaukskluKkan.** Verð: ~~3.390,-~~

*Verð gilda til og með 29. nóvember 2010*

Eymundsson.is

Skiptimiðinn

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ójafn atkvæðisréttur er brot á grundvallarmannréttindum.

## Tækifærið til að breyta er núna

Kristinn H. Gunnarsson, fyrrverandi alþingismaður, sagði í grein sem birtist í Fréttablaðinu í gær að Árni Páll Árnason, viðskipta- og efnahagsmálaráðherra, sem sagði fyrr í vikunni að hann vildi breyta landinu í eitt kjördæmi, ætti að spyrja félaga sína í jafnaðarmannaflokkum Evrópu af hverju þeir styddu kjördæmafyrirkomulag með mismikið vægi atkvæða eftir kjördæmum. „Hann mun fá þau svör að þetta sé skynsamlegt fyrirkomulag sem veiti öllum íbúum hvers lands nauðsynleg áhrif. Ætlar hann að mótmæla því?“ spyr Kristinn.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þingmaðurinn fyrrverandi getur vissulega vísað til dæma frá mörgum vestrænum lýðræðisríkjum, þar sem vægi atkvæða er mismunandi á milli kjördæma. Víðast er það hins vegar ekki jafnhiminhrópandi og hér á landi, þar sem atkvæði Akurnesinga vega til dæmis tvöfalt meira við kosningar til Alþingis en atkvæði Mosfellinga sem búa í 20 kílómetra fjarlægð. Stjórnmálafræðingar hafa leitað, en ekki fundið jafnkerfisbundna mismunun í atkvæðavægi og hér á landi. Þar sem hún er fyrir hendi er hún yfirleitt umdeild og leiða leitað til að ráða bót á misvæginu. Sjaldgæft er að því sé haldið fram að mismuninn sé „skynsamlegt fyrirkomulag“. Í mörgum ríkjum eru ákvæði í stjórnarskrá eða lögum um að færa skuli kjördæmamörk til, valdi fólksflutningar því að jafnvægi atkvæða raskist.

Sendinefnd Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) sem fylgdist með þingkosningunum hér á landi í fyrra gagnrýndi misvægi atkvæða í skýrslu sinni um kosningarnar og benti á að Evrópuráðið mæltist til þess að munur á atkvæðavægi milli kjördæma væri ekki meiri en 10-15%. Nefndin sagði að það væri því tímabært að endurskoða reglur um úthlutun þingsæta til að tryggja að farið væri eftir grundvallarreglunni um jafnan kosningarétt.

Jafnt vægi atkvæða er flokkað með grundvallarmannréttindum. Enda er það svo að engum dettur lengur í hug að réttlæta mismunandi atkvæðavægi út frá til dæmis kyni, kynþætti eða efnahagslegri stöðu. Hvað er það þá sem veldur því að klárt fólk eins og Kristinn H. Gunnarsson telur sig geta haldið því fram að mismunandi atkvæðisréttur eftir búsetu sé „skynsamlegt fyrirkomulag?“

Tækifærið til að hætta þessum mannréttindabrotum gefst núna, þegar þjóðin kýs til stjórnlagaþings. Í raun væri hægt að uppræta atkvæðamisvægið án þess að breyta stjórnarskránni, því að Alþingi getur ákveðið með auknum meirihluta að breyta þingmannafjölda í kjördæmum. En sá aukni meirihluti mun ekki finnast á Alþingi, af þeirri einföldu ástæðu að landsbyggðarkjördæmin þrjú, þar sem 36% landsmanna búa, kusu í síðustu kosningum 46% þingmannanna. Það er nóg til að standa í vegi fyrir breytingum, sem 54% þingmanna, kosnir af 64% kjósenda, kynnu að vilja koma fram.

Þegar af þessari ástæðu hefur stjórnlagaþingið mikilvægu hlutverki að gegna.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871






## AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Leikreglum breytt eftir á

Hópur þingmanna hefur lagt fram tillögu um málshöfðun gegn fyrrverandi forsætisráðherra Breta vegna aðgerða hans gegn Landsbankanum haustið 2008. Meirihluti flutningsmanna greiddi fyrir tveimur mánuðum atkvæði með ákæru á hendur fyrrverandi forsætisráðherra Íslands fyrir að hafa ekki gripið til ráðstafana gegn Landsbankanum á því sama ári.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Ætla mætti að þetta væri dæmi um tvöfalt siðgæði. Trúlega lýsir þetta fremur dómgreindarleysi.

Dómsmálaráðherra mælti í vikunni fyrir stjórnarfrumvarpi til breytinga á lögum um landsdóm. Með því er ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar að ganga gegn þeirri grundvallarhugmynd að leikreglum er ekki breytt eftir á þegar málarekstur er hafinn. Einu gildir þótt þar sé um réttarfarsatriði að ræða, sem ekki eru öll stórvægileg.

Landsdómsmálið sætti gagnrýni af tveimur ástæðum. Önnur var efnisleg og snerist um að lýðræðinu væri ógnað ef ráðherrar sættu refsiábyrgð auk pólitískrar ábyrgðar vegna skoðana sinna og mats á aðstæðum. Hin var formleg og laut að því að réttarfarsreglur landsdóms samrýmast ekki þeim réttindum sem almennir borgarar njóta nú bæði varðandi rannsókn og ákæru.

Þegar á það var bent að ófært væri að beita lögunum af þessum ástæðum svaraði meirihlutinn sem að ákærunum stóð með þeim rökum að lögin stæðu svona í lagasafninu. Fullyrt var að unnt væri að nota lagabókstafinn óbreyttan og það ætti að gera. Í aðdraganda málsins var nægur tími til breytinga en meirihlutinn vildi ekki nýta hann í því skyni.

## Saksóknari tekinn fram yfir verjanda

Með öðrum orðum var loku fyrir það skotið að þeir sem hugsanlega yrðu ákærðir fengju að njóta sömu réttinda varðandi málsmeðferð og almennir borgarar. Á löngum lista er þar veigamestur rétturinn til þess að mál manna séu skoðuð og ákvörðuð af sjálfstæðum óháðum saksóknara.

Nú gerist það að forseti landsdóms í samstarfi við saksóknara meirihluta Alþingis gerir tillögur til ríkisstjórnarmeirihlutans um að koma fram breytingum á nokkrum réttarfarsatriðum sem auðvelda eiga rekstur málsins að þeirra mati. Breytingartillögurnar eru þannig samstarfsverkefni ríkisstjórnar, saksóknara og dómsforseta.

Hafa þarf í huga í þessu sambandi að formaður þingnefndarinnar sem undirbjó ákærutillögurnar staðhæfði fyrir atkvæðagreiðslu að þær byggðust á ákvæði í stjórnarsáttmálanum og stjórnarþingmönnum væri skylt að kjósa eftir því. Samstarf dómsins og ríkisstjórnarinnar þarf að meta í þessu ljósi.

Hér hefur reytum verið blandað saman umfram það sem samræmist aðgreiningu valdsins og hollt er fyrir réttaröryggið. Ríkisstjórnin var ófús að hlusta á gagnrýni á réttarfarságalla laganna þegar þeim var lýst fyrirfram af þeim sem tóku til varnar fyrir þá sem til stóð að ákæra. Hún er hins vegar óðfús til breytinga um leið og saksóknari meirihluta Alþingis á aðild að einhliða tillögugerð þar um tveimur mánuðum eftir samþykkt ákæru.

Engar af tillögunum miða sérstaklega að því að bæta réttarstöðu ákærða þó að úreltar málsmeðferðarreglurnar halli fyrst og fremst á hann. Það er einfaldlega fallist á tillögur sem saksóknari stendur að án tillits til hagsmuna varnaraðila.

## Frávísun er eina leiðin

Ekki er unnt að útiloka að réttarfarságallar laganna kunni að koma varnaraðilanum að einhverju leyti til góða. Sé svo á hann að njóta þeirra ágalla á sama hátt og hann þarf að þola alla hina sem eru andstæðir nútíma mannréttindakröfum.

Fyrst ákveðið var að gera tilraun til að hreyfa við reglunum eftir að Alþingi samþykkti ákæru var eini kosturinn sá að leita álits bæði hjá saksóknara og verjanda. Að því búnu hefði að réttu lagi átt að beina erindinu til forseta Alþingis en fráleitt til ráðherra.

Forseti Alþingis hefði síðan getað kannað hvort samstaða væri að svo vöxnu máli um að breyta reglunum eftir á. Slík nálgun hefði verið forsenda þess að til álita kæmi að Alþingi breytti lögunum á þessu stigi.

Dráttur á skipan verjanda í málinu hefur einnig vakið mikla athygli, ekki síst vegna þess að um er að ræða ótvíræðan lögbundinn rétt. Enn meira undrunarefni er að leitað var umsagnar saksóknara hvort skipa ætti ákærða verjanda án tafar og hver það skyldi vera.

Engum sem til þekkir kemur til hugar að forseti landsdóms hafi af ásetningi haldið með vilhöllum hætti á málinu. Meðan annað kemur ekki í ljós verður að líta svo á að sá meirihluti sem stóð að ákærunni á Alþingi hafi komið landsdómi og forseta hans í þessa aðstöðu sem erfitt er að skýra og vonlaust að verja. Eina leiðin til að losa dóminn úr þeirri klípu er að vísa frumvarpinu frá þegar í stað.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



Vertu í formi
með World Class
á 9 stöðum
Ný námskeið að hefjast
SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000
Hot Yoga
Súperform
Peak Pilates
Herþjálfun
Crossfit
Zumba Fit
3x5
Fitnessbox
Korthafar fá aðgang að Laugardalslaug, Lágafellslaug og Sundlaug Seltjarnarness
Laugum Reykjavík - Kringlunni Reykjavík - Húsi Orkuveitunnar Reykjavík
Spönginni Grafarvogi - Ögurhvarfi Kópavogi - Turninum Kópavogi
Lágafellslaug Mosfellsbæ - Sundlaug Seltjarnarness - Dalshrauni Hafnarfirði
LAUGAR
World Class ICELAND





OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 30. nóvember á meðan birgðir endast.



# ÍSLENSKIR
# TÓNLISTARDAGAR

# 20% AFSLÁTTUR
## af öllum íslenskum hljómplötum
í tilefni af 100 ára afmæli íslensku hljómplötunnar



1.999 ~~2.499~~


1.999 ~~2.499~~

ÁRITAR Í DAG
Kringlunni kl. 15 í dag
Smáralind kl. 15 sunnudag


1.999 ~~2.499~~

ÁRITAR Í DAG
Kringlunni kl. 15 í dag
Smáralind kl. 15 sunnudag



1.999 ~~2.499~~

ÁRITAR Í DAG
Smáralind kl. 16


2.159 ~~2.699~~

ÁRITAR Í DAG
Smáralind kl. 16

3CD


2.799 ~~3.499~~


1.919 ~~2.399~~



1.999 ~~2.499~~

3CD


2.639 ~~3.299~~


2.159 ~~2.699~~



2CD
2.399 ~~2.999~~



3CD
3.039 ~~3.799~~

CD+DVD

3.039 ~~3.799~~

CD+DVD


2.639 ~~3.299~~

CD+DVD


2.799 ~~3.499~~




PÁLL ÓSKAR ÁRITAR Í DAG:
Smáralind kl. 13:00
Kringlunni kl. 16:00

2.499
bók + CD

Smáskífan og karaókí útgáfan af smellinum "GORDJÖSS" FYLGIR MEÐ BÓKINNI!




SVEPPI ÁRITAR Í DAG
Kringlunni kl. 14:00

2.159 ~~2.699~~




STEINDIN JR. ÁRITAR Í DAG
Smáralind kl. 15:00

2.599 ~~3.199~~

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## AF NETINU

### Vandlæting og aðstöðumunur

Það er auðvelt að setja upp vandlætingarsvip og segja að allar auglýsingar fyrir þingið séu af hinu vonda, en aðstöðumunur milli frambjóðenda er vissulega mikill. Sumir eru þjóðþekktir og þurfa vart að kynna sig, aðrir hafa örsjaldan eða kannski aldrei komið fram í fjölmiðlum. Annað sem ég veit ekki er hvort gangi manna á meðal listar með nöfnum ákveðins hóps sem fólk er hvatt til að kjósa. Það er ekki líklegt að mér séu sendir slíkir listar, en þeir hljóta eiginlega að vera í umferð.

silfurlegils.eyjan.is **Egill Helgason**

### Opna eða verða opnaður

Kjörstaðir opna klukkan tíu, sagði fréttamaður Ríkisútvarpsins í hádegisfréttum (26.11.2010). Er mönnum alveg fyrirmunað að nota sögnina að opna rétt ? Kjörstaðir opna hvorki eitt né neitt. Kjörstaðir verða opnaðir klukkan tíu. Ótrúlegt. Hvað segir málfarsráðunautur? Er hann ekki örugglega enn við störf?

blog.eyjan.is/esg **Eiður Svanberg Guðnason**

# Eiga skotveiðar einungis að vera fyrir fáa útvalda?

Skotveiðar

Sindri Sveinsson
útivistarmaður og félagi í Skotvís



Ýmislegt hefur verið ritað undanfarið um fyrirhugaða stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs sem og fyrirhugaða stækkun friðlands í og útfyrir Þjórsárver. Rót stækkunar friðlands Þjórsárvera er af mörgum talin vera til komin til höfuðs frekari virkjunarframkvæmdum á svæðinu.

Deilan um þessi svæði snýst meðal annars um, hvort almenningur megi áfram aka um fjallaslóða þá sem flestir hafa verið eknir í áratugi. Einnig hvort stunda megi skotveiðar á hálendi Íslands með þeim hætti sem verið hefur, eða hreinlega tjalda úti í náttúrunni á ferð sinni um hálendið. Til eru þeir einstaklingar sem flest vilja banna þegar að þessum málaflokki kemur, og því miður virðist nokkur hluti þeirra hafa valist til að sinna stefnumótandi verkefnum stjórnvalda í þessum málum. Í 8. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum kemur fram að „öllum íslenskum ríkisborgurum, svo og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi, séu dýraveiðar heimilar í almenningum og á afréttum utan landareigna lögbýla.“

Með fyrirhuguðum aðgerðum stjórnvalda virðist stefna í að enn verði þrengt að lögbundnum rétti skotveiðimanna til veiða á afréttum og almenningum. Það sjónarmið friðunarsinna heyrist í hvert sinn sem nýtt landsvæði er friðað að ekki sé verið að friða stór landsvæði, en staðreynd málsins er sú að stærsti hluti hálendis Íslands er annað hvort jöklum hulinn eða gróðursnauð svæði þar sem gæsir og rjúpur þrífast ekki. Hvert nýtt svæði þar sem veiðar eru bannaðar jafngildir því í raun mun stærra hlutfalli lands en friðunarsinnar vilja láta vera.

Heiðagæsastofninn á Íslandi hefur verið í stöðugum vexti sl. 30 ár og hefur u.þ.b. þrefaldast að stærð á þeim tíma. Stofninn er nú talinn vera á fjórða hundrað þúsund fugla. Heiðagæsastofninn er líklega sá stofn fugla sem best þolir aukna veiði hérlendis. Með stækkun friðlanda þar sem veiðar eru bannaðar er ekki einungis dregið úr aðgengi veiðimanna að veiðisvæðum til heiðagæsaveiða heldur er einnig dregið úr möguleika veiðimanna til að veiða úr

> Það er ekki á færi allra veiðimanna að leigja land til veiða

þeim stofni sem best þolir veiðar. Heiðagæsir sækja í takmörkuðum mæli í tún miðað við grágæsir og stórir hópar þeirra yfirgefa landið beint af hálendinu eða eftir stutt stopp á láglendi.

Fuglafræðingar hafa lagt til að dregið verði úr veiði grágæsa en veiða megi meira úr heiðagæsastofninum þess í stað. Fari svo að veiðar á afréttum og almenningum verði takmarkaðar meira en orðið er verður enn síður hægt að fylgja þeim ráðleggingum. Undanfarna áratugi hefur friðlöndum þar sem skotveiðar eru bannaðar, fjölgað og almennt aðgengi veiðimanna að veiðilendum minnkað að sama skapi. Haldi fram sem horfir gætu lögbundnar skotveiðar Íslendinga á afréttum og almenningum því sem næst heyrt sögunni til innan fárra áratuga.

Stór hópur skotveiðimanna hefur ekki aðgang að eignarlöndum til veiða og treystir á rétt sinn til veiða á afréttum og almenningum. Það er ekki á færi allra veiðimanna að leigja land til veiða.

Dæmi eru um að eignarlönd séu leigð til skotveiða fyrir hundruð þúsunda að hausti. Það væri sorglegt ef eins færi fyrir skotveiðum hérlendis eins og laxveiðum, þ.e. að meginþorri almennings geti ekki staðið undir þeim kostnaði sem þeim veiðum fylgir.

Eina af meginreglum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er að finna í 12. gr. laganna og fjallar hún um að meðalhófi skuli beitt við töku stjórnvaldsákvarðana. Reglan segir að við töku stjórnvaldsákvarðana skuli stjórnvald ekki taka meira íþyngjandi ákvörðun en nauðsynlegt er, til að ná því lögmæta markmiði sem að er stefnt.

Fuglaveiðar á hálendi Íslands eru stundaðar að hausti til þegar flest allir aðrir ferðalangar sem hálendið sækja eru horfnir á braut. Rjúpnaveiðar eru leyfðar 18 daga á ári og veiðar á heiðagæs á hálendi er hægt að stunda í u.þ.b. 3-4 vikur að hausti. Erfitt er að rökstyðja með skynsamlegum rökum að skotveiðimenn fái ekki lengur stundað veiðar á þeim svæðum sem þeir hafa veitt á hingað til, hvort sem þau eru nú eða verða í fyrirsjáanlegri framtíð innan friðlanda eða þjóðgarða. Það eru fjölmörg dæmi um að veiðar séu leyfðar á slíkum svæðum víða um heim. Skotveiðimenn eru ekki að biðja um nein aukin réttindi, heldur einungis að réttindi þeirra verði ekki skert enn og aftur.

Ætlar umhverfisráðherra að stuðla að þeirri þróun að skotveiðar verði eingöngu á færi þeirra efnameiri í þjóðfélaginu, sem geta í krafti fjármagns leigt sér eignarlönd til að stunda skotveiðar?

Því getur ráðherra einn svarað.

# Vistvænar skreytingar á jólum

Aðventan

Þorgeir Adamsson
garðyrkjustjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma



Löngum hefur verið til siðs að fólk heimsæki leiði ástvina sinna á aðventu og jólum. Í kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma er jafnan mikil umferð aðstandenda á þessum tíma. Flestir sem koma á aðventunni koma með skreytingu í farteskinu, leggja á leiði og koma svo jafnvel aftur á jólum til að kveikja ljós. Þessi siður er hjá mörgum árlegur viðburður og skapast notaleg stemning þegar fjölmennt er í görðunum á aðfangadag.

Tilgangurinn með skreytingum á leiðum er vissulega fyrst og fremst að minnast hinna látnu og einnig að gera legstaðinn fallegri yfir hátíðarnar eins og flestir gera heima hjá sér. Sígrænar skreytingar í skammdeginu minna fólk á lífið og gróandann og að með hækkandi sól verður aftur grænt.

Eitt af mikilvægum markmiðum varðandi umhverfi okkar er að minnka úrgang sem til verður hjá hverjum og einum og jafnframt að auka flokkun og endurvinnslu. Til að ná þessu markmiði er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að það skiptir miklu máli hvers konar jólaskreytingar við leggjum á leiði ástvina okkar.

### Flokkun og endurvinnsla

Skreytingar eru af ýmsu tagi, allt frá því að vera einföld sígræn barrviðargrein og yfir í íburðarmiklar skreytingar úr mismunandi efnum, bæði lífrænum og ólífrænum.

Margar skreytingar eru með þeim hætti að erfitt eða ógerlegt er að setja þær í endurvinnslu og/eða jarðgerð vegna þess að alls konar aukahlutir úr plastefnum eru tryggilega festir við greinarnar sem gjarnan eru uppistaðan í skreytingunni. Einnig eru dæmi um íburðarmiklar skreytingar sem eru alfarið úr gerviefnum. Slíkar skreytingar eru vafalaust fluttar um langan veg eftir að hafa verið framleiddar á sem ódýrastan hátt.

Á nýárinu, þegar hæfilega langur tími er liðinn og gildi jólaskreytinga útrunnið, þarf að farga þeim öllum. Mikil vinna og kostnaður fer í hreinsun og förgun á öllum jólaskreytingum sem innihalda plastefni.

### Vistvænt – grænt og fallegt

Víða erlendis tíðkast að leggja jólagreni á leiði á aðventu. Eru þá ýmist settar saman mismunandi grenitegundir sem hver hefur sinn blæ eða einungis notuð ein tegund af sígrænum greinum. Skreytingar þessar eru algjörlega vistvænar og án aukahluta úr ólífrænum efnum (plastefnum) og þar með endurvinnanlegar. Nokkuð hefur borið á því hér að aðstandendur séu meðvitaðir um umhverfið og noti lífrænar skreytingar á leiði en betur má ef duga skal.

> Einfaldar skreytingar úr sígrænum greinum án aukahluta úr plasti eru það sem gildir

Undirritaður vill hér með hvetja þá sem ætla að leggja skreytingar á leiði að hafa þær úr lífrænum efnum sem auðvelt er að endurvinna. Það sparar förgunarkostnað, auk þess sem nota má lífrænar skreytingar í jarðgerð þar sem þær verða að mold sem nærir svo gróður seinna meir. Einfaldar skreytingar úr sígrænum greinum án aukahluta úr plasti eru það sem gildir.

Notum skreytingar úr lífrænum efnum.

### SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.




EBU – SAMBAND EVRÓPSKRA
ÚTVARPS- OG SJÓNVARPSSTÖÐVA
BESTA FRÉTTAUMFJÖLLUN
Í SJÓNVARPI 2010
EBU · UER
RUV Iceland
Award for
Television News Coverage
2010
FRÉTTASTOFA







# Óþarfir leikskólastjórar?

**Leikskólar**


**Anna Margrét Ólafsdóttir**
leikskólastjóri og formaður 1. deildar Félags stjórnenda í leikskólum




Ég er svo heppin að vera í skemmtilegasta starfi í heimi með stórkostlegum vinnufélögum. Á mínum vinnustað leika og starfa tæplega 100 manns á aldrinum 1 árs til 65 ára. Ég er leikskólastjóri og hef notið þess í níu ár.

Leikskólastjórastarfið er mjög fjölbreytt, verkefnin mörg og mismunandi og ég hlakka til að fara í vinnuna á hverjum morgni. En hvaða máli skiptir leikskólastjórinn í leikskólanum og hvert er hans hlutverk? Fyrir utan augljós verkefni sem lúta að almennum rekstri leikskólans er leikskólastjórinn að mínu mati límið í góðu leikskólastarfi, hann þarf að vera faglegur leiðtogi í sínum skóla, góð fyrirmynd og góður í samskiptum. Nærvera leikskólastjórans í leikskólanum skiptir miklu máli í því samhengi. Nánast daglega koma upp stór og smá vandamál sem þarf að leysa.

> Mikið óöryggi er í hópi stjórnenda í leikskólum borgarinnar og þar er fólk nú uggandi um sinn skóla og sitt starf

Að geta tekið þátt í daglegu starfi leikskólans er í mínum huga nauðsynlegur þáttur í starfi leikskólastjórans. Á þann hátt myndast góð og mikilvæg tengsl við starfsfólkið, börnin og ekki síður foreldrana. Þessi góðu tengsl eru svo grunnurinn að því trausti sem myndast á milli þessara aðila og gerir góðan leikskóla betri.

Mikilvægt er fyrir foreldra að hafa greiðan aðgang að leikskólastjóra og notalegt spjall í upphafi eða lok dags styrkir samskiptin. Spjall við börnin í fataherbergi eða við matarborð og eltingaleikur í garðinum er gefandi auk þess sem það veitir leikskólastjóranum góða innsýn í líðan barnanna.

Nýverið tók til starfa á vegum borgarráðs starfshópur undir stjórn Oddnýjar Sturludóttur, formanns menntaráðs. Þessi hópur á fyrir 1. febrúar 2011 að vera búinn að útfæra og tímasetja tillögur til næstu fjögurra ára á mögulegum sameiningarkostum leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Þá á hópurinn að greina faglegan og fjárhagslegan ávinning við hvern sameiningarkost. Verkefnið er því ekki lítið, og það á að klára á innan við þremur mánuðum. Desember er handan við hornið og hópurinn hefur aðeins fundað einu sinni.

Hverju á þetta að skila börnunum, foreldrunum og samfélaginu í leikskólunum? Hvaða fjárhagslega ávinningi ætlar borgin að ná fram með þessum sameiningum? Að gefa sér ekki lengri tíma en fram í febrúar til að takast á við svona stórt verkefni þykir mér undarleg stefnumótun og ég er viss um að enginn leikskólastjóri í borginni myndi leggja til grundvallarbreytingar í sínum leikskóla án þess að undirbúa sig betur en þetta.

Leikskólar í Reykjavík hafa á tyllidögum verið kallaðir flaggskip borgarinnar enda eru þeir flestir til fyrirmyndar í fjármálarekstri sem og þeirri þjónustu sem þeir veita. Kannanir leikskólasviðs hafa í gegnum tíðina sýnt gríðarlega ánægju foreldra með leikskóla borgarinnar. En nú á að ráðast gegn þessu fyrsta skólastigi barnanna sem að mínu mati er á heimsmælikvarða og við höfum hingað til getað talað um með stolti við kollega okkar í öðrum löndum.

Leikskólastjóri er allt í einu gerður óþarfur í leikskólanum og hans hlutverk í sameinuðum skólum mun gera það að verkum að hann fjarlægist það samfélag sem hver leikskóli er. Hann þarf að skipta sér á milli vinnustaða og það blasir við að þau nánu tengsl sem hann á í dag við samstarfsfólk sitt, börnin og foreldrana verða á allt öðrum nótum en það sem þekkist í dag. Það er að mínu mati stórt skref afturábak.

Ég á erfitt með að sjá faglegan ávinning af sameiningu leikskóla nema í sérstökum undantekningartilfellum. Hvað varðar fjárhagslegan ávinning held ég að málið sé ekki eins einfalt og haldið hefur verið fram í umræðunni. Breytingarnar kosta líka peninga og fórnarkostnaðurinn fyrir samfélagið á leikskólanum er ekki mælanlegur í peningum. Svo er líklegast að það sem sparast í bókhaldi nokkurra leikskóla við það að færa þjónustuna fjær börnum og foreldrum komi fram í hærri skrifstofu- og sérfræðikostnaði í öðrum dálkum í bókhaldi borgarinnar.

Í dag eru leikskólastjórar borgarinnar eingöngu konur og mun þessi fyrirhugaða aðgerð höggva stórt skarð í hóp kvenstjórnenda borgarinnar. Þar sem sameiningar verða mun stjórnendum verða sagt upp störfum og ný stjórnendastaða auglýst laus til umsóknar. Mikið óöryggi er í hópi stjórnenda í leikskólum borgarinnar og þar er fólk nú uggandi um sinn skóla og sitt starf. Ég skora á borgaryfirvöld að endurskoða þessa aðgerð, gefa sér lengri tíma en þrjá mánuði í að kanna kostina og gallana.

Það er röng forgangsröðun að skera niður hjá yngstu borgurunum, börnunum sem eru að stíga sín fyrstu skref í samfélaginu. Þau á að setja í forgang, það er faglegur og fjárhagslegur ávinningur.

**AF NETINU**

## Muna eftir vökulögunum, Jón!

Sá í kvöldfréttum gærdagsins að Jón Bjarnason fékk frekjukast í ræðustól þingsins vegna þess að einhver þingmaður leyfði sér að setja spurningarmerki við að sonur ráðherrans ætti að fara yfir skýrslu frá HAFRÓ. [...]

Miðað við það sem hann taldi upp er sonurinn svo bissí að það er kannski óþarfa grimmd að vera að troða honum í aukavinnu á vegum ráðuneytis pabba síns.

Muna eftir vökulögunum. Jamm.

**blog.eyjan.is/jenny Jenný Baldursdóttir**

## Hagsmunasamtök sökkva í slúðrið

Friðriki Ó. Friðrikssyni, formanni Hagsmunasamtaka heimilanna, virðist ofboðið að fjölmiðlar hafi fjallað um skuldastöðu Marinós G. Njálssonar. Friðrik sagði þetta slúður fréttir, en dró það til baka, enda var tíðrætt um vonda fjölmiðla. Hann sökkti sjálfum sér og samtökunum í djúpan slúðurpytt þegar hann sagði: „Nú er engin launung á að það eru pólitískir bræður bæði í ritstjórnir fjölmiðla eins inn í launþegahreyfinguna. Ég held að Gylfi Arnbjörnsson fari ekkert leynt með það að hann er mikill Samfylkingarmaður. Ég held að það sé engin launung á því að það eru sterk pólitísk tengsl á milli ritstjórnar Fréttatímans og Samfylkingarinnar."

Auðvitað hafði hann engin dæmi eða gat rökstutt slúðurfullyrðingu sína. Hann gekk nærri trúverðugleika samtakanna.

**sme.midjan.is Sigurjón M. Egilsson**




# Snjöllustu jólasímarnir

## LG OPTIMUS

Android sími með íslensku valmyndakerfi. Flýtileiðir á samfélagsvefi, spilar Divx og Xvid, GPS sem styður Google Maps og margt, margt fleira.

| Símalán-útborgun: | |
|---|---|
| 0 kr. | Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.* |
| | 1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir. |
| | Staðgreitt: 39.900 kr. |

## LG OPTIMUS ONE

Flottur Android sími sem fer vel í hendi. Flýtileiðir á samfélagsvefi, spilar Divx og Xvid, Android OS v2.2 og 3,5 mm jack-tengi.

| Símalán-útborgun: | |
|---|---|
| 0 kr. | Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.* |
| | 1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir. |
| | Staðgreitt: 49.900 kr. |

Android símtæki byggjast á opnum hugbúnaði sem tengir símann þinn fyrirhafnarlaust við hvers kyns samskiptasíður, leiki og yfir 100.000 smáforrit á vefnum.

Það er Síminn

siminn.is

* Ef greitt er með kreditkorti er hægt að dreifa eftirstöðvunum vaxtalaust á allt að 12 mánuði. Greiðslugjald er 250 kr./mán.

ENNEMM / SÍA / NM44319

## Ráðhúsið

**Kjörsvæði 1 norður**



**1. kjördeild**
Aðalstræti
Amtmannsstígur
Austurstræti
Ánanaust
Ásvallagata
Bakkastígur
Baldursgata
Bankastræti
Barónsstígur
Bárugata
Bergstaðastræti
Bergþórugata

**2. kjördeild**
Bjargarstígur
Bjarkargata
Bjarnarstígur
Blómvallagata
Bókhlöðustígur
Bragagata
Brattagata
Brávallagata
Brekkustígur
Brunnstígur
Bræðraborgarstígur
Drafnarstígur
Egilsgata
Eiríksgata
Fischersund
Fjólugata
Fjölnisvegur
Frakkastígur
Framnesvegur 1–54
Framnesvegur 56–56a
Framnesvegur 58–58b
Freyjugata
Garðastræti

**3. kjördeild**
Grettisgata 2–86
Grjótagata
Grundarstígur
Haðarstígur
Hallveigarstígur
Hávallagata
Hellusund
Hofsvallagata 1–23
Holtsgata
Hólatorg
Hólavallagata
Hrannarstígur
Hringbraut, sléttar tölur
Hverfisgata 16–56

**4. kjördeild**
Hverfisgata 57–125
Ingólfsstræti
Kárastígur
Kirkjugarðsstígur
Kirkjustræti
Kirkjutorg
Klapparstígur
Laufásvegur
Laugavegur 5–100
Leifsgata
Lindargata 6–46a

**5. kjördeild**
Lindargata 50–66
Ljósvallagata
Lokastígur
Lækjargata
Marargata
Miðstræti
Mímisvegur
Mjóstræti
Mýrargata
Njarðargata
Njálsgata 1–87
Norðurstígur
Nýlendugata
Nönnugata
Óðinsgata
Pósthússtræti
Ránargata

**6. kjördeild**
Seljavegur
Sjafnargata
Skálholtsstígur
Skothúsvegur
Skólabrú
Skólastræti
Skólavörðustígur
Skúlagata 10–46
Smáragata
Smiðjustígur
Snorrabraut, sléttar tölur
Sóleyjargata
Sólvallagata
Spítalastígur
Stýrimannastígur
Suðurgata 3–37

**7. kjördeild**
Tjarnargata
Tryggvagata
Túngata
Týsgata
Unnarstígur
Urðarstígur
Vatnsstígur
Vegamótastígur
Veghúsastígur
Veltusund
Vesturgata
Vesturvallagata
Vitastígur
Þingholtsstræti
Þorfinnsgata
Þórsgata
Ægisgata
Öldugata

**8. kjördeild**
Þeir sem eru fæddir 16.–31. hvers mánaðar og eru:
Búsettir erlendis, óstaðsettir í hús eða sendiráðsstarfsmenn

## Kjarvalsstaðir

**Kjörsvæði 2 norður**



**1. kjördeild**
Auðarstræti
Ásholt
Bolholt
Bollagata
Borgartún
Bólstaðarhlíð
Brautarholt
Einholt
Flókagata

**2. kjördeild**
Grettisgata 90–98
Guðrúnargata
Gunnarsbraut
Háteigsvegur
Hátún
Hjálmholt
Hrefnugata
Höfðatún

**3. kjördeild**
Karlagata
Kjartansgata
Langahlíð
Laugavegur 103–162
Mánagata
Mánatún
Meðalholt
Miðtún
Mjölnisholt
Njálsgata 90–112
Nóatún
Rauðarárstígur
Samtún
Skaftahlíð
Skarphéðinsgata
Skeggjagata
Skipholt 3–16

**4. kjördeild**
Skipholt 17–68
Skúlagata 52–80
Snorrabraut, oddatölur
Sóltún
Stakkholt
Stangarholt
Stórholt
Stúfholt
Úthlíð
Vatnsholt
Vífilsgata
Þverholt

## Laugardalshöll

**Kjörsvæði 3 norður**



**1. kjördeild**
Austurbrún
Álfheimar
Álftamýri
Ármúli
Ásvegur

**2. kjördeild**
Barðavogur
Brekkulækur
Brúnavegur
Bugðulækur
Dalbraut
Dragavegur
Drekavogur
Dugguvogur
Dyngjuvegur
Efstasund
Eikjuvogur
Engjateigur
Fellsmúli

**3. kjördeild**
Ferjuvogur
Glaðheimar
Gnoðarvogur
Goðheimar
Grensásvegur 14
Gullteigur
Háaleitisbraut 14–107

**4. kjördeild**
Háaleitisbraut 109–155
Hjallavegur
Hlunnavogur
Hofteigur
Hólmasund
Hólsvegur
Hraunteigur
Hrísateigur
Jökulgrunn
Kambsvegur
Karfavogur
Kirkjusandur
Kirkjuteigur

**5. kjördeild**
Kleifarvegur
Kleppsvegur
Kleppsvegur Hrafnista
Kleppur starfsmannahús
Langholtsvegur 1–90

**6. kjördeild**
Langholtsvegur 91–208
Laugalækur
Laugarásvegur
Laugarnestangi
Laugarnesvegur

# Kjörstaðir í Reykjavík

# við kosningar til stjórnlagaþings 27. nóvember 2010

# Hvar kýst þu

## Hagaskóli

**Kjörsvæði 1 suður**



**1. kjördeild**
Aflagrandi
Aragata
Arnargata
Álagrandi
Bauganes
Baugatangi
Bárugrandi
Birkimelur
Boðagrandi
Dunhagi
Eggertsgata 2–8

**2. kjördeild**
Eggertsgata 10–34
Einarsnes
Einimelur
Faxaskjól
Fáfnisnes
Fálkagata
Fjörugrandi
Flyðrugrandi
Fornhagi
Fossagata
Framnesvegur 55 og 57
Framnesvegur 59–68

**3. kjördeild**
Frostaskjól
Gnitanes
Góugata
Granaskjól
Grandavegur
Grenimelur
Grímshagi
Hagamelur 2–40

**4. kjördeild**
Hagamelur 41–53
Hjarðarhagi
Hofsvallagata 49–62
Hringbraut, oddatölur
Hörpugata
Kaplaskjólsvegur

**5. kjördeild**
Keilugrandi
Kvisthagi
Lágholtsvegur
Lynghagi
Meistaravellir
Melhagi
Neshagi
Nesvegur
Oddagata
Rekagrandi

**6. kjördeild**
Reykjavíkurvegur
Reynimelur
Seilugrandi
Skeljagrandi
Skeljanes
Skeljatangi
Skerplugata
Skildinganes
Skildingatangi
Smyrilsvegur
Starhagi
Suðurgata 100–121

**7. kjördeild**
Sörlaskjól
Tómasarhagi
Víðimelur
Þjórsárgata
Þormóðsstaðavegur
Þorragata
Þrastargata
Ægisíða
Öldugrandi

**8. kjördeild**
Þeir sem eru fæddir 1.–15. hvers mánaðar og eru:
Búsettir erlendis, óstaðsettir í hús eða sendiráðsstarfsmenn

## Hlíðaskóli

**Kjörsvæði 2 suður**



**1. kjördeild**
Barmahlíð
Beykihlíð
Birkihlíð
Blönduhlíð
Bogahlíð
Drápuhlíð 1–33

**2. kjördeild**
Drápuhlíð 34–48
Engihlíð
Eskihlíð
Grænahlíð
Hamrahlíð
Háahlíð
Hörgshlíð
Lerkihlíð
Mávahlíð 1–31

**3. kjördeild**
Mávahlíð 32–48
Miklabraut
Mjóahlíð
Reykjahlíð
Reynihlíð
Stakkahlíð
Stigahlíð
Suðurhlíð
Vesturhlíð
Víðihlíð

## Ölduselsskóli

**Kjörsvæði 4 suður**



**1. kjördeild**
Akrasel
Árskógar
Bakkasel
Bláskógar
Brekkusel
Dalsel
Dynskógar
Engjasel 1–83

**2. kjördeild**
Engjasel 84–87
Fífusel
Fjarðarsel
Fljótasel
Flúðasel
Giljasel
Gljúfrasel
Grjótasel
Grófarsel
Hagasel

**3. kjördeild**
Hálsasel
Heiðarsel
Hjallasel
Hléskógar
Hnjúkasel
Holtasel
Hólmasel
Hryggjarsel
Hæðarsel
Jakasel
Jórusel
Jöklasel
Kaldasel
Kambasel 1–48

**4. kjördeild**
Kambasel 49–85
Kleifarsel
Klyfjasel
Kögursel
Lambasel
Látrasel
Lindarsel
Ljárskógar
Lækjarsel
Melsel
Mýrarsel
Rangársel
Raufarsel
Réttarsel
Seljabraut
Síðusel
Skagasel
Skógarsel

**5. kjördeild**
Skriðusel
Staðarsel
Stafnasel
Stallasel
Stapasel
Steinasel
Stekkjarsel
Stíflusel
Strandasel
Strýtusel
Stuðlasel
Teigasel
Tindasel
Tjarnarsel
Tungusel
Vaðlasel
Vaglasel
Vatnasel
Vogasel
Ystasel
Þingasel
Þjóttusel
Þrándarsel
Þúfusel
Þverársel

## Breiðagerðisskóli

**Kjörsvæði 3 suður**



**1. kjördeild**
Aðalland
Akraland
Akurgerði
Austurgerði
Áland
Álfaland
Álftaland
Ánaland
Árland
Ásendi
Ásgarður
Bakkagerði
Básendi
Bjarmaland
Bleikargróf
Blesugróf
Borgargerði
Brautarland
Breiðagerði

**2. kjördeild**
Brekkugerði
Brúnaland
Búðagerði
Búland
Bústaðablettur
Bústaðavegur
Byggðarendi
Dalaland
Efstaland
Efstaleiti
Espigerði
Fossvogsvegur

**3. kjördeild**
Furugerði
Garðsendi
Gautland
Geitland
Giljaland
Goðaland
Grensásvegur 24–60
Grundargerði
Grundarland
Haðaland
Hamarsgerði
Háagerði

**4. kjördeild**
Heiðargerði
Helluland
Hjallaland
Hlíðargerði
Hlyngerði
Hólmgarður
Hulduland
Hvammsgerði
Hvassaleiti 1–31

**5. kjördeild**
Hvassaleiti 32–157
Hæðargarður
Hörðaland
Jöldugróf
Kelduland
Kjalarland
Kjarrvegur
Klifvegur
Kringlan
Kúrland

**6. kjördeild**
Kvistaland
Langagerði
Láland
Litlagerði
Ljósaland
Logaland
Markarvegur
Markland
Melgerði
Miðleiti
Mosgerði
Neðstaleiti

**7. kjördeild**
Ofanleiti
Rauðagerði
Réttarholtsvegur
Seljaland
Seljugerði
Skálagerði
Skógargerði
Skógarvegur
Sléttuvegur

**8. kjördeild**
Snæland
Sogavegur
Steinagerði
Stjörnugróf
Stóragerði
Sævarland
Teigagerði
Traðarland
Tunguvegur
Undraland
Viðjugerði
Vogaland

**7. kjördeild**
Laugateigur
Ljósheimar
Mörkin
Njörvasund
Norðurbrún
Nökkvavogur
Otrateigur
Rauðalækur 2–26

**8. kjördeild**
Rauðalækur 27–73
Reykjavegur
Safamýri
Selvogsgrunn
Sigluvogur
Sigtún
Silfurteigur
Síðumúli
Skeiðarvogur
Skipasund 1–19

**9. kjördeild**
Skipasund 20–92
Snekkjuvogur
Sólheimar
Sporðagrunn
Starmýri
Suðurlandsbr. 16–66
Suðurlandsbraut Álfabrekka
Sundlaugavegur
Sunnuvegur
Súðarvogur
Sæviðarsund
Vesturbrún

## Íþróttamiðstöðin í Grafarvogi

### Kjörsvæði 4 norður



**1. kjördeild**
Austurfold
Baughús
Básbryggja
Bláhamrar
Brekkuhús
Dalhús
Dverghamrar
Dyrhamrar
Fannafold 1–157

**2. kjördeild**
Fannafold 158–251
Frostafold
Funafold
Funahöfði
Garðhús

**3. kjördeild**
Geithamrar
Gerðhamrar
Grundarhús
Hesthamrar
Hlaðhamrar
Hlíðarhús
Hverafold
Höfðabakki
Jöklafold
Krosshamrar

**4. kjördeild**
Leiðhamrar
Logafold
Miðhús
Naustabryggja

**5. kjördeild**
Neshamrar
Rauðhamrar
Reykjafold
Salthamrar
Smiðshöfði
Sporhamrar
Stakkhamrar
Suðurhús
Svarthamrar
Sveighús
Vallarhús
Vegghamrar
Veghús
Vesturfold
Vesturhús
Vesturlandsbr. Keldur

## Borgaskóli

### Kjörsvæði 5 norður



**1. kjördeild**
Álfaborgir
Bakkastaðir
Barðastaðir
Berjarimi
Breiðavík 1–16

**2. kjördeild**
Breiðavík 17–89
Brúnastaðir
Dísaborgir
Dofraborgir
Dvergaborgir
Fífurimi
Flétturimi

**3. kjördeild**
Fróðengi
Garðsstaðir
Gautavík
Goðaborgir
Grasarimi
Gufunesvegur
Gullengi
Hamravík
Hrísrimi

**4. kjördeild**
Hulduborgir
Hvannarimi
Jötnaborgir
Klukkurimi
Laufengi
Laufrimi
Ljósavík

**5. kjördeild**
Lyngrimi
Mosarimi
Mururimi
Reyrengi
Rósarimi
Smárarimi
Sóleyjarimi 1–23

**6. kjördeild**
Sóleyjarimi 33–123
Stararimi
Starengi
Tröllaborgir
Vallengi
Viðarrimi
Vættaborgir
Æsuborgir

## Ingunnarskóli

### Kjörsvæði 6 norður



**1. kjördeild**
Andrésbrunnur
Biskupsgata
Freyjubrunnur
Friggjarbrunnur
Gefjunarbrunnur
Gerðarbrunnur
Gissurargata
Grænlandsleið
Gvendargeisli, oddatölur
Haukdælabraut
Iðunnarbrunnur
Jónsgeisli
Kapellustígur
Katrínarlind
Klausturstígur

**2. kjördeild**
Kristnibraut, oddatölur
Lambhagavegur
Lofnarbrunnur
Marteinslaug
Sifjarbrunnur
Sjafnarbrunnur
Urðarbrunnur
Úlfarsbraut
Úlfarsfellsvegur
Vesturlandsbraut Engi
Vesturlandsbr. Fífilbrekka
Vesturlandsbraut Lundur
Vesturlandsbraut Mæri
Vesturlandsbraut Stekkur
Vesturlandsbr. Tjarnarengi
Vesturlbr. Úlfarsfell 1 og 3
Vesturlandsbraut Víðimýri
Þórðarsveigur

## Klébergsskóli

### Kjörsvæði 7 norður



**1. kjördeild**
Álfsnes og önnur bæjarnöfn
Búagrund
Esjugrund
Furugrund
Helgugrund
Hofsbraut
Jörfagrund
Víkurgrund




**Kosningar til stjórnlagaþings 2010**
Kjörstaðir og kjörhverfi

ú?

# Reykjavíkurkjördæmi norður

# Reykjavíkurkjördæmi suður

## Íþróttamiðstöðin Austurbergi

### Kjörsvæði 5 suður



**1. kjördeild**
Arahólar
Asparfell
Austurberg
Álftahólar
Blikahólar
Blöndubakki
Brúnastekkur
Depluhólar
Dúfnahólar

**2. kjördeild**
Dvergabakki
Erluhólar
Eyjabakki
Fannarfell
Ferjubakki
Fornistekkur
Fremristekkur
Fýlshólar
Gaukshólar
Geitastekkur
Gilsárstekkur
Grýtubakki
Gyðufell
Hamraberg
Haukshólar

**3. kjördeild**
Háberg
Heiðnaberg
Hjaltabakki
Hólaberg
Hólastekkur
Hrafnhólar
Hraunberg
Iðufell
Írabakki
Jórufell
Jörfabakki
Keilufell
Klapparberg

**4. kjördeild**
Kóngsbakki
Kríuhólar
Krummahólar
Kötlufell
Lambastekkur
Lágaberg
Leirubakki
Lundahólar
Maríubakki
Máshólar

**5. kjördeild**
Möðrufell
Neðstaberg
Norðurfell
Núpabakki
Nönnufell
Orrahólar
Ósabakki
Prestbakki
Réttarbakki
Rituhólar
Rjúpufell
Skriðustekkur
Smyrilshólar
Spóahólar
Staðarbakki
Starrahólar
Stelkshólar
Suðurhólar

**6. kjördeild**
Súluhólar
Torfufell
Trönuhólar
Tungubakki
Ugluhólar
Unufell
Urðarbakki
Urðarstekkur
Valshólar
Vatnsveituvegur
Vesturberg 1–77

**7. kjördeild**
Vesturberg 78–199
Vesturhólar
Víkurbakki
Völvufell
Yrsufell
Þangbakki
Þórufell
Þrastarhólar
Æsufell

## Ingunnarskóli

### Kjörsvæði 7 suður



**3. kjördeild**
Gvendargeisli, sléttar tölur
Kirkjustétt
Kristnibraut, sléttar tölur
Laxalón
Maríubaugur

**4. kjördeild**
Ólafsgeisli
Prestastígur
Vesturlandsbr. Grafarholt
Þorláksgeisli

Hægt er að slá inn kennitölu á **www.kosning.is** og fá upplýsingar um hvar viðkomandi er á kjörskrá.

## Árbæjarskóli

### Kjörsvæði 6 suður



**1. kjördeild**
Álakvísl
Árbæjarblettur
Árkvörn
Birtingakvísl
Bjallavað
Bleikjukvísl
Brautarás
Brekkubær
Brúarás
Bröndukvísl
Búðavað
Deildarás
Disarás
Eyktarás

**2. kjördeild**
Fagribær
Ferjuvað
Fiskakvísl
Fjarðarás
Glæsibær
Grundarás
Hábær
Heiðarás
Heiðarbær
Helluvað
Hestavað
Hlaðbær
Hólavað
Hólmvað
Hraunbær 1–13

**3. kjördeild**
Hraunbær 14–110

**4. kjördeild**
Hraunbær 111–198
Kambavað
Klapparás
Kleifarás
Kólguvað
Krókavað
Laxakvísl
Lindarvað
Lyngháls
Lækjarás

**5. kjördeild**
Lækjarvað
Malarás
Melbær
Móvað
Mýrarás
Norðurás
Næfurás
Rafstöðvarvegur
Rauðavað
Rauðás
Reiðvað
Reyðarkvísl
Reykás 1–25

**6. kjördeild**
Reykás 26–49
Rofabær
Sandavað
Seiðakvísl
Selásblettur
Selásbraut
Selvað
Silungakvísl
Sílakvísl
Skógarás
Stangarhylur
Suðurás
Suðurlandsbraut Árbæjarsafn
Suðurlandsbraut Bakkakot
Suðurlandsbraut Elliðavatn
Suðurlandsbraut Hella
Suðurlandsbraut Hólmur
Suðurlandsbraut Litlaland
Suðurlandsbraut Reykhólar
Suðurlandsbraut Sólnes
Suðurlandsbraut Tungufell
Urriðakvísl

**7. kjördeild**
Vallarás
Vesturás
Viðarás
Vindás
Víkurás
Vorsabær
Ystibær
Þingás
Þingvað
Þverás
Þykkvibær

# Athugaðu þetta:

## Kjósendum er skylt að framvísa persónuskilríkjum.

- Kjörfundur hefst laugardaginn 27. nóvember kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00.
- Til að kosningin gangi greiðlega fyrir sig er mikilvægt að kjósendur mæti vel undirbúnir á kjörstað.
- Kjörskrá er aðgengileg á vefnum www.kosning.is.
- Á kjördag eru upplýsingar um kjörskrá í Reykjavíkurkjördæmunum veittar í síma 411 4915.
- Yfirkjörstjórnir Reykjavíkurkjördæma munu á kjördegi hafa aðsetur sitt í Ráðhúsi Reykjavíkur.
- Aðgengi fatlaðra er tryggt á öllum kjörstöðum.

Skrifstofa borgarstjórnar

# Byrjað að marka víglínuna

**Í aðildarviðræðum Íslands við ESB stendur nú yfir rýniferli þar sem farið er yfir löggjöf ESB og Íslands til að skapa grundvöll fyrir eiginlegar viðræður. *Klemens Ólafur Þrastarson* yfirheyrði í vikunni Stefán Hauk Jóhannesson, sendiherra og formann samninganefndar Íslands, um rýnivinnu, aðlögun og IPA-styrki. Stefán viðurkennir að afstaða bænda geti skaðað samningsstöðuna.**



STEFÁN HAUKUR JÓHANNESSON Spurður um aðlögun minnir formaður samninganefndarinnar á að laga þarf íslenska löggjöf að um 300 lagagerðum Evrópusambandsins á þessu ári vegna EES-samningsins. Um þær hafa Íslendingar ekkert ákvörðunarvald. Hann bendir á að IPA-styrkir geti styrkt samningsstöðu Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ekki er hægt að segja að mjög ríkmannlega sé búið að formanni samninganefndar Íslands í aðildarviðræðunum við ESB. Hann situr í frekar litlu herbergi á þriðju hæð í utanríkisráðuneytinu við Rauðarárstíg. Það er ekkert skraut á veggjum og sófinn ekki eins og maður ætti von á í utanríkisþjónustunni. Minnir meira á Ikea-útsölu. Fyrir utan sest kvöldsólin rólega, en það er dregið fyrir gluggana. Sendiherrann býður upp á kaffi og vatn og við komum okkur fyrir.

*Hvað er rýniferli og til hvers?*

Við erum að greina með ítarlegum hætti löggjöf ESB annars vegar og Íslands hins vegar. Við berum lögin saman til að skilgreina hvar ber í milli svo við vitum um hvað viðræðurnar eiga að snúast þegar við setjumst efnislega að samningaborðinu. Ef við teljum að eitthvað sé viðkvæmt og þurfi að ræða sérstaklega þá „flöggum“ við því og tilkynnum að það þurfi að skoða betur síðar.

Í lok vinnu við hvern kafla er dregin upp rýniskýrsla. Þegar hún liggur fyrir er okkur boðið að koma með samningsmarkmið og síðan kemur ESB fram með sín markmið. Það getur því tekið mislangan tíma að afgreiða hvert svið fyrir sig, eftir því hvernig þetta gengur. Fyrir þá kafla sem falla undir EES-samninginn og við höfum þegar tekið inn í íslenskan rétt, er þetta viðurhlutaminna og einfaldara við að eiga.

> Í EES-samningaviðræðunum sást hvað íslensk stjórnsýsla getur þegar á reynir.

*Um 70 til 80 prósent af þessum reglum eru nú þegar innan EES?*

Já, en í þessu samhengi er auðveldara að tala um kafla eða svið. Við þurfum að semja um 35 kafla. Tíu þeirra eru alfarið undir EES. Svo eru ellefu sem við höfum að stórum hluta tekið yfir í gegnum EES, en ekki að öllu leyti. Þá sitja eftir tólf efnislegir kaflar og svo er einn stofnanakafli og loks kafli um annað sem getur komið upp í viðræðunum og er því tómur núna. Eitthvað af þessu höfum við þegar tekið upp í gegnum Schengen-samninginn líka.

En ef við höfum tekið upp einhverja rammalöggjöf í gegnum EES, og fengið sérákvæði í gegn vegna hennar, þá þurfum við að skoða hvort við viljum halda þeim ákvæðum og færa rök fyrir því. Af þessu leiðir að okkar hagsmunir eru tiltölulega vel afmarkaðir og lúta að fáum sviðum.

*Það er búið að halda nokkra fundi. Hvernig hefur gengið hingað til? Var strax byrjað að ræða eitthvað um hvalveiðar til dæmis, á fundi um umhverfismál?*

Þetta hefur gengið ágætlega og allt eftir áætlun. Mér heyrist á mínu fólki að það sé almennt jákvætt. Evrópusambandið útlistaði löggjöf sína og þar á meðal var minnst á hvalveiðar. En þær verða ekki teknar fyrir fyrr en við höfum útskýrt okkar hlið mála. Þetta er yfirleitt gert á tveimur fundum. Núna hafa okkar sérfræðingar tækifæri til að spyrja sérfræðinga ESB til að dýpka þekkingu sína. Á þeim seinni skýrum við hins vegar okkar lög.

Í auðveldustu málunum er reyndar bara einn fundur en fleiri ef þau eru erfið. Ég á ekki von á því að þungi færist í viðræðurnar fyrr en eftir sumarið. Við verðum að fara í tæknilegu vinnuna fyrst.

**Samningahópar og bændur**

*Fara samningahóparnir [um 200 sérfræðingar víðs vegar úr þjóðfélaginu, svo sem úr hagsmunasamtökum og háskólum] yfir rýniskýrslurnar þegar þær koma og leggja drög að samningsmarkmiðum?*

Hver hópur mun skoða þá skýrslu sem að honum lýtur. Hóparnir eru og hafa verið að undirbúa rýniferlið, þetta er sú heimavinna sem við höfum verið að sinna síðustu mánuði. Þegar við förum í að útfæra samningsmarkmið á hverju sviði, þá koma samningahóparnir að þeirri vinnu og skila sínum sjónarmiðum inn í aðalsamninganefndina.

*Í næstu viku er fjögurra daga fundur um landbúnaðarmál. Bændasamtökin eru í einum samningahópanna en segjast ekki vilja taka þátt í þessu ferli. Í hverju taka þau ekki þátt og hvað þýðir það? Hamlar það ykkur í þessu rýniferli?*

Við höfum átt prýðilegt samstarf við Bændasamtökin en þau hafa gefið til kynna að þau muni ekki taka þátt í rýnifundum úti í Brussel, sem eru vonbrigði. Þetta þýðir að við þurfum að styðjast við þá krafta sem við höfum í landbúnaðarráðuneytinu og það fólk í utanríkisráðuneyti sem hefur tekið þátt í þessu á landbúnaðarsviði.

Það hefði að sjálfsögðu verið æskilegra að hafa Bændasamtökin með enda búa þau yfir mikilli þekkingu. Ég vil ekki vera með getgátur um hvort þetta tefji fyrir, við vinnum bara eins og við getum. Þetta hefur ekki áhrif á rýniferlið núna, því það er ESB sem skýrir sína hlið í næstu viku. En á seinni fundunum, sem verða í lok janúar, þurfum við að gera grein fyrir íslenskri löggjöf og það er mikil vinna að undirbúa það.

Auðvitað hefði verið betra að hafa Bændasamtökin í því og ég vona að þau geri það. Við stefnum á að vera undirbúin fyrir þá fundi og ég á ekki von á öðru.

*Þetta getur þá þýtt að Ísland fer verr undirbúið en ella í viðræðurnar?*

Hjáseta Bændasamtakanna getur komið niður á undirbúningi og því gæti staða okkar verið lakari en ella.

**Stærð og styrkleiki**

*Er það rétt sem Joe Borg sagði á dögunum að Ísland væri heppið að vera ekki í hópi fjölda ríkja að semja um inngöngu eins og Malta var á sínum tíma. Eða lendir meiri vinna á ykkur en ef Ísland væri að sækja um aðild samferða öðrum ríkjum?*

Sú vinna sem lendir á okkur yrði hvorki meiri né minni við það að vera í hópi með öðrum. ESB semur við hvert og eitt ríki á eigin forsendum en hefur viljað semja við nokkur ríki í einu því það er að mörgu leyti auðveldara fyrir ESB að gera það þannig.

Þegar við gerðum EES-samninginn var mikill styrkur að því að vera í hópi með hinum EFTA-löndunum. En það var ekki síst af því að þau ríki töluðu einni röddu við ESB. Þetta á ekki við í aðildarviðræðum, því þar er hvert ríki að semja fyrir sig.

Það væri kannski ekki verra að vera með öðrum ríkjum í hópi en það að við séum ein veitir ef til vill meiri sveigjanleika fyrir ESB til að nálgast sérlausnir fyrir okkur án þess að ég vilji fullyrða neitt um það.

*Þið eruð að fara að karpa við hörkuþjóðir eins og Þjóðverja og Englendinga. Eigið þið einhvern séns í fimm hundruð milljóna manna samband?*

Það er mikil einföldun að horfa á höfðatölu í þessu samhengi. Þetta snýst um að hafa þekkingu og reynslu á þeim málefnasviðum sem samningarnir snúast um. Það fólk sem hefur verið beðið um að taka að sér þetta verkefni hefur gert það í krafti sérfræðiþekkingar sinnar og reynslu.

Ég tel að það sé góð sátt um samninganefndina og í samningahópum taka þátt sérfræðingar úr ýmsum áttum, sérfræðingar og hagsmunaaðilar, og það er það sem við erum að byggja á og njóta góðs af.

Ég held við þurfum ekki að hafa áhyggjur af stærð ESB. Evrópusamvinnan snýst að miklu leyti um málamiðlanir, að finna sameiginlegar lausnir og taka tillit til séraðstæðna í hverju ríki. Í EES-samningaviðræðunum sást hvað íslensk stjórnsýsla getur þegar á reynir.

*Mikið mæðir á íslenskri stjórnsýslu og ekki fékk hún góða einkunn í rannsóknarskýrslunni. Þú hefur fullt traust á henni?*

Já, fullt traust. Það sýndi sig þegar við fengum spurningalistann frá Evrópusambandinu sem var til grundvallar ákvörðun ESB um að hefja viðræður við okkur. Við skiluðum svörum þremur vikum áður en áætlað var og ég held að við

FRAMHALD Á SÍÐU 30

## ■ RÝNIFUNDIR FRAM AÐ ÁRAMÓTUM

| Dagsetning | Kafli | Hvar í röðinni? |
|---|---|---|
| 29. nóvember | Fjármálastjórn | Fyrri (ESB) |
| 30. nóvember | Landbúnaður | Fyrri (ESB) |
| 1. desember | Landbúnaður | Fyrri (ESB) |
| 2. desember | Landbúnaður | Fyrri (ESB) |
| 3. desember | Landbúnaður | Fyrri (ESB) |
| 6. desember | Samkeppnismál | Einn fundur |
| 7. desember | Frjálst vöruflæði | Einn fundur |
| 8. desember | Frjálst vöruflæði | Einn fundur |
| 9. desember | Staðfesturéttur og þjónusta | Einn fundur |
| 10. desember | Frjálsir fjármagnsflutningar | Einn fundur |
| 14. desember | Fjármálaþjónusta | Seinni (Ísland) |
| 15. desember | Fjármálaþjónusta | Seinni (Ísland) |
| 16. desember | Sjávarútvegsmál | Fyrri (ESB) |
| 17. desember | Sjávarútvegsmál | Fyrri (ESB) |
| 20. desember | Hugverkaréttur | Einn fundur |

Fundir sem merktir eru „fyrri (ESB)“ eru fundir þar sem ESB skýrir sín lög fyrir íslensku nefndinni. Fundir sem heita „einn fundur“ eru auðafgreiddir fundir þar sem lögin eru að miklu leyti þau sömu. „Seinni (Ísland)“ stendur við fundi um fjármálaþjónustu. Á honum skýrir Ísland lög sín fyrir ESB, en ESB hefur þegar kynnt evrópskar reglur um fjármálaþjónustu, nú í nóvember.

## LÆRUM OG LEIKUM MEÐ HLJÓÐIN

# R OG S BÆKURNAR



Höfundur: Bryndís Guðmundsdóttir
talmeinafræðingur




**Bækur fyrir fagfólk og allar barnafjölskyldur; foreldra, afa og ömmur sem vilja undirbúa og leika með S og R hljóðin með börnum sínum**




**SKEMMTILEGT NÁMSEFNI SEM NOTAÐ ER AF FORELDRUM, LEIK- OG GRUNNSKÓLUM UM ALLT LAND**

- Byggir á áratuga reynslu talmeinafræðings og gagnreyndum aðferðum í framburðarþjálfun
- Stigvaxandi þyngd í æfingum í myndun hljóðanna – byrjið á fyrstu blaðsíðu og lærið og leikið áfram í bókunum!
- Leikið með þætti í hljóðkerfisvitund, orðaforða, setningum og sögum

Upplýsingar og pantanir: **laerumogleikum@gmail.com**
**laerumogleikum.blog.is,** einnig á **facebook.com** undir **„Lærum og leikum með hljóðin"**




**Borðspil fylgja bókunum!**



*Líflegar og skemmtilegar teikningar: Halla Sólveig Þorgeirsdóttir og Búi Kristjánsson*

**Til sölu í helstu bókaverslunum, hjá höfundi, Bóksölu stúdenta og Talþjálfun Reykjavíkur**



**ANDSPÆNIS FULLTRÚUM ESB VIÐ UPPHAF RÝNIFERLIS** Stefán Haukur sendiherra situr bak við merki Íslands. Við hlið hans fyrir miðju situr Bryndís Kjartansdóttir skrifstofustjóri. MYND/FRAMKVÆMDASTJÓRN ESB

**FRAMHALD AF SÍÐU 28**

höfum komið samstarfsfólki okkar í ESB á óvart með því. Ekki bara vegna hraðans heldur vegna gæðanna líka, eins og hefur margoft komið fram. Þetta hefur gengið ágætlega og við vorum tilbúin fyrir þessa rýnivinnu í síðustu viku. Reyndar fær íslensk stjórnsýsla góða einkunn í skýrslu ESB, þar sem segir að þótt hún sé smá sé hún skilvirk.

**Aðlögun og undirbúningur**

*ESB reiknar með að Ísland verði tilbúið fyrir aðild – aðlagað – frá og með fyrsta degi aðildar. Þegar Alþingi sótti um aðild gerðu þingmenn ráð fyrir hugsanlegum aðlögunum, áður en að þjóðaratkvæðagreiðslu kemur. Síðan virðast sumir þeirra hafa skipt um skoðun og nú segja stjórnvöld að það verði engar aðlaganir gerðar fyrr en að þjóðaratkvæðagreiðslu lokinni. Geturðu skýrt þetta fyrir lesendum?*

Það þarf að gera greinarmun á undirbúningi og framkvæmd breytinga sem fylgja mögulegri aðild að ESB. Samningaviðræður um aðild þarf að nýta til að undirbúa mögulega framkvæmd ef þjóðaratkvæðagreiðsla fer þannig að þjóðin vill ganga í ESB. Slíkur undirbúningur getur falist í þarfagreiningu stofnana og í því að öðlast reynslu í þátttöku áætlana ESB.

En eftir atkvæðagreiðsluna fer af stað fullgildingarferli sem getur staðið í allt að tvö ár. Þann tíma þarf að nýta vel til að hrinda í framkvæmd þeim breytingum sem af aðild myndi leiða. Enda hlýtur það að vera okkar útgangspunktur að vera tilbúin fyrir aðild svo við getum uppfyllt þær skyldur og ekki síður notið þess ávinnings sem felst í henni. Til dæmis að geta tekið þátt í samstarfsverkefnum til nýsköpunar á landsbyggðinni eða styrkjakerfi ESB í landbúnaði.

Við getum samið um aðlögunarfresti ef við sjáum fram á að geta ekki klárað einhverja hluti þegar að aðildinni kemur og við höfum staðið í þeim sporum áður. Þegar við gerðum EES þurftum við að taka yfir mikinn fjölda af gerðum á stuttum tíma og innleiða í íslenskan rétt og fengum aukafresti til þess í einhverjum tilvikum.

Við erum reyndar stöðugt að laga íslenska löggjöf að regluverki ESB í gegnum EES-samninginn, á þessu ári stefnir í að við munum taka yfir 300 nýjar lagagerðir í gegnum hann. En við höfum líka í gegnum tíðina, óháð EES og aðildarviðræðum, óskað eftir að taka þátt í ýmsum hlutum, svo sem viðskiptakerfi með losunarheimildir og því að vera þátttakendur í loftferðasamningnum. Það hafa því og geta komið upp mál þar sem við teljum æskilegt að laga okkur að ESB. Það má nefna að í skýrslu ESB um umsókn Íslands var vikið að því að bæta þyrfti sjálfstæði dómara og íslensk stjórnvöld gerðu það því þau töldu það skynsamlegt, óháð áliti ESB.

*En þegar fram í sækir hlýtur þessi krafa um að Íslendingar breyti engu fyrr en í fullgildingarferlinu að skerða möguleika landsins til að ná fram sérkröfum á öðrum sviðum, eða hvað?*

Þegar önnur ríki hafa verið beðin í aðildarferli sínu um að breyta löggjöf eða stefnumiðum hefur það einkum lotið að þáttum sem varða mannréttindi og stjórnsýsluþætti svo við þurfum ekki að breyta miklu þar.

ESB hefur til dæmis í aðildarferli Tyrklands krafist þess að það afnemi úr stjórnarskrá landsins bann við verkföllum opinberra starfsmanna. Það sem út af stendur hjá okkur í þessum efnum eru sérstaklega byggða- og landbúnaðarmál.

Ég er í sjálfu sér sammála því að það sé óskynsamlegt að íslensk stjórnvöld fari í viðamiklar stjórnsýslubreytingar áður en þjóðin er búin að segja álit sitt.

En ef ríkisstjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að það sé æskilegt eða þjóni hagsmunum okkar að gera einhverjar breytingar, þá er það sjálfstæð ákvörðun, alveg eins og var með dómarana, í samráði við Alþingi og hagsmunaaðila.

*Þú nefnir breytingar á stjórnsýsluþáttum. Það að hagsmunasamtök bænda útdeili fjármunum ríkisins eins og á Íslandi, er það ekki í ósamræmi við stjórnsýsluvenjur ESB?*

Jú, það liggur fyrir í skýrslu framkvæmdastjórnar ESB að breyta þurfi fyrirkomulagi á greiðslum til bænda hér á landi.

## Á ÍSLAND AÐ BORGA FYRIR ÞETTA EÐA EVRÓPUSAMBANDIÐ?

*Ég vildi líka vita um IPA-styrkina, sem sumir þingmenn berjast gegn að renni til Íslands. Hvað finnst ykkur í samninganefndinni um það?*

Ég á óhægt um vik að ræða afstöðu þingmanna. Þetta eru styrkir sem gætu til dæmis farið í að gera þarfagreiningar, skoða hvernig verkferla við þyrftum að setja upp í stjórnsýslunni og hvers konar stofnanir þyrfti mögulega að setja á laggirnar ef samningurinn verður samþykktur. Sum þessara verkefna snúa að landbúnaði. Það þarf til dæmis að skilgreina hvaða verkefnum við erum að sinna, hvernig og hvar í stjórnsýslunni. Við gætum nýtt styrkina til að skilgreina nánar hvað felst í regluverki ESB til að geta upplýst stjórnmálamenn, almenning og hagsmunaaðila um hvað felst í aðild.



*Það sem IPA myndi fara í er óhjákvæmilegt starf og bara spurning hvort ESB borgar fyrir það eða íslenskir skattgreiðendur? Eða yrði farið í eitthvað aukalega bara vegna styrkjanna?*

Sum þessara verkefna eru óhjákvæmileg og annað erum við þegar skuldbundin til að gera vegna EES-skuldbindinga. Þessi stuðningur myndi meðal annars nýtast í að skilgreina betur hagsmuni okkar og þannig getur hann styrkt samningsstöðu okkar. En valkvæð verkefni eru til dæmis í þá veru að tileinka okkur vinnubrögð sem tíðkast innan ESB. Eitt þeirra væri þátttaka í atvinnuþróunarverkefni til að hækka menntunarstig á vinnumarkaði. Þetta myndi nýtast okkur hvort sem við göngum inn eða ekki.

## AÐALSAMNINGANEFND ÍSLANDS GAGNVART ESB

**Í samninganefndinni eru átján fulltrúar, þar af tíu formenn samningahópa, en í þeim eru alls 200 manns:**


**ÞORSTEINN GUNNARSSON**


**ANNA JÓHANNSDÓTTIR**


**STEFÁN HAUKUR JÓHANNESSON**


**BJÖRG THORARENSEN**


**ÞORSTEINN PÁLSSON**


**MARÍANNA JÓNASDÓTTIR**


**RAGNHEIÐUR E. ÞORSTEINSDÓTTIR**


**HARALD ASPELUND**


**BRYNDÍS KJARTANSDÓTTIR**


**MARTIN EYJÓLFSSON**


**GRÉTA GUNNARSDÓTTIR**


**HÖGNI S. KRISTJÁNSSON**


**MÁR GUÐMUNDSSON**


**MARÍA ERLA MARELSDÓTTIR**


**SIGURGEIR ÞORGEIRSSON**


**RAGNHILDUR HELGADÓTTIR**


**KOLBEINN ÁRNASON**


**KOLFINNA JÓHANNESDÓTTIR**

## FRÁ UMSÓKN TIL AÐILDARVIÐRÆÐNA

**2009**

- 16. júlí: Alþingi ákveður að sækja um aðild
- 23. júlí: Umsókn afhent formennskuríki ESB
- 27. júlí: Ráðherraráð ESB óskar eftir áliti framkvæmdastjórnar
- 8. september: Olli Rehn afhendir Íslandi spurningalista
- 22. október: Ísland skilar inn svörum sínum
- 4. nóvember: Aðalsamninganefnd skipuð

**2010**

- 24. febrúar: Jákvætt álit framkvæmdastjórnar ESB
- 17. júní: Leiðtogaráð ESB samþykkir viðræður
- 27. júlí: Formlegt upphaf viðræðna
- 15. nóvember: Fyrsti rýnifundur
- 17. júní: Síðasti rýnifundur (áætlað)
- Eiginlegar viðræður hefjast í framhaldinu

# SJÓNVÖRP **MEÐ DVD**




## UNITED

**United 19DD92HD**
19" HD LCD SJÓNVARP með innbyggðum fjölkerfa DVD spilara, stafrænum DVB-T EPG móttakara, 1440x900p upplausn, Nicam Stereó, 2x HDMI, Scart, VGA, heyrnartólstengi ofl. **12v/230v**.

**TILBOÐ 49.990**
FULLT VERÐ kr. 59.990




## UNITED

**United 22DD92HD**
22" FHD LCD SJÓNVARP með innbyggðum fjölkerfa DVD spilara, stafrænum DVB-T EPG móttakara, 1920x1080p upplausn, Nicam Stereó, 2x HDMI, Scart, VGA, heyrnartólstengi ofl. **12v/230v**.

**TILBOÐ 59.990**
FULLT VERÐ kr. 69.990




## UNITED

**United 26DD92HD**
26" HD LCD SJÓNVARP með innbyggðum fjölkerfa DVD spilara, stafrænum DVB-T móttakara, 1920x1080 upplausn, Nicam Stereó, 3x HDMI, Scart, VGA, heyrnartólstengi ofl.

**TILBOÐ 79.990**
FULLT VERÐ kr. 89.990

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. Snerpa Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.




LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

*TAX FREE gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar enda er það lægsta verð sem við bjóðum á viðkomandi vöru. Að sjálfsögðu stendur Húsamiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs

**OPIÐ Á SUNNUDAG UM LAND ALLT sjá afgreiðslutíma verslana um aðventuhelgina á www.husa.is**



# TAX FREE*

Af jólaljósum og seríum um helgina

# AÐVENTUNA

## VERÐHRUN UM HELGINA



**Peysa**
Íslensk ull
og Powerstretch
St. 36-48.
Rauð, grá.
5863762-75

ÍSLENSK HÖNNUN

**9.990,-**

**JÓLAHLAÐBORÐ ALLAN DAGINN Í SKÚTUVOGI**

**FRÁ KL.12-20**

LAUGARDAG OG SUNNUDAG.

AÐEINS ÞESSA HELGI!



Aðeins **990kr**



**JÓLALANDIÐ SKÚTUVOGI**

INGÓ TEKUR LAGIÐ
KL. 14:30
LAUGARDAG

HÚSASMIÐJAN

*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma. Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

blómaval




**ÍSLENDINGAR Í UMFERÐINNI Á 80 KÍLÓMETRA HÁMARKSHRAÐA** Það sem af er ári er fjöldi banaslysa í umferðinni á Íslandi sá lægsti sem sést hefur í heimi og hefur slysum fækkað verulega á milli ára. Yfirmaður umferðaröryggisdeildar í Svíþjóð telur þó að með lækkun á hámarkshraða á vegum landsins og breyttu hugarfari megi alfarið koma í veg fyrir banaslys og þau séu algjörlega óásættanlegur hluti af viðhorfi almennings og stjórnvalda til umferðaröryggismála. Slíkt eigi ekki að líðast. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Banaslys eru ekki hluti af lífinu

Banaslys í umferðinni eru fullkomlega óviðunandi og nauðsynlegt er að gera allt sem mögulegt er til þess að koma í veg fyrir þau, segir **Claes Tingvall**, yfirmaður umferðaröryggisdeildar í Svíþjóð. Tingvell deildi með ***Sunnu Valgerðardóttur*** hverju þarf að breyta á Íslandi, sem þó er langt á veg komið í öryggismálum, til þess að útrýma banaslysum úr umferðinni.

Fimm manns hafa látið lífið í umferðinni það sem af er ári. Sautján létust í fyrra. Meðalfjöldi banaslysa á ári hérlendis er um tuttugu.

En er hægt að koma í veg fyrir banaslys í umferðinni? Claes Tingvall, yfirmaður umferðaröryggisdeildar hjá Trafikverket í Svíþjóð, telur að svo sé. Tingvall kom hingað til lands í vikunni þar sem hann flutti erindi um Núllsýnina, þema Umferðarþingsins 2010.

### Dauðaslys eru óviðunandi

Núllsýnin snýr að því að dauðaslys í umferðinni sé ekki hægt að sætta sig við og að allt skuli gert til þess að koma í veg fyrir þau. Nafnið Núllsýn (e. Vision Zero) er dregið af því markmiði að núllstilla viðunandi fórnarkostnað hvað varðar heilsu og líf vegfarenda, líkt og á vinnustöðum, í flugi og lestum, þar sem allt er að gert til að tryggja öryggi fólks. Núllsýnin er yfirlýsing sem segir að hvert og eitt líf skipti ótvírætt máli og sé ekki metið til fjár.

„Öll öryggiskerfi í samfélaginu eru byggð út frá því að manneskjan sé ófullkomin og að hún geri reglulega mistök. Það er að segja öll kerfi nema vegirnir, sem byggja á þeirri sýn að manneskjur séu fullkomnar. Og verði ökumönnum á í umferðinni, þá virðist það vera viðunandi sem óumflýjanlegur hluti af samgöngunum,“ segir Tingvall. „Þessu þarf að breyta. Það þarf að byggja vegakerfið þannig upp að það sé gert ráð fyrir því að ökumenn geri mistök og reynt að gera allt til þess að koma í veg fyrir að vegfarendur slasist eða láti lífið.“



**CLAES TINGVALL** Vegir, ökutæki og mannvirki þurfa að vera það vel úr garði gerð að vegfarendur komist lífs af þó að þeir geri mistök. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Hraðinn kostar peninga

Tingvall segir Íslendinga langt komna hvað varðar umferðaröryggi og dánartíðni í umferðinni í ár sé það lægsta sem sést hefur í heiminum. Hann segir þó að eitt dauðsfall í umferðinni sé einu dauðsfalli of mikið. Aukinn hraði skapi minna öryggi í umferðinni og því fylgi ákveðið gjald.

„Hraði kostar peninga. Ef Íslendingar vilja auka hraðann, þá er nauðsynlegt að eyða ákveðnu fjármagni í það. En á meðan litlir peningar eru til eða stjórnmálamenn ekki tilbúnir til að eyða þeim í öryggi á vegum, þá er ráð að spara með því að minnka hraðann,“ segir Tingvall.

50 til 60 kílómetra hámarkshraði á þjóðvegum landsins þar sem eru tvær akreinar myndi breyta miklu, að mati Tingvalls. Ákvarðanirnar snúi þó fyrst og fremst að fagmönnum á sviðinu og stjórnmálamönnunum, sem eru tengingin á milli fagmannanna og almennings.

„Það eru alltaf til önnur úrræði heldur en mikil útgjöld. Ef hraðinn er minnkaður þá kostar það lítið sem ekkert. En séu samgöngumannvirki bætt til þess að gera ökumönnum kleift að auka hraðann, þá kostar það vissulega peninga,“ segir hann. „Það er nauðsynlegt að eyða peningum ef auka á hraðann á vegum í landinu. Þannig er það með alla hluti ef þeir eiga að teljast öruggir. Lækkun hámarkshraða yrði hagkvæmasta lausnin.“

En mun samfélagið taka því að lækka hraðann á vegum úr 90 niður í 60? Því svarar Tingvall með þeirri spurningu hvort hægt sé að una því fólk láti lífið vegna of mikils hraða. „Þetta snýst um það hvers konar fórnir samfélagið er tilbúið til að færa,“ segir hann.

### Félagsleg umferð

„Allir hafa skoðun á umferðaröryggi og það hefur sína kosti og galla,“ segir Tingvall. Hann segir mikilvægt að breyta þeirri grundvallarsýn að ökumenn eigi að vera fullkomnir. Það sé vegna þess að þeir beri ekki bara ábyrgð á sjálfum sér og farþegum sínum, heldur líka umhverfinu í kring um sig.

„Sé ökumaður að keyra innanbæjar á 50 eða 60 kílómetra hraða, missir hann félagsleg tengsl við umhverfið. Hann hættir að gera sér fullkomlega grein fyrir aðstæðum utan bílsins,“ segir Tingvall. „Á 30 kílómetra hraða verða ökumenn hins vegar félagslegir í umferðinni. Þeir sjá gangandi vegfarendur vel og einnig aðra ökumenn. Og fólk ekur einfaldlega ekki á þá sem það sér.“

Tingvall segir að fyrst og fremst verði að breyta siðferðissjónarmiðinu. Að halda því fram að banaslys í samgöngum séu eðlilegur hluti af lífinu sé óviðunandi, og að láta slíkt einungis gilda um ökumenn og farþega sé einfaldlega ekki réttlætanlegt. Langtímamarkmiðið sé að gera vegina jafn örugga og samgöngukerfi flugvéla og lesta og til þess er nauðsynlegt að sjá hlutina í nýju ljósi.

„Manneskjan er ekki fullkomin. Hún gerir mistök. Því þarf að gera ráð fyrir í umferðinni og hætta að taka því sem sjálfsögðum hlut að slysin eigi sér stað,“ segir Tingvall.

## FJÖLDI BANASLYSA Í UMFERÐINNI




Heimild: Umferðarstofa

## ■ NAUÐSYNLEGT AÐ BREYTA VIÐHORFI TIL HRAÐANS

Ögmundur Jónasson samgönguráðherra tekur undir orð Claes Tingvell og segir stjórnvöld þurfa allshugar að taka aukið umferðaröryggi til greina.

„Málið er tvíþætt. Annars vegar snýr þetta að öryggi í mannvirkjum, reglum og lögum. Hins vegar er þetta spurning um að innræta sér ákveðna afstöðu til þess að nálgast allar lagasetningar og framkvæmdir með hana í huga,“ segir Ögmundur. „Við setjum það sem forgangsatriði að gera umferðina eins örugga og nokkur kostur er með það að markmiði að fækka alvarlegum slysum og að dauðaslys í umferðinni séu óásættanleg.“

Ögmundur segir hugmyndir Tingvells vera ábendingar sem vert sé að taka sterklega til greina og tekur undir það grundvallarsjónarmið að hluti af vandanum sé sá hve öllum liggur gríðarlega á.

„Þetta er aftur spurning um hugarfarið. Að við hækkum ekki frekari kröfur um möguleika til hraðaksturs heldur endurskoðum við okkar eigin hug,“ segir hann og bætir við að stjórnvöld þurfi að taka málin til frekari umfjöllunar.



Ögmundur segir að hann vilji vekja athygli á því að akstur sé á ábyrgð hvers og eins. Það séu ökumenn sem þurfi að framfylgja settum reglum og ekki sé nægilegt að láta aðra leggja sér lífsreglurnar.

„Það er nauðsynlegt að horfa inn á við og skoða sinn eigin hug. Það er ekki endilega svar að fjölga akreinum til að komast sem hraðast á milli staða, heldur þurfum við líka að endurskoða viðhorf okkar til hraðans,“ segir Ögmundur.

Í drögum að nýjum umferðarlögum var kveðið á um Núllsýnina. Eftir að lögin voru endurskoðuð er hvergi minnst á hugtakið. Ögmundur segir ástæðuna vera þá að hafa fullkomið samræmi á milli orða og athafna og að lög og reglugerðir hafi raunverulegt innihald.

„Þess vegna þarf tíma til að undirbúa þetta og innræta þessa hugsun. Við erum alls ekki andvíg því að starfa í þessum anda, heldur lýsi ég yfir fullum stuðningi við það. En áður en við setjum þetta í lög og ákveðið þá þurfum við að hafa raunverulegt inntak að baki þessu,“ segir samgönguráðherra.

## HELSTU ATRIÐI NÝRRA UMFERÐARLAGA

Tillögur að nýjum umferðarlögum, að tillögu Ögmundar Jónassonar samgönguráðherra, voru samþykktar þann 19. nóvember síðastliðinn. Helstu nýmæli í lögunum eru eftirfarandi:



- Heimilt verður að lækka sektir vegna umferðarlagabrota um allt að 25 prósent ef sakborningur getur sýnt fram á að hann hafi haft tekjur undir lágmarkslaunum.
- Ákvæði um ökuréttindaflokka og gildistíma ökuskírteinis verða mun ítarlegri en í núgildandi lögum.
- Tilhögun ökunáms og ökukennslu verður breytt þannig að ökuskólar munu verða þungamiðjan í kennslu til ökuréttinda í stað sjálfstæðra ökukennara nú.
- Ökuleyfisaldur verður hækkaður úr 17 í 18 ár. Verður það gert í áföngum fram til ársins 2015 og árið 2016 verði 18 ára aldursmarkið komið til framkvæmda.
- Leyfilegt áfengismagn í blóði ökumanns er lækkað úr 0,5 í 0,2 prómill.

# HEILLANDI SKÁLDSKAPUR

Fantagóð saga úr íslensku sjávarplássi þar sem lífið virðist við fyrstu sýn ganga sinn vanagang. En undir yfirborðinu ólgar allt af ástríðum og átökum um eignir, völd og hjörtu mannanna. Heillandi bók eftir Ólaf Hauk Símonarson.



„Stíll Ólafs er léttleikandi, flæðið gott og hann skiptir á milli kersknislegra athugasemda og alvarlegri undirtóns með hægð."

– *Arnar Eggert Thoroddsen, Mbl.*




---




Kvikmyndin verður frumsýnd í febrúar 2011!

Lára Sjöfn er 13 ára unglingsstelpa sem tekst á við lífið eftir mikinn sorgarvetur. Hún flækist inn í dularfulla atburðarás og þarf að bregða sér í hlutverk leikara, spæjara og hetju til þess að leysa úr málunum. Hörkuspennandi saga handa börnum og unglingum eftir Eyrúnu Ósk Jónsdóttur og Helga Sverrisson.

## SKRUDDA.IS




Fimmtán mínútna lestur á dag styrkir barnið þitt í námi.

GERÐU LESTUR AÐ LÍFSSTÍL

# *Jólin koma...*

## HAFÐU ÞAÐ NOTALEGT UM JÓLIN!




**STING** tungusófi, ljósgrátt áklæði. B:252 D:87/150 H:63 cm. Fæst með vinstri og hægri tungu.

**119.990**
**FULLT VERÐ: 199.990**




**KUDO** hornsófi. Blágrátt áklæði. 2 horn 3 / 3 horn 2. B:275x225 D:83 H:82 cm.

**188.990**
**FULLT VERÐ: 269.990**




**MANDI** stóll á snúningsfæti, fæst með Antrazi og ljósgráu áklæði. B: 83 D:80 H:78 cm.

**59.990**
**FULLT VERÐ: 99.990**




LAZBOY

**RIALTO** La-z-boy stóll. B:80 D:90 H:150 cm. Fæst með rauðu, grænu og brúnu áklæði.

**79.990**
**FULLT VERÐ: 109.980**




**DC** langborð. B:100 L:200/440 H:75,5 cm. Sápuborin eik.

**299.990**
**FULLT VERÐ: 499.980**

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10 - 18. laugard. 12 - 18. sunnud. 13 - 17.

# HÚSGAGNAHÖLLIN



**20% AFSLÁTTUR af BE ON FIRE kertum til jóla**

**VERÐDÆMI:**

**BE ON FIRE** kerti.
Þvermál: 2,1 x 28 cm.
**Verð: 79 kr.**
(Fullt verð 99 kr.)
margar stærðir,
gerðir og litir.




**BREEZI** ornament,
gull og hvítt.
**BREEZI** ornament, silfur.
4 x 20 cm.
**BREEZI** ornament, silfur.
5 x 14 cm.



**KJ TELJÓS** rauð, 6,5 x 7 cm.
3 stk. í pakka. **Verð: 790 kr.**
(Fullt verð 990 kr.)

**KJ DECO** kúlur, stórar. 3 stk.
Fjólubláar, rauðar og silfur.
**Verð: 690 kr.**

**KJ DECO** kúlur, litlar. 6 stk.
Fjólubláar, rauðar og silfur.
**Verð: 690 kr.**



*Við kveikjum einu kerti á...*

## MIKIÐ ÚRVAL AF KERTUM!





**BREEZI** jólakúlur, 4 cm.
27 stk. í pakka. Margir litir.
**Verð: 1.790 kr.** (Fullt verð 2.290 kr.)



**BREEZI** jólakúlur, 3 cm.
27 stk. í pakka. Margir litir.
**Verð: 1.190 kr.** (Fullt verð 1.590 kr.)



Kertastjaki 25% AFSLÁTTUR

**CIRCO** kertastjaki.
Þ: 24 cm. **Verð: 5.990 kr.**
(Fullt verð 7.990 kr.)

**ESTER & ERIK** kerti, rautt.
32 cm. **Verð: 490 kr.**
**Fæst í mörgum litum.**

**KJ JÓLAKÚLUR** 6 cm. 12 stk í pakka.
Hægt að velja um fjólubláar, silfraðar,
svartar og gylltar. **Verð: 990 kr.**

**KJ JÓLAKÚLUR** 5 cm. 12 stk í pakka.
Hægt að velja um fjólubláar, silfraðar,
svartar og gylltar. **Verð: 890 kr.**

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10 - 18. laugard. 12 - 18. sunnud. 13 - 17.

# Það voru allir hræddir við hana

Skáldsagan Ljósa eftir **Kristínu Steinsdóttur** fjallar um harmræn hlutskipti konu sem þjáist af geðhvarfasýki á tímum sem buðu hvorki upp á meðferð né skilning á þessum erfiða sjúkdómi. Titilpersónuna byggir Kristín á ömmu sinni sem var alvarlega veik og lokuð í búri þegar verstu köstin riðu yfir. Örlög hennar lágu í þagnargildi í yfir hálfa öld, sagði Kristín ***Bergsteini Sigurðssyni***.

Í skáldsögu Kristínar kynnumst við Ljósu, hreppstjóradóttur í Suðursveit, undir lok 19. aldar. Hún er lífsglöð og listhneigð en dekruð af hinum kvensama föður sínum. Hún fær ekki þann sem hún elskar, giftist öðrum, eignast fimm börn, býr manni sínum fallegt heimili og lifir eðlilegu lífi. En smám saman hremmir geðhvarfasýkin hana og undir lok ævi sinnar er hún meira eða minna á valdi hennar; hún tapar tengslum við veruleikann, er úr leik meðal sveitunganna, vinalaus og fjölskyldan útkeyrð og tætt.

Bókin hefur verið lengi í vinnslu, hjartnær tvo áratugi, og byggir á ævi ömmu Kristínar og nöfnu sem hún vissi lengst af lítið um.

„Ég hef ekki farið leynt með það að geðhvarfasýki er til í minni fjölskyldu. Amma mín í föðurætt bjó í Suðursveit og var með þennan sjúkdóm. Ég vissi hins vegar lítið um ömmu, það var ekki talað um hana heima. Þegar faðir minn dó 1991 fór ég að hugsa meira um þessi mál og mínar rætur. Það lagðist á mig einhver sótthitakennd löngun til að vita enn meira um þessa konu. Mig langaði að skilja hver hún var og hvernig líf hennar hafði verið.“

**Ekki rædd innan fjölskyldunnar**

Árið 1995 brá Kristín á það ráð að fara austur í Suðursveit vopnuð upptökutæki og hafa uppi á fólki sem mundi eftir ömmu hennar. Þar hitti hún líka frændfólk sitt.

„Það var nógu langt um liðið til að fólk var reiðubúið til að opna sig um þessa atburði og þarna fékk ég sögur sem ég hafði ekki grænan grun um að hefðu gerst. Í framhaldinu fór sú hugmynd að gerjast í höfðinu á mér að skrifa um þetta bók. Ég var í fyrstu svolítið hrædd um að þetta væri efni sem fólki þætti engin ástæða til að gera skil. En ég lagðist í miklar rannsóknir og eftir því sem á leið kom betur og betur í ljós hvað þessi sjúkdómur hefur verið stór hluti af lífi Íslendinga í gegnum tíðina. Og mér fannst fjandakornið að það mætti alveg koma út svona bók.“

Kristín gerði skyldmennum sínum grein fyrir því að hún hygðist skrifa bók, sem byggði á ævi ömmu þeirra.

„Sumir tóku því með fyrirvara, að minnsta kosti í blábyrjun. Og það fór í gang ferli innan fjölskyldunnar, þarna var verið að opna á sögu sem hafði legið í þagnargildi í rúmlega hálfa öld. En ég gerði þetta fyrir opnum tjöldum og það hefur verið mjög gott að eiga skyldmennin að. Ég hef nú þegar fengið viðbrögð frá fjölskyldu minni við bókinni og þau hafa verið afskaplega góð, sem gleður mig mikið.“

**Uppi á röngum tíma**

Þegar Kristín fór austur í Suðursveit komst hún að því í fyrsta skipti hversu langt leidd af sjúkdómnum amma hennar var.

„Það voru allir hræddir við hana eftir að hún veiktist,“ segir hún. „Sumir mundu eftir sögum af henni frískri. Þá var jafnan leitað til hennar eftir ráðum þegar haldnar voru veislur, hún hafði jú verið í Kvennaskólanum í Reykjavík. Það töluðu allir um hvað hún hefði verið myndarleg. Einn sagði mér að hún hefði saumað á sig fermingarfötin; annar sagði mér frá ullarbrók sem hún prjónaði og hann klæjaði alltaf undan.

Menn sögðu að hún hefði verið uppi röngum tíma. Hefði hún lifað í dag hefði sjúkdómnum án efa verið haldið niðri. Hún var ábyggilega mjög listfeng og ég er sannfærð um að hún væri hönnuður eða tónlistarkona eða eitthvað í þá áttina.

En fólk mundi líka eftir köstunum; þegar hún reið berbakt út á sandana og var þá alltaf á leið út í heim, eða heim til pápa síns þótt hann væri löngu dáinn.“

**Sett í fjárkró eða útihúsin**

Síðustu ár ævi sinnar var amma Kristínar svo illa haldin af sjúkdómnum að hún var höfð í fjárkró eða búri þegar verstu köstin gengu yfir.

„Fyrir 1950 komu engin lyf að gagni við þessum sjúkdómi, fólki var bara gefið slævandi svo það róaðist og sofnaði. Þegar verst lét var það sett í dárakistur, eins og þessi búr voru kölluð. Ég fór víðar um landið og talaði við fólk sem kannaðist við þau. Það er sérkapítuli út af fyrir sig að þessar kistur er hvergi að finna í dag. Ég talaði við gamlan mann, fæddan 1900, og lét hann lýsa fyrir mér dárakistu í smáatriðum og naga mig enn í handabökin að hafa ekki teiknað hana upp eftir honum. Ég hef séð mynd af svona grip frá Danmörku. Það hefur ekki verið algengt hér heima að þær væru svo fínar, þar sem menn notuðu það timbur sem til var. Þessu var lýst fyrir mér ýmist sem eins konar fjárkró eða bara búri.“

Það var líka algengt að fólk væri haft í útihúsum, bundið á básana eins og dýrin, því þá heyrðust hrópin síður.

„Þetta var ekki gert af illsku, heldur voru þetta voru örþrifaráð. Allir sem ég ræddi við töluðu til dæmis um hvað hann afi minn hefði verið mikill úrvalsmaður og gert hvað hann gat. Auðvitað var þetta ekki auðvelt og minnir mann á hvað geðhvarfasýkin getur verið skæður sjúkdómur, sérstaklega þegar engin meðferð var til við henni. Hún hrjáði ekki aðeins þá sem hún lagðist á heldur gat hún haldið heilu fjölskyldunum í heljargreipum svo áratugum skipti.“

**Skáldverk eða ævisaga?**

Sú spurning vaknar að hve miklu leyti Ljósa er saga ömmu Kristínar og að hve miklu leyti skáldverk.

„Þetta er skáldsaga. Þegar ég hafði unnið undirbúningsvinnuna, losaði ég mig frá ömmu eins og ég gat. Ekkert af börnum Ljósu eru börn ömmu minnar, ekki heldur maðurinn hennar nema að litlu leyti. Pápi, faðir Ljósu, dregur hins vegar sterkan dám af langafa mínum. Hann var líka svo sterkur karakter og skein alls staðar í gegn þegar ég ræddi við fólk. Hann var þjóðsagnapersóna, dálítill refur og klár karl, hreppstjóri og hómópati sem ferðaðist um sveitir og læknaði bæði menn og dýr og átti börn út um allar trissur, sem langamma ól mörg hver upp. Ég komst ekki fram hjá honum, enda held ég líka að hann hafi átt svo sterkan þátt í því að móta Ljósu.



KRISTÍN STEINSDÓTTIR Geðhvarfasýkin gat haldið heilu fjölskyldunum í heljargreipum svo áratugum skipti eins og sagan af Ljósu vitnar um. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **„** En ég lagðist í miklar rannsóknir og eftir því sem á leið kom betur og betur í ljós hvað þessi sjúkdómur hefur verið stór hluti af lífi Íslendinga í gegnum tíðina. Og mér fannst fjandakornið að það mætti alveg koma út svona bók.

## LJÓSA OG RÓSA SÓTTAR Í SAMA BRUNN?



Einn af vendipunktunum í lífi Ljósu er þegar hún fer út í fjárhús og sker nokkrar ær. Eftir það er smíðuð utan um hana dárakista. Gagnrýnendur hafa minnst á þetta sem snjalla tilvísun í Sjálfstætt fólk eftir Halldór Laxness, þar sem Rósa, kona Bjarts í Sumarhúsum, sker kind. Kristín þekkti auðvitað Sjálfstætt fólk en velti þessu atviki ekki mikið fyrir sér þegar hún skrifaði bókina. Hún hefur hins þælt meira í því eftir að henni var bent á þetta.

„Þegar ég kom austur var mér sagt frá því að amma mín skar nokkrar ær,“ segir Kristín. „Menn voru ekki sammála um hvort þær voru fjórar eða fimm en þetta gerðist sannarlega og eftir það var smíðað yfir hana. Þetta var slíkur örlagavaldur í lífi hennar að ég gat ekki sleppt því. Þetta gerðist upp úr 1930.

Halldór Laxness hafði ferðast mikið fyrir austan, eins og má lesa um meðal annars í Dagleið á fjöllum. Hann tók fólk tali og margt af því rataði í bækurnar hans, eins og þekkt er. Sjálfstætt fólk, Landnámsmaður Íslands, er í minni bók uppi í hillu eftir uppkasti frá 1932.

Þegar mér var bent á líkindin með þessu atviki og Rósu sem sker kindina hugsaði ég með mér: Getur verið að Halldór hafi heyrt þessa sögu af ömmu á sínum tíma og ákveðið að nota hana? Er þá verknaður ömmu kveikjan að kindardrápi Rósu? Bara til umhugsunar. Og sé svo er málið komið í dálítið skemmtilegan hring.“

Ljósa hefur mjög sterka drætti frá ömmu minni en líka aðra drætti. Ég losaði mig vel frá henni með því að fara til útlanda og skrifa bókina, var langa stund í Berlín og Rómaborg. Ég hugsaði með mér: Ég set þessa bók niður í Suðursveit en þetta er skáldsaga sem fjallar um konu sem lendir í ámóta atvikum og amma. Ég er hvorki að skrifa ævisögu ömmu né sögu minnar eigin fjölskyldu og það veitti mér ákveðið frelsi.“

*Kristín byrjaði að vinna að bókinni snemma á tíunda áratugnum. Hvers vegna kom hún ekki fyrr út?*

„Það kemur ýmislegt til. Ég hef til dæmis alltaf verið með margt í takinu í einu. En ég skal líka alveg viðurkenna það að það var ákveðinn beygur í mér. Ég hef lengi skrifað fyrir börn og það er ekki auðvelt að stökkva sisona á milli bókmenntagreina þegar maður hefur verið í einni og sömu greininni lengi. Ég þurfti dálítið að berjast fyrir því að verða „fullorðinshöfundur“. Þegar ég hafði gefið út tvær fullorðinsbækur, sem fengu báðar firnagóðar móttökur, hugsaði ég með mér að nú hlyti ég að geta tekið þennan slag.

En þetta var líka þung bók að skrifa og lagðist á mig, ég skaut því inn einni barnabók á milli, til að hressa mig við, Hetjum, sem kom út í fyrra. En svo setti ég í gírinn, fór til Berlínar og þar vorum við Ljósa saman í nokkra mánuði þar til bókin var klár.“

**Tvö ný verk í vinnslu**

En hvað með framhaldið, hefur Kristín hugsað sér að verða fullorðinshöfundur héðan í frá?

„Ég hef reyndar alltaf sagt að þegar maður skrifar fyrir börn skrifar maður líka fyrir fullorðna. En ég dreg enga dul á það að ég er með tvö verk í takinu og bæði ætluð fullorðnum. Það er gott að festast ekki í einhverju og flakka á milli greina. Ég hef skrifað mun minna fyrir þennan hóp en hinn og ætla að leyfa mér að hlúa aðeins að honum. Annars held ég að þegar maður er kominn á minn aldur, og yfirleitt, eigi maður bara að skrifa um það sem mann langar til.“



# Hörðu pakkarnir fást hjá okkur




## Lenovo U350

Lenovo U350 fartölva á einstöku verði.
Glæsileg og létt fartölva.

Tilboðsverð
**69.900kr.**




## BOSE tölvuhátalarar

Bose Companion 2 II tölvuhátalarar.
Tengi fyrir heyrnartól á hátölurum.

Aðeins
**22.900kr.**




## Camlink þrífótur

Camlink þrífótur 65-163 cm á hæð.
Tilvalinn fyrir kyrrmynda- og vídeó tökur.

Aðeins
**7.990kr.**




## Canon PowerShot A3000 IS

Taktu 10MP myndir á auðveldan og skemmtilegan hátt. 4x optical aðdráttarlinsa með hristivörn og 2.7" LCD skjár ásamt alls konar Canon-tækni.

Aðeins
**29.900kr.**




## Harðir diskar

Frábærir USB harðir diskar. Fást í mörgum litum með USB2 og USB3.

Tilboðsverð frá
**12.900kr.**

Ath. tilboð gilda á meðan birgðir endast.

sense | NÝHERJI

**Sense Center** Kringlunni  www.netverslun.is  **Nýherji** Borgartún 37

**NISSA jólalína**
Falleg jólalína.
Pottaleppi **299,-**
Ofnhanski **499,-**
Löber 30 x 120 sm. **795,-**
Dúkur 85 x 85 sm. **1.495,-**
Kappi 40 sm. verð pr. mtr. **895,-**
Kappi 50 sm. verð pr. mtr. **995,-**



STÆRÐ: 40 SM.
**895,-**



LÖBER
**795,-**



DÚKUR
**1.495,-**



POTTALEPPI
**299,-**



OFNHANSKI
**499,-**

# ALLT TIL JÓLANNA Í



VERÐ AÐEINS:
**99,-**

**Jólabolli**
Flottur, lítill jólabolli. 4 gerðir.

STÆRÐ: 2,7 MTR.
**690,-**
FRÁBÆRT VERÐ



**Grenilengjur**
Fallegar grenilengjur.
Lengd: 2,7 metrar.
Þétt og gott greni.



**Jólasveinaskraut**
Flottir jólasveinar,
3 mismunandi gerðir
fáanlegar.

STK. AÐEINS:
**499,-**

**Jólatré**
Töff, svart 100 sm.
hátt jólatré með
20 LED ljósa seríu.



HÆÐ: 100 SM.
**1.995,-**



20 STK. AÐEINS:
**299,-**

**Sogskálar**
20 stk. saman í pakka á frábæru verði!



20% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR: 995,-
**795,-**

**Jólalest**
Flott jólalest. Glæsileg á jólaborðið.



VERÐ AÐEINS:
**299,-**

**Kúla með styttu**
Glæsileg glerkúla með engli,
tvær mismunandi gerðir fáanlegar.



FRÁBÆRT VERÐ
VERÐ AÐEINS:
**995,-**

**Aðventukrans**
Fallegur aðventukrans úr járni með gler-
kertaglösum. Frábært verð!

**Inni- og útiseríur**
Mikið úrval af inni- og útiseríum í mörgum stærðum
og litum. Frábært verð!

INNISERÍUR VERÐ FRÁ:
**349,-**

ÚTISERÍUR VERÐ FRÁ:
**739,-**



**Slönguseríur**
Flottar slönguseríur í
metratali á frábæru verði!
Fáanlegar rauðar og glærar.

PR. MTR. AÐEINS:
**279,-**



Birt með fyrirvara um prentvillur.



VERÐ AÐEINS:
1.495,-
FRÁBÆRT VERÐ
Kertastjaki
Góður kertastjaki,
tilvalinn fyrir aðventuskreytinguna.
Kerti og skraut ekki innifalið í verði
VERÐ FRÁ:
795,-
AUKAPERUR 3 STK. 199,-
Aðventuljós
Falleg, klassísk
aðventuljós í gluggann.
Fást í rauðu og hvítu.
Aðventuljós úr plasti 795,-
Aðventuljós úr viði 995,-
RÚMFATALAGERNUM
TILBOÐIN GILDA 27.11-28.11
Jólavaxdúkur
Fallegur og
jólalegur vaxdúkur.
Breidd: 140 sm.
VERÐ PR. MTR.
695,-
FRÁBÆRT VERÐ
1 STK.
299,-
Jóladúkar
Fallegar jóladúllur. 4 tegundir fáanlegar.
Stærð: Ø30 sm.
FRÁBÆRT VERÐ
VERÐ FRÁ:
259,-
Jólaservíettur
Flottar jólaservíettur.
4 gerðir. Stærð: 33 x 33 sm.
20 STK. AÐEINS:
598,-
Jólakort
Falleg jólakort með íslenskum texta.
20 kort í pakkanum með 10 mismunandi
myndum. Frábært verð!
Jólapappír
Fallegur jólapappír í miklu
úrvali. Stærð á rúllu:
70 sm x 6 mtr. 399,-
2 MTR. RÚLLA
179,-
1 STK. AÐEINS:
695,-
Ilmkerti
Fjórir mismunandi ilmir fáanlegir.
Hæð: 11 sm.
VERÐ FRÁ:
199,-
Dagatalskerti
Nokkrar mismunandi gerðir fáanlegar.
Frábært verð!
VERÐ FRÁ:
399,-
Kubbakerti
Hæð: 12 sm. Verð aðeins: 399,-
Hæð: 18 sm. Verð aðeins: 499,-
6 STK. AÐEINS:
138,-
Jólamerkimiðar
Fallegir merkimiðar með íslenskum texta á
frábæru verði! 6 stk. saman í pakka.
FRÁBÆRT VERÐ
VERÐ FRÁ:
345,-
Fjöltengi með rofa
Fyrir 3 tengla án rofa 345,-
Fyrir 3 tengla með rofa 595,-
Fyrir 5 tengla með rofa 695,-
35% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR: 1.995,-
1.295,-
Jólastjarna með ljósum
Falleg, upphengjanleg jólastjarna með ljósum.
Með gulum perum. Stærð: 30 sm. Notist innandyra.
30% AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR: 995,-
695,-
LED jólasería
Góð 20 ljósa LED innisería á
frábæru verði! Litur: Glær.
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is









# Máltíðir eru meira en næringarefnin

Skólamáltíðir standa flestum grunnskólabörnum til boða. Vandinn er að útbúa mat sem er í senn næringarríkur og líklegur til að höfða til hinna ungu neytenda. *Þorgils Jónsson* og *Steinunn Stefánsdóttir* skoðuðu málið.

Þrátt fyrir að mikil framþróun hafi verið í framleiðslu skólamáltíða á undanförnum árum eru enn mikil sóknarfæri til úrbóta. Lykillinn að því að fá börn til að borða hollan mat í skólum er aukið samstarf milli ólíkra fagsviða, sem koma að framkvæmd skólamáltíða.

Ragnheiður Héðinsdóttir, forstöðumaður matvælasviðs SI, kynnti niðurstöðurnar, en verkefnið hér á landi var unnið af SI, Rannsóknarþjónustunni Sýni og Matís. Verkefnið var svo styrkt af Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni.

„Við horfðum þarna yfir sviðið og reyndum að greina hvar hindranir væri að finna og hvað væri hægt að gera betur," sagði Ragnheiður.

Þar kom fram að þrátt fyrir mismunandi siði og venjur milli landa, er margt sameiginlegt þar einnig.

„Það eru alveg sömu umkvörtunarefni þar og eru hér, sem sagt að það sé of lítið lagt í matinn, börnum finnist hann vondur og að það þyrfti meira val."

Ragnheiður sagði að þó ljóst væri að allir væru að gera sitt besta í málunum væri enn hægt að gera betur varðandi nýtingu barna á matnum sem er í boði. Aðalatriðið sé að maturinn sé fjölbreyttur, næringarríkur og bragðgóður og falli börnunum í geð.



RAGNHEIÐUR HÉÐINSDÓTTIR

Til dæmis segir hún að þrátt fyrir vandaðar leiðbeiningar, meðal annars frá Lýðheilsustöð, sé það staðreynd að mörg börn borða ekki það sem í boði er.

„Það blandast engum hugur um að leiðbeiningarnar eru góðar og starfsmenn mötuneyta eru allir af vilja gerðir að fara eftir þeim, en þær duga skammt ef börnin borða ekki matinn. Það voru því tvö gullkorn sem við lærðum af þessu verkefni, annars vegar var það að börn borða mat en ekki næringarefni, og hins vegar að matur er ekki næringarríkur nema hann sé borðaður."

Máltíðir snúast um meira en næringarefni, að sögn Ragnheiðar. Maturinn verður að vera aðlaðandi til að börnin borði hann og eins verður góð aðstaða að vera fyrir hendi í skólum og viðmót vinsamlegt. „Aðstaðan í matsal og viðmót afgreiðslufólks skiptir miklu máli til að börnunum líði vel í matartímanum. Sum missa matarlystina ef þeim finnst vera of mikill hraði og hávaði eða starfsfólkið ónotanlegt. Öllum ber líka saman um að þar sem fullorðnir eru með í matnum er hægt að miðla til barnanna og í raun hægt að nýta matartímana sem kennslustund. Þar geta kennarar kennt börnunum að smakka á öllu, leiðbeint um borðsiði og séð til þess að ekki verði háreysti í salnum."

Til þess að stuðla að því að börnin borði hollan og næringarríkan mat í skólum eru samskipti allra aðila lykilatriði.

Ragnheiður segir það hafa verið skoðun flestra þeirra fjölmörgu sem sóttu málþingið.

„Það sem mér fannst standa upp úr á þessu þingi var hvað allir eru sammála um nauðsyn nánari samskipta. Allir þeir ólíku aðilar sem koma að þessum málaflokki þurfa að tala saman. Það er þekking út um allt en það þarf að koma öllum saman til að hún nýtist sem best."

## SKÓLAMATUR Á NORÐURLÖNDUM

**FINNLAND**
- Ókeypis hádegisverður fyrir öll börn frá 6-18 ára. Skólum í sjálfsvald sett hvort boðið er upp á bita milli mála og mega taka gjald fyrir slíkt.

**SVÍÞJÓÐ**
- Ókeypis hádegisverður fyrir grunnskólabörn en gjaldtaka er leyfileg fyrir máltíðir í framhaldsskólum. Um 30 sveitarfélög af 290 taka slíkt gjald.

**ÍSLAND**
- Foreldrar greiða fyrir máltíðir, en sveitarfélög niðurgreiða þær, að mismiklu leyti þó.

**DANMÖRK OG NOREGUR**
- Algengast er að börn komi með nesti að heiman en máltíðir eru greiddar af notendum þar sem þær eru í boði.

## DISKURINN



Lýðheilsustöð kynnir þennan disk sem grunn að flestum aðalmáltíðum fólks þar sem á einum hluta hans má finna prótínríkan mat, á öðrum er kolvetnaríkur matur og á þeim þriðja er grænmeti og/eða ávextir.

Diskurinn segir þó ekki beint til um skammtastærð því hún skal stjórnast af matarlyst og orkuþörf. Mikilvægt sé þó að huga að skammtastærðum og stilla þeim í hóf. Heimild: Lýðheilsustöð

## OPUS-VERKEFNIÐ Í DANMÖRKU



OPUS nefnist tilraunaverkefni sem snýr að skólamat og er í undirbúningi í Danmörku.

Rannsóknin felst í því að bera saman þann mat sem börn borða vanalega í skólanum, mat úr mötuneytum, nesti nemenda og sjoppufæði, annars vegar og hins vegar það sem kallað hefur verið nýr norrænn hversdagsmatur sem byggist á hugmyndafræði nýs norræns matar.

Tilgangur rannsóknarinnar er að komast að því hvort og þá hvernig nýi norræni hvunndagsmaturinn hefur áhrif á heilsufar barnanna sem þátt taka.



OPUS gengur út á að framreiða hversdagsmat í anda nýja norræna eldhússins sem aðlagað er að smekk barna.

Notað er norrænt hráefni og lagt upp úr því að máltíðirnar séu bæði hollar og bragðgóðar. Meginhluti hráefnisins á að vera lífrænn og framleiddur í héraði og matseðillinn tekur mið af árstíðum.

Gengið er út frá uppgefnum viðmiðum um næringarinnihald í máltíðunum. Sömuleiðis er þess gætt að í matnum sé nægilegt magn af ávöxtum, grænmeti, grófu korni og fiski.

Lagt er upp úr því að maturinn höfði sérstaklega til barna, ekki bara hvað bragðið varðar heldur einnig útlitslega.



Sjálf matargerðin skiptir einnig máli í OPUS-verkefninu. Börnin eru virkir þátttakendur í matargerðinni. Þannig kynnast þau nýjum hráefnum og nýjum leiðum til þess að matreiða hráefni sem þau þekkja fyrir. Það er von manna að þetta auki áhuga þeirra á matnum og vilja til að smakka mat sem þau hafa jafnvel ekki bragðað áður.

Í þeim skólum sem þátt taka í verkefninu er matargerðin í höndum kokks, aðstoðarmanns og svo barnanna sjálfra. Ætlast er til að samhliða matargerðinni séu börnin frædd um hráefni og matargerð, auk þess sem þau taka þátt í að smakka matinn til. Gert er ráð fyrir um það bil fimm börnum að störfum í eldhúsinu hverju sinni.

Gert er ráð fyrir þremur skólamáltíðum dag hvern; morgunsnarli, hádegisverði og síðdegissnarli. Morgunsnarlið er yfirleitt brauð og ávöxtur, hádegisverðurinn heitur matur sem snæddur er með hníf og gaffli en síðdegissnarlið er framreitt á þann hátt að hægt sé að borða meðan maður er á ferðinni, til dæmis hafrastykki, hnetur eða þurrkuð ber.

Samanlagt eiga máltíðirnar þrjár að fullnægja 45 prósentum af orkuþörf átta til ellefu ára barns.



Uppskriftirnar sem notaðar eru miðast við árstíðirnar fjórar og innan hverrar ársíðar er þriggja vikna hringur.

Tilraunaverkefnið á að taka til nemenda í 3. og 4. bekk, sem á þriggja mánaða tímabili fá nýjan norrænan hversdagsmat í skólanum.

Hverjum bekk sem tekur þátt í rannsókninni er að auki fylgt eftir í þrjá mánuði meðan börnin eru ekki í norræna fæðinu og fylgst með því sem þau borða.

Tilraunamaturinn verður ókeypis þá þrjá mánuði sem tilraunin stendur.

Börnin verða heilsufarsskoðuð þrisvar á rannsóknartímanum. Þau verða meðal annars mæld og vigtuð, blóðþrýstingur mældur og tekin blóðprufa.

Gert er ráð fyrir að um sextíu bekkir í tíu til tólf skólum taki þátt í rannsókninni sem fram fer á næsta skólaári 2011-2012.

Áður en sjálf rannsóknin hefst verður hún undirbúin með forathugun í einum skóla þar sem gert er ráð fyrir að börnin fái nýja norræna hvunndagsmatinn í fimm vikur.

### GRIND AÐ VIKUMATSEÐLI

| | |
|---|---|
| Mánudagur | Súpa |
| Þriðjudagur | Kjötréttur |
| Miðvikudagur | Grænmetisréttur |
| Fimmtudagur | Fiskréttur |
| Föstudagur | Hlaðborð með afgöngum |


HORFÐU
Á ÞÁTTINN
3. DES
Í OPINNI DAGSKRÁ
Á STÖÐ 2
DAGUR
RAUÐA
NEFSINS
2010
unicef
Einvala lið grínara og listamanna kemur fram og leggur bágstöddum börnum lið í stórskemmtilegri hátíðardagskrá í beinni útsendingu:
Ari Eldjárn
Edda Björgvins
Guðlaug Elísabet
Halldóra Geirharðsdóttir
Helga Braga Jónsdóttir
Hugleikur Dagsson
Ilmur Kristjánsdóttir
Jóhannes Haukur
Memfismafían
Ný dönsk
Sigtið
Sirkus Sóley
Spaugstofan
Steindi jr.
Uppistöðufélagið
Þorsteinn Bachmann
Þorsteinn Guðmundsson
Og fleiri og fleiri og fleiri ...
www.boddydesign.com
SYNGDU MEÐ ÞÍNU NEFI!
Rauðu nefin fást í verslunum Hagkaups og Bónuss
og í útibúum Íslandsbanka
www.rauttnef.is
skemmtilegri

# Land horfnu barnanna

**Í norðurhluta Úganda ríkir fátækt eftir langvarandi stríð. *Gerður Kristný* fór með Barnaheillum til Úganda. Þar heimsótti hún skóla og hitti börn og fullorðna sem stríðið hefur sett mark sitt á.**

Achan Alice er falleg hávaxin kona. Hún er 38 ára gömul og félagsráðgjafi að mennt. Hún er alin upp í Gulu-héraði í Norður-Úganda þar sem uppreisnarher Joseph Kony réði lögum og lofum í 20 ár. Hann nam börn á brott, neyddi drengina til að bera vopn en stúlkurnar voru hnepptar í kynlífsþrælkun. Sumar dóu í átökum, aðrar af barnsförum. Margar þeirra urðu nefnilega barnshafandi eftir uppreisnarmennina. Stundum tókst þeim að flýja en þær voru ekki samar og áður.

Margar stúlkur sem Alice þekkti voru numdar á brott – en ekki hún. Alice ákvað að láta gott af sér leiða fyrir þessar stúlkur og lærði félagsráðgjöf í háskólanum í Kampala, höfuðborg Úganda. Faðir hennar á fimm eiginkonur og alls á hún 25 systkini samfeðra. Fjölskyldan er bláfátæk svo Alice var alltaf á eftir jafnöldrum sínum í námi en hún lét það ekki stöðva sig. Síðan stofnaði hún samtökin Christian Counselling Fellowship sem Barnaheill – Save the Children starfa með. Samtökin vinna að menntun barna og þá sér í lagi stúlkna sem sloppið hafa frá uppreisnarhernum. Alice reisti skóla handa þeim þar sem þær geta haft börnin sín hjá sér á meðan þær mennta sig. „Menntun er lykillinn að betra lífi fyrir þær,“ segir Alice.

Sjálf hefur hún aldrei eignast börn en ættleiddi tvö börn systur sinnar, sem lést úr alnæmi, auk þess sem hún tók að sér tvö önnur sem misst höfðu móður sína. „Mér finnst ég auðvitað eiga fjölda barna,“ segir hún réttilega og brosir.

Barnahermennirnir og stúlkurnar sem numdar voru á brott hafa mörg hver mikla skömm á sjálfum vegna þess sem þau voru neydd til að gera á meðan þau voru í haldi en einnig þurfa þau að glíma við fordóma annarra. Sumir landa þeirra eiga því miður erfitt með að átta sig á að þessir krakkar eru fórnarlömb. Það getur líka verið erfitt fyrir þessi börn að snúa aftur til hversdagslífsins þegar þau hafa orðið vitni að hryllilegum atburðum og glæpum.

> Það getur líka verið erfitt fyrir þessi börn að snúa aftur til hversdagslífsins þegar þau hafa orðið vitni að hryllilegum atburðum og glæpum.

### Verða börn barna gæfubörn?

Í borginni Gulu er rekin hjálparstofnun í samstarfi við Barnaheill – Save the Children þar sem barnahermennirnir og stúlkurnar sem verið hafa í haldi uppreisnarmanna geta dvalið eftir að þau losna. Þeim er hjálpað við að finna fjölskyldur sínar á nýjan leik og séð til þess að eitthvað bíði þeirra eftir að út í lífið er komið. Mikil áhersla er lögð á menntun. Svæðið er afgirt og hálfeyðilegt þennan dag sem mig ber að garði ásamt sendinefnd Barnaheilla, Petrínu Ásgeirsdóttur framkvæmdastjóra, Helga Ágústssyni formanni og Jakobi Halldórssyni tökumanni. Fáein smábörn eru þó á vappi ásamt barnungum mæðrum sínum. Eitt barnanna leikur sér að dauðri, fagurgrænni og risastórri engisprettu. Hún gerir vitaskuld sama gagn og legókarlar íslenskra jafnaldra.

Við fáum að spjalla við súdanskan pilt sem var rænt fyrir þremur árum, aðeins 14 ára gömlum. Mér eru gefin skýr skilaboð um að spyrja piltinn ekki út í átökin sem hann var látinn taka þátt í. Satt best að segja var það lán þessa pilts að vera skotinn í átökum uppreisnarhermanna við sameinaðan her Úganda og Kongó. Á meðan hann lá helsærður á jörðinni hlustaði hann á hermennina þrátta um hvort taka ætti hann af lífi eða ekki. Kongósku hermennirnir vildu skjóta hann þar sem hann hafði vafalítið fellt marga úr liði þeirra en úgandíski herinn vildi þyrma lífi hans. Hann hafði betur. Save the Children í Úganda hafa frætt herinn þar í landi um réttindi barna og þarna hefur sú fræðsla vafalítið skilað sér. Þessi alvarlegi piltur segist ekki geta gert sér neinar vonir um langa skólagöngu og hefur jarðbundna drauma. Hann langar til að verða bílstjóri. Þegar ég bið hann um að skrifa nafnið sitt fyrir mig á blað kemur í ljós að hann kann það ekki. Á blaðinu stendur óregluleg þyrping samhljóða sem mynda engan veginn nafnið hans.

### Fiðraður virðingarvottur

Á flötinni fyrir framan einn skólanna sem við heimsækjum hefur litlum skiltum verið stungið niður. Á þeim stendur: „Stríð drepur“ og „Fyrirgefið hvert öðru“. Börnin eru feikiglöð og taka syngjandi á móti okkur. Skólastjórnendur halda ræðu og brýna fyrir þeim foreldrum sem séð hafa sér fært að mæta að senda börnin sín í skólann. Þar sem hver dagur hefur árum saman gengið út á það eitt að halda lífi verður menntun lítils virði.

Helgi talar fyrir hönd okkar Íslendinganna, enda fyrrverandi sendiherra og kann skemmtilega sögu fyrir hvert tækifæri. Helgi nær heldur betur eyrum fólksins því til hans kemur aldraður maður og færir honum lifandi hænu að gjöf. Helgi þakkar hjartanlega fyrir þennan virðingarvott en gefur síðar bílstjóranum okkar fiðurféð. Hænunni er komið fyrir í pappakassa aftur í jeppanum þar sem við heyrum klúkka í henni það sem eftir lifir ferðar. Við getum samt þakkað fyrir að Helga var ekki færð geit. Það er víst líka til siðs í Úganda.

Og talandi um dýr, ég dreg fram bók mína Jóladýrin og les fyrir börnin með aðstoð túlksins, hennar Alice. Síðan fletti ég líka í gegnum Ástarsögu úr fjöllunum eftir Guðrúnu Helgadóttur og skil eftir eintök af henni svo börnin geti kynnst henni Flumbru upp á eigin spýtur. Ég dreg líka fram ljósmyndir af fjölskyldu minni og sýni börnunum. Þar getur að líta eina af börnum í kafaldssnjó í Skagafirðinum. Einhver fullorðinn hristir höfuðið og segir: „Þarna hlýtur að vera erfitt að rækta.“

### Svaðilfarir á vegum úti

Ferðirnar um norðurhluta Úganda minna mig oft á sumarbústaðaferðirnar í Grafningnum í upphafi áttunda áratugarins; vondir vegir, úrhelli, kamar, drykkjarvatn flutt á brúsum og rafmagnsleysi. Síðan skellur á niðamyrkur, það hellirignir og leirvegirnir verða flughálir. Bíllinn skransar og ætlar út af. Ég gríp í handfangið fyrir framan mig en veit ekki fyrri til en það losnar af. Sem betur fer nær bílstjórinn aftur tökum á jeppanum en litlu síðar ekur hann ofan í djúpa holu á miðjum veginum og situr þar fastur. Við erum á tveimur jeppum svo ferðafélagar okkar geta komið okkur til bjargar. Þá er hætt að rigna svo við Petrína förum út til að fylgjast með björgunaraðgerðum. Eldglæringum er varpað upp á niðdimman Afríkuhimininn og stöku stjarna skín fyrir ofan okkur. Við öndum Afríku að okkur og finnst við hafa lent í ævintýri.

Dvölin í Úganda endar eins og allar leiðir landsins, í höfuðborginni Kampala. Storkar sveima yfir þökum. Ekki að furða að þessi fugl skuli vera algengur hér þar sem hver kona eignast að meðaltali sjö börn í suðurhluta landsins en heil átta fyrir norðan. Og öllum þessum börnum þarf að tryggja menntun sem aftur tryggir þeim betri framtíð. Allt í einu eru storkarnir á bak og burt og við bráðum líka. Eitthvað skildum við þó eftir okkur, loforð Barnaheilla um að halda áfram að styrkja uppbygginguna í norðurhluta landsins og íslenska tröllasögu sem hægt er að fletta löngu eftir að nokkur man hvernig í ósköpunum hún rataði alla þessa leið.



**GERÐUR KRISTNÝ Í HÓPI BARNA Í ÚGANDA** Gerður heimsótti marga skóla á ferð sinni með Barnaheillum um Úganda. Þar las hún meðal annars sögur fyrir börnin og sýndi þeim myndir af fjölskyldu sinni á Íslandi.



**SKÓLAKRAKKAR** Skólabúningar tíðkast víða í skólum í Úganda.




NÁtök í norðurhluta Úganda skildu eftir landsvæði í rústum og fólk í sárum. Brot á mannréttindum í landinu hafa ratað í skýrslur SÞ og umfjöllun fjölmiðla. Landið hefur verið meðal fátækustu ríkja heims. Það hlaut sjálfstæði frá Bretum 1962.

Eldvarnaátakið 2010

# Engin hátíð án eldvarna



GARÐAR GUÐJÓNSSON / FORSTOFAN 11/10

Á aðventunni og um hátíðirnar er mikil hætta á eldsvoðum á heimilum. Þá ríður á að fara að öllu með gát og hafa eldvarnir í lagi.

Reykskynjarar, slökkvitæki og eldvarnateppi eiga að vera á hverju heimili.

Góður jólaundirbúningur hefst á því að tryggja að eldvarnirnar séu viðunandi.
Það er svo mikið í húfi!

Við þökkum grunnskólum og heimilum fyrir góðar viðtökur í Eldvarnaátakinu 2010 og óskum landsmönnum alls hins besta um hátíðirnar.
Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn þakka einnig hið mikla traust sem landsmenn sýna þeim samkvæmt mælingu Capacent!

LANDSSAMBAND SLÖKKVILIÐS- OG SJÚKRAFLUTNINGAMANNA www.lsos.is

ELDVARNA bandalagið

112 EINN EINN TVEIR

TM

# Með gjaldeyrisforðann í ferðatösku

Í bókinni **Árni Matt – Frá bankahruni til byltingar**, sem Árni M. Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra, skrifar ásamt Þórhalli Jósepssyni fréttamanni, lýsir Árni bankahruninu frá sínum bæjardyrum séð. ***Fréttablaðið*** birtir hér nokkur brot úr bókinni.

Á fundi sem hófst í Ráðherrabústaðnum laugardaginn 4. október 2008 kl. 15.30 var líklega fyrst sagt upphátt að þjóðin gæti orðið gjaldþrota í því gjörningaveðri sem þá gekk yfir Ísland. Þessa helgi rak hver fundurinn annan. Opinberlega var tilefni fundarhaldanna það hvernig lífeyrissjóðirnir gætu flutt fjármuni til landsins en raunveruleg ástæða var stórkostlegur vandi bankanna.

### Orðið sem ekki mátti nefna

„Á föstudeginum komu fram kröfur frá Bretlandi og Evrópska seðlabankanum í Lúxemborg um að bæta lausafjárstöðu íslensku bankanna í Bretlandi og eins að þeir legðu fram frekari veð fyrir skuldbindingum sínum,“ segir Árni. Á fyrrnefndum fundi með aðilum vinnumarkaðarins var mikið talað um gjaldmiðilsmál. Gunnar Páll Pálsson, formaður VR og stjórnar Lífeyrissjóðs verslunarmanna hélt því fram á fundinum að „við [næðum] ekki trúverðugleika með krónuna“ og skömmu síðar að hann hlustaði ekki á heilagleika Seðlbankans „ef þjóðin er að verða gjaldþrota á mánudag“, skrifar Árni eftir Gunnari.

Síðan segir í bókinni: „Þarna sagði Gunnar Páll það sem enginn vildi segja, en var óneitanlega byrjað að grafa um sig í hugskotum manna: Færi allt á versta veg gat orðið þjóðargjaldþrot. Orðið sem ekki mátti segja, því kæmi það frá þeim sem þarna sátu á fundum til að reyna að bjarga þjóðarskútunni, hefði það valdið uppnámi, jafnvel skelfingu í samfélaginu. Hvergi í minnispunktum Árna frá þessari helgi er að finna vísbendingu um að ráðherrar, seðlabankamenn eða sérfræðingar þeirra hafi gefið þetta til kynna. Ekki er ólíklegt að Gunnar Páll, jafnvel fleiri þessara fulltrúa sem þarna voru frá Alþýðusambandinu og Samtökum atvinnulífsins, hafi einfaldlega dregið þessa ályktun af þeim upplýsingum sem þeir höfðu fengið um alvarlega stöðu bankanna. Líklega var þetta í fyrsta skipti sem einhver sagði þetta upphátt, en fram yfir helgina var því haldið innandyra. Menn voguðu sér ekki að leggja sér þetta skelfilega orð í munn, jafnvel ekki inni í Ráðherrabústaðnum heldur.“

### Rangar ákvarðanir

Árni veltir fyrir sér þeirri spurningu hvenær síðast hefði verið hægt að grípa í taumana og stöðva þróunina sem leiddi um síðir til hrunsins í október 2008.

„Þegar ég hugsa til baka, þá velti ég fyrir mér tveimur tímapunktum þar sem taka hefði átt öðruvísi á málum eða teknar voru hugsanlega rangar ákvarðanir. Fyrri tímapunkturinn er lækkun bindiskyldu bankanna 2003. Það er ljóst að í kjölfar þeirrar aðgerðar jókst peningamagn í umferð og stærð bankanna gríðarlega. Það auðvitað gat gerst vegna þess að aðrir þættir voru þessari þróun hagstæðir s.s. lánshæfismat ríkisins tengt minnkandi skuldum ríkissjóðs sem leiddi beint til hagstæðara lánshæfismats bankanna. Einnig staðan á erlendum mörkuðum og sú ofgnótt fjár sem þar var og líka vaxta- og gengisstefna Seðlabankans allt frá þessum tíma. Hefði bindiskyldan verið hærri hefði bankakerfið trauðla vaxið eins hratt og raun bar vitni og áhrif vaxtanna á þensluna eru vægt sagt umdeilanleg í ljósi áhrifanna á gengið. Þessi áhrif voru sennilega öll að verki þegar fundur var boðaður í Seðlabankanum í nóvember 2005, fyrir minni krísuna 2006. Hann var boðaður til þess að segja frá því að skuldatryggingarálag bankanna væri að hækka. …Þá er, held ég að ég geti fullyrt, í fyrsta skipti talað um að það geti komið upp einhver vandamál. Þarna eru menn farnir að sjá fyrir minni krísuna 2006.

Það er í rauninni á þessum tíma, telur Styrmir Gunnarsson í bók sinni Umsátrinu, að menn hefðu átt að gera eitthvað og þannig stöðva þróunina sem leiddi svo um síðir til hrunsins í október 2008. Hann kemst jafnframt að þeirri niðurstöðu að þá hafi ekki verið neitt hægt að gera, því að enginn hefði trúað því að þess hefði verið þörf. Ef menn hefðu farið að leggja til haustið 2005 að setja hömlur á bankana, þá hefði einfaldlega verið litið á þá sem einhverja vitleysinga, fjandsamlega atvinnulífinu, nú væri Davíð nýkominn í Seðlabankann og farinn að stunda hefndaraðgerðir þaðan.“

### Gjaldeyririnn kláraðist

Í vikunni sem bankarnir voru að falla þurfti Árni að halda út á fund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington. Þetta voru miklir óvissutímar og enginn vissi hvað myndi gerast. Á fundinum biðu Árna fjölmörg snúin verkefni.

„Það var mjög skrýtið að yfirgefa landið þennan dag. Allir stóru bankarnir þrír höfðu fallið á þremur dögum, sá síðasti, Kaupþing, einmitt sama dag og ég fór út. Óvissan var slík að maður vissi ekki hvað mundi gerast hérna heima. Hvort konan og börnin gætu farið út í búð að kaupa í matinn, bjargað sér á meðan maður væri í burtu. Eða hvort ég gæti notað kreditkortið þegar ég færi út af hótelinu og þyrfti að borga reikninginn. Til öryggis varð ég þess vegna að hafa með mér reiðufé, því að það hefði orðið óbærilegur álitshnekkir fyrir Ísland ef fjármálaráðherra landsins gæti ekki borgað reikninginn sinn af því kortið hans virkaði ekki! Ég hef aldrei verið með annað eins af peningum á mér á ferðalagi. Ég held ég hafi nánast verið með síðasta gjaldeyrinn úr Seðlabankanum, því að þeir höfðu látið Kaupþing hafa allan gjaldeyrisforðann sem þeir voru með hérna heima þannig að það voru engir peningar eftir í Seðlabankanum. Seðlabankinn hafði skrapað botninn til þess að láta okkur fá seðlana.“

Síðan segir í bókinni: „Við hefðum átt að vera þrír ráðherrar og seðlabankastjóri á fundum þessa daga í Washington. Auk mín Davíð Oddsson frá Seðlabankanum, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra og Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra en það var reyndar út af einhverju sérstöku verkefni sem tengdist ekki Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hann sat hins vegar heima út af ástandinu, Davíð komst ekki heldur og Ingibjörg veik. Það hvarflaði að mér þegar ég var á leiðinni vestur, að ég hefði kannski átt að vera kyrr heima líka, að ég ætti ekki að skreppa á fund á meðan húsið stóð í ljósum logum! En ég vissi að hjá því yrði ekki komist og áttaði mig líka á því að ég gerði meira gagn þarna úti í Washington, þar væru allir sem þurfti að ræða við til að finna einhverjar leiðir út úr vandanum heima. Það væri þess vegna réttari samlíking að ég væri að hlaupa út til þess að sækja slökkviliðið.

Í rauninni var útilokað annað en að ég færi á ársfundinn því að Ísland var á þessum tíma í forsæti í Alþjóðabankanum en þetta var sameiginlegur ársfundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans. Ég þurfti þess vegna að vera þarna á fundum í bankanum fyrir hönd kjördæmis Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna og halda ræðu fyrir hönd þessara þjóða á ársfundinum. Dagskráin var því alveg samfelld hjá mér. Með í för var ennfremur starfsfólk Seðlabankans í þeim erindagjörðum að hitta bankamenn og ég sat þá fundi eins og hægt var í stað Davíðs. Ég var þess vegna bæði í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eins og hefði verið mitt venjulega hlutverk, í Alþjóðabankanum í hlutverki utanríkisráðherra, ræddi við bankamenn fyrir hönd Seðlabankans og svo hljóp ég í það að undirrita samninga fyrir heilbrigðisráðherra að auki. Ég var sem sagt þarna einn í hlutverkum okkar fjögurra.“

### Öllum steinum velt til að fá lán

Tími fjármálaráðherrans fór því að töluverðu leyti í að sækja fundi fyrir hönd annarra en hann sinnti þó einnig sínum erindum. Hann þurfti að hitta fulltrúa bandaríska fjármálaráðuneytisins, fulltrúa Bandaríkjanna hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og þýsku og hollensku fulltrúana hjá sjóðnum og svo Stefan Ingves, sænska seðlabankastjórann. Og þegar öllu var á botninn hvolft snerust fundirnir um eitt meginþema, þegar skyldubundnum erindum sleppti: Að afla Íslandi lánsfjár.

„Það má segja að allra leiða hafi verið leitað, öllum steinum velt við og enginn skilinn eftir, til þess að reyna að fá lán. Beint og óbeint var þessi fámenni hópur að vinna að því öllum stundum.

Ég átti langan fund með Stefan Ingves og svo Christine Lagarde, franska fjármálaráðherranum. Hún hringdi reyndar fyrst í mig á meðan ég var að tala við Stefan og ég þurfti því að gera hlé á þeim fundi, hún var þá í forsæti Evrópusambandsins. ESB var þá raunverulega að lýsa því yfir að ef við færum réttu leiðina, þá mundu þau vilja styðja við bakið á okkur. Og í þeirra augum virðist rétta leiðin hafa verið fólgin í því að halda sig innan hópsins, ef svo má segja. Hún var að vara mig mjög eindregið við því að við færum að taka við peningum frá Rússum. Það gæti verið erfitt.

### Ráðherra lék mömmu

Ég hafði svo samband við hana aftur til þess að fá að vita nánar hvað gæti falist í aðstoð frá Evrópusambandinu. Hún lofaði að afla okkur stuðnings sambandsins til þeirra hluta sem við þurftum að gera. Ég held að henni hafi gengið gott eitt til, það reyndi líka á það síðar að mínu mati og hún var jákvæð í okkar garð. En þá voru komin önnur öfl inn í þetta, Bretland og Holland í Icesavemálunum. Fundurinn með henni á skrifstofum Frakka hjá AGS var reyndar dálítið sérstakur. Í öllu þessu stressi sem þarna var með þennan hefðbundna ráðstefnu- eða stórfundastíl á öllu, pappaglös og pappadiska og allt á hlaupum, þá var okkur boðið til stofu. Þar biðum við í rólegheitum á meðan te var bruggað á katli og franski fjármálaráðherrann skenkti okkur öllum síðan sjálf í þessa fínu postulínstebolla. Hún svona „played mum“, eins og sagt er á ensku. Henni tókst með þessu að róa liðið og skapa aðeins aðra stemningu en var á fundunum yfirleitt.“



**ÞJÓÐARGJALDÞROT RÆTT** Fjölmiðlar fylgdust með hverju skrefi fjármálaráðherra í bankahruninu. Myndin er tekin 4. október 2008 að loknum fundi í Ráðherrabústaðnum þar sem þjóðargjaldþrot var rætt í fyrsta sinn að sögn Árna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Þegar ég hugsa til baka, þá velti ég fyrir mér tveimur tímapunktum þar sem taka hefði átt öðruvísi á málum eða teknar voru hugsanlega rangar ákvarðanir.

## MINNISPUNKTAR OG ÓBIRT GÖGN

Árni M. Mathiesen var fjármálaráðherra í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar þegar bankahrunið varð. Í bókinni Árni Matt sviptir hann hulunni af því sem gekk á fjarri kastljósi fjölmiðla, greinir frá átökum við erlenda og innlenda áhrifamenn og veitir lesendum einstaka innsýn í samtímasögu þjóðarinnar. Í bókinni vitnar Árni meðal annars til minnispunkta sinna og ýmissa annarra óprentaðra gagna. Þórhallur Jósepsson fréttamaður er höfundur bókarinnar ásamt Árna.





**Jólafundur Kvennadeildar Rauða krossins 2010**

**verður haldinn í Víkingasal Hótel Loftleiða fimmtudaginn 2. desember kl. 18:00.**

**Dagskrá:**
**Jólahugvekja:** Séra Hjörtur Magni Jóhannsson.
**Kvöldverður:** Glæsilegt jólahlaðborð, möndlugjöf.
**Einsöngur:** Steinunn Ósk Axelsdóttir ásamt Sigurði Jónssyni undirleikara.
**Dansatriði:** Verðlaunadansparið Harpa og Björgvin Þór, dansa Suður-Ameríska dansa.
**Happdrætti:** Glæsilegir vinningar m.a frá Símanum, Nóa Síríus, Kynnisferðum, Farfuglum, Securitas, Forlaginu, Bjarti, Kaffitár og margt fleira.

Sigurður Jónsson leikur á píanó undir borðhaldi.

**Tilkynnið þátttöku í síma 545 0405 eða 545 0400 í síðasta lagi tveim dögum fyrir jólagleðina.**

**Verð kr. 4.800.**

Félagsmálanefnd.

netto
gleðjumst saman um jólin

# HÁTÍÐIN HEILSAR

KLÁRAÐIST Í FYRRA




PARTÝALIAS
ORÐSKÝRINGASPIL
**5.998kr**




JÓHANN FRIÐGEIR
SACRED ARIAS
**1.979kr**

REGÍNA ÓSK
UM GLEÐILEG JÓL
**1.979kr**




FROSTRÓSIR
HÁTÍÐIN HEILSAR CD+DVD
**2.799kr**




SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.NETTO.IS!

Verið velkomin í Nettó

**GILDIR 27. – 28. NÓV.**

MJÓDD · SALAVEGUR · HVERAFOLD · REYKJANESBÆR · GRINDAVÍK · AKUREYRI · HÖFN

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# 25% AFSLÁTTUR TIL SUNNUDAGS




## DURACEL

Allar gerðir af Duracel rafhlöðum: **25% afsláttur til sunnudags**

DURACEL Ultra 4 stk AA & AAA **nú 598 kr.** / 200 kr. lækkun *Verð áður 798 kr.* DURACEL 9 volt í reykskynjara **nú 359 kr.** / 120 kr lækkun *Verð áður 479*

## 25% AFSLÁTTUR

ENERGY DRINK ORKUDRYKKUR




**25% AFSLÁTTUR TIL SUNNUDAGS**

**ORKUDRYKKUR: 250ml 74 kr.** *VERÐ ÁÐUR 98 kr.*
**ORKUDRYKKUR 500ml 127 kr.** *VERÐ ÁÐUR 169 KR.*

## ELLEFU LÍTRAR

# 998 kr.




**VÍKING JÓLABLANDA** Malt og appelsín - Fjórar dósir 500ml = **2 ltr.**
**COCA COLA KIPPA** Coke eða Coke Light - Sex 1.5 ltr. flöskur = **9 ltr.**

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu vildarpunkta VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



# Tolli

**Tolli áritar í dag frá 14-17**

Tolli verður í dag á Korputorgi frá kl.14-17 áritar og veitir ráðgjöf við val á myndum

**Bónus á Korputorgi býður til sölu** glæsilegar myndir eftir Tolla. Um er að ræða hágæða eftirprentanir áritaðar og númeraðar á listastriga í tveimur stærðum:

98 x 118 sm: **kr. 35.000.-** 77 x 87 sm: **kr.25.000.-**

# MYNDIR TOLLA Á KORPUTORGI

## HÁGÆÐA EFTIRPRENTANIR ***KOMNAR AFTUR***



5. Hvannadalshnjúkur - stærð 77 x 87 cm



6. Hvítt ljós - stærð 77 x 87 cm



7. Röðull rennur - stærð 77 x 87 cm



8. Sólsetur - stærð 77 x 87 cm



1. Álfkonutjörn - stærð 98 x 118 cm



2. Dalur - stærð 98 x 118 cm



3. Yfirgefnir steinar - stærð 98 x 118 cm



4. Býli að kveldi - stærð 98 x 118 cm

**FEGRAÐU HEIMILI ÞITT MEÐ ORKURÍKU ÍSLENSKU LANDSLAGI EFTIR LISTAMANNINN TOLLA - Á VIÐRÁÐANLEGU VERÐI.**

Tolli






TOLLI
LANDSLAG HUGANS

Glæsileg 250 bls. listaverkabók sem sýnir breidd, dýpt og ólgandi kraft í myndlist Tolla

FÆST Í ÖLLUM VERSLUNUM BÓNUS

**kr. 4990.-**

JÓLABÆKURNAR ERU KOMNAR Í BÓNUS: ***GERIÐ VERÐSAMANBURÐ***

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18



**DACIA-BÍLARNIR** Svona hefur vörulína Dacia litið út síðustu ár, Dacia Logan fólksbíll, Dacia Logan MCV fjölnotabíll, Dacia Logan flutningabíll, Dacia Logan pallbíll og Dacia Sandero fólksbíllinn. MYND/DACIA GROUP



**ENDIST VEL** Dacia 1300 fólksbíll á fullri ferð í Búkarest í fyrrahaust. Daciabílar eru algengasta bílategundin í Rúmeníu, stolt þjóðarinnar og helsta útflutningsafurð hennar. NORDICPHOTOS/AFP



**DACIA 1300** Rúmum tveimur áratugum eftir fall Berlínarmúrsins eru afurðir frá valdatímum kommúnista sagðar vekja nostalgískar tilfinningar í þeim eldri og forvitni hjá yngra fólki. NORDICPHOTOS/AFP

# Með seiglunni hefst það

Rúmenski bílaframleiðandinn **Dacia** á fulltrúa í úrslitum um val á Bíl ársins í Evrópu 2011. Að valinu standa evrópsk bílatímarit. Dacia-bílar voru sjaldséðir utan Rúmeníu þar til fyrir áratug eða svo, en framleiðsla á þeim hófst við upphaf einræðisherratíðar Ceausescus. Í tilefni af nýfenginni upphefð bílanna kynnti ***Óli Kristján Ármannsson*** sér sögu fyrirtækisins og valið á bíl ársins.

Næstkomandi mánudag, 29. nóvember, fæst úr því skorið hvaða bíll verður fyrir valinu sem bíll ársins 2011. Dómnefnd helstu fagtímarita bílaiðnaðarins stendur fyrir valinu. Athygli vekur að meðal þeirra sjö bíla sem eru í úrslitum er jepplingur frá rúmenska bílaframleiðandanum Dacia. Fyrirtækið hefur starfað allt frá árinu 1968, en hefur fram til þessa kannski ekki verið talið í hópi virtustu bílaframleiðenda.

Á götum Rúmeníu, sem er eitt fátækasta land Evrópu, sjást hins vegar varla aðrir bílar en Dacia, enda gjaldeyrir lengst af af skornum skammti í þessu fyrrverandi austantjaldslandi. Bílaframleiðandinn var settur á stofn með aðstoð frá franska bílaframleiðandanum Renault í árdögum ógnarstjórnar Ceausescu. Fyrstu bílarnir voru samsettir úr bílhlutum Renault, en fyrsti „rúmenski“ bíllinn frá grunni leit dagsins ljós árið 1969 og nefndist Dacia 1300. Eftir það hélst hönnun bíla Dacia að mestu óbreytt í rúm þrjátíu ár og lifði þar með bæði Ceausescu-stjórnina og fall járntjaldsins.

Raunar er það svo að Dacian leikur sitt hlutverk í frásögnum af falli Ceausescus, en sagan segir að þegar Nikolae Ceausescu og kona hans gerðu bíl upptækan á flótta sínum í desember 1989 hafi eigandi hans gert bílnum upp bilun og þannig truflað flóttann. Skömmu síðar var einræðisherrann handsamaður og þau hjón líflátin.

Rúmenar eru afar stoltir af Daciabílum sínum, en þeir eru jafnframt ein helsta útflutningsafurð landsins. Í seinni tíð hefur framleiðslan sótt í sig veðrið og má rekja þau tímamót til þess að Renault keypti fyrirtækið árið 1999 og jók starfsemina til muna. Bílarnir eru hræódýrir í samanburði við aðra evrópska bíla og hefur tegundin því breiðst ört út til annarra landa, svo sem Þýskalands, Frakklands og Ítalíu.

Í fyrra seldi Dacia yfir 200 þúsund bíla í vesturhluta Evrópu og jók sölu sína á heimsvísu um fimmtung frá fyrra ári. Það kemur fram í tölum samtaka evrópskra bílaframleiðenda að í september á þessu ári hafi sala bíla í Evrópusambandinu aukist mest hjá Mitsubishi og Dacia. Þannig hafi söluaukning milli ára numið 12,1 prósenti hjá Dacia í september, en þá seldust 15.466 nýir bílar fyrirtækisins í löndum Evrópusambandsins. Það er Dacia Duster jepplingurinn, sem nú er í forvali fyrir bíl ársins í Evrópu, einhver vinsælasti bíll fyrirtækisins frá upphafi.

Mikið fæst fyrir eyrinn í kaupum á Dacia Duster jepplingi samkvæmt því sem evrópsk bílablöð halda fram, en hann er sagður ódýrasti jepplingurinn á evrópska markaðnum. Bíllinn er fáanlegur með 105 hestafla 1,6 lítra bensínvél og tveimur útfærslum á 1,5 lítra dísilvél, 85 og 109 hestöfl.

Svo er bara að bíða og sjá hvort eitthvert bílaumboðanna hér á landi sér hag sinn í að flytja inn Daciabíla, en hingað til hefur ekki orðið af því þótt einhverjar viðræður hafi átt sér stað árið 2005 milli Bifreiða og landbúnaðarvéla og Dacia. Í öllu falli ætti sá áhugi að vaxa fari svo að ódýrasti jepplingur Evrópu fái þá upphefð að vera valinn bíll ársins.

Í fyrra var Volkswagen Polo valinn bíll ársins í Evrópu 2010. Valið á bíl ársins í Evrópu 2011 hefur hins vegar staðið lungann úr árinu. Í dómnefnd eiga 58 manns sæti og stóð valið upphaflega á milli 41 bíltegundar hvaðanæva úr bílamarkaðnum. Nú standa eftir sjö bílar í úrslitum, en til að einn standi uppi verður hver dómnefndarmaður að útdeila 25 stigum á að minnsta kosti fimm bíla af þeim sem í úrslitum eru. Ekki má gefa neinum einum bíl meira en tíu stig, auk þess sem umsögn þarf að fylgja, að því er fram kemur á sérvef tímaritanna sem að valinu standa.

## GERÐIR DACIA-BÍLA FRÁ UPPHAFI

| Tímabil | Gerð |
|---|---|
| 1968–1972 | Dacia 1100 |
| | Dacia 1200 |
| 1969–1979 | Dacia 1300 |
| 1979–2004 | Dacia 1310 |
| 1970–1974 | Dacia 1301 |
| 1973–1982 | Dacia 1302 pick-up |
| 1979–2006 | Dacia 1304 pick-up |
| 1985–2006 | Dacia 1305 vörubíll |
| 1992–2006 | Dacia 1307 double cab |
| 1992–1999 | Dacia 1307 king cab |
| 1992–1997 | Dacia 1309 pick-up |
| 1983–1992 | Dacia Sport 1310 |
| | Dacia 1410 (byggður á 1310) |
| | Dacia 2000 |
| 1974–1976 | Dacia D6 |
| 1983–2003 | Dacia Duster/ARO 10 |
| 1985–1989 | Dacia 500 (Lastun) |
| | Dacia Pick-Up |
| 1985–1989 | Dacia 1320 hallbakur |
| 1990–1996 | Dacia Liberta hallbakur |
| 1994–1999 | Dacia Nova |
| 2000–2002 | Dacia SuperNova |
| 2003–2005 | Dacia Solenza |
| 2004– | Dacia Logan |
| 2006– | Dacia Logan MCV |
| | Dacia Logan VAN |
| | Dacia Logan pick-up |
| 2008– | Dacia Sandero |
| 2010– | Dacia Duster |




**REYNSLUAKSTUR Í RÚMENÍU** Dacia hefur lagt mikið í kynningu á Duster-bílnum og farið með hann víða um heim. Hér að ofan má hins vegar sjá reynsluakstur á sólbaðsströndinni Mamaia við Svartahaf, en það er einn vinsælasti sumardvalarstaður Rúmeníu. MYND/DACIA GROUP




**VAKTASKIPTI** Rúmenskt verkafólk yfirgefur verksmiðju Dacia í borginni Mioven, vestur af Búkarest. NORDICPHOTOS/AFP

## ÚRSLITIN Í VALINU Á BÍL ÁRSINS Í EVRÓPU

Bílar eru bornir saman á ýmsum vettvangi, en valið Bíll ársins í Evrópu er með því virtara sem á sér stað. Sjö bílablöð frá jafnmörgum löndum taka sig saman um að standa að valinu og tilnefna bíl ársins eftir strangt útilokunarferli. Í ár verður upplýst um sigurvegarann næstkomandi mánudag, en valið stendur um eftirtalda sjö bíla:

**Alfa Romeo Giulietta**
**Citroën C3/DS3**
**Dacia Duster**
**Ford C-Max/Grand C-Max**
**Nissan Leaf**
**Opel Meriva**
**Volvo S60/V60**



**DACIA 1100** Fyrsti Dacia-bíllinn var samsettur úr hlutum frá Renault í Frakklandi.




**Á AFMÆLISHÁTÍÐ** Francois Fourmont, forstjóri Dacia í Rúmeníu, heldur tölu á hátíð sem haldin var í fyrrasumar í tilefni af því að tíu ár voru frá því að franski bílaframleiðandinn Renault keypti fyrirtækið. NORDICPHOTOS/AFP

# Þín verslun
## Seljabraut
## 25 ára!




**Nýtt og betra kjötborð, frábær afmælistilboð og 25 % afsláttur í hverri hillu!**

Þín verslun, Seljabraut í Breiðholti fagnar 25 ára afmæli um þessar mundir. Á þessum árum höfum við eignast marga góða vini sem helst vilja hvergi annars staðar versla. Við höfum nefnilega alltaf lagt mikið upp úr því að veita persónulega þjónustu í hlýlegu umhverfi.

***Kíktu í heimsókn, við tökum vel á móti þér.***

Þín verslun | Seljabraut 54 | sími 557 1780 | Opnunartími: Mán.–fös. 9–21 / lau.–sun. 10–21

# Lítið um íslenskar prímadonnur

Fjölmiðlakonan **Brynja Þorgeirsdóttir** og rithöfundurinn **Einar Kárason** eru sammála um ágæti fulltrúalýðræðis en greinir lítillega á um gildi hestaíþrótta. ***Kjartan Guðmundsson*** settist niður með rökstólapari vikunnar á afmælisdegi skáldsins í vikunni.

## Á RÖKSTÓLUM

*Það er góð regla að byrja á byrjuninni. Hvað vitið þið hvort um annað?*

**Brynja:** „Ég veit að þú býrð í Hlíðunum og ert mikill kattakall.“

**Einar**: „Já, það virðast margir vita það. Enda er kafli um kettina mína í nýjustu bókinni minni.“

**Brynja:** „Ég hef ekki lesið nýju bókina en ég held ég hafi lesið allar hinar bækurnar þínar.“

**Einar:** „Það er gaman að heyra. Ég veit allan fjandann um þig, til dæmis að þú ert mikil hestamanneskja, varst lengi á Stöð 2 en fórst svo yfir á RÚV.“

**Brynja:** „Já, þetta með hestana er augljóst vegna þess að ég hef gert marga hestaþætti. En sem fréttamaður byrjaði ég á Skjá einum um aldamótin og fyrsta fréttin mín þar fjallaði um þig. Ég hringdi í þig til Berlínar.“

**Einar:** „Einmitt já, ég man eftir því. Þá var stórundarlegt mál í gangi. Gamall vinur minn fékk þá flugu í höfuðið, í tengslum við önnur veikindi, að hann hefði samið megnið af mínum bókum. Hann sagði að bækurnar væru allar til á spólum sem ég hefði skrifað upp eftir. Einhver sniðugur blaðamaður, gott ef það var ekki Eiríkur Jónsson, hugsaði með sér að það mætti hlæja að þessu og hengdi manninn upp á forsíðu. Þá tók sig til gott fólk og afritaði spólurnar og afhenti þær svo Þjóðarbókhlöðunni, bæði sem snældur og þykkur pappírsbunki, og eftir það hefur ekki verið rætt mikið um þetta mál. Var ég ekki afundinn og leiðinlegur þegar þú hringdir?“

**Brynja:** „Nei, þú varst bara hissa. En þú tókst mér vel.“

**Einar:** „Já, það geri ég nú yfirleitt. Enda er mér vanalega mætt þannig.“

**Brynja:** „Er þá engin Sofi Oksanen í þér?“

**Einar:** „Nei. En ég hef reyndar hitt Sofi og hún var hin ljúfasta.“

**Brynja:** „Ég hafði dálítið gaman af þessari uppákomu í Síðdegisútvarpinu. Hún vakti til dæmis upp spurningar um menningarumfjöllun, hvort hún sé á nógu háu plani eða hvort hún eigi að vera á einhverju ákveðnu plani yfir höfuð. Hvernig tekur þú fíflalegum spurningum um þínar bækur?“

**Einar:** „Sko. Segjum að það komi blaðamaður gagngert til að taka við mig viðtal um ákveðið verk, sem hann hefur svo ekki lesið og veit ekkert um, þá tek ég honum hæfilega alvarlega og á jafnvel til að snúa út úr og gera grín, en þó á elskulegum nótum. En þegar um er að ræða opinbera móttöku þar sem einhver spyr spurninga, þá svara ég þeim bara kurteislega.“



**MÁLIN RÆDD** Einar Kárason segist hafa verið hálfopinber stuðningsmaður Samfylkingarinnar frá því löngu áður en flokkurinn var stofnaður. Brynja Þorgeirsdóttir segist ekki vera flokkspólitísk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Brynja:** „Svo veit ég líka að þú átt afmæli í dag. Til hamingju.“

**Einar:** „Takk fyrir það.“

**Brynja:** „Við erum nefnilega Facebook-vinir.“

**Einar:** „Einmitt, já. Þá munum við heilsast á götu hér eftir.“

### Fulltrúalýðræðið er best

*Hafið þið reynt að kynna ykkur alla frambjóðendur til stjórnlagaþingsins?*

**Einar:** „Ég veit um nokkra sem ég ætla að kjósa, en þar eru vinir og ættingjar í bland.“

**Brynja:** „Einmitt. Ég held að margir velji þá sem þeir þekkja.“

**Einar:** „En líka dálítið út frá þeim sjónarmiðum þeir koma á framfæri. Mér finnst til dæmis mjög mikilvægt að menn séu harðir á því að auðlindirnar séu í þjóðareigu.“

**Brynja:** „En er einhver á móti því? Er einhver sem segist ekki vilja að auðlindirnar séu í þjóðareigu?“

**Einar:** „Ég held að margir séu til að mynda hlynntir núverandi kvótakerfi, eða hreinlega hlynntir einkavæðingu auðlindanna. Svo vil ég halda þessu þingræðiskerfi. Ég er ekki spenntur fyrir endalausum þjóðaratkvæðagreiðslum.“

**Brynja:** „Ég er sammála því. Fulltrúalýðræðið er best að þessu leyti. Nema auðvitað í þessum risastóru málum. Ert þú í Samfylkingunni?“

**Einar:** „Tja, ég hef verið svona hálfopinber stuðningsmaður, frá því löngu áður en Samfylkingin var stofnuð. Fannst það hafa komið niður á okkur að sumu leyti að hafa ekki almennilegan krataflokk. En þú sjálf?“

**Brynja:** „Ég reyni nú að halda spilunum nokkuð þétt að mér vegna vinnunnar, en ég er ekki flokkspólitísk, hef aldrei kosið neinn flokk í gegnum línuna og stundum skilað auðu. Þegar maður tekur stór viðtöl, til dæmis við ráðherra stjórnarflokks, er maður alltaf skammaður af samflokksmönnum hans. Og öfugt. Það er gegnumgangandi að fólk telur verr farið með samflokksmenn sína en aðra.“

**Einar:** „Já, þú ert auðvitað í Kastljósinu. Með puttann á púlsinum.“

**Brynja:** „Starfið er mjög fjölbreytt og gaman að lifa og hrærast í þessari hringiðu. En það er ekki síður skemmtilegt að sinna óhefðbundnari málum. Um daginn fór ég til dæmis á hundasnyrtistofu og hitti fólk sem er alveg á kafi í því hvernig á að klippa hunda.“

**Einar:** „Það sem kallað er „human interest“-mál.“

**Brynja:** „Já. Það er oft gott að snúa sér frá ástandinu og að einhverju öðru, til dæmis að lesa bækur. Reyndar er það svolítið fyndið með bækurnar þínar og fleiri íslenskra höfunda, að það skiptir miklu á hvaða lífsskeiði ég les þær. Ég las nokkrar bækur eftir þig í menntaskóla og svo aftur mörgum árum síðar og fæ eitthvað allt annað út úr þeim. Nánast eins og þetta séu ekki sömu bækurnar.“

**Einar:** „Í hvaða menntaskóla var það?“

**Brynja:** „Kvennaskólanum í Reykjavík.“

**Einar:** „Já, einmitt. Núna er Kvennó að flytja í húsnæði Menntaskólans við Tjörnina sem ég gekk í. Það er mikið vit í því, því þetta er stórkostlegt skólahúsnæði.“

**Brynja:** „Við stelpurnar í Kvennó vorum þarna í leikfimi. Kennarinn okkar var eldri kona sem þótti ekki mjög dömulegt að við værum að hamast eitthvað, svo hún lét okkur bara iðka dans og rólegar hreyfingar. Það var ekkert verið að hlaupa í kringum Tjörnina eins og maður sér MR-ingana gera í dag.“

**Einar:** „Ég hljóp oft í kringum Tjörnina í MT og okkur þótti algjör óhæfa að menn úr öðrum skólum væru að hlaupa í kringum Tjörnina okkar.“

### Stæðilegir menn á folöldum

*Talandi um íþróttir. Nú undrast sumir að kvennalandsliðið í hópfimleikum, sem varð Evrópumeistari á dögunum, hafi ekki fengið fálkaorðuna strax við komuna til landsins eins og silfurdrengirnir í handboltanum. Eruð þið þeirra á meðal?*

**Einar:** „Ég dáist að þessum stelpum og finnst að þær ættu fá allar fáanlegar orður í einum grænum hvelli.“

**Brynja:** „Ég er sammála því.“

**Einar:** „Handboltinn er auðvitað í hjarta þjóðarinnar og allir fylgjast með. Það munar um þeirra sigra, sérstaklega þegar þeir unnu bronsið síðast, þá voru það einu góðu fréttirnar sem Íslendingar höfðu fengið í rúmlega ár.“

**Brynja**: „Algjörlega. En afrek fimleikalandsliðsins er alveg jafn stórt og handboltamannanna og þær lögðu jafn mikið á sig. Þetta sýnir ákveðna misskiptingu milli íþróttagreina. Eins er með hestaíþróttir. Það hefur bara einn hestamaður verið kosinn íþróttamaður ársins, Sigurbjörn Bárðarson, og það var eftir að hann varð margfaldur heims- og Íslandsmeistari.“

**Einar:** „Á íslenska hestinum?“

**Brynja:** „Já.“

**Einar:** „Við sem stöndum utan við hestaíþróttir skiljum ekki alveg hvað er svona merkilegt við að Íslendingar vinni í keppni um íslenska hestinn. Þetta er eins og við færum að kalla glímukóng Íslands heimsmeistara í glímu.“

**Brynja:** „En það er keppt um heimsmeistaratitilinn í íslenskum hestaíþróttum. Fólk þekkir bara ekki íþróttina.“

**Einar:** „Já, það er rétt. En eru íslenskir hestar ekki að stækka?“

**Brynja:** „Jú, það passar.“

**Einar:** „Mér var einu sinni sagt frá því að þegar fyrstu íslensku víkingakvikmyndirnar voru gerðar og sýndar erlendis, þá hafi salurinn alltaf sprungið úr hlátri þegar leikararnir komu ríðandi á þessum folöldum.“

**Brynja:** „Útlendingar, sem þekkja ekki íslenska hestinn, telja það hálfgert dýraníð þegar stórir og stæði-

FRAMHALD Á SÍÐU 59

„Við sem stöndum utan við hestaíþróttir skiljum ekki alveg hvað er svona merkilegt við að Íslendingar vinni í keppni um íslenska hestinn. Þetta er eins og við færum að kalla glímukóng Íslands heimsmeistara í glímu.“

Ófeigur

**Myndverk úr einkasafni**
Til sýns og sölu í Listhúsi Ófeigs.

Á sýningunni eru á verk eftir:

*Alfreð Flóka,*
*Ásgrím Jónsson,*
*Erró, Ferró,*
*Finn Jónsson,*
*Gunnlaug Blöndal,*
*Hring Jóhannesson,*
*Jóhannes Kjarval,*
*Jón Engilberts,*
*Jón Þorleifsson,*
*Weisshauer ofl.*



Sýningin stendur til 1. desember og er opin á verslunartíma.
Allir velkomnir.

**Ófeigur gullsmiðja ehf. Skólavörðustíg 5, 101 R. sími 5511161**

Jólablað Hjálparstarfs kirkjunnar 2010

# Margt smátt ...

## Utan lands og innan er treyst á stuðning þinn



Utan lands og innan, alls staðar er einhver sem þarf á hjálp að halda. Ábyrgð okkar er sú sama, heima og erlendis, því fátækt hefur sömu áhrif hvort sem hún þrífst í ríku landi eða fátæku. Fátækir einangrast. Rödd þeirra heyrist ekki. Fátækt býður ekkert val. Hún getur orðið vítahringur. Hann vill Hjálparstarf kirkjunnar reyna að rjúfa með hjálp til sjálfshjálpar – óháð búsetu, þjóðerni, trú, skoðunum, kyni eða uppruna.

Við leggjum okkur fram um að vera gegnsæ, traust í meðferð fjármuna og trú þeim sem við höfum heitið stuðningi.

**Taktu þátt í jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar sem rennur til vatnsverkefna í Afríku og til innanlandsaðstoðar.**

**Framlag þitt skilar árangri, valgreiðsla að upphæð 2.500 krónur bíður þín í heimabankanum.**

**Söfnunarreikningur: 0334-26-50886 kt. 450670-0499.**

**Söfnunarsímar: 907 2002 fyrir aðstoð innanlands, 907 2003 fyrir aðstoð erlendis.**

**Sjá einnig framlag.is og gjofsemgefur.is.**



*Við brunn í Malaví*




Hjálparstarf kirkjunnar

Framkvæmdastjóri: Jónas Þ. Þórisson

Margt smátt, 4. tbl. 22. árg. 2010

Ábyrgðarmaður: Bjarni Gíslason

Prentvinnsla:
Umbrot: Pipar/TBWA
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

## Lítil en samt stór

Hjá Hjálparstarfi kirkjunnar vinna aðeins sjö fastráðnir starfsmenn að verkefnum heima og heiman. Því er mikilvægt að tengjast öðrum til samvinnu og árangurs. Það er gert bæði innanlands og utan. Með aðild að Lútherska heimssambandinu aukast möguleikar Hjálparstarfsins til að sinna starfi sínu erlendis til muna. Sambandið rekur umfangsmikið og faglegt þróunarstarf í 35 löndum í þeim tilgangi að lina þjáningar, berjast gegn óréttlæti og örbirgð og skapa grunn að mannsæmandi lífi fyrir alla. Sambandið var stofnað í Lundi 1947, það telur nú 140 aðila í 79 löndum, og er fulltrúi 70 milljóna kristinna manna. Unnið er með heimamönnum á hverjum stað sem þekkja vandann af eigin raun og þekkja menninguna, venjur og tungumál. Þessi aðild að kirkjulegu hjálparstarfi á heimsmælikvarða, náið samstarf og vettvangsferðir starfsmanna Hjálparstarfsins tryggja reynslu og hæfni í sérhæfðum og vandmeðförnum málaflokki. Hjálparstarf kirkjunnar miðlar fjármunum þangað sem neyð ríkir – óháð orsökum hennar.




*Fjöldi afgreiðslna miðað við barnafjölda hjá einstaklingi*




*Hlutfall afgreiðslna til einstæðra foreldra milli starfsára*

# Velferð barna – framtíðin að veði




*Aldurskúrfa (hlutfall) á afgreiðslum milli starfsára*

Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins veita fólki á Íslandi aðstoð í neyð. Hún felst í ráðgjöf, mataraðstoð, greiðslu fyrir lyf og stuðningi við börn og ungmenni vegna skóla og tómstunda. Prestar, félags- og námsráðgjafar úti á landsbyggðinni taka við umsóknum þar. Þannig stendur aðstoðin öllum til boða. Reglur segja til um hve oft má leita aðstoðar. Við sérstakar aðstæður má fjölga skiptum og veita umfangsmeiri aðstoð. Umsóknum fjölgaði gríðarlega síðastliðinn vetur. Í janúar einum sóttu 1.000 manns um aðstoð. Í kjölfarið var reglum breytt til að ná betur til þeirra sem verst voru staddir. Innihald matarpakka var aukið og bætt og afgreiðslutími lagaður að aðstæðum. Barnafjölskyldur nutu forgangs, sjálfboðaliðum var fjölgað og fataúthlutun varð stærri þáttur. Atvinnulausum fjölgaði í umsækjendahópnum, öryrkjum fækkaði hlutfallslega og hópurinn yngdist. Ráðgjöf jókst með aukinni eftirspurn, samvinna aðila á velferðarvettvangi jókst og öll úrræði voru nýtt. Ungmennum sem fengu styrk úr Framtíðarsjóði Hjálparstarfsins til að ljúka skóla með starfsréttindum eða rétti til lánshæfs náms hefur fjölgað verulega.

AB Varahlutir - alltaf betri
Bjarg
Borgarleikhúsið
BYKO
Ernst & Young
FIT
Flúða Sveppir
Garðheimar
Hjá Dóra Matsala í Mjóddinni
Hótel Búðir
Hvalur hf.
icepharma Bætt líðan · Betra líf
ILVA einfaldlega betri kostur
inter.
isnic Internet á Íslandi hf.
Ísfugl
ÍSTAK
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma
KJARAN Síðumúli 12–14 · 108 Reykjavík Sími 510 5500 · Fax 510 5509
Kolaportið

# Með ACT-Alliance í 130 löndum



*Neyðarhjálp á Haítí er veitt í gegnum ACT Alliance*

Hjálparstarf kirkjunnar veitir mest af sinni neyðarhjálp í gegnum ACT-Alliance, en einnig beint til samstarfsaðila á hverju svæði. Hjálparstarf kirkjunnar er einn 100 aðila að ACT-Alliance. Samtökin veita neyðarhjálp, vinna að uppbyggingu í kjölfar neyðar og að langtíma þróunarstarfi. ACT-Alliance eru ein umfangsmestu hjálparsamtök í heimi. Samtökin starfa í 130 löndum að því að bjarga lífum og styrkja samfélög í baráttu fyrir réttlæti. ACT-aðilar hafa á að skipa 30.000 starfsmönnum og sjálfboðaliðum og veita um 1,5 milljónum dala á ári til bágstaddra. Á ACT-skrifstofunni í Genf starfa 18 manns. Þeir afla nauðsynlegra upplýsinga frá hjálparsvæðum og miðla þeim til ACT-aðila. Þeir koma framlögum og sérhæfðu starfsfólki á leiðarenda og samræma aðgerðir. ACT sér til þess að gæðastöðlum sé fylgt og að skýrslugerð, eftirlit og mat sé faglegt.

actalliance

## „Nú á ég marga vini á Íslandi“

Fermingarbarnasöfnun fyrir vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar tókst afar vel. Um 3.000 börn knúðu dyra um allt land á tímabilinu 1.–9. nóvember með frábærum árangri. Þegar þetta er skrifað er upphæðin sem safnast hefur komin í 7,5 milljónir króna og enn hafa ekki allir talið það sem kom inn og lagt inn á söfnunarreikninginn svo hún á eftir að hækka. Um 1.700 fermingarbörn hittu í undanfara söfnunarinnar Stephen og Charity frá Úganda sem komu til landsins sérstaklega til að hitta þau og fræða um líf sitt og aðstæður sem mörg börn búa við í Afríku. Heimsóknin þótti takast mjög vel og Stephen og Charity náðu vel til barnanna. „Fyrsta ferð mín til útlanda var til Íslands og nú á ég marga vini á Íslandi sem ég ætla að halda áfram að hafa samband við í gegnum Facebook“, sagði Charity sem er í háskólanámi í ferðamannafræðum í Kampala höfuðborg Úganda, áður en hún yfirgaf landið.



*Börn við brunn í Malaví*



Er ráðstefna eða fundur á döfinni?

Hjá **Iceland Congress** vinnur vel menntað og sérhæft starfsfólk með yfir tuttugu ára reynslu á sínu sviði. Við aðstoðum viðskiptavini okkar við að skipuleggja og undirbúa allar stærðir og gerðir af fundum, ráðstefnum og öðrum atburðum. **Iceland Congress** býður persónulega þjónustu og hefur áhuga á þér og þínum markmiðum.

ICELAND CONGRESS

Eskihlíð 3 • 105 Reykjavík • S: 552 9500 • info@icelandcongress.is • www.icelandcongress.is

Landsbankinn
LITRÓF-HAGPRENT VATNAGARÐAR 14 • 104 REYKJAVÍK • SÍMI: 563 6000
LYFJA – Lifið heil
LÝÐHEILSUSTÖÐ – lifið heil
LÝSING
Veisluréttir Múlakaffis
ÖBÍ
PENNINN
PROMENS
Símabær.is
Smáralind
SM kvótaþing
Stilling SÍMI 520 8000 Bílavarahlutir
THORVALDSEN
VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna

# 20 ára starf



*Jónas Þórir Þórisson hefur verið framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar í 20 ár*

**Þótt það hafi verið algengt áður fyrr að menn réðust til fyrirtækja sem þeir svo aldrei skildu við, þá verður það æ sjaldnar. Því geta 20 ár í starfi talist allgóð ending. Jónas Þórir Þórisson er búinn að veita Hjálparstarfi kirkjunnar forstöðu í 20 ár. Um leið er 40 ára afmæli stofnunarinnar fagnað.**

## Eruð þið stofnunin eitt?

Ja, ætli við séum ekki vel samtvinnuð í það minnsta. Í byrjun var ég eini starfsmaðurinn, þá tiltölulega nýkominn frá kristniboðsstörfum í Eþíópíu, en ekki liðu margar vikur þar til ég fékk gott fólk mér við hlið. Nýr kafli var að hefjast hjá Hjálparstofnun kirkjunnar, eins og hún hét þá. Við byrjuðum með verkefni á Indlandi, fórum að styðja tvenn lítil samtök til að mennta börn fátækra og leysa þrælabörn úr ánauð. Það varð mjög gifturíkt samstarf sem stendur enn. Búið er að leysa hundruð barna úr vinnuþrælkun og þúsundir barna hafa lokið grunnskólanámi fyrir tilstuðlan fólks sem hefur styrkt starfið. Þriðja verkefnið til að bætast við var vatnsverkefni í Mósambík. Það tókum við að okkur í gegnum Lútherska heimssambandið. Nú erum við nýhætt í Mósambík en störfum að spennandi verkefnum í þremur öðrum Afríkulöndum.

## Hvað finnst þér standa upp úr á 20 árum?

Mér kemur tvennt í hug sem hvort tveggja varð að öldu á stórflóði. Við vorum einu sinni beðin um að safna vetrarfötum vegna mikilla kulda í Kúrdahéruðum í Norður-Írak. Saddam Hussein var þá búinn að þjarma svo rækilega að þessu þjóðarbroti að algjört neyðarástand ríkti. Miklir kuldar geysa þarna á veturna og fólk vantaði allt til alls. Þá settum við líklega heimsmet í fatasöfnun. Við fylltum 34 stóra 40 feta gáma af gæðafötum. Útigallar á börn, lopavörur, regnfatnaður, stígvél og kuldaskór. Ég fylgdi sendingunni eftir, fór út og sá fólkið komið inn í hlýjuna, ef svo má segja. Það var mjög skemmtilegt og gefandi. Mér fannst gaman að vera fulltrúi þessa fólks sem hafði brugðist svo skjótt við og sent svo góðar flíkur. Því það er ekki alltaf þannig að það sem við viljum ekki nýtist öðrum. Þarna gaf fólk af mikilli rausn. Hitt var þegar við lentum í söfnun eins og ég segi gjarnan, því hún fór af stað af sjálfu sér. Við upplýsingafulltrúi Hjálparstarfsins höfðum farið til Indlands í hefðbundna eftirlitsferð og kom með okkur Þorvaldur Friðriksson fréttamaður. Tilefni þess var að Ólafur Ragnar forseti var á förum til Indlands og Þorvaldur var að safna efni til að flytja með fréttum af heimsókn forsetans. Hann hreifst mjög af starfinu hjá mannréttinda-samtökunum Social Action Movement sem vinna með þeim allra fátækustu, þeim stéttlausu sem eru útskúfaðir og notaðir sem ódýrt eða ókeypis vinnuafl af æðri stéttum. Samtökin leysa meðal annars þrælabörn úr ánauð. Þau gera það á svo þaulhugsaðan hátt að árangur er virkilega varanlegur og mörg asísk samtök hafa komið til að læra af þeim aðferðina. Nema hvað, að þegar við komum heim fór Þorvaldur að segja fréttir af kjörum þessa fólks, bæði í fréttum og ýmsum þáttum sem hann kom að. Við fórum að fá fyrirspurnir um verkefnið og lýsti fólk furðu sinni á því að það skyldi ekki hafa vitað af þessu fólki og hvernig það gæti hjálpað. Á sama tíma stóðu yfir alls kyns uppá-komur vegna 1000 ára kristni í landinu. Fjölmiðlar áttu viðtal við biskup og var hann spurður að því hvernig kirkjan ætlaði að fagna afmælinu. Biskup sagði frá því og hvatti um leið almenning, hverja fjölskyldu, til þess að leysa eitt þrælabarn á Indlandi úr ánauð. Það stóð ekki á viðbrögðum og svo fór að við þurftum í flýti að láta hanna gíróseðla og senda út til að geta tekið við framlögum. Söfnuðust 30 milljónir sem var miklu hærra en við höfðum nokkru sinni safnað. Auðvitað er ekki rétt að segja að söfnunin hafi farið af stað af sjálfu sér. Þorvaldur lék þarna stórt hlutverk svo og biskup. En hún var fyrirhafnarlaus af okkar hálfu.



**Hvað breyst á þínum starfstíma?**

Hjálparstarfið hefur mikið breyst á þessum tuttugu árum. Menn hafa lært mikið síðan þá. Einkum það að mæta fólki þar sem það er. Koma ekki inn með miklar nýjungar sem engin hefð er fyrir eða þekking á. Öll okkar verkefni eru til dæmis afar einföld í sniðum. Að pumpa vatni upp úr oft handgröfnum brunnum, að rækta matjurtir í litlum görðum, að reka skepnur til og frá og hafa af þeim nyt. Það er misskilningur að alltaf sé hægt að koma inn með eitthvað sem þykir gott hjá okkur en þekkist ekki þar. Hugarfarið skiptir svo miklu máli og er oft erfiðast að breyta því. Það hefði mátt halda að fólk myndi borða bragðvont fiskimjöl út á grautinn sinn ef það veit að það er hollt. En fólk gerir það ekki þótt það eigi á hættu að deyja úr hungri því mjölið er svo framandi. Þess vegna eru fræðsla og það að fá fólk til þátttöku í verkefnum nú orðin svo stór þáttur í þróunaraðstoð. Við virkjum leiðtoga í hverju samfélagi því þeir eru fólki fordæmi og þeir veita fræðslu og hvatningu. Við virkjum konur og munaðarlaus ungmenni, fatlaða og til dæmis HIV-smitaða til að hjálpa þeim að koma sínum skoðunum og þörfum að þegar takast á við breytingar og framfarir. Með reynslunni verða fagleg vinnubrögð í geiranum líka sífellt meiri. Við höfum þurft að laga okkur að því og það hefur verið mjög spennandi að vinna hlutina á þann hátt frekar en fara eftir einhverju innsæi eða ekki innsæi eins og tíðkaðist meira áður. Þá hefur góðgerðahugsunin ráðið meira ríkjum á móti réttindahugsuninni núna. Nú fylgjum við algildum mannréttindum og fræðum fólk um rétt sinn og hjálpum þeim sem bera skyldurnar til að mæta þessum réttindum – eins og hægt er í fátækum löndum. Þetta er miklu árangursríkara. Þá virkjar fólkið sjálft stofnanir og innviði og gerir hjálparstofnanir vonandi smátt og smátt óþarfar.

**Hvernig fara í þig þau erfiðu mál sem Hjálparstarf kirkjunnar glímir við í verkefnum sínum, hvernig hleður þú batteríin?**

Ég hef náttúrulega harðan skráp, búinn að koma mér honum upp. Áður en ég hóf störf hjá Hjálparstarfinu var ég kristniboði í Eþíópíu í 12 ár. Þar kynntist ég skepnufelli og hungursneyð, stóð í sjúkraflutningum og kom að þar sem átti að fórna börnum til að losa þorp undan bölvun. Trúin hefur styrkt mig í þessum aðstæðum og gefið mér krafta til að leggja allt mitt í að milda aðstæður fólks. Svo er ég duglegur að bóna bílinn. Það kunna margir að tengja gamaldags karlaímynd en mér finnst það kyrra hugann ótrúlega mikið. Ég hjóla mikið, fékk einmitt nýtt hjól í afmælisgjöf í sumar. Svo má ekki gleyma því að ég er ekki einn á vaktinni núna. Smám saman hefur stofnunin stækkað og fleira fólk komið til starfa. Það hefur allt verið mikill fengur fyrir starfið. Nú erum við sjö. Við vinnum mikið saman og deilum þar með álaginu sem vissulega getur verið mikið á köflum. En árangurinn af starfi okkar er alveg greinilegur hverjum sem vill kynna sér það. Maður grípur alltaf til þess þegar svartsýni sækir á mann, þegar neyðar- og hjálparbeiðnir berast sem aldrei fyrr og manni finnst ekki sjá högg á vatni. Þá þarf maður að minna sig á þá einstaklinga sem maður hefur hitt, þá gjörbyltingu sem varð á þeirra lífi við að fá aðstoð frá Íslandi. Þá veit maður að verkin eru ekki unnin fyrir gýg.

**Hvað er þér efst í huga núna fyrir jólin?**

Mig langar að fá að koma hér að þakklæti til allra sem hafa stutt Hjálparstarf kirkjunnar í gegnum árin. Án þeirra hefði náttúrulega ekkert verið gert. Ég er þakklátur fyrir að hafa haft hjálparstarf að starfsvettvangi og fengið að starfa með góðu fólki. Ég vona að stuðningsmenn okkar sjái líka þennan árangur sem náðst hefur og ég nefndi áðan. Um hann eru líka dæmi í blaðinu okkar og á vefsíðunni help.is. Nú er aðventan, tími sem við eigum að verja til þess að endurmeta gildi okkar og gerðir. Taka ný mið ef þörf er á. Ég vona að sem flestir taki afstöðu með náunganum og leggi jólasöfnun Hjálparstarfsins lið eða leggi sig á annan hátt fram um að vera samferðamönnum til blessunar.




LÆGSTA VERÐIÐ Á DEKKJUM
samkvæmt Neytendastofu STAÐFEST

Neytendastofa framkvæmdi verðkönnun á dekkjum hjá 28 hjólbarðaverkstæðum. Dekkjahöllin var með lægsta verðið í 11 af 12 tilvikum. Sjá nánar á dekkjahollin.is eða á heimasíðu Neytendastofu.

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ!



WINTERCLAW
SIGMA Σ
TEMPRA WINTERQUEST
WILD SPIRIT

FRÁBÆRT HARÐKORNADEKK

MARANGONI
the intelligent tyre

Marangoni heilsársdekk eru framleidd úr mjúku gúmmíi, sem inniheldur þúsundir agnarsmárra kristalla. Kornin á yfirborði dekksins auka grip þess. Síðan þegar kornin detta úr, þá verða eftir örlitlar holur, sem virka eins og sogskálar



Kíktu á heimasíðuna okkar og sendu okkur fyrirspurn á dekkjahollin.is

DEKKJAHÖLLIN
EGILSSTAÐIR - REYKJAVÍK - AKUREYRI

Reykjavík • Skeifunni 5 • 581 3002
Akureyri • Draupnisgötu 5 • 462 3002
Egilsstöðum • Þverklettum 1 • 471 2002



*Börn á Indlandi eru leyst úr skuldaánauð og komið í skóla (Kristján Ingi Einarsson)*

# Mannréttindi – að finnast maður vera maður

Kjörin setja á manninn mark. Þeir fátæku sem lifa við kúgun, þrælahald og vanþekkingu bera þess merki. Fjöldi fólks sem áður var vannærður, þreklaus, undirgefinn og máttvana gegn yfirvaldinu hefur nú fengið uppreisn æru í gegnum mannréttindasamtökin Social Action Movement á Indlandi sem Hjálparstarfið styður. Einum segist svo frá að sér finnist sem hann sé loksins orðinn maður. Hann hefur lært um réttindi sín, fengið hjálp til að brjótast út úr þrældómi í steinnámu og börnin hans eru komin í skóla. Hann er kominn í verkalýðsfélag frumbyggja og nýtur nú réttinda sem honum var ókunnugt um áður. Hann þorir að horfast í augu við æðri stéttir og tala máli sínu og sinna. Konan hans er í stéttarfélagi kvenna og bæði hafa fræðst um jafnrétti kynjanna og þau hafa lært að spara. Þau geta nú fengið lán hjá sínu stéttarfélagi þegar nauðsyn krefur, lán sem ekki hneppir þau sjálfkrafa í ævilanga ánauð hjá einhverjum vinnuveitandanum. Þau vita svo margt núna, í gegnum stéttarfélagið sitt, sem þau vissu ekki áður. Sonur þeirra hefur lært á bíl í gegnum verkefnið og vinnur nú fyrir sér sjálfur og rúmlega það.

Í Afríku er aðstoð æ réttindamiðaðri. Fólk er frætt og hvatt til að sækja rétt sinn til menntunar og til heilsugæslu, rétt sinn til aukinna tækifæra til framfærslu og annars sem á að greiða úr sameiginlegum sjóðum. Aðstoð snýst ekki lengur um að afhenda. Fólkið leggur fram mikla vinnu og lærir að bera sig eftir rétti sínum. Mikil fræðsla og það að skapa vettvang til skipulagðra umræðna allra íbúa um mikilvæg mál skila árangri á mörgum sviðum. Jafnrétti kynja hafa verið opnaðar dyr. Konur ætla sér hlutdeild í ákvörðunum sem varða afkomu þeirra. Konur eru styrktar með atvinnuskapandi aðgerðum sem færa þeim fjárráð og áhrif. Unnið er gegn kynbundnu ofbeldi með leiðtogum, stofnunum og lögreglu. Þannig næst samverkun sem skilar meiri árangri. Aðstoðin verður sjálfbærari.

Viðhorfabreyting er að eiga sér stað.

### Dæmi um það sem gert er í verkefnum Hjálparstarfsins:

### Indland

- Fólkið hefur sjálft barist fyrir vatnsréttindum, landi til að búa á og útgáfu nauðsynlegra skilríkja
- Námskeið fyrir konur um réttindi í velferðarkerfinu
- Mikil fræðsla og áróður gegn barnabrúðkaupum

### Eþíópía

- Konur þjálfaðar í að greina atvinnutækifæri, fá lán og aðstoð til að byrja
- Náið samstarf, námskeið og þjálfun fyrir opinbera starfsmenn til að auka árangur af kvennastarfi
- Unnið gegn skaðlegum hefðum og um leið fyrir mannréttindum

### Malaví

- Þorpsleiðtogar þjálfaðir til að taka á ofbeldismálum og veita þolendum stuðning. Nefnd um heimilisofbeldi fræðir þorpsbúa í gegnum leikrit, m.a. um tilkynningaskyldu
- Skapaður vettvangur fyrir alnæmissjúka til að koma fram með sögu sína og draga úr fordómum
- Fólk á jaðrinum stutt til að verða málsmetandi í þorpinu
- Bæði kynin taka jafnan þátt í verkefnum, öðlast sömu eignartilfinningu og njóta afraksturs

*(Kristján Ingi Einarsson)*



# matur

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT ]

nóvember 2010

## *Að hætti mömmu*

Elín Ásbjarnardóttir býr til sælgætistoppa fyrir jólin.

SÍÐA 2





## *Hollusta í fyrirrúmi*

Sigurður Örn Þorleifsson bakari hefur hannað heilsusamlegt brauð fyrir aðventuna.

SÍÐA 4




AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

OPIÐ Á LAUGARDÖGUM FRÁ KL. 11-15

*Komdu og gerðu góð kaup!*

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800


Sitthvað sætt undir tönn fyrir jólin.

# *Algjör himnasæla*



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Saeco kaffivélar

– mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil

NÓVEMBER TILBOÐ





2 kg af hágæða Kimbo kaffibaunum fylgja öllum Saeco vélum.

Verð frá 69.990

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# FYRIR DEKURBÖRN

Júlía Margrét Alexandersdóttir skrifar

Ég man hversu undarlegt, en auðvitað æðislegt, mér þótti að koma á heimili þar sem fólk borðaði kökur þegar það var ekki afmæli eða jól. Þrátt fyrir einlæga aðdáun á sætmeti, þar sem ég lagði næstum líf mitt í sölurnar til að redda mér sælgæti sem krakki, var nær aldrei bakað bara upp á grínið á heimili mínu. Og ekkert til neitt sérstakt sem hét „drekkutími“. Engin óregla, alveg hádegismatur, kvöldmatur og borðað þar á milli ef maður varð svangur. En drekkutími? Mér fannst vinkonur mínar breytast í ósjálfbjarga grenjudúkkur þegar þær sögðust í miðjum leik þurfa að fara heim til að fara í drekkutíma – eruð þið á leikskóla? Og spurði mig um leið hvort það væri ekki allt í lagi heima hjá mér að mamma væri ekki búin að baka kanilsnúða.

Mér var nú oft boðið með og ég gat auðveldlega beðið um pening og farið út í búð og keypt mér snúð. Á hinum heimilinum var þetta hins vegar eins og serimónía; klukkan þrjú búið að skera súkkulaðisnúða í fjóra hluta (eða 8/8 ef margir voru í heimili), hita kakó og smyrja tekex með osti og gúrkum. Sumar fjölskyldurnar bökuðu eina stóra skúffuköku á sunnudegi sem entist til miðvikudags og svo aðra á miðvikudegi sem entist til sunnudags. Ég át myllusnúð upp úr bláum plastpoka og hugsaði smá- og dekurbörnunum í hinum húsunum þegjandi þörfina (að kalla einhvern dekur- eða smábarn var mesta skammaryrði sem maður kunni þegar maður var átta ára).



Allt keyrði um þverbak þegar maður fékk að fara í heimsókn út á land á sumrin. Úti á landi var það jafn sjálfsagt að baka og að bursta tennurnar. Og kökurnar voru geymdar í sérherbergi sem kallaðist búr. Við vöknuðum einar við vinkonurnar á virkum dögum á Fáskrúðsfirði þar sem húsfrúin vann á leikskólanum og þá gat maður fengið sér skúffuköku í morgunmat þar sem enginn sá til. Ég var eins og mús í búri eitt sumarið þegar ég dvaldi óvenju lengi á Fáskrúðsfirði og fannst ég hafa dottið í lukkupottinn því auk þess að fá skúffukökur í morgunmat var nokkuð enn betra fyrirbæri til úti á landi, svokallað kvöldkaffi þar sem maður borðaði kökur stundum EFTIR að maður hafði burstað tennurnar.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

E Eftirréttur · Hollt · Til hátíðabrigða · Kökur · Sætindi

**matur** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason **Pennar:** Friðrika Benónýsdóttir, Gunnþóra Gunnarsdóttir, Júlía Margrét Alexandersdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir og Vera Einarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*



„Ég verð allaf að baka marengstoppana, það er komin hefð á þá,“ segir Elín. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Elín bakar sér til ánægju og hefur jólalögin á fóninum á meðan. MYND/KRISTRÚN ÝR ÓSKARSDÓTTIR



Hægt er að nota hin ýmsu bragðefni.

# *Sannkallaðar* SÆLGÆTISKÖKUR

Elín Ásbjarnardóttir stalst í marengstoppa mömmu sinnar fyrir jólin í gamla daga. Nú hefur hún þróað sína eigin toppa með alls konar sælgæti og þá er komið að öðrum að stelast.

Nammi namm!

„Ég bjó til prufukökur um daginn en þær eru búnar. Þessar verða geymdar og gefnar,“ segir Elín Ásbjarnardóttir um marengstoppana sem hún er að baka. Hún segir mömmu sína hafa eignast uppskriftina þegar fjölskyldan bjó á Húsavík. „Við krakkarnir vorum svo sólgnir í kökurnar að mamma límdi dallana aftur og faldi þá en við fundum þá yfirleitt og stundum varð hún að baka meira!“ rifjar hún upp. „Þá hétu kökurnar lakkrístoppar en ég fór að setja annað út í eins og Tromp, Mars, rjómakaramellukúlur, brenndan Bismark og venjulegan Bismark. Núna verð ég alltaf að baka marengstoppana, annars koma ekki jólin hjá fjölskyldunni minni!“

Elín ætlar að hafa sama hátt á og móðir hennar og líma staukana aftur. „En það er auðvitað ekki útséð um hvernig fer,“ segir hún brosandi. „Ég reikna alveg með að þurfa að gera einn skammt enn.“ - gun

## JÓLATOPPAR

**5 eggjahvítur**
**330 g sykur**
**1 matskeið borðedik**
**3 dropar af matarlit**
**Bismark, Tromp, fylltar reimar, döðlur, mars, karamellukúlur, eða bara það sem hugurinn girnist.**



*Eggjahvíturnar eru þeyttar þar til þær verða þéttar og hvítar, þá er sykrinum bætt varlega saman við ásamt sælgæti að eigin vali. Borðediki bætt saman við til að gefa kökunum glans. Gaman er að bæta matarlit út í til að skreyta kökurnar og um að gera að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn við það. Kökurnar eru svo settar á plötuna, best er að hafa þær smáar, og svo bakaðar við 130°C í um 25 mínútur. Þegar kökurnar eru tilbúnar þarf að láta þær kólna áður en þær eru teknar af bökunarpappírnum.*




YNDISAUKI

## *Sælkeravörur með sérstöðu*



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sælkeraverslunin Yndisauki er til húsa að Vatnagörðum 6 í Reykjavík og býður upp á ýmsar sælkeravörur framleiddar af Yndisauka. Má þar nefna hið vinsæla dukkah, sem fæst í fjórum mismunandi útgáfum, hummus og kasjúkurl. Einnig er boðið upp á heita rétti, salöt, vefjur og fleira. Fyrir jólin býður Yndisauki upp á jólaborð með átta jólalegum réttum, sem hægt er að panta fyrir einn eða heilu fyrirtækin, auk þess sem tvær nýjar vörur eru framleiddar gagngert fyrir jólin; balsamikrauðlaukur og hindberjasósa sem passa vel við villibráð, paté og annað gúmmelaði sem tengist jólunum. Svo má ekki gleyma jólasmákökunum þar sem áherslan er öll á hollustuna án þess að dregið sé úr bragðgæðunum.

Stofnendur og eigendur Yndisauka eru Guðbjörg Halldórsdóttir og Kristín Ásgeirsdóttir. Þær stöllur eru báðar ástríðufullar áhugakonur um mat og allt sem tengist lífsstíl sælkerans og er markmið þeirra að veita sem besta þjónustu og ráðgjöf. - fsb

# Ljúffeng máltíð
## og létt í maga

### Hunangsgljáð kalkúnabringa

*Létt lostæti sem hentar vel til hátíðarbrigða. Kjötið er fulleldað en gott er að hita það upp í ofni áður en það er borið fram. Kalkúnabringan er einnig góð köld og ofan á brauð.*




GULLVERÐLAUN 2010

### Reykt kalkúnasteik

*Ljúffeng reykt kalkúnasteik með hefðbundnu hátíðarmeðlæti er matur sem öllum líkar. Kjötið er fulleldað en gott er að hita það upp í ofni áður en það er borið fram. Kalkúnasteikin er einnig góð köld og ofan á brauð.*




Íslensk framleiðsla

ÍSFUGL

Reykjavegi 36, Mosfellsbæ
Sími: 566 6103, Fax: 566 6762
isfugl@isfugl.is, www.isfugl.is

## BRAUÐ OG HÁLFMÁNAR AÐ HÆTTI SIGURÐAR ARNAR



### SPELT JÓLABRAUÐ

**250 ml mjólk**
**125 ml vatn**
**2 egg**
**700 g fínt speltmjöl**
**1½ tsk. salt**
**5 tsk. lyftiduft**
**2 tsk. kanill**
**1 tsk. engifer**
**1 tsk. negull**
**50 g smjör**
**40 g agavesíróp**
**75 g rúsínur**
**250 g súkkat og þurrkaðir ávextir**
**100 g Konsum orange súkkulaði**
**Jarðhnetur í flögum**

*Blandið öllu saman og hrærið með deigkrók í um það bil fimm mínútur. Hnoðið í tvær kúlur og látið standa í 30 mínútur. Rúllið kúlurnar örlítið niður, penslið með eggjum og veltið upp úr jarðhnetum. Setjið þær á bökunarplötu með pappír og bakið við 180°C í um það bil 40 mínútur.*

### HÁLFMÁNAR FRÁ LÖNGU

**500 g hveiti**
**200 g smjör**
**250 g sykur**
**3 egg**
**1 tsk. lyftiduft**
**½ tsk. hjartarsalt**
**1 tsk. vanilludropar**
**½ tsk. kardimommur**
**1 krukka rabarbarasulta**

*Blandið smjöri og sykri saman og hveiti og lyftiefnum saman við, vætið í með eggi, vanillu- og kardimommudropum. Hnoðið síðan deigið slétt og sprungulaust. Gott er að láta það bíða í kulda yfir nótt. Fletjið út og mótið í kökur sem eru um 7 cm í þvermál. Setjið sultu á hverja köku, brjótið þær til helminga og þrýstið brúnum létt saman með gaffli.*











Krydd og ávextir gefa ósvikinn jólakeim.



# Jólablæbrigði í bak

Þeir sem vilja auka hollustu í jólabakstrinum geta glaðst yfir nýju brauði sem Sigurður Örn Þorleifsson í Bæjarbakaríi hannaði fyrir aðventuna. Hann heldur líka í gamlar hefðir og bakar hálfmána eins og langamma.



Það er ákveðinn grunnur sem maður spinnur kringum og prófar sig áfram til að fá bragðið í jólaátt," segir Sigurður Örn Þorleifsson, bakari í Bæjarbakaríi, Bæjarhrauni 2 í Hafnarfirði, hógvær þegar honum er hælt fyrir nýtt jólabrauð. Þar sleppir hann hvítu hveiti og sykri en bragðbætir með agavesírópi, þurrkuðum ávöxtum, dökku súkkulaði og kryddi.

„Spelt fer betur í suma en hvítt hveiti og maður verður að bregðast við því. Þetta er brauð en ekki kaka, þess vegna er gott að borða það með smá viðbiti og osti," segir Sigurður Örn sem bakar brauðið í litlili tréskúffu með smjörpappír og afgreiðir það þannig úr Bæjarbakaríi. Þar bakar hann fleira jólalegt svo sem Stollenbrauð og lagtertur, að ógleymdum hálfmánum eftir uppskrift frá langömmu. - gun



Með því að setja kakó út í deigið verða kökurnar brúnar. Sigurrós segir þó vel hægt að sleppa því en þá verða kökurnar ljósari.

# Breytt og bætt

Sigurrós Pálsdóttir vandar sig við val á hráefnum og breytir gjarnan uppskriftum til að þær verði eilítið hollari. Hún heldur námskeið í hollum kökubakstri í næstu viku.

Sigurrós Pálsdóttir, yfirmaður veitingasviðs hjá Manni lifandi og Grænum kosti, lifir og hrærist í heilsugeiranum og hefur gaman af því að breyta uppskriftum og laga þær að sínum þörfum. Þegar kemur að kökubakstri skiptir hún út hráefnum eins og hvítum sykri, púðursykri, vanillusykri og smjöri auk þess sem hún tekur stundum út mjólkurvörur og glúten.

„Það má þó ekki rugla saman hollustu og megrun og er ég til að mynda óhrædd við að nota dökkt súkkulaði enda hafa fjölmargar rannsóknir sýnt fram á að það sé hollt," segir Sigurrós.

Hún gefur uppskrift að súkkulaðibita- og hafrakökum en í henni er til að mynda að finna möndlumjöl. „Í upprunalegu uppskriftinni var þarna Royal-súkkulaðibúðingur, svo uppskriftin er talsvert hollari svona. Sigurrós notar líka kókosolíu í staðinn fyrir smjör. „Ég mæli með því að kókosolían sé hituð því ef hún er of olíukennd eiga kökurnar það til að falla. Með því að raspa olíuna virkar hún meira eins og smjör."

Sigurrós heldur námskeið í hollari kökugerð í Manni lifandi í Borgartúni næstkomandi fimmtudag. - ve



Hekla Sverrisdóttir, dóttir Sigurrósar, borðar kökurnar með bestu lyst.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Jólaþorpið í Hafnarfirði




Jólaþorpið í Hafnarfirði hefur risið í miðbæ Hafnarfjarðar á hverju ári frá 2003 og er nú orðinn ómissandi hluti af jólastemmningunni hjá mörgum landsmönnum.

Fagurlega skreytt jólahús, fallegt handverk, jólalegt góðgæti og annar girnilegur jólavarningur ásamt skemmtidagskrá í anda þorpsins kemur öllum gestum okkar í sannkallað jólaskap.

Um leið og við sendum hlýjar kveðjur til vina okkar um land allt bjóðum við ykkur að heimsækja okkur á aðventunni.

Sjáumst í Jólaþorpinu!

**HAFNARFJÖRÐUR**

*Upplýsingar, myndir o.fl. á www.hafnarfjordur.is*

Fabrikan

Jólasögur um fjórða vitringinn og alþjóðlega jólasveininn og saga úr fjósi í Svarfaðardal.

Jol.is

# Saga Jólaþorpsins



Árið 2003 var ákveðið að fara af stað með jólamarkað á aðventunni í miðbæ Hafnarfjarðar. Megintilgangurinn var að efla líf í miðbænum, auka verslun í Hafnarfirði og skapa jákvæða ímynd. Ákveðið var að gefa jólamarkaðinum heitið Jólaþorp þar sem tuttugu lítil söluhús áttu að mynda lítið þorp í hjarta bæjarins.




Margt verður um að vera fyrir börnin.

Jólaþorpið í miðbæ Hafnarfjarðar hefur það hlutverk helst að hlúa að verslun og fjölga heimsóknum ferðamanna, innlendra sem erlendra, til bæjarins. Jólaþorpið gegnir þó ekki minna hlutverki sem skemmtilegur og jákvæður viðburður í hugum Hafnfirðinga þar sem leikskólabörn skreyta þorpið, nemendur grunnskóla koma að skemmtidagskrá og þannig mætti lengi telja. Verkefnið hefur þannig orðið æ stærri þáttur á aðventunni fyrir Hafnfirðinga og gesti þeirra.

Á afmælisári Hafnarfjarðarbæjar árið 2008, þegar hundrað ára afmæli sveitarfélagsins var fagnað, var ákveðið að gera þorpið veglegra. Skemmtidagskrá var gerð þéttari og henni dreift betur yfir daginn og eins var þorpið lýst og skreytt meira en verið hafði. Þá var settur á fót starfshópur sem lagði línur að þróun Jólaþorpsins í Hafnarfirði fram til ársins 2013.

Jólaþorpið samanstendur af tuttugu jólahúsum frá Þýskalandi. Jafnan er búinn til lítill ævintýraheimur með fallegum skreytingum leikskólabarna og ljósum, stígum og samkomutorgi með jólatré í miðjunni. Boðið er upp á skemmtidagskrá með fjölmörgum skemmtiatriðum og hefur jólaball með jólasveinum og Grýlu verið sérstaklega vinsælt.

Jólaþorpið hefur uppfyllt markmiðin, þ.e. aukið líf og verslun í miðbænum á aðventunni og skemmt bæjarbúum og gestum. Á árinu 2010 eru langir biðlistar söluaðila eftir húsum og því má með sanni segja að þorpið hafi aukið vinsældir sínar á síðustu árum. Það hefur þó ekki gerst af sjálfu sér heldur með mikilli vinnu og þróun í gegnum árin en ekki síst vegna samvinnu við stofnanir bæjarins, bæjarbúa, kaupmenn og ferðaþjónustuaðila.



Jólaþorp Hafnarfjarðar mun iða af lífi í ár líkt og síðastliðin sjö ár.

**Útgefandi:** Hafnarfjarðarbær
**Ábyrgðarmaður:** Marín Hrafnsdóttir
**Umsjónarmaður auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson s. 512 5411




M.Benz E200 CGi Avantgarde.
Bluetec
Árgerð 2010
Ekinn 24 þús. Km.
Verð 7.990.000

Sjálfskiptur, Xenon, GPS Naví,Tölvustýrð miðstöð með loftkælingu, álfelgur, cruise-control, parktronic, beygjuljós, LED dagljós, I-pod tengi, bluetooth símabúnaður, plussmottur, hiti í sætum, Isofix, Benz hljómkerfi, leðurklætt stýri og skiptihnúður, svartbæsaður viður í mælaborði. Bíllinn er allur sem nýr.
**Upplýsingar í síma 841-8311 og á netfanginu: olafurmirra@hotmail.com**




Það fer vel á með þeim Grýlu og Guðmundi bæjarstjóra en þau ætla bæði að skemmta sér vel í Jólaþorpinu fram að jólum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Velkomin í Jólaþorpið

**Í Jólaþorpinu er Grýla í aðalhlutverki, hún stýrir skemmtidagskrá og sér til þess að allir sem í þorpið koma hagi sér vel. Þetta hefur gengið það vel að bæjarstjórinn er að íhuga að fá hana til liðs við bæjarstjórnina.**

Grýla stendur vaktina allar helgar fram að jólum og drífur öll verkefni áfram. Í föruneyti hennar eru svo strákarnir hennar, jólasveinarnir og að sjálfsögðu verður jólakötturinn ógurlegi viðloðandi þorpið. Við hittum þau Grýlu og Guðmund Rúnar bæjarstóra í Hellisgerði þar sem þau höfðu tekið stuttan fund um undirbúning Jólaþorpsins sem verður opnað nú á laugardaginn.

Hvernig gengur svo undirbúningurinn?

Grýla: „Þetta er að komast í vana, ég hef nú verið í Jólaþorpinu í tvö kjörtímabil, miklu, miklu lengur en Guðmundur hefur verið bæjarstjóri. Annars eru þeir andskoti duglegir strákarnir í Þjónustumiðstöðinni og ég þarf lítið að tukta þá til, annað en með strákana mína sem eru ekkert nema letin og óþekktin.“

Guðmundur: „Já þetta er orðinn stór þáttur í jólahaldi okkar Hafnarfirðinga, að kíkja í heimsókn til þín í Jólaþorpið, kerlingin mín, og maður er farinn að hlakka til að sjá hvernig til tekst í ár enda er ég viss um að þú hefur lagt þig alla í þetta.

Grýla: „Auðvitað eru margir sem koma fram með mér, ég fæ ekki að vera ein á sviðinu allan tímann enda þótt ég gæti það svo sem alveg. En hún Selma Björns vinkona mín kemur, Gunni og Felix koma líka og svo Ljótu hálfvitarnir, en mér finnast þeir eiginlega ekki nógu ljótir til að heita þessu nafni. Svo kemur hann þarna sem er stundum í sjónvarpinu með brandara, hann Ari Eldjárn og einhver mafía frá Memfis og Dísa ljósálfur, sem ég veit ekki hverjum datt í hug að fá í Jólaþorpið, fýkur hún ekki bara burtu?“

Guðmundur Rúnar: „Dísa er bara flott og auðvitað fýkur hún ekki burtu.“

En hvernig var það Grýla, var Guðmundur Rúnar ekki stilltur sem krakki?

Grýla: „Ég man vel eftir honum sem krakka á Arnarhrauninu. Frekar stilltur alltaf en hann leynir samt svolítið á sér og það kemur mér ekkert á óvart að hann hafi endað í pólitík.“

Guðmundur Rúnar: „Ha, ég? Ég ætlaði mér aldrei í pólitík. Mig langaði helst til að verða garðyrkjumaður eða skáld.“

„Skáld! Það kemur sér nú bara vel þegar maður er bæjarstjóri,“ segir Grýla og skellihlær.

Guðmundur Rúnar: „Við Grýla bjóðum alla landsmenn hjartanlega velkomna til okkar í Hafnarfjörð, í Jólaþorpið, þar sem hægt er að kaupa fallegt handverk og jólalegt góðgæti.“

Grýla: „Ég má ekki vera að þessu kjaftæði lengur, verð að drífa mig í þorpið – sjáumst í Jólaþorpinu!“

# Hugguleg jólastemning

Við erum með Jólaskrall, sem er dagskrá fyrir alla fjölskylduna,“ segir Björk Jakobsdóttir, sem er einn af þeim skemmtikröftum sem koma fram á jólaskemmtun í Gaflaraleikhúsinu. „Við erum nýbúin að taka við leikhúsinu og viljum bjóða upp á heimilislega samverustund. Það er tilvalið að koma í Jólaþorpið í Hafnarfirði og enda svo heimsóknina hjá okkur með því að spila jólabingó í miklu keppnisskapi og láta skemmta sér.“

Bingóið er ekki það eina sem boðið verður upp á í Gaflaraleikhúsinu alla laugardaga til jóla. „Selma Björns er með okkur og tveir Ljótir hálfvitar, þeir Eddi og Toggi, og þau flytja skemmtilega tónlist,“ segir Björk. „Svo fáum við óvænta gesti. Gunni Helga og Björgvin Franz ætla til dæmis að lesa upp úr nýju bókinni sinni og Toggi Hálfviti sér um leikhljóð með lestrinum. Sjálf ætla ég að frumflytja frumsamið lag um íslenskar mæður í jólastressi, þannig að við verðum bara á léttum nótum. Rauði þráðurinn í gegnum dagskrána verður jólabingóið og við ætlum að vera með piparkökur, mandarínur, jólaglögg og heitt kakó. Ég þekki það sjálf sem móðir að vera alltaf að leita að jólastemningu á þessum tíma og keyra kannski til Hveragerðis til að finna réttu stemninguna, en nú getur fólk bara keyrt í tíu mínútur og þá er það komið í miðbæinn í Hafnarfirði, sem hefur þessa réttu stemningu. Slakað svo á og skemmt sér á Jólaskralli.“



Gaflaraleikhúsið býður upp á huggulega jólastemningu fyrir alla fjölskylduna milli 18 og 19.30 alla laugardaga til jóla. Björk Jakobsdóttir er annar dagskrárstjóranna.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Kofi Karmelsystranna vekur ætíð mikla athygli í Jólaþorpinu.



Karmelsystur verða með handverk, handmáluð kerti, jötur og trúarleg tákn í Jólaþorpinu í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gott að upplifa kærleikann

**Karmelsystur í klaustrinu í Hafnarfirði láta ekki sitt eftir liggja í Jólaþorpinu í ár.**

Nunnunar í Karmelklaustri í Hafnarfirði hafa sett sterkan svip á Jólaþorpið frá byrjun. Þótt liðin séu átta ár frá því þorpið reis fyrst segir systir Agnes nunnurnar alltaf jafn spenntar fyrir því að taka þátt. „Þarna fáum við einstakt tækifæri til að fara út á meðal fólksins og upplifa íslenskt jólahald, náungakærleik, hlýða á falleg jólalög og sjá með berum augum hvernig börnin skreyta tré.“ Systir Agnes getur þess að sú velvild sem Hafnfirðingar og aðrir gestir og gangandi hafi sýnt Karmelsystrum í gegnum tíðina sé helsta ástæða þess að þær snúi aftur með bás í Jólaþorpið ár hvert. „Upphaflega ákváðum við að þigga boð Hafnarfjarðarbæjar um þátttöku, svona í tilraunaskyni; það gekk svo vel að við endurtókum leikinn og nú er þetta orðin skemmtileg hefð hérna hjá okkur.“

Venju samkvæmt verða Karmelsystur með handverk á boðstólum í Jólaþorpinu. Að sögn systur Agnesar liggur heilmikil vinna að baki gerðar þess. „Allt, frá jötum og upp í kerti og annað sem tengist jólunum, er handgert, og það tekur auðvitað svolítinn tíma,“ útskýrir hún en Karmelsystur hafa frá því í sumar unnið ötullega að gerð handverksins utan bænastunda og meðal annars sótt efnivið í íslenska náttúru. „Við notum hraun, mosa og þess háttar,“ segir hún og bætir við að landsmenn kunni vel að meta það. *- rve*

● **SÆTAFERÐIR Í JÓLAÞORPIÐ** Mountain Climbing stendur fyrir ferðum í Jólaþorpið með leiðsögn. Við röltum um Jólaþorpið og miðbæinn í Hafnarfirði og endum á því að setjast niður og fá okkur hressingu. Lengd 2 klukkustundir. Kr. 7.000.

● **LIST VIÐ LÆKINN Á LAUGARDÖGUM** Myndlistarmenn í Dvergshúsinu við Suðurgötu bjóða í spjall og kaffisopa. Opnar vinnustofur þrjá laugardaga á aðventu; 27. nóv. 4. des. og 11. des. frá klukkan 13 til 18.

● **TENDRAÐ Á TRÉNU FRÁ CUXHAVEN** Laugardaginn 27. nóvember verður kveikt á öðru vinabæjartrénu í Hafnarfirði en það er Cuxhaventréð við höfnina. Tendrað verður á trénu kl. 15 og munu fulltrúar Hafnarstjórnar og Cuxhaven flytja ávarp, leikskólakór frá Víðivöllum syngur og jólasveinar skemmta börnunum.

Hráfæðissæla, myntukrydduð jarðarber, heimalagaður jólaís og aðrar fjölbreyttar jólauppskriftir.

Jol.is

Jólaveisla Fjörukráarinnar



Jólahlaðborð
Gerum tilboð fyrir hópa
t.d. þriggja rétta jólamatseðill
Jólasúpa, blandað jólatrog
af hlaðborði og Ris a la mand
á aðeins kr. 4.800
•
Auk þess: Sérréttamatseðill

Nánari upplýsingar
í síma 565-1213
www.fjorukrain.is

VIKING village Fjörukráin

DANSLEIKIR Í NÓVEMBER OG DESEMBER:

Föstudaginn 26. nóvember: Hljómsveitin Gutl
Laugardaginn 27. nóvember: Hljómsveitin Logar.
Föstudaginn 3. desember: Hljómsveitin Gutl
Laugardaginn 4. desember: Rúnar Þór og Gylfi Ægis
Föstudaginn 10. desember: Hljómsveitin Gutl
Laugardaginn 11. desember: Hljómsveitin Dans á Rósum.
Föstudaginn 17. desember: Hljómsveitin Gutl
Laugardaginn 18. desember: Hljómsveitin Dans á Rósum.

# Velkomin í Jólaþorpið

## Dagskrá Jólaþorpsins helgina 27.–28.11. 2010

### Laugardagurinn 27. nóvember — Jólaþorpið opnar!

**Ljósin tendruð á jólatrénu, sem er gjöf frá vinabænum Frederiksberg.**

**14:00** Krakkar úr Lækjarskólakórnum taka lagið.
**14:15** *Lápur, Skrápur og jólaskapið* – fjörugt leikatriði þar sem þeir félagar segja sögur frá Grýluhelli.
**15:00** Alan Jones syngur lög eftir Michael Jackson.
**15:15** Lalli töframaður töfrar áhorfendur uppúr skónum.
**16:00** Barnakór Ástjarnarkirkju syngur.
**16:15** Atriði úr *Jólaskralli* Gaflaraleikhússins: Gunni Helga les uppúr nýútkominni bók sinni og Björgvins Franz Gíslasonar *Nornin og dularfulla gauksklukkan*.
**16:30** Ástjarnarsystur syngja.
**16:45** Karlakórinn Þrestir syngur jólalög.
**17:00** Ljósin tendruð á trénu.
Danski sendiherrann á Íslandi afhendir Hafnfirðingum jólatréð fyrir hönd Fredriksbergs, vinabæjar Hafnarfjarðar.
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, formaður bæjarráðs flytur ávarp.
Grýla, synir hennar og jólakötturinn telja niður og tendra á jólatrénu ásamt gestum Jólaþorpsins – skemmtilegt **úti-jólaball** í lok tendrunar.

*Brot af gömlu góðu jólunum* við Jólaþorpið.
Sýning Byggðasafnsins í fyrrum Gallerí Thors rýminu opnar kl. 13 og er opin alla opnunardaga Jólaþorpsins.

### Sunnudagurinn 28. nóvember

**14:00** Borgarbörn sýna atriði úr jólasöngleiknum Leikfangalífi.
**14:15** Grísirnir þrír mæta hressir og kátir í skemmtilegum leikþætti.
**15:00** Úti jólaball. Jólasveinabandið heldur uppi stuðinu.
**16:30** Atriði frá Leikfélagi Hafnarfjarðar.

**14-15** Íshestar bjóða börnum á hestbak, kr. 500.

## Dagskrá Jólaþorpsins helgina 4.–5.12. 2010

### Laugardagurinn 4. desember

**14:00** Kvennakór Hafnarfjarðar syngur.
**14:15** Hrefna Guðmundsdóttir úr félagsmiðstöðinni Mosanum syngur nokkur lög.
**15:00** Nemendur úr Radd- og söngskóla Margrét Eirar syngja.
**15:15** Bjarki Lár frá félagsmiðstöðinni Setrinu tekur nokkur lög.
**16:00** *Horn á höfði* - skemmtilegt leikatriði úr þessari vinsælu barnasýningu.
**16:15** Atriði úr *Jólaskralli* Gaflaraleikhússins: Selma Björnsdóttir og tveir ljótir hálfvitar spila jólasyrpu.
**16:30** Upplestur úr barnabókinni *Sjáðu svarta rassinn minn*, íslenskar þjóðsögur og ævintýri. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir les úr bók sinni og Þóreyjar Mjallhvítar Ómarsdóttur. (Lesið verður innandyra – í fyrrum Gallerí Thors rýminu).

### Sunnudagurinn 5. desember

**14:00** Borgarbörn sýna atriði úr jólasöngleiknum *Leikfangalífi*.
**14:15** *Lápur, Skrápur og jólaskapið* – fjörugt leikatriði þar sem þeir félagar segja sögur frá Grýluhelli.
**15:00** **Úti-jólaball** með Ísgerði Elfu úr Stundinni okkar.
**16:30** Atriði frá Leikfélagi Hafnarfjarðar.

### *CUXHAVENTRÉÐ*

**Laugardaginn 27. nóvember verður tendrað á öðru vinabæjartré í Hafnarfirði en það er Cuxhaventréð við höfnina kl. 15. Fulltrúar Hafnarstjórnar og Cuxhaven flytja ávarp, leikskólakór frá Víðivöllum syngur og jólasveinar skemmta börnunum.**

### *BYGGÐASAFN Á AÐVENTU*

**Sýningarnar í Pakkhúsinu eru opnar laugar- og sunnudaga kl. 11-17. Ókeypis aðgangur. Jólaútstilling í glugga Beggubúðar sem staðsett er aftan við Byggðasafnið. *Brot af gömlu góðu jólunum* við Jólaþorpið.**

### *HAFNARBORG Á AÐVENTU*

**Sýning á málverkum eftir Eggert Pétursson. Sýningin *Tight* með Gjörningaklúbbnum.
Opið alla daga kl. 12–17 og fimmtudaga til kl. 21. Lokað á þriðjudögum.
Ókeypis aðgangur.
Ath. Sýningarnar verða lokaðar laugard. 4.12. vegna *Syngjandi jóla*.**

***Sunnudaginn 28. nóvember kl. 20***
**Tríó Reykjavíkur. Klassík við kertaljós. Verk eftir Chopin. Gestur: Alina Dubik mezzó-sópran.**

***Fimmtudaginn 2. desember kl. 12***
**Hádegistónleikar. Antonía Hevesi píanóleikari og Snorri Wium tenór. Léttar aríur um ástina.**

### *SYNGJANDI JÓL*

**Laugardaginn 4. desember frá kl 10-18.
Syngjandi jól haldin í fjórtánda skiptið í Hafnarborg. Þá koma saman 24 kórar sem samanstanda af söngfólki á öllum aldri.**

**Sjá tímasetningar kóra á www.hafnarfjordur.is.**

### *LIST VIÐ LÆKINN*

**Myndlistarmenn í Dvergshúsinu við Suðurgötu verða með opnar vinnustofur þrjá laugardaga á aðventu. 27. nóv. 4. des. og 11. des. frá kl: 13 til 18.**

Fabrikan





**Basar KFUK** verður haldinn í húsi KFUM og KFUK að Holtavegi 28 í Reykjavík laugardaginn 27. nóvember frá 14. til 17. Allur ágóði af basarnum rennur til starfs KFUM og KFUK. Á boðstólum verður handverk og ýmsar heimabakaðar kökur og tertur. Hægt verður að kaupa nýbakaðar vöfflur, kaffi og kakó á staðnum.




**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



**Patti.is**

**Landsins mesta úrval af sófasettum**



Vín Sófasett 3+1+1 Verð frá 345.900 kr

**Íslenskir sófar**

**Yfir 90 mismunandi gerðir.**

**Mál og áklæði að eigin vali.**



Borðstofustólar - Verð frá 12.900 kr

**Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is**

**Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16**



Sigga & Timo

GULLSMÍÐI

LINNETSSTIGUR 2 · SÍMI 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS


**Anna Mjöll Ólafsdóttir söngkona syngur íslensk jólalög á flottasta djassklúbbi LA í kvöld**

# *Ástin leynist alls staðar*



Ég er alltaf í smá sambandi við Julio (Iglesias) og hitti hann stundum þegar hann kemur í bæinn. Hann sendir mér ávallt jólagjöf og ég ætla að gefa honum jólaplötuna. Þeir Julio, sonur hans Enrique og reyndar öll fjölskyldan er svo eðlilegt og hjartahlýtt fólk, en þeir sem ég hef kynnst um dagana og eru í heimsfræga flokknum eru í raun alveg eins og allir aðrir og ekkert súrrealískt að umgangast þá sem vini; mér þótti miklu skrýtnara í byrjun hvað það var eðlilegt,“ segir söngkonan Anna Mjöll Ólafsdóttir, sem í kvöld verður með útgáfutónleika nýju jólaplötunnar sinnar Christmas JaZZmaZ á flottasta og virtasta djassklúbbi Los Angeles, Vibrato, sem er í eigu trompetleikarans Herb Alpert.

„Þótt LA sé stórborg fréttist allt eins og eldur í sinu. Það var uppselt á síðustu tvo tónleika sem ég hélt á Vibrato og varð að vísa fólki frá. Vonandi verður alveg troðið í kvöld. Mamma er komin en pabbi ekki því hann þarf að reka gítarskólann heima,“ segir Anna Mjöll, en faðir hennar Ólafur Gaukur sá um djassútsetningar erlendra og íslenskra jólalaga á nýju plötunni.

„Ég valdi íslensku jólalögin því pabbi samdi textana við þau. Hér finnst fólki svaka sniðugt að ég syngi lögin á íslensku og bíður spennt eftir að heyra mig flytja þau í kvöld,“ segir Anna Mjöll, en um undirleik á plötunni sáu


;HELGIN | 2


Anna Mjöll segir góða tilfinningu að vera metin fyrir tónlistina, en hún viti ekki enn hvað hún ætli að verða þegar hún er orðin stór. Á djassklúbbinn Vibrato, þar sem hún syngur í kvöld, mæta tónlistarmenn eins og Quincy Jones, Elton John, Stevie Wonder og Tom Jones og hafa sumir stigið með henni á stokk.





Kíktu í vefverslun
www.lindesign.is
Ekkert sendingargjald!

*Íslensk jólahönnun*

Mjúka jólagjöfin fyrir alla fjölskylduna

Lín DESIGN

Lín Design / Laugavegi 176 / Sími 533 2220 / www.lindesign.is

**Jólamarkaður Skógræktarfélags Reykjavíkur** við Elliðavatnsbæinn í Heiðmörk opnar í dag og verður opinn allar helgar fram að jólum milli 11 og 17. Þetta er í fjórða sinn sem markaðurinn er haldinn en Skógræktarfélagið selur jólatré og ýmsan annan varnig sem á uppruna sinn í skógum Heiðmerkur. Þá bjóða yfir sjötíu handverksmenn og hönnuðir fram vörur sínar.




**Peysudagar**

**20% afsláttur**



kíktu á www.laxdal.is

BERNHARÐ LAXDAL

Laugavegi 63 • s: 551 4422


# Draumkenndar ljósmyndir

**Ljósmyndasýningin Ekkert af þessum heimi opnar í dag. Sýningin er samstarfsverkefni Dúsu Ólafsdóttur og Ingu Sólveigar Friðjónsdóttur.**

Ljósmyndasýningin Ekkert af þessum heimi opnar í dag á vegum ljósmyndarans Ingu Sólveigar Friðjónsdóttur og hönnuðarins Dúsu Ólafsdóttur í galleríinu Auga fyrir auga. Dúsa hannar undir merkinu Skaparinn og hefur hönnun hennar birst í mörgum alþjóðlegum tímaritum.

Að sögn Dúsu kom samstarfið til vegna þess að henni fannst ljósmyndirnar Ingu Sólveigar fallegar og hana hafði lengi langað til að vinna með henni. „Myndirnar hennar Ingu Sólveigar eru oft draumkenndar og dramatískar og dálítið dimmur tónn í þeim. En það þýðir hins vegar alls ekki að þær séu niðurdrepandi heldur þvert á móti fangar hún undurfagra stemningu sem ekki sést mikið af, sérstaklega ekki hérlendis.“ Inga Sólveig tekur mestmegnis svarthvítar myndir á filmu og það heillaði Dúsu.

„Áferðin á myndunum er alveg dásamlega fögur. Hingað til hef ég látið mynda línur Skaparans í stúdíói og í lit. En mig langaði til að fá aðeins dramatískari áferð, enda er mín hugmyndavinna yfirleitt í draumkenndum tóni.“ Dúsa segir að þær hafi ákveðið að setja upp sýningu til að sýna hvað þær fást við dags daglega. Hún segir öðruvísi fyrir sig að sýna fallegar



Myndir Ingu Sólveigar eru draumkenndar og dramatískar.

myndir í stað þess að hafa fötin hangandi á herðatré.

Dúsa segir þær ekki hafa starfað saman áður, en telur líklegt að þær muni vinna meira saman í framtíðinni. „Samstarfið hefur gengið vel og okkar sýn er ekki svo ólík, þó að við fáumst við ólíka miðla. Það er erfitt fyrir fatahönnuð að starfa án ljósmyndara, þótt ljósmyndarinn geti vel verið án fatahönnuðarins.“

Sýningin verður opnuð í Auga fyrir auga að Hverfisgötu 35 klukkan 17.00 í dag og eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.



Dúsa (til hægri) hafði lengi langað til að vinna með Ingu Sólveigu FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





BYLGJAN KYNNIR:

ÁRLEGIR ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKAR BUBBA MORTHENS VERÐA Í HÁSKÓLABÍÓI ÞANN **23. DESEMBER** OG HEFJAST **KL. 22.00.**
SÉRSTAKUR GESTUR BUBBA ER JÓNAS SIGURÐSSON.

MIÐASALA ER HAFIN Á **MIDI.IS.**
MIÐAVERÐ **3.500 KR.**
ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á **PRIME.IS.**

prime BYLGJAN 989


Framhald af forsíðu

margir af frægustu tónlistarmönnum samtímans.

„Ég fer alla sunnudaga á ávaxtamarkað til að kaupa appelsínur og jarðarber fyrir vikuna og er algjör „djúsaholic“, en hef þá líka leyfi til að gera margt annað. Þetta er trikk til að plata mig og svo fer ég út eftir pitsu og kók,“ segir hún hláturmild, nýkomin úr göngu með hundana sína tvo. „Hundar eru svo góðir fyrir sálina. Þeir ná manni alltaf niður á jörðina, sama hvað gengur á, núllstilla mann og endurhlaða batteríin. Því er ekkert eins gott og góðir voffar og þeim fylgir ekkert vesen,“ segir Anna Mjöll, sem lítur alltaf út eins og kvikmyndastjarna.

„Trixið við gott útlit held ég að sé innri friður, en ég hef ekki fundið hann og er alltaf að leita. Mestan frið finn ég með hundunum og held að þar sé komin ein leiðin til þess. Ég er annars alltaf svo eirðarlaus, finnst það sem ég



Anna Mjöll hefur búið í Los Angeles síðustu átján ár en segir það engu breyta um að heima sé bara á Íslandi.

geri aldrei nógu gott og þarf alltaf að gera betur,“ segir Anna Mjöll, sem skildi við eiginmann sinn Neil Stubenhaus fyrir um ári og er nú hamingjusamlega einhleyp.

„Ég er mjög sátt við tilveruna en við Neil erum enn góðir vinir. Stundum er betra að vera vinir en eitthvað meira. Ég hef svo ekki haft tíma til að hugsa um ástarmálin síðustu mánuði. Víst er ég opin fyrir ástinni og fjölskyldulífi, og hefði ekki á móti smá barneignum, en það þarf víst mann til þess nema Guð ákveði að eignast annan Jesú og það held ég að sé ekki á dagskránni,“ segir Anna Mjöll og brosir út í annað.

„Ég held að milljónaborg sé ekki verri staður en hver annar til að finna ástina því hún leynist alls staðar svo lengi sem maður er ekki að leita. Kannski er hún á Íslandi; þar eru margir góðir menn, hver veit, en ég hefði sennilega ekki tíma fyrir rómantík fyrr en á næsta ári eða þarnæsta héðan af,“ segir Anna Mjöll, sem kemur heim um jólin og heldur tónleika á Rosenberg 19. desember. Christmas JaZZmaZ verður ekki gefin út hérlendis en fæst meðal annars á iTunes.

„Alvöru jólin eru heima á Íslandi, ég reyni alltaf að koma þegar ég get og jólin koma ekki til mín nema ég rölti niður Laugaveg á Þorláksmessu. Þangað til óska ég þess heitt að birti yfir gamla landinu mínu því það er virkilega sorglegt að horfa héðan upp á ástandið heima og landa sína í sárum. Ég vildi því óska þess að geta fundið takka sem lagar það allt í hvelli, en byrja á tónleikum í jólagjöf.“

*thordis@frettabladid.is*





KINAHOFID

**Núðlur með grænmeti**
**Kjúklingur í sataysósu**
**Nautakjöt í ostrusósu**
**Steiktar rækjur m/súrsætri sósu**

**Allt þetta fyrir 1.590 kr á mann**
**Tekið heim 1.450 kr á mann**

www.kinahofid.is

NYBYLAVEGUR 20 200 KOPAVOGUR SIMI 554 5022

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT

## Spænskukennari óskast

Menntaskólinn Hraðbraut óskar að ráða vanan spænskukennara í hlutastarf næstu vorönn.

Áhugasamir sendi upplýsingar á netfangið sigridur@hradbraut.is.

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Kerfisstjóri í tæknirekstri

**Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild auglýsir eftir kerfisstjóra í tæknirekstur. Í boði er spennandi starf í flóknu tækniumhverfi með frábæru samstarfsfólki.**

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Rekstur á Citrix umhverfi í samráði við aðra kerfisstjóra.
- Rekstur á Microsoft umhverfi í samráði við aðra kerfisstjóra.
- Taka þátt í að móta og hanna framtíðar rekstrarumhverfi.
- Viðhalda þekkingu og fylgjast með nýjungum/þróun í tækniumhverfinu.
- Skráning á búnaði.
- Samskipti við birgja.

### Hæfnikröfur

- Háskólamenntun er nýtist í starfi s.s. kerfis- eða tölvunarfræðimenntun er kostur.
- Alþjóðlegar Citrix og Microsoft gráður er kostur.
- Reynsla í rekstri á Citrix umhverfi er kostur.
- Reynsla í rekstri á Microsoft umhverfi er kostur.
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Frumkvæði og sveigjanleiki.

### Nánari upplýsingar um starfið

- Umsóknarfrestur er til og með 12.12.2010. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala www.landspitali.is.
- Starfshlutfall er 100%.
- Upplýsingar veitir Friðþjófur Bergmann, rekstrarstjóri, diddi@landspitali.is, sími 543 5244.
- Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Friðþjófi, LSH tæknirekstur, Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

horn

# Sérfræðingur

Horn er fjárfestingarfélag í eigu Landsbankans og annast fjárfestingu og umsýslu hlutabréfaeigna bankans. Horn leitar að sérfræðingi í greiningu.

### Starfssvið

- Greining fyrirtækja
- Eftirfylgni með núverandi fjárfestingum
- Greining markaða og fjárfestingarkosta
- Upplýsingagjöf til stjórnenda

### Menntun og hæfni

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking og brennandi áhugi á verðbréfamörkuðum
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku er skilyrði
- Þekking á Norðurlandamáli kostur

*Nánari upplýsingar veita Hermann Már Þórisson, framkvæmdastjóri Horns í síma 410 2801 og Baldur G. Jónsson, mannauðsstjóri Landsbankans í síma 410 7904.*

*Umsókn fyllist út á vef Landsbankans **landsbankinn.is** merkt: „Sérfræðingur - Horn". Umsóknarfrestur er til og með 7. desember nk.*

ENNEMM / SÍA / NM44510

VIRÐING VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI

# Lögfræðingur

*Virðing hf. er löggilt verðbréfafyrirtæki sem leggur áherslu á að þjónusta fag- og stofnanafjárfesta. Félagið starfar í því skyni að veita viðskiptavinum sínum virðisaukandi þjónustu og aðstoða þá við uppbygginguna og auka fjárhagslegan styrk þeirra. Virðing hf. var stofnað í árslok 1999 og er í dag í eigu lífeyrissjóða, tengdum félögum og nokkurra einstaklinga. Frekari upplýsingar um Virðingu hf. má finna á heimasíðu fyrirtækisins **www.virding.is***

**Virðing hf. óskar eftir lögfræðingi til starfa. Um er að ræða nýtt starf hjá fyrirtækinu.**

### Starfssvið

Ábyrgð og umsjón með lögfræðilegum verkefnum fyrirtækisins; þ.m.t. regluvarsla, samningagerð, lögfræðilegar úttektir, ýmis sérverkefni og samskipti við hagsmunaaðila á fjármálamarkaði. Lögð er áhersla á virka þátttöku í uppbyggingu og þróun fyrirtækisins.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Kandidats- eða meistarapróf í lögfræði.
- Árangursríkur starfsferill og starfsreynsla sem nýtist í starfinu er skilyrði.
- Haldgóð starfsreynsla á sviði fjármála og viðskipta er sérstaklega áhugaverð.
- Gott vald á íslensku og ensku.
- Góðir samskiptahæfileikar og samningatækni.
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 12. desember n.k. Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) í síma 578 1145. Umsóknir með ferilskrá óskast fylltar út á www.intellecta.is. **Allar umsóknir og fyrirspurnir verður farið með sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfi viðkomandi. Umsækjandi þarf að geta sýnt fram á að persónuleg fjármál og önnur fjárhagsleg umsýsla sé í lagi.

intellecta

*Síðumúla 5 108 Reykjavík*
*Sími 511 1225 Fax 511 1126*
*intellecta@intellecta.is*
*www.intellecta.is*

Grafika 10

Íslandsbanki

# Útibússtjóri
## Íslandsbanka í Mosfellsbæ

Íslandsbanki leitar að öflugum stjórnanda til að leiða samhentan hóp starfsfólks í útibúi bankans í Mosfellsbæ.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni:**

- Yfirumsjón og ábyrgð á rekstri
- Öflun nýrra viðskiptavina og viðhalda samskiptum við núverandi viðskiptavini
- Sölu- og markaðsuppbygging
- Starfsmannamál

**Hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði viðskiptafræði, rekstrarfræði eða sambærileg menntun
- Bankareynsla æskileg
- Talnaskilningur og skipulagshæfni
- Frumkvæði, þjónustulund og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Íslandsbanki býður alhliða bankaþjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki og fagfjárfesta. Hjá bankanum starfa um 930 starfsmenn. Utan Íslands byggir Íslandsbanki fyrst og fremst á þeirri sérþekkingu og viðskiptasamböndum sem bankinn hefur í sjávarútvegi og jarðhita.

Íslandsbanki sækist eftir starfsfólki sem býr yfir yfirburðaþekkingu og reynslu, er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavini bankans.

Nánari upplýsingar veitir Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptabanka, sími 440 2880, netfang: una.steinsdottir@islandsbanki.is.

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá fyrir 12. desember næstkomandi. Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, netfang: sigrun.olafs@islandsbanki.is

# FRAMLEIÐSLUSTJÓRI/ SAUMAKONA ÓSKAST

Íslenska Fánasaumastofan á Hofsósi auglýsir eftir **framleiðslustjóra/saumakonu** sem mun hafa umsjón með framleiðslu íslenska fánans og öðrum þeim vörum sem saumastofan framleiðir.

Viðkomandi þarf að vera **vön saumaskap, vandvirk, áreiðanleg og stundvís.**

Þarf að geta hafið störf um næstu áramót.

Umsóknir sendist á **hofsos@hofsos.is** fyrir **22. desember** næstkomandi.

Íslenska — Fánasaumastofan —

Suðurbraut 9 • 565 Hofsósi • Sími: 453-7366 • hofsos@hofsos.is

REYKJALUNDUR endurhæfing

# Laus staða hjúkrunarfræðings

Reykjalundur endurhæfingarmiðstöð SÍBS auglýsir lausa stöðu hjúkrunarfræðings í 60% starf. Um tímabundna ráðningu til eins árs er að ræða og er staðan laus nú þegar eða samkvæmt nánara samkomulagi. Þekking á meðferð og hjúkrun lungnasjúklinga er æskileg. Viðkomandi þarf að hafa starfsleyfi sem hjúkrunarfræðingur á Íslandi.

Laun greiðast samkvæmt kjarasamning Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra.

Umsóknir berist til Láru M. Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra hjúkrunar (laras@reykjalundur.is ) sem jafnframt veitir upplýsingar um starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 5. desember nk.**

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni **www.reykjalundur.is**

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegum teymum. Krafist er góðrar hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Capacent Ráðningar

# ÁHUGAVERÐ STÖRF Í BOÐI

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS REGISTERS ICELAND

Þjóðskrá Íslands tók til starfa 1. júlí sl. Höfuðstöðvar stofnunarinnar eru í Borgartúni 21. Gildi Þjóðskrár Íslands eru: Virðing, sköpunargleði og áreiðanleiki. Veffang hinnar nýju stofnunar er www.skra.is.

## ÚRVINNSLA HAGRÆNNA UPPLÝSINGA

**Starfssvið:** Söfnun og yfirferð gagna, úrvinnsla upplýsinga um fasteignir og upplýsingar tengdar þjóðskrá, útgáfa talnaefnis og þátttaka í undirbúningi fasteignamats.

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólapróf í hagfræði, verkfræði eða skyldum greinum, þekking og/eða áhugi á fasteignamarkaði, góð tölvukunnátta, sérstaklega Excel og SQL. Viðkomandi þarf að hafa góða getu til að vinna sjálfstætt og í hópi sem og eiga auðvelt með mannleg samskipti.

## TÖLFRÆÐIGREINING OG LÍKANAGERÐ

**Starfssvið:** Tölfræðileg greining og þróun fasteignamatsaðferða, þátttaka í árlegu endurmati fasteigna og í kerfis- og líkanagerð fyrir matsaðferðir.

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólapróf í stærðfræði, verkfræði eða skyldum greinum, meistarapróf æskilegt. Góðir greiningarhæfileikar, þekking á tölfræði og góð tölvukunnátta, sérstaklega SQL og tölfræðiforrit. Viðkomandi þarf að hafa góða getu til að vinna sjálfstætt og í hópi sem og eiga auðvelt með mannleg samskipti.

Um 100% störf er að ræða, umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna. Starfsstöð viðkomandi er í Reykjavík. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningar hefur verið tekin. Þjóðskrá áskilur sér rétt til að láta umsóknir gilda í allt að sex mánuði.

**Þjóðskrá Íslands er skráarhaldari tveggja mikilvægra skráa, þjóðskrár og fasteignaskrár. Í fasteignaskrá eru skráðar margháttaðar upplýsingar um landeignir, mannvirki og þinglýst réttindi. Í þjóðskrá eru skráðar ýmsar upplýsingar um íbúa landsins, til dæmis nöfn manna, lögheimili, hjúskaparstaða og ríkisfang. Stofnunin ákvarðar fasteignamat og brunabótamat og fylgist með fasteignamarkaðinum. Einnig sinnir Þjóðskrá Íslands tengdum verkefnum svo sem miðlun upplýsinga, útgáfu vegabréfa og rekstri tölvukerfa fyrir ýmsar stjórnsýslustofnanir dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins.**

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 12. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# LAGER/ÚTKEYRSLA

Heildverslun á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða starfsmann á lager og til útkeyrslu. Um er að ræða fullt starf með vinnutíma frá kl. 8.30 til 17.00 alla virka daga. Snyrtilegur lager með smávöru. Samheldinn og skemmtilegur vinnustaður, sem er reyklaus.

**Hæfniskröfur:**
- Góð almenn menntun
- Almenn tölvukunnátta
- Nákvæmni og vönduð vinnubrögð
- Góð heilsa

Umsóknarfrestur er til og með 2. desember nk.
Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða rafrænt á box@frett.is merkt: **Lager/útkeyrsla 4040**.

Capacent Ráðningar

# VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

---

Capacent Ráðningar

# GÆÐASTJÓRI

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð eftirlitsstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitsskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankarnir, sparisjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlar, lífeyrissjóðir, rekstrar- og vátryggingafélög, kauphallir o.fl. Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is

**Fjármálaeftirlitið (FME) hefur stækkað undanfarin ár og eru verkefnin bæði mörg og flókin. Í nýlegri stefnu FME er lögð áhersla á aukna skilvirkni og endurskoðun lykilverkferla. Til að styðja við framkvæmd þess hefur FME ákveðið að ráða gæðastjóra til starfa. Leitað er eftir kraftmiklum einstaklingi sem hefur reynslu og þekkingu af innleiðingu ISO 9001 og ISO 27001 gæðastöðlum. Um er að ræða nýtt starf í áhugaverðu og krefjandi umhverfi þar sem sjálfstæði, góð samskiptahæfni og góðir skipulagshæfileikar fá að njóta sín.**

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Ábyrgð, uppbygging og þróun gæða- og öryggismála
- Innleiðing á ISO 9001 og ISO 27001 gæðastöðlum
- Stefnumótun og áætlanagerð tengd gæðamálum
- Rekstur og dagleg umsjón gæðakerfa
- Upplýsingagjöf og fræðsla um gæðamál
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, menntun á sviði gæðamála æskileg
- Góð þekking á og reynsla af ISO 9001 og ISO 27001 mikilvæg
- Góð tölvukunnátta mikilvæg
- Reynsla og þekking af fjármálamarkaði kostur
- Frumkvæði, sjálfstæði og hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 12. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

---

Capacent Ráðningar

# DEILDARSTJÓRI KERFISÞRÓUNAR

LANDSNET

Landsnet hf. annast flutning raforku á Íslandi og stýrir uppbyggingu flutningskerfisins. Landsnet stýrir jafnframt raforkukerfi landsins og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheild, sterka samfélagsvirtund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Landsnet er starfsmanna- og fjölskylduvænt fyrirtæki. Hjá Landsneti starfa um 100 manns.

**Landsnet hf. leitar að öflugum stjórnanda sem hefur áhuga á að leiða mótun framtíðaruppbyggingar og þróunar íslenska raforkukerfisins. Starf deildarstjóra heyrir undir forstjóra.**

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Leiðir mótun framtíðaruppbyggingar flutningskerfis raforku
- Ábyrgð á áætlanagerð vegna uppbyggingar og þróunar flutningskerfisins
- Greining og mat á tæknilegri uppbygginu kerfisins
- Greining og mat á kostnaðarlegri og þjóðhagslegri hagkvæmni verkefna
- Greining og mat á markaðslegum forsendum
- Ábyrgð á daglegum rekstri og mannahaldi Kerfisþróunardeildar

**Í boði er**
- Tæknilega krefjandi umhverfi
- Góður liðsandi og öflugt félagsstarf
- Góð vinnuaðstaða
- Áhersla á samræmingu einkalífs og vinnu
- Áhersla á endurmenntun og þjálfun

**Við leitum að einstaklingi sem býr yfir**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynslu af stjórnunarstörfum
- Reynslu af mótun framtíðarsýnar
- Reynslu af áætlanagerð og vinnu við sviðsmyndir
- Frumkvæði og leiðtogahæfileikum
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Hlutverk Kerfisþróunardeildar:**
Kerfisþróun sér um áætlanagerð vegna uppbyggingar flutningskerfisins þar sem saman eru metin hagræn, gæða og markaðsleg áhrif. Deildin sér um áhættugreiningar er varða rekstraröryggi raforkukerfisins ásamt skilgreiningu á kröfum til rekstraröryggis raforkukerfisins, skilgreiningu hönnunarforsenda og að unnin sé raforkuspá í samræmi við raforkulög.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 12. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144


Landakotsskóli

# Kennarar

Vegna afleysinga og barnsburðarleyfis vantar kennara að yngra stigi í Landakotsskóla frá áramótum. Nánari upplýsingar veitir Sölvi Sveinsson skólastjóri í síma 5108200 eða í netfanginu solvi.sveinsson@landakotsskoli.is. Umsóknarfrestur er til 3. desember.

*Landakotsskóli er við Túngötu. Þar starfa 27 manns í hlýlegu umhverfi og nemendur eru 120. Skólinn leggur áherslu á tungumálakennslu, nemendur fá fleiri tíma í íslensku og stærðfræði og í skólanum ríkir heimilislegur agi.*

Skólastjóri

---

Íþróttafélag Reykjavíkur, eitt stærsta og fjölmennasta íþróttafélag landsins, er rekið í 9 deildum og státar af glæstri sögu. Það var stofnað árið 1907 og hefur starfað víða í borgarlandinu frá upphafi, en er nú með höfuðstöðvar í Suður-Mjódd. Starf innan félagsins er mjög öflugt, það státar af glæsilegum mannvirkjum og undirbýr nú m.a. byggingu nýs íþróttahúss í Mjóddinni.

Hjá ÍR starfar mikið af áhugasömu fólki á öllum aldri; íþróttafólk, þjálfarar, sjálfboðaliðar í margvíslegum verkefnum, stjórnarmenn, foreldrar og forráðamenn og starfsfólk á skrifstofu félagsins sem vill láta gott af sér leiða og leggja sitt af mörkum í leik og keppni. Nýlokið er stefnumótun til framtíðar og mikill hugur er í fólki að efla félagið stórlega á næstu árum.

# Framkvæmdastjóri

Íþróttafélag Reykjavíkur óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Yfirumsjón með öllum daglegum rekstri og ábyrgð á fjárreiðum félagsins.
- Stefnumótun og forysta í afreks- og æskulýðsstefnu félagsins.
- Gerð rekstraráætlana og framkvæmd þeirra.
- Yfirmaður annarra starfsmanna félagsins, ráðningar, umsjón með starfsmanna- og launamálum.
- Samningagerð fyrir hönd félagsins eftir því sem við á.
- Nýting mannvirkja félagsins.

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi t.d. íþróttafræði, viðskiptafræði, markaðsfræði.
- Leitað er að drífandi og áhugasömum einstaklingi sem vill takast á við krefjandi starf í lifandi og spennandi umhverfi.
- Sveigjanleiki, en þó festa, áreiðanleiki og geta til að starfa sjálfstætt eru nauðsynlegir kostir.
- Fjölþætt starfsreynsla og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.

**Upplýsingar veitir:**
Þórir Þorvarðarson,
thorir@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 5. desember nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

---



# Sérfræðingur í umhverfismálum

## Norðurál Grundartanga óskar að ráða sérfræðing í umhverfismálum

Leitað er að metnaðarfullum og traustum einstaklingi sem hefur áhuga á margþættum og krefjandi verkefnum. Um framtíðarstarf er að ræða.

Staðan heyrir undir framkvæmdastjóra umhverfis- og verkfræðisviðs. Sérfræðingurinn er samskiptaaðili félagsins við Umhverfisstofnun.

**Verksvið og ábyrgð**
- Framþróun og úrbætur í öryggismálum
- Eftirlit með umhverfisáhrifum á starfssvæði félagsins
- Þátttaka í starfi umhverfishóps og við umhverfisvöktun
- Ráðgjöf til framkvæmdastjórnar í umhverfismálum
- Tæknileg og rekstrarleg ábyrgð á þurrhreinsivirkjum álversins og mælabúnaði þeim tengdum
- Umsjón með gerð fjárhags- og rekstraráætlana og kostnaðareftirliti á skilgreindum þáttum umhverfismála
- Tryggir vistun og rekjanleika gagna varðandi umhverfismál og annast tölfræðilega úrvinnslu og framsetningu þeirra
- Margs konar skýrslugerð

**Hæfniskröfur**
- Efnaverkfræðingur eða efnafræðingur. Vélaverkfræðingur (tæknifræðingur) með sterkan efnafræðigrunn kemur einnig til greina
- Starfsreynsla æskileg
- Sterk öryggisvitund og snyrtimennska
- Færni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Frumkvæði, gagnrýnin hugsun og fagmennska
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Norðurál hefur einsett sér að vera í fremstu röð á sviði umhverfismála og viðkomandi einstaklingur þarf að hafa vilja og getu til að vinna ötullega að því markmiði.

**Umsóknarfrestur er til og með 8. desember n.k.**
Leggja skal inn umsókn á www.nordural.is.
Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.
Öllum umsóknum verður svarað.

Almennar upplýsingar um starfið veitir Borghildur K. Magnúsdóttir deildarstjóri ráðninga mannauðssviðs, borghildur@nordural.is. Sími 430 1000

**Jafnrétti**
Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli.

# Viltu taka þátt í að byggja upp nýtt fyrirtæki?

Nýsköpunarfyrirtæki á sviði iðnframleiðslu hefur undanfarin ár unnið að þróun og hönnun á framleiðsluvörum, einkum fyrir erlenda markaði. Hönnunin er langt komin og nú þarf að fara að útfæra hana og koma henni á framleiðslustig. Stefnt er að því að hefja framleiðslu á næsta ári og hefur fjármögnun verið tryggð.

Ef þú vilt slást í hópinn og taka þátt í að byggja upp nýtt fyrirtæki, vinna áhugaverði hönnun brautargengi og taka þátt í að þróa framtíðar framleiðsluvörur fyrirtækisins þá leitum við að fólki í neðangreind störf.

## Framleiðslustjóri

**Starfssvið:**
- Skipulagning framleiðslu
- Val og innkaup á framleiðslutækjum og áhöldum
- Færa vöru af hönnunarstigi yfir í framleiðslu
- Framleiðslustýring og verkskipulagning

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, svo sem verk- eða tæknifræði
- Reynsla af stjórnun
- Þekking og reynsla af framleiðslustýringu
- Þekking og reynsla af gæðastjórnun og –eftirliti
- Þekking og reynsla af notkun plastefna og trefjaplastframleiðslu er kostur
- Lipurð í mannlegum samskiptum, frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og hæfni til að vinna í og leiða teymi

## Hönnuður

**Starfssvið:**
- Útfærsla á grunnhönnun og hugmyndum
- Skapandi þátttaka í hönnun og þróun

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi, svo sem iðnhönnun, tækniteiknun eða verkfræði
- Þekking og víðtæk reynsla í notkun þrívíddarteikniforrita
- Reynsla af útfærslu á grunnhönnun og hugmyndum
- Lipurð í mannlegum samskiptum, frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og hæfni til að vinna í teymi

**Upplýsingar veitir:**
Kristín Guðmundsdóttir,
kristin@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 5. desember nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**



# Sérfræðingur í upplýsingatæknideild

## Norðurál óskar eftir að ráða í eftirfarandi stöðu sérfræðings í upplýsingatæknideild

Leitað er að metnaðarfullum og traustum einstaklingi sem hefur áhuga á margþættum og krefjandi verkefnum. Um nýtt framtíðarstarf er að ræða.

**Verksvið og ábyrgð**
- Þjónusta við notendur
- Umsjón með daglegum rekstri og tryggja uppitíma tölvukerfa
- Bilanagreining á hug- og vélbúnaði
- Tryggja öryggi gagna og gagnaafritunar
- Þátttaka í stefnumótun og innleiðingu á gæðakerfum

**Hæfniskröfur**
- Kerfisfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af notendaþjónustu nauðsynleg
- Þekking á Microsoft hugbúnaði nauðsynleg
- Reynsla af kerfisrekstri æskileg
- Þekking á Cisco, WMware, VMS, Linux góður kostur
- Sterk öryggisvitund og snyrtimennska
- Færni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Frumkvæði, gagnrýnin hugsun og fagmennska
- Góð íslensku- og enskukunnátta

**Umsóknarfrestur er til og með 8. desember n.k.**
Leggja skal inn umsókn á www.nordural.is
Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.
Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Emi Hilmarsson deildarstjóri upplýsingatæknideildar, emil@nordural.is.
Sími 430 1000

**Jafnrétti**
Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli.

NORÐURÁL Century ALUMINUM

*Hagsýni - Líðsheild - Heilindi*

Norðurál er eftirsóttur vinnustaður. Starfsmenn eru á sjötta hundrað talsins, verkefnin margvísleg og störfin fjölþætt. Hjá fyrirtækinu starfa m.a. verkfræðingar, tæknifræðingar, viðskiptafræðingar, sálfræðingar, efnafræðingar, eðlisfræðingar, líffræðingar, tölvunarfræðingar, iðnfræðingar, rafvirkjar, vélvirkjar og rafsuðumenn, auk ófaglærðra starfsmanna sem öðlast dýrmæta sérhæfingu við störf sín og nám hjá fyrirtækinu.

# STARFATORG.IS

## Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| **Nýtt** | | | |
| Úrvinnsla hagrænna upplýsinga | Þjóðskrá Íslands | Reykjavík | 201011/054 |
| Tölfræðigreining og líkanagerð | Þjóðskrá Íslands | Reykjavík | 201011/053 |
| Gæðastjóri | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201011/052 |
| Kerfisstjóri í tæknirekstri | Landspítali, tæknirekstur | Reykjavík | 201011/051 |
| Lektor | HÍ, heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201011/050 |
| Framhaldsskólakennari í eðlisfræði | Fjölbrautaskóli Suðurnesja | Reykjanesbær | 201011/049 |
| Starf á skiptiborði | Tryggingastofnun ríkisins | Reykjavík | 201011/048 |
| Iðjuþjálfi eða sjúkraþjálfari | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201011/047 |
| Læknir | Heilbrigðisst. Sauðárkróki | Sauðárkrókur | 201011/046 |

**Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is**

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

**Starfatorg.is**

# Ferðaþjónusta

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi til starfa á ferðaskrifstofu okkar við sölu og skipulagningu ferða fyrir erlenda ferðamenn um Ísland

Starfið felur m. a. í sér samskipti við erlenda viðskiptavini, öflun nýrra og samskipti við innlenda birgja.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Góðir sölu- og skipulagshæfileikar
- Öguð vinnubrögð og frumkvæði
- Gott vald á ensku og fleiri tungumálum
- Góð og almenn tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Hallgrímur Lárusson í síma 894 4424. Umsóknir sendist á halli@snaeland.is og er umsóknarfrestur til og með 3. desember n.k.

**SNÆLAND GRÍMSSON**
Langholtsvegi 115 · 104 Reykjavik · Iceland
Sími 588 8660 · www.snaeland.is

Snæland Grímsson ehf. er eitt af elstu ferðaþjónustufyrirtækum landsins og rekur öflugan flota af hópferðabílum auk þessa að reka eigin ferðaskrifstofu sem er sérhæfð í móttöku og skipulagningu ferða fyrir erlenda ferðamenn

www.pwc.com/is

# *Við stækkum og styrkjum hópinn*



**pwc**

## *PwC leitar eftir sérfræðingum í kerfis- og ferlagreiningu*

Kerfis- og ferlagreiningadeild PwC sinnir margvíslegri ráðgjöf og aðstoð við endurskoðun félaga, einkum á sviði kerfis- og ferlagreininga. Á þetta einna helst við eftirlitsferli í rekstri og aðstoð við mat á upplýsingaumhverfi félaga. Þetta er tækifæri til að starfa í krefjandi og spennandi umhverfi íslensks og alþjóðlegs viðskiptalífs, með þátttöku í fjölþjóðlegu samstarfi og möguleikum á hluta starfstímans ytra.

### *Hvaða kröfur gerum við?*

Við sækjumst eftir kraftmiklum einstaklingum, sem langar til að takast á við verðug og krefjandi verkefni. Viðkomandi sækist eftir því að læra enn meira, trúir því að framlag hans/hennar skipti máli og einblínir á lausnir fremur en vandamál.

### *Aðrar kröfur eru:*

- Háskólamenntun, helst á sviði viðskiptafræði og eða reikningsskila
- Geta sýnt frumkvæði í starfi
- Góð samstarfshæfni og vilji til að miðla öðrum
- Sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfni

### *Hvað bjóðum við?*

Við bjóðum þér áhugavert starf hjá alþjóðlegu fyrirtæki. Þú vinnur í krefjandi og margbreytilegum verkefnum með góðu fólki.

- Góðan starfsanda og tækifæri til að vaxa í starfi
- Fjölbreytt verkefni þar sem þitt frumkvæði nýtist
- Símenntun í alþjóðlegu og lærdómsríku umhverfi
- Sveigjanlegan vinnutíma

### *Umsóknir*

Umsóknir óskast sendar Þórunni Auðunsdóttur, mannauðsstjóra, fyrir 8. desember nk. á netfangið storf@pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki á sviði endurskoðunar, reikningsskila, fyrirtækja-, skatta- og lögfræðiráðgjafar. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegri keðju sem er sú stærsta á sínu sviði í heiminum. PwC hefur það að markmiði að tryggja óhæði og trúverðugleika í störfum sínum og veita ávallt bestu faglegu þjónustu sem völ er á. Aðgengi er tryggt að nýjungum og þróun í þjónustu með markvissu innra starfi, endurmenntun og þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Sterk staða fyrirtækisins byggist fyrst og fremst á afburða hæfileikum og reynslu starfsmanna. Mikið er lagt upp úr því að efla fólk í starfi og veita því brautargengi innan fyrirtækisins.

FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Verkefnisstjóri á Suðurnesjum

Félags- og tryggingamálaráðuneytið auglýsir eftir verkefnisstjóra í tímabundið verkefni á vegum velferðarvaktarinnar til að hafa umsjón með formlegu samstarfi til eflingar velferðar á Suðurnesjum í sveitarfélögunum Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ, Sveitarfélaginu Garði og Sveitarfélaginu Vogum. Verkefnisstjóri starfar með samstarfshópi um velferð á Suðurnesjum og vinnur sjálfstætt þau verk sem honum eru falin. Æskilegt er að verkefnisstjórinn sé búsettur á svæðinu.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
Menntun og starfsreynsla sem nýtist í starfi.
Sjálfstæði í vinnubrögðum.
Hæfni í mannlegum samskiptum.

**Helstu verkefni**
Þátttaka í stefnumótunarvinnu og gerð framkvæmdaáætlunar vegna eflingar velferðar á Suðurnesjum.
Kortlagning styrkleika og úrræða á starfssvæðinu.
Samstarf við sveitarfélög, stofnanir, aðila vinnumarkaðarins og félagasamtök um að efla úrræði svæðisins, samhæfa þau og auðvelda aðgengi íbúa að þeim.
Skipulagning fræðslu fyrir starfsmenn félagsþjónustu og aðra sem veita einstaklingum þjónustu á sviði velferðarmála.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingibjörg Broddadóttir, deildarstjóri í félags- og tryggingamálaráðuneyti með tölvupósti á netfangið ingibjorg.broddadottir@fel.stjr.is

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið. Um launakjör fer eftir kjarasamningum fjármálaráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins eða Félags starfsmanna Stjórnarráðsins.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast félags- og tryggingamálaráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík, eða á netfangið postur@fel.stjr.is eigi síðar en 15. desember nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

*Félags- og tryggingamálaráðuneytinu,*
*26. nóvember 2010.*

# Sjóvá óskar eftir að ráða sérfræðing til Áhættu- og greiningarsviðs félagsins

Við leitum að metnaðarfullum og kraftmiklum einstaklingi sem á auðvelt með að starfa sjálfstætt og takast á við krefjandi og fjölbreytt verkefni.

## Starfssvið:

- **Greining og mat á eignum og skuldbindingum**
- **Greining á rekstri, áhættu við vátryggingarekstur og fjárfestingavalkostum**
- **Gagnagrunnsvinnsla**
- **Framsetning og miðlun tölulegra upplýsinga**

## Hæfniskröfur:

- **Háskólamenntun á sviði verkfræði, hagfræði, stærðfræði eða sambærileg menntun**
- **Reynsla af greiningarverkefnum og/eða yfirgripsmikil þekking og reynsla af fjármálaútreikningum**
- **Sjálfstæð og öguð vinnubrögð ásamt hæfileikum til upplýsingamiðlunar**
- **Hæfni í mannlegum samskiptum**
- **Geta til að starfa sjálfstætt**

Nánari upplýsingar veita:
Elísabet Sverrisdóttir, elisabet@hagvangur.is
og Kristín Guðmundsdóttir, kristin@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.
Umsóknarfrestur er til og með 5. desember nk.

Hlutverk Sjóvá er að tryggja verðmætin í lífi fólks með áherslu á forvarnir. Boðið er upp á gott starfsumhverfi fyrir hæft starfsfólk, ásamt tækifæri fyrir hvern og einn til að eflast og þróast í starfi.

HAGVANGUR

SJÓVÁ

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 10-0467



# VELKOMIN HEIM

## FLUGFREYJUR I FLUGÞJÓNAR

Vegna aukinna umsvifa hjá Icelandair sumarið 2011 erum við stolt af því að geta fjölgað umtalsvert í hópi flugfreyja og flugþjóna okkar.

Við erum að leita að fólki sem býr yfir reynslu og þjálfun frá Icelandair og hefur kraft og metnað til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu félagsins. Um er að ræða tímabundin störf.

**NAUÐSYNLEGT ER AÐ UMSÆKJENDUR:**

- Hafi lokið nýliðaþjálfun flugfreyja/-þjóna hjá Icelandair.
- Hafi áður starfað sem flugfreyja/-þjónn hjá Icelandair í a.m.k. þrjá mánuði og séu með gild réttindi.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair **www.icelandair.is/umsokn** eigi síðar en 10. desember 2010. Fullur trúnaður ríkir um allar umsóknir.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA:**

- Anna Margrét Jónsdóttir, sími 50 50 324, annamj@icelandair.is
- Hópstjórar, sími 50 50 288, teamleaders@icelandair.is
- Kristín Björnsdóttir, sími 50 50 155, stina@icelandair.is

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

# Vilt þú vinna spennandi verkefni með okkur?

## Vegna aukinna verkefna leitum við að öflugum einstaklingum til að vinna með okkur

### Airworthiness Directives / Service Bulletins assessment staff

**Job description:**

Monitor issuance of Airworthiness Directives issued by country of Type Certificate registry for aircraft / engines and appliance. Review of Service Bulletins and instructions issued by manufacturers. Preparation of task cards and entry of data into Air Atlanta computer system and performance of other duties as required by Engineering department.

**Education and Qualifications:**

- Hold Aircraft Technician license or completed University degree in Engineering
- Excellent knowledge in English language, written and spoken.
- Good communication skills.
- Good general computer skills.
- Able to work independently.

### Structural repairs, assessment and review

**Job description:**

Review and assessment of structural repairs carried out on Air Atlanta aircraft. Preparation of task cards and entry of structural repairs data into Air Atlanta computer system. Follow-up on repetitive structural repairs and performance of other duties as required by Engineering department.

**Education and Qualifications:**

- Hold Aircraft Technician license or completed University degree in Engineering.
- Excellent knowledge in English language.
- Good communication skills.
- Good computer skills.
- Able to work independently.
- Good communication skills.

### Power plant Engineer

**Job description:**

Supervise, analyze and update data concerning aircraft power plants. Monitor and supervise power plant repairs and various other tasks that falls under the power plant department.

**Education and Qualifications:**

- Must hold an Aircraft Technician license or an Engineering degree.
- Extremely good English skills both verbal and writing.
- Independent, incentive and disciplined work methods.
- Good computer knowledge.
- Able to represent technical data.
- Good communication skills.

**Umsóknarfrestur er til 10. desember 2010 / Application received before December 10th 2010**

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda umsóknir á hr@atlanta.com / Applications only received by e-mail at hr@airatlanta.com

Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. / All applications will be answered and treated as confidential.

Air Atlanta Icelandic is one of the largest ACMI service provider in the world.
We offer tailor-made solutions to other carriers, both in the passenger and cargo industry.

AIR ATLANTA ICELANDIC

Hlíðarsmári 3 | 201 Kópavogur | Sími: 458 4000 | airatlanta.com

---

VERTO human resources

## Verto AS søker Serviceinnstilte og selvstendige håndverkere med fagbrev.

| | |
|---|---|
| **VVS** | **2 Stillinger** |
| **Tømrer** | **5 Stillinger** |
| **Elektriker** | **2 Stillinger** |
| **Murer/flislegger** | **1 Stilling** |
| **Maler** | **1 stilling** |

**Ønskede kvalifikasjoner:**
Evne til kommunikasjon med kunder og kolleger.
Positiv holdning.
Evne til å arbeide i "team".
Fagbrev/mesterbrev.
Førerkort.

**Vi kan tilby:**
Et godt arbeidsmiljø.
Spennende utvikling fremover.
Opplæring.
Gode arbeids- og lønnsbetingelser.

**Spørsmål og søknad vedrørende stillingen kan rettes til:**
Kristian Olsen på telefon 0047 9400 2909 eller på mail ko@verto.no

**Krav til kompetanse**
Sertifikat: Førerkort: Kl. B (personbil/varebil)
Fagbrev
Snakke nordisk språk

**Arbeidssted**
Ålesund

**Søknadsfrist**
1. jan 2011

**Hjemmeside**
www.verto.no

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

---

## STÓLALEIGA

SALON VEH óskar eftir sveinum og meisturum í stólaleigu.

Okkur langar til að bæta 3 sveinum eða meisturum í okkar góða hóp fagmanna. Ef þú gerir kröfur til sjálfs þíns og umhverfis um fagleg vinnubrögð, gleði í starfi og gott starfsumhverfi þá endilega láttu heyra frá þér.

Sendu okkur póst á hreidaram@gmail.com með símanúmeri og við höfum samband um leið. Eða hringdu í Simba eða Hreiðar í síma 568 7305

Húsi verslunarinnar
Kringlunni 7
568 7305
salon veh.is

REDKEN 5TH AVENUE NYC
SALON VEH REYKJAVÍK

## Tilkynningar

**Minningarsjóður Hjálmars R. Bárðarsonar og Else S. Bárðarson** auglýsir rannsóknastyrki í landgræðslu og skógrækt, með sérstakri áherslu á vistfræði lúpínu og landgræðsluskógrækt með lúpínu.
Til úthlutunar verða samtals 4 milljónir króna. Styrkirnir eru lausir til umsóknar frá og með 1. desember 2010 og umsóknum skal skilað eigi síðar en 10. janúar 2011.
Umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðum Landgræðslu ríkisins (land.is), Skógræktar ríkisins (skogur.is) og Skógræktarfélags Íslands (skog.is). Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í einu pappírseintaki og á tölvutæku formi (á geisladiski sem rtf, pdf eða word skjal). Ófullgerðum umsóknum verður vísað frá.
Umsóknum skal skila til: Landgræðslusjóðs, Skúlatúni 6, 105 Reykjavík. Skrifa skal skýrt á umslag: „Minningarsjóður Hjálmars R. Bárðarsonar og Else S. Bárðarson".

---

## Fasteignir

### 14959 – Rammasamningur um rekstrarráðgjöf

Ríkiskaup, fyrir hönd áskrifenda að rammasamningakerfi Ríkiskaupa á hverjum tíma, standa fyrir þessu útboði á rekstrarráðgjöf í eftirfarandi flokkum; 1. Stjórnun og stefnumótun, 2. Rekstrarráðgjöf um aðferðir, ferla, breytingar og uppbyggingu, 3. Ráðgjöf um starfsmannastjórnun og símenntun/endurmenntun og 4. Viðskipta- og stjórnunarráðgjöf. Um er að ræða endurútboð á rammasamningi sem hefur verið í gildi frá 1. febrúar 2010.

Ekki er ljóst hvaða magn verður keypt á grundvelli útboðs þessa, þar sem rammasamningar eru gerðir um tiltekna vöru- eða þjónustuflokka í tiltekinn tíma, án þess að magntölur séu þekktar.

Nánari lýsingu á umfangi útboðsins er að finna í kafla 2 í útboðslýsingu sem verður aðgengileg á vef Ríkskaupa (www.rikiskaup.is) í síðasta lagi miðvikudaginn 1. desember 2010. Sé óskað eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum, skal senda Ríkiskaupum skriflega fyrirspurn eigi síðar en 3. janúar 2011. Fyrirspurnin skal merkt: Útboðsfulltrúi Ríkiskaupa v/14959 Rekstrarráðgjöf (myndsendir: 530 1414 eða netfang: utbod@rikiskaup.is).

Skila skal tilboðum til Ríkiskaupa, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík þar sem þau verða opnuð þann 11. janúar 2011, kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

RÍKISKAUP
*Útboð skila árangri!*

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Akraneskaupstaður

# Útboð

Akraneskaupstaður óskar eftir tilboðum í verkið:
**ÍÞRÓTTAHÚSIÐ VESTURGÖTU**
**KLÆÐNING LÁGBYGGINGA**

Verkið felst í klæðningu útveggja lágbygginga íþróttahússins við Vesturgötu 130 á Akranesi ásamt endurnýjun glugga og hurða, múrviðgerðum, málun, smíði handriða, skjólveggja o.fl.

Helstu verkþættir og áætlað magn er:

| | | |
|---|---|---|
| Rif og förgun glugga og hurða | 100 | $m^2$ |
| Múrviðgerðir á flötum (filtun 2-5 mm) | 200 | $m^2$ |
| Múrviðgerðir á lausri ílögn | 60 | $m^2$ |
| Handrið, smíði og uppsetning | 37 | m |
| Gluggar | 11 | stk |
| Hurðastell | 8 | stk |
| Undirkerfi klæðningar | 700 | $m^2$ |
| MEG klæðning – slétt | 550 | $m^2$ |
| MEG klæðning – formuð | 150 | $m^2$ |
| Málun steyptra flata utanhúss | 200 | $m^2$ |

Útboðsgögn verða seld hjá Akraneskaupstað frá og með þriðjudeginum 30. nóvember 2010 á afgreiðslutíma frá kl. 9:30 til 15:00 (lokað í hádeginu) að Stillholti 14-16, á 5000 krónur hvert eintak.

Tilboðum skal skila á sama stað, þriðjudaginn 21. desember 2010, eigi síðar en kl. 14:00. Þar sem þau verða opnuð í viðurvist þeirra tilboðsgjafa sem þess óska.

**Framkvæmdastofa Akraneskaupstaðar**

## VÍNBÚÐIN AKUREYRI - VIÐBYGGING
## ÚTBOÐ NR. 14972

Framkvæmdasýsla ríkisins, fyrir hönd Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, óskar eftir tilboðum í framkvæmdir við verkið: **Vínbúðin Akureyri – viðbygging.**

Verkið felst í að byggja austan megin við núverandi hús ÁTVR að Hólabraut 16 á Akureyri. Um er að ræða viðbyggingu sem er 7 x 18,06 m eða 126,42 $m^2$ að grunnfleti og er á tveimur hæðum nema 44,5 $m^2$ vörumóttaka sem er án milliplötu. Byggingin verður staðsteypt með ísteyptum gluggum og flötu viðsnúnu þaki. Útveggir verði einangraðir að innanverðu og múrhúðaðir, innveggir múrhúðaðir. Í viðbyggingunni verður lager, tóbaksafgreiðsla, salerni og skápar fyrir starfsfólk, sem og skrifstofa verslunarstjóra. Lyfta verður í viðbyggingunni og gengur lyftuhús upp úr þaki og stálhringstigi kemur á milli hæða. Þar sem lager verður norðan megin er ekki steypt milliplata. Öll inntök verða endurnýjuð fyrir núverandi hús og viðbyggingu og verða inn í lagnarými á neðri hæð nýbyggingar. Gert er ráð fyrir að athafna svæði verktaka verði austan megin við Hólabraut 16 frá suður- og norðurgafli niður að Laxagötu. Planið austan megin við húsið er malbikað. Búið er að taka prufuholu við húsið og kom þá í ljós að dýpi niður á burðarhæft er 1,2 metrar. Útboðsmörk er miðuð við innbrún útveggs austan megin á núverandi húsi. Nýbyggingin verður um 710 $m^3$ og allt húsið þá 3.136 $m^3$ og 969 $m^2$

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Veggjamót | 645 $m^2$ |
| Plötumót | 185 $m^2$ |
| Bendistál | 10800 kg |
| Steinsteypa | 140 $m^3$ |
| Einangrun og pússning útveggja | 160 $m^2$ |
| Gifsveggir | 60 $m^2$ |
| Loftaklæðningar, niðurhengd loft | 34 $m^2$ |
| Málun inni | 545 $m^2$ |
| Gólfefni | 180 $m^2$ |
| Múrhúðun utanhúss | 190 $m^2$ |
| Viðsnúið þak | 161 $m^2$ |

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 1. júní 2011

Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á kr. 3.500 hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík frá og með þriðjudeginum 30. nóvember 2010. Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum 14. desember 2010 klukkan 14.00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

RÍKISKAUP
*Útboð skila árangri!*

# Þú missir af jólahlaðborðinu en gætir náð árshátíðinni

## Viðskiptastjóri

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi sem er vanur verkefnastjórnun og hefur gríðarlegan áhuga á auglýsingum og markaðsstarfi. Viðskiptastjóri þarf einnig að sinna markaðsráðgjöf, kynna og selja vinnu stofunnar og hugmyndir. Þeir einir koma til greina sem hafa mikla reynslu ásamt góðri og hagnýtri háskólamenntun.

## Grafískur hönnuður

Við leitum að grafískum hönnuði sem hefur metnað til að blómstra í krefjandi umhverfi. Hönnuðurinn þarf að teikna auglýsingar og prentefni af öllum stærðum og gerðum, taka þátt í hugmyndavinnu í góðum hópi skapandi fólks og leysa ýmis fjölbreytt verkefni sem verða til á stórri auglýsingastofu.

Garðastræti 37 | 101 Reykjavík | Sími 595 3600 | www.fiton.is

FÍTON

Umsjón með starfinu hefur Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. **Umsóknarfrestur er til og með 5. desember.**


**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli

Whole bode massage 841 8529.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

## Húsgagnaviðgerðir

Leysum málningu og bæs af gömlum húsgögnum, hurðum o. fl. S. 897 5484/3327.

## Heimilistæki

Útiarin (KAMINA) úr stáli eða potti óskat til kaups. Hafið samband við netfang geiriein@internet.is

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is**
**Hundaræktun með starfsleyfi.**
**S. 566 8417 Tökum visa/euro**



Yorkshire Terrier hvolpar til sölu. Örmerktir, bólusettir og ættbók Hrfí. Uppl. í s: 690 2661.



Tveim yndislegum kisum sárvantar heimili fyrir 1.des n.k. vegna ofnæmis. Katrín s. 617 8142.



Til sölu ættbókafærðar Ungverskar Vizslur. Frábærir veiðihundar og yndislegir fjölskylduhundar. Eru tilbúnir til afhendingar. Uppl. í síma 772 5350.



Þessi dásamlegi Golden rakki er að leita að góðu heimili. Ættb. frá HRFI,örm. og bólus. Tilb. til afh. Uppl. 692 4813.

Gullfallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091. 123.is/viking.

## Ýmislegt




Contour HD 1080P með háskerpu. Til á lager. Sjá nánar á www.procam.is , S. 533 2121

## Fyrir veiðimenn

Gæsabringur til sölu allt saman vacumpakkað. Uppl í S:6946054

## Hestamennska

FÁKUR

**Kompudagur verður haldinn í Reiðhöllinni laugardaginn 4.des.**

**Nú er um að gera að losa úr skápum og geymslu t.d. fatnað, reiðfatnað og reiðtygi, leirtau, bækur, listmuni og hvað annað sem hægt er að koma í verð. Borðapantanir og nánari upplýsingar í síma 696-8445.**

## Húsnæði í boði

STAY APARTMENTS

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 30.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM**
**Dags, viku og mánaðarleiga.**
**GISTIHÚSIÐ EGILSBORG sími 896 4661**



**Skrifstofuhúsnæði Tangarhöfða 7250 fermetrar**
Mjög glæsilegt skrifstofuhúsnæði á góðum stað. Efri hæð 250 m2 og möguleiki á 100-200 m2 lagerhúsnæði á neðri hæð. Næg bílastæði. 750 kr per m2. Fyrstu 6 mánuðir leigulausir. sími 893 5500

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**




**Vantar þig æfingarhúsnæði!**
Hringdu í síma 824 3001 eða 824 3002 hellirinn@tonaslod.is www.tonaslod.is

Herbergi til leigu í Álftamýri. Uppl. í S. 865 9637.

**4ra herb. íbúð til leigu**
Mjög góð 4.ra herb íbúð til leigu í Lundarbrekku Kópavogi. Laus fljótlega. Uppl. í s. 893 0561.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 50fm sumarhús á frábærum stað rétt hjá Hafravatni hjá Mosfellsbæ. 5-10mín frá bænum í 6 mánuði. Verð 70þús + rafmagn og hiti. Uppl. s. 899 4009.

Til leigu 3 herb. íb. m. húsgögnum í kóp, laus frá des og út feb, sanngjarnt verð uppl: olafur.kristinsson@ke-partners.com

Til leigu 3.herb íbúð í 101 rvk. uppl í síma 849 3230.

Til leigu 4.herb ibúð í 101 rvk. með frabæru útsýni yfir hafið. S. 849 3230.

**Húsnæði óskast strax**
Óskum eftir góðu 4 herb. húsnæði á höfuðborgarsvæðinu til langtímaleigu fyrir 10. des. nk. Erum mjög reglusöm fjölskylda, reykjum ekki og getum heitið öruggum greiðslum. Verðbil 120 þ. - 160 þ. Uppl. í s. 771 2002 eða 820 3515.

Til leigu 25 fm herbergi í efra Breiðholti með sér inngangi baðherb eldhúskrók leigist með eða án húsgagna uppl 8960036/8933263

Herb. miðb. rvk, húsg. fylgja. Verð 40 þús. S. 895 0482 eftir kl. 16.

Kósý 2.herb ris-íbúð í 105 til leigu frá 1.des-1.jún. S. 660 7799. Bjarni.

Til leigu 4 herb. íb. á álfhólsvegi í kóp sér hæð með góðum garði, hentar vel fjölskildum með hunda. Laus strax. Leiga 145þ.kr.á mán. uppl: 664 3354.

## Húsnæði óskast

Vantar 2ja herb. sómasamlega íbúð á Reykjavíkursvæðinu sem allra fyrst. Graiðsluvilji 90Þ. Reglusemi áskilin. Sími 821 5530.

Hjón með tvö börn óska eftir par-/raðhúsi/einbýli (200-250fm). Til leigu í 3-5 ár. Helst í Kópavogi eða Garðabæ. Reglusöm og reyklaus. S. 697 3073.

## Húsnæði til sölu

3 herb. íbúð til sölu í Laugarneshverfinu. Upplýsingar í síma 659 1170.


**LANDMARK**
**FASTEIGNASALA**

**...styrkir Skógræktarfélag Reykjavíkur!**

**Allir viðskiptavinir sem setja eign í sölu fram að jólum fá veglega gjöf fyrir alla fjölskylduna; Gjafabréf fyrir ógleymanlega stund í jólaskóginum í Heiðmörk, piparkökur, kakó, jólasveinar og ykkar eigið jólatré!**
***Hringdu núna í síma 512 4900!***



Skógræktarfélag Reykjavíkur


Rúnar Árnason
842 5886
runar@landmark.is


Sigurður Samúelsson
Löggiltur Fasteignasali
896 2312
sigurdur@landmark.is


Friðbert Bragason
820 6022
fridbert@landmark.is


Þórarinn Thorarensen
770 0309
th@landmark.is


Magnús Einarsson
Löggiltur Fasteignasali
897 8266
magnus@landmark.is

www.landmark.is - sími: 512 4900 - Bolholti 4

## Sumarbústaðir



**Stórt sumarhús til leigu í Grímsnesi!**
Heitur pottur og sauna. Gistiaðstaða fyrir allt að 10 manns. Helgarleiga á 75þ. Aukanótt 18þ. Laust næstu helgar og um jól og áramót. Uppl. í s. 898 1598.



**Til sölu 58 fm sumarhús í landi Búrfells Grímsnesi**
100 fm sólpallur og 5500 fm eignarlóð. Bein sala eða skipti á bíl eða hjólhýsi. Verð 14,9 Uppl. í s: 898 1598.

## Atvinnuhúsnæði

70fm húsnæði á Ártúnshöfða. ásamt 12fm milliloft. Stórar innkeyrsludyr, útiaðstaða. S. 568 1075 899 1075. eftir kl.18:00.

Til leigu 153,5 fermetra iðnaðar/lager húsnæði í Súðavogi, háar innkeyrslu dyr, millil. 62,5 ferm af h. ferm. Laus nú þegar.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Hjólhýsi,tjaldvagnar,fellihýsi, bílar, bátar, ofl Uppl. í s. 8243171 og 8986469

**Geymsluhús.is**
Innri Njarðvík, hjólhýsi,fellihýsi,tjaldvagnar,bílar ofl. ATH! Upphitað, gott verð!! Uppl, í síma 770-5144

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

## Bílskúr

25 fm. bílskúr með hita, á Háaleitisbraut til leigu. 25þús. á mán. án vatns. - sillah_6@hotmail.com

Bílskúr óskast til leigu í 2-3mán á höfborgsv. upplýsingar í s:659-0555/895-9490.

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.

Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.

Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Fjarðarbakarí Hafnarfirði**
**Óskar eftir starfsmönnum í verslun nú þegar. 2 störf í boði vinnutími 06-13 og 12-19. Starfslýsing: Afgreiðsla og skráning pantana. Viðkomandi þarf að vera jákvæður, stundvís og snyrtilegur.**
**Umsóknir sendist á sjofn@fjardarbakari.is**

Óska eftir samstarf og sölufólki á ýmsri vöru um allt land. Góðir tekjumöguleikar. Uppl. eggert@betrikaup.is

**Heimilisaðstoð í London.**
Íslensk-ensk fjölsk. í London óskar eftir aupair frá byrjun janúar til að lýta eftir tveimur börnum. 3 og 6 ára og hjálpa til við heimilisstörf. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í s. 664 0631.

V.P. Vélaverkstæðið ehf.

### Kópavogur
A P Varahlutir - Verslun ehf.
Allt mögulegt ehf.
Arinsmíði A-Ö - Jón Eldon Logason
Arnarljós
Ásborg sf.
Ásklif ehf.
Bakkabros ehf. - Tannsmíðaverkstæði
Bergnes ehf.
Bifreiðastillingin ehf.
Bílar og tjón ehf.
Bílaþvottastöðin Löður ehf.
Bílhúsið ehf.
Bílstál ehf.
Blikkform ehf.
Blikksmiðjan Vík ehf.
Bókun sf. Endurskoðun
Byggðaþjónustan, bókhald og ráðgjöf
Debenhams Smáralind
Digraneskirkja
Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands
Eignarhaldsfélagið Farice ehf.
Eyfeld ehf.
Fríkirkjan Kefas
Hefilverk ehf.
Hellur og garðar ehf.
Hilmar Bjarnason ehf., rafverktaki
Hjallakirkja
Ísfix ehf.
Íshúsið ehf.
Íslandsspil sf.
Járnsmiðja Óðins ehf.
Klukkan verslun
Kópavogsbær
Kópavogskirkja
Kríunes ehf.
Lakkskemman ehf.
Ljós og lausnir ehf. rafverktakar
Loft og raftæki ehf.
Lögmannsstofa SS ehf.
Lögmenn Bæjarhrauni 8
Marás vélar ehf.
Pottagaldrar Mannrækt í matargerð
Purgo ehf.
Púst ehf.
Rafbraut ehf.
Rafheimilið ehf.
Rafholt ehf
Rafmiðlun ehf.
Reynir bakari ehf.
Réttingaverkstæði Hjartar
Réttingaverkstæði Jóa ehf.
Ship Equip
Sjúkranuddstofa Silju
Sláttuvélamarkaðurinn Verklaginn ehf.
Smáréttingar ehf. - Réttingaþjónusta
Sportsól ehf.
Tannlækningastofa Þóris Gíslasonar
Vaki - Fiskeldiskerfi hf.
Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar sf.
Vestmann ehf. - Fjöltæknilausnir
Vídd ehf.
VSI Öryggishönnun og ráðgjöf ehf.
Ýmus ehf. heildverslun
Þorvar Hafsteinsson
Garðabær
Bergen group - Iðntækni hf.
Dýraspítalinn í Garðabæ

### Garðabær
Geislatækni ehf. - Laser-þjónustan
Hagráð ehf.
Hannes Arnórsson ehf.
Haraldur Böðvarsson & Co. ehf.
Hárgreiðslustofan Hótel Loftleiðir
Ísafoldarprentsmiðja ehf.
Latibær ehf.
Loftorka ehf.
Nýbarði Hjólbarðaverkstæði
Rafboði ehf.
Raftækniþjónusta Trausta ehf.
Samhentir-Kassagerð ehf.
Steinunn Bára Þorgilsdóttir
Tannlæknastofa Engilberts Snorrasonar
Teknís ehf.
Vefur ehf.
Würth á Íslandi ehf.
Öryggisgirðingar ehf.

### Hafnarfjörður
ABC leikföng
Barkasuða Guðmundar ehf.
Blikksmíði ehf.
Byggingafélagið Sandfell ehf.
Dalakofinn sf. - Firði
DS lausnir ehf.
Endurskoðun/reikningsskil ehf.
Fagfólk ehf. - Hársnyrtistofa
Fjarðarbakarí ehf.
Fjarðargrjót ehf.
Flúrlampar hf.
Fókus - Vel að merkja ehf.
Gamla Vínhúsið - A. Hansen
Hafnarfjarðarhöfn
Halldór Gíslason verktaki
Hjólasprettur ehf.
Hlaðbær Colas hf.
Hönnunarhúsið ehf.
Ís-rör ehf.
Kópavogsnesti
Lagnalausnir ehf.
Lagnameistarinn ehf.
Lögfræðimiðstöðin ehf.
Mjöll - Frygg
Nostra ræstingar ehf.
Pappír hf.
PON Pétur O. Nikulásson ehf.
Rafhitun ehf.
Rafrún ehf.
S.J. Trésmiðja ehf.
Skútan veislueldhús ehf.
Spírall, prentþjónusta ehf.
Stálorka ehf.
Stjörnusól
Söluferðir sf.
Tor ehf.
Tækni - Stál ehf
Útfararþjónusta Hafnarfjarðar
Varmaverk ehf.
Verkalýðsfélagið Hlíf
Vélsmiðja Guðmundar ehf.
Víðir og Alda ehf.
Vörumerking ehf.

### Keflavík
A. Óskarsson ehf.
Alex bíla-og gistihús við Leifstöð
Bergnet ehf.
Efnalaugin Vík
Grímsnes ehf.
Lögfræðistofa Suðurnesja ehf.
Nes Raf ehf.
Reiknistofa fiskmarkaða hf.
Reykjanesbær
RKÍ Suðurnesjadeild
S.B.K. ehf.
Samkaup hf.
Sigurjónsbakarí
Sjúkraþjálfunarstöðin Átak ehf.
Starfsmannafélag Suðurnesja
Útfararþjónusta Suðurnesja
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Vísir félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum

### Keflavíkurflugvöllur
Flugþjónustan, Keflavíkurflugvelli
Miðnesheiði ehf.
Suðurflug ehf. Bygging 787

### Grindavík
H.H. Rafverktakar
Hafsteinn Sæmundsson
Haustak ehf.
Silfell ehf.
Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur
Söluturninn Víkurbraut
Veiðafæraþjónustan ehf.
Þorbjörn hf.

### Sandgerði
Fiskmarkaður Suðurnesja hf.
Sjávarmál ehf.
Skinnfiskur ehf.

### Garður
Fiskverkunin Háteigur
Gunnar Hámundarson ehf.

### Njarðvík
Fitjavík ehf.
Fram foods Ísland hf.
Plexigler ehf
R.H. innréttingar ehf.
Rafverkstæði I.B. Ehf.
Renniverkstæði Jens Tómassonar ehf.
S.J. Hús ehf.
Sigurður Haraldsson ehf.
Trausti Már Traustason, múrarameistari
ÆCO ehf.

### Mosfellsbær
Blikksmiðjan Borg ehf.
Brunnlok ehf.
Garðplöntustöðin Gróandi
Hilmar Sigurðsson
Hlégarður - Veislugarður
Kaffihúsið Álafossi
Reykjabúið ehf.

### Akranes
Akranesdeild Rauða Kross Íslands
Bifreiðastöð Þ.Þ.Þ. ehf.
Galito Restaurant
GT tækni ehf.
Hreingerningaþjónusta Vals ehf.
Pípulagninga- þjónustan ehf.
Skagaverk ehf.
Spölur ehf.
Straumnes ehf., rafverktakar
Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónssonar ehf.
Viðskiptaþjónusta Akraness ehf.

### Borgarnes
Dýralæknaþjónusta Vesturlands ehf.
Eyja- og Miklaholtshreppur
Félagsbúið Mófellsstöðum sf.
Gæðakokkar ehf.
Jörvi ehf. vinnuvélar
Landnámssetur Íslands
Ræktunarstöðin Lágafelli
Sigur-garðar sf.
Skorradalshreppur
Trésmiðja Pálma
Víngerðin ehf
Þjónustumiðstöðin Húsafelli ehf.

### Stykkishólmur
Bílaverkstæðið Dekk og smur ehf.
Ferðaþjónustan Krákuvör
Heimahornið ehf.
Narfeyri ehf.
Rannsóknarnefnd sjóslysa
Sæfell ehf.
Þórsnes hf.

### Grundarfjörður
Áningin Kverná
Hjálmar hf.
Hótel Framnes

### Ólafsvík
Fiskiðjan Bylgja hf.
Fiskmarkaður Íslands hf.
Steinunn hf.
Tölvuverk bókhaldsþjónusta slf.

### Hellissandur
Breiðavík ehf.
Ingibjörg ehf.
Nesver hf.
Nónvarða ehf.
Sjávariðjan Rifi hf.

### Ísafjörður
BK bílasprautun og réttingar ehf.
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Hamraborg ehf.
Kampi ehf.
KNH ehf.
Skipsbækur ehf.
Stál og Hnífur ehf.
Tréver sf.
Tækniþjónusta Vestfjarða ehf.
Verkalýðsfélag Vestfirðinga

### Bolungarvík
Fiskmarkaður Bolungarv.og Suðureyrar ehf.
Jakob Valgeir ehf.
Sérleyfisferðir
Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur
Vélvirkinn sf.

### Flateyri
Sytra ehf.

### Patreksfjörður
Eyfaraf ehf.
Flakkarinn
Ingvi Óskar Bjarnason
Matmaður ehf.
Nanna ehf.

### Tálknafjörður
Bókhaldsstofan Tálknafirði
Gistiheimilið Bjarmalandi ehf.
Þórsberg ehf.

### Þingeyri
Brautin sf.
Tengill sf.

### Árneshreppur
Hótel Djúpavík ehf.

### Hvammstangi
Brauð- og kökugerðin hf.
Húnaþing vestra
Kidka ehf.
Skrúðvangur ehf.
Veiðifélag Arnarvatnsheiðar og Tvídægru

### Blönduós
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda
Stéttarfélagið Samstaða

### Skagaströnd
Kvenfélagið Hekla
Marska ehf.
Sjávarlíftæknisetrið BioPol ehf.
Vík ehf.

### Sauðárkrókur
Bókhaldsþjónusta K.O.M. ehf.
Fisk - Seafood hf.
Hlíðarkaup ehf.
Ingimundur Guðjónsson ehf.
Króksverk ehf.
Sjúkraþjálfun Sigurveigar
Starfsmannafélag Skagafjarðar
Stoð ehf. - verkfræðistofa
Trésmiðjan Ýr
Útgerðarfélagið Sæfari ehf.
Vörumiðlun ehf.

### Varmahlíð
Akrahreppur - Skagafirði
Hótel Varmahlíð
Langamýri fræðslusetur
Stefánssynir ehf.

### Hofsós
Grafarós ehf.

### Siglufjörður
Allinn ehf. - Sportbar

### Akureyri
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins hf.
Bláa Kannan ehf.
Bókend ehf.
Bónusskór - Skóhúsið
BR Tannlæknar slf.
Bæjarverk hf.
Dekkjahöllin
Dragi ehf.
Eining Iðja
Ekill ehf
Fjöl-Umboð ehf.
Gistiheimilið Syðri Haga
Gúmmívinnslan ehf.
Halldór Ólafsson, Úr og skartgripir
Hlíð ehf.
Hnýfill ehf.
Index tannsmíðaverkstæði ehf.
Ísgát ehf.
J.M.J. herrafataverslun
Kælismiðjan Frost ehf.
Malbikun KM
Medulla ehf.
Netkerfi og tölvur ehf.
Rafeyri ehf.
Raftákn ehf.
Samherji hf.
Slippurinn Akureyri ehf.
Sveitahótelið ehf.
Tannlæknastofa Ragnheiðar Hansdóttur
Trésmiðjan Fjölnir hf.
Trétak hf.
Vélfag ehf.
Vélsmiðjan Ásverk ehf.
Þekking hf.
Ösp, trésmiðja sf.
Grenivík
Darri ehf.
Jói ehf.

### Dalvík
Gistihúsið Skeið
Kussungur ehf.
Niels Jónsson ehf.
Tréverk hf.
Vaxið - Brauðgerð ehf.
Vélvirki ehf.

### Hrísey
Hvatastaðir ehf. Eingrunarstöð Gæludýra Hrísey

### Húsavík
Fjallasýn - Rúnars Óskarssonar ehf.
Höfðavélar ehf.
Kiðagil ehf.
Uggi ehf.
Víkursmíði ehf.

### Laugar
Norðurpóll ehf.
Þingeyjarsveit

### Reykjahlíð
Eldá ehf.
Ferðaþjónusta bænda, Skútustöðum II
Hlíð ferðaþjónusta
Mývatnsmarkaður ehf.
Mývetningur Íþrótta-og ungmennafélag

### Kópasker
Búðin Kópaskeri ehf.
Rifós hf.

### Raufarhöfn
Önundur ehf.

### Þórshöfn
Geir ehf.
Trésmiðjan Brú
Svalbarðskirkja

### Bakkafjörður
Skeggjastaðakirkja

### Vopnafjörður
Háahraun ehf.
Vopnafjarðarhreppur

### Egilsstaðir
Birkitré sf.
Bílamálun Egilsstöðum ehf.
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf.
Bólholt ehf.
Egilsstaðakirkja
Gistihúsið Egilsstöðum
Hrossaræktarbúið Eiðum
Miðás hf.
Sólskógar ehf.
Verkfræðistofa Austurlands hf.
Verslunin Skógar ehf.
Vísindagarðurinn ehf.

### Seyðisfjörður
Seyðisfjarðarkaupstaður

### Reyðarfjörður
Fjarðabyggð
Skólaskrifstofa Austurlands
Tærgesen ehf.

### Eskifjörður
Fjarðaþrif ehf.

### Neskaupstaður
Árni Sveinbjörnsson

### Fáskrúðsfirði
Loðnuvinnslan hf.

### Breiðdalsvík
Hótel Bláfell ehf.

### Djúpivogur
Berufjarðarkirkja

### Höfn
Ferðaþjónusta Brunnavöllum
Ís og ævintýri ehf.
Króm og hvítt ehf.
Mikael ehf.
Skinney - Þinganes hf.
Sveitarfélagið Hornafjörður
Vélsmiðjan Foss ehf.

### Selfoss
Baldvin og Þorvaldur ehf. - Söðlasmíðaverkstæði
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf.
Bjarnabúð
Búhnykkur ef.
Dýralæknaþjónusta Suðurlands ehf
Esekiel ehf.
Flóahreppur
Gistiheimilið Gilbrún
Grímsnes & Grafningshreppur
Kvenfélag Gaulverjabæjarhreppi
Kvenfélag Grímsneshrepps
Lögmenn Árborg ehf.
Pylsuvagninn ehf.
Renniverkstæði Björns Jenssen
Skálholtsstaður
Slitlag ehf.
Stokkar og steinar
Verslunin Íris, Kjarnanum

### Hveragerði
Hamrar hf. - Plastiðnaður
Heilsustofnun N.L.F.Í.
Hofland-setrið ehf.
Hótel Örk - Örkin veitingar
Ökukennsla Eyvindar

### Þorlákshöfn
Bæjarbókasafn Ölfus
Fiskmark ehf.
Frostfiskur ehf.
Sveitarfélagið Ölfus
Þorlákshafnarkirkja

### Stokkseyri
Durinn ehf.
Flóð og fjara ehf.

### Flúðir
Fögrusteinar ehf.

### Hella
Ás - Hestaferðir
Fannberg ehf.
Kvenfélag Oddakirkju
Pakkhúsið ehf. Byggingavöruversl.
Sólfugl ehf.
Varahlutaverslun Björns Jóhannssonar

### Hvolsvöllur
Búaðföng/bu.is ehf.
Vörubílstjórafélagið Fylkir

### Vík
Mýrdalshreppur
Mýrdælingur ehf.

### Kirkjubæjarklaustur
Hótel Laki
RKÍ Klausturdeild

### Vestmannaeyjar
Áhaldaleigan ehf.
Bakstur og veisla ehf.
Bessi ehf.
Eyjablikk ehf.
Gallerí Prýði - Ramin ehf.
Ísfélag Vestmannaeyja hf.
Reynistaður ehf.
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf.
Vinnslustöðin hf.
Vöruval ehf.

# KitchenAid® JÓLATILBOÐ




Hrærivélarnar fást í mörgum litum!
**Verð frá kr. 79.990**






Öllum KitchenAid® hrærivélum fylgir vandað gjafasett að verðmæti 15.000 kr. ásamt hveitibraut og matreiðslubók á íslensku.

KitchenAid®
FOR THE WAY IT'S MADE.®

# ALLT FYRIR ELDHÚSIÐ



aida
daily design

*AIDA matarstell, hnífar og glös – góð vara á frábæru verði.*



Silit







ibili

*IBILI pottar og pönnur á allar gerðir hellna í miklu úrvali.*

SEVERIN

*SEVERIN smáraftæki í miklu úrvali. Töfrasprotar, kaffivélar, blandarar, brauðvélar, flóunarkönnur, poppvélar, raklette grill og fleira og fleira.*

KitchenAid

*SILIT og KitchenAid eldhúsáhöld, hágæða áhöld í miklu úrvali.*

*Lítið við og skoðið úrvalið*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

FRAMHALD AF SÍÐU 46

legir karlmenn setjast á svona litla hesta.“

**Skutu á Vilborgu**

*Nýlega fékk Vigdís Finnbogadóttir verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu, auk þess sem reggísveitin Hjálmar og Möguleikhúsið fengu sérstakar viðurkenningar. Hverjir ættu helst skilið slík verðlaun sem ekki enn hafa fengið þau?*

**Brynja:** „Áður en verðlaunin voru veitt vorum við nokkur að giska á hver hlyti þau í ár og flestir spáðu því að Vilborg Dagbjartsdóttir yrði heiðruð.“

**Einar:** „Já, hún væri nú aldeilis vel að þessum verðlaunum komin. Eins og Vigdís, sem er og hefur verið mikilvægur málsvari þess að fólk rækti tunguna. Það koma mörg hundruð nöfn upp í hugann á fólki sem á verðlaunin skilið. Ég er líka ánægður með Hjálma. Kannski er þetta klisja, en mér finnst ferlega hallærislegt hversu margir Íslendingar sækja í að syngja á ensku, þegar það blasir alls ekki við að tónlist þeirra nái til fleiri en annarra Íslendinga.“

**Brynja:** „Það hefur líka sýnt sig að tónlist þeirra sem syngja á íslensku lifir miklu lengur. Tökum til dæmis Spilverkið, Stuðmenn, Sálina og berum saman við Jet Black Joe. Það er augljóst hvort lifir lengur.“

**Einar:** „Ég heyrði lag sem heitir Leiðin heim í útvarpinu um daginn, rosa fínt lag og ég var mjög ánægður með að einhverjir væru að syngja á íslensku. Svo kom í ljós að lagið var með hljómsveitinni Lights on the Highway! Hvers vegna heita þeir ekki íslensku nafni fyrst þeir syngja á íslensku? Það er miklu skemmtilegra.“

**Brynja:** „Dikta, vinsælasta hljómsveitin í dag, syngur á ensku. Ég er dálítið vantrúuð á að eftir fimmtán ár verði þjóðin enn syngjandi lagið Thank you sérstaklega mikið. Hefur þú samið dægurlagatexta?“

**Einar:** „Nei. Ég hef aldrei kunnað að búa til texta með rími, stuðlum og slíku. Menn þurfa að æfa sig lengi til að ná valdi á því og helst að hafa drukkið inn með móðurmjólkinni. Og úr því ég kann það ekki, þá reyni ég það ekki.“

**Óheppilegt nafn**

*Í vikunni bárust fréttir af því að breski tenórinn Paul Potts, sem tróður upp með Björgvini Halldórssyni og fleirum í Laugardalshöll í byrjun september, gerði ekki miklar kröfur um aðbúnað baksviðs á tónleikum sínum. Helsta krafa hans er sú að tveir kaldir íslenskir bjórar séu tilbúnir þegar hann stígur niður af sviðinu. Hefðuð þið uppi einhverjar sérstakar kröfur, væruð þið í aðstöðu til slíks?*

**Brynja:** „Voðalega er hann óheppinn með nafn þessi maður.“

**Einar:** „Já. Ég held að hann hafi tekið þetta nafn upp.“

**Brynja:** „Það er með ólíkindum. Þetta er svipað og að taka upp nafnið Hitler eða Göbbels.“

**Einar:** „Ég heyrði af því að þegar Bob Dylan kom til landsins gerði hann kröfur um Budweiser-bjór í glerflöskum með löngum stúti og þúsund önnur smáatriði, en í raun og veru séu listamennirnir sjálfir ekkert að biðja um þetta. Hins vegar sé alltaf búið þannig um hnútana að hægt sé að saka gestgjafana um samningsbrot, bara til öryggis. KK vinur minn bað alltaf um gin og tónik og sitthvað fleira á tónleikum, þangað til hann fór í meðferð. Eftir það varð leslampi fyrir ofan rúmið á hótelinu eina skilyrðið. Það finnst mér svolítið flott.“

**Brynja:** „Ég held að það sé lítið um svona prímadonnur hér á Íslandi. En ef ég þyrfti að biðja um eitthvað yrði það örugglega eitthvað absúrd. Kannski þúsund helíumblöðrur sem ég gæti svo skemmt mér við að sjúga loftið úr.“

**Einar:** „Ég hef bara aldrei hugsað út í þetta. Svona er maður nú barnalegur í sér.“



**THANK YOU** Brynja og Einar myndu kjósa að fleiri íslenskir tónlistarmenn semdu íslenska texta.


IH ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR

# Fastar innréttingar til sölu

Vegna endurbóta á Hótel Loftleiðum þarf að fjarlægja úr kjallara og 1. hæð ýmsar fastar innréttingar sem ekki verða notaðar áfram.

Í kjallara er um að ræða salerni, handlaugar, sturtur, salernisskilrúm, spegla og innihurðir.

**Á 1. hæð er um að ræða:**

**Lobby** Innritunarborð, tölvuborð og bókahillur.
**Lónið** Glerveggur, móttökuborð og bar.
**Víkingasalur** Felliveggir (4 stk, hæð um 2,4 m og lengd samtals um 20 m), bar og fatahengi

Þriðjudaginn 30. nóvember n.k. milli kl. 10-11 verður ofangreint sýnt á staðnum og um leið tekið á móti tilboðum fram til kl. 11.

Taka verður niður innréttingarnar og fjarlægja þær þann 3. janúar n.k.

Allar nánari upplýsingar veitir hótelstjóri.
Veffang: solborg@icehotels.is

# Við styðjum Vilhjálm Þorsteinsson til stjórnlagaþings!



2325

Skynsamur og vandaður fulltrúi þjóðarinnar

**Aðalsteinn Leifsson** lektor, Reykjavík
**Anna Lilja Jóhönnudóttir** háskólanemi, Kópavogi
**Bergþóra Birgisdóttir** þjónustufulltrúi, Djúpavogi
**Birgir Hermannsson** aðjúnkt, Reykjavík
**Bjarni Geir Alfreðsson** veitingamaður, Reykjavík
**Björgvin Ingi Ólafsson** háskólanemi, Evanston, Bandaríkjunum
**Björgvin Valur Guðmundsson** leiðbeinandi, Stöðvarfirði
**Flosi Eiríksson** viðskiptafræðingur, Kópavogi
**Gísli Hauksson** hagfræðingur, Reykjavík
**Gísli Sigurðsson** prófessor, Reykjavík
**Guðrún Jóna Jónsdóttir** tölvunarfræðingur, Reykjavík
**Gunnar Tryggvason** verkfræðingur, Reykjavík
**Halldór Guðmundsson** rithöfundur, Reykjavík
**Halldór Friðrik Þorsteinsson** forstjóri, Reykjavík
**Heiða Hauksdóttir** hjúkrunarfræðingur, Akureyri
**Herdís Björk Brynjarsdóttir** háskólanemi, Dalvík
**Hilmar Veigar Pétursson** framkvæmdastjóri, Kópavogi
**Hlédís Sveinsdóttir** athafnakona, Fossi, Snæfellsbæ
**Hlynur Þór Magnússo**n blaðamaður, Reykhólahreppi
**Hrafnhildur Hafberg** menntaskólakennari, Ísafirði
**Hreinn Sigmarsson** búfræðingur, Reykjavík
**Hulda Kristín Magnúsdóttir** hönnuður, Reykjavík
**Ína Björk Hannesdóttir** viðskiptafræðingur, Reykjavík
**Ingibjörg Jóhannsdóttir** skólastjóri Myndlistarskólans í Reykjavík
**Ingibjörg Stefánsdóttir** jógakennari, Reykjavík
**Jón Steinsson** hagfræðingur, New York
**Jónas Björgvin Antonsson** framkvæmdastjóri, Kópavogi
**Karl Th. Birgisson** ritstjóri, Reykjavík
**Katrín Atladóttir** tölvunarfræðingur og bloggari, Reykjavík
**Kristín Pétursdóttir** forstjóri, Hafnarfirði
**Kristján Björn Þórðarson** myndlistarmaður, Reykjavík
**Lúðvíg A. Halldórsson** fv. skólastjóri, Stykkishólmi
**Pétur Gunnarsson** blaðamaður, Reykjavík
**Ragnheiður Jóna Jónsdóttir** kennari og athafnakona, Kópavogi
**Salvör Jónsdóttir** skipulagsfræðingur, Reykjavík
**Sigríður Olgeirsdóttir** framkvæmdastjóri, Kópavogi
**Svanhildur Sigurðardóttir** skrifstofustjóri, Reykjavík
**Sveinn Andri Sveinsson** viðskiptafræðingur, Garðabæ
**Þórður Kristjánsson** kerfisfræðingur, Reykjavík
**Þorbjörn Pálsson** fasteignasali, Kópavogi
**Þorgerður Ólafsdóttir** galleristi, Reykjavík
**Þorlákur Axel Jónsson** menntaskólakennari, Akureyri
**Þuríður Ottesen** framkvæmdastjóri, Reykjavík
**Örn Karlsson** skógarbóndi, Sandhóli v/Kirkjubæjarklaustur








**BARIST Á BANASPJÓTUM** Ungir, breskir karlmenn í hljómsveitum á borð við Bítlana, Rolling Stones, Wham!, Duran Duran, Blur og Oasis höfðu ótrúlegustu áhrif á ungmenni víða um heim. Ísland var engin undantekning.

# Töffarar og skoppandi asnar

Hér áður fyrr höfðu ungir breskir tónlistarmenn gjarnan þau áhrif á íslensk ungmenni að þau sáu sig knúin til að skipta sér í flokka eftir því hvaða hljómsveitum þau fylgdu að málum. *Kjartan Guðmundsson* rifjaði upp þrjú slík tilfelli með aðdáendum **Bítlanna** og **Rolling Stones** á sjöunda áratugnum, **Wham!** og **Duran Duran** á þeim níunda og **Blur** og **Oasis** á þeim tíunda.




## BÍTLARNIR GEGN ROLLING STONES

Margir vilja ganga svo langt að halda því fram að val fólks milli Rolling Stones og Bítlanna sé grundvallarspurning í menningarsögunni og hafa heilu bækurnar verið skrifaðar um málið, enda um tvær af allra vinsælustu hljómsveitum mannkynssögunnar að ræða. Snemma var dregin upp mynd af sveitunum tveimur sem fullkomnum andstæðum, að Bítlarnir væru hreinu og stroknu mömmustrákarnir en meðlimir Stones væru eins langt frá draumatengdasonum og unnt væri. Fjölmiðlar, umboðsmenn og útgáfufyrirtæki voru þó að mestu leyti ábyrg fyrir staðalímyndunum, enda voru meðlimir Bítlanna og Rolling Stones flestir vinir eða kunningjar þegar sviðsljósinu sleppti.

Lemmy, forvígismaður rokksveitarinnar Motörhead, gaf lítið fyrir þennan algenga samanburð í ævisögu sinni, þar sem segir meðal annars: „Bítlarnir voru harðir naglar. Brian Epstein [umboðsmaður Bítlanna] hreinsaði þá fyrir fjöldann, en þeir voru alls engar gungur … Rolling Stones voru stelpustrákarnir. Þeir voru allir menntaskólanemar frá útjaðri London. Þeir fluttu inn í borgina til að svelta en það var þeirra eigin val, til að virðast óvirðulegri.“

FRAMHALD Á SÍÐU 62

### AUÐVELDARA AÐ LÆRA BÍTLALÖGIN



Lísa Pálsdóttir útvarpskona varð strax hrifin af Bítlunum þegar hún heyrði fyrst í þeim sem tíu ára gamall nemandi í Melaskóla. „Ég hafði aðeins fylgst með Presley og ámóta rokkurum, en þegar Bítlarnir komu tóku bara allir andköf. Þetta var ótrúlegt. Ástæðan fyrir því að ég hélt strax meira upp á Bítlana en Rolling Stones gæti verið sú að það var auðveldara að læra að syngja Bítlalögin. Þau lærði ég strax og söng auðvitað eftir eyranu því ég kunni enga ensku að ráði, ég man til dæmis að ég söng alltaf „Can't Bobby Love“ í staðinn fyrir „Can't Buy Me Love“ og vorkenndi þessum Bobby sem gat ekki elskað ógurlega. Stónstextarnir voru flóknari og Jagger söng ekki jafn skýra laglínu og Lennon og McCartney. Ég man líka að flestum töffarastrákanna þóttu Bítlarnir vera algjörir kettlingar, enda er Stones meira strákaband. Mig grunar þó að flestir hafi þeir verið Bítlaaðdáendur undir niðri, þótt þeir hafi ekki látið það í ljós á sínum tíma,“ segir Lísa.

**LÆRÐI TEXTANA EFTIR EYRANU** Lísu Pálsdóttur útvarpskonu grunar að flestir aðdáendur Rolling Stones hafi líka kunnað að meta Bítlana undir niðri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### ROLLINGARNIR Í VOGUNUM



**GOT LIVE** Arnar Sigurbjörnsson tónlistarmaður hreifst af töffaraskapnum hjá Stones. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þegar ég heyrði fyrst í Rolling Stones árið 1964 bjó ég í Vogunum. Inni á Sunnutorgi og í Álfheimunum var strákagengi sem ég var í og við kölluðum okkur Rollingana. Á þessum tíma var maður annaðhvort Stones eða Beatles, það var bara þannig, og við fylgdum Stones að málum,“ segir Arnar Sigurbjörnsson tónlistarmaður, sem hefur meðal annars leikið á gítar og í hljómsveitunum Flowers og Brimkló.

Arnar segir Stones hafa verið meiri töffara en Bítlana og það hafi leikið stórt hlutverk í aðdáun hans á hljómsveitinni. „Sumir vina minna hölluðust að Bítlunum og ég minnist þess nú ekki að ríkt hafi mikið hatur milli þessara tveggja hópa. Menn voru jú að rífa kjaft og deila um hvor sveitin væri betri, Stones-mönnum þótti kannski flott að drekka Jim Beam fyrir allra augum meðan Bítlaaðdáendurnir voru meira að fela þetta. Alveg eins og hljómsveitirnar sjálfar. Bítlarnir voru í einkennisbúningum en Stones voru meira fyrir að láta allt flakka,“ segir Arnar og hlær, en á þessum tíma var hann meðlimur í aðdáendaklúbbi Stones og fékk þannig sendar plötur og varning tengdan hljómsveitinni frá Bretlandi. Árið 1965 fór hann á tónleika með Stones í Royal Albert Hall í London, sem voru hljóðritaðir og síðar gefnir út á plötunni Got Live If You Want It. Alls hefur hann séð sveitina fimm sinnum á tónleikum og hefur hug á að bæta einum í viðbót við á næsta ári, enda harður Stones-maður enn þann dag í dag.

# Skemmtilegasta úrvalið og betri kaup



VERÐ FRÁ 4.899
Disney Prinsessukastalar og hús
dúkka ofl. fylgir




3.199
Littlest Pet Shop
þemapakkar, margar tegundir



4.999
Monster High
dúkkur ásamt fylghlutum



7.899
Polly Pocket
2 hæða hús, dúkka og húsgögn fylgja




4.399
Playskool
stór bíll með hljóðum




2.199
Play-Doh
föndursett, inniheldur leir, föndurspjöld og liti



5.299
Fisher Price
ungbarnadúkkur



4.998
Toy Story
Woody á hesti



3.599
Matchbox
stórir bílar



6.399
Iron Man
stór fígúra með aukahlutum



2.999
Fisher Price
flugvélar með fígúrum



14.999
Nerf Vulcan
stærsta píluvarpan




VERÐ FRÁ 4.799
Star Wars
farartæki af öllum stærðum og gerðum




1.998
Bayblade
snúningstoppar




4.499
Spider-Man slímturn
slím og 2 fígúrur fylgja




5.899
Bakugan Bakumorph
stórt, breytanlegt vélmenni

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

FRAMHALD AF SÍÐU 60





# WHAM! GEGN DURAN DURAN

Á hápunkti nýrómantíkurinnar í popptónlistinni, um miðjan níunda áratuginn, börðust Wham! og Duran Duran um vinsældir ungmenna víða um Evrópu og var sú rimma afar merkjanleg hér á landi. Segja má að baráttan hafi náð ákveðnu hámarki hér á landi í byrjun árs 1985 þegar einu lagi Duran Duran, sem náð hafði efsta sæti á vinsældalista Rásar 2, var kippt út af listanum af umsjónarmönnum hans vegna gruns um að staðið hefði verið fyrir kosningasmölun á Duran Duran-hátíð, en margar slíkar voru haldnar á skemmtistaðnum Traffic við Laugaveg. Fluttar voru fréttir af málinu í sjónvarpi og útvarpi og blöðin fylltust af lesendabréfum þar sem aðdáendur sveitanna lýstu ýmist ánægju eða gremju sinni með gang mála.

Þá heyrðust af því sögur að slagsmál brytust reglulega út milli þessara tveggja aðdáendahópa í grunnskólum landsins, en ekki voru fluttar sérstakar fréttir af slíkum atvikum. Simon LeBon, söngvari Duran Duran, grínaðist eitt sinn með það í viðtali að þegar keppnisskúta hans sökk og hann drukknaði næstum því árið 1985 hefði sést til kafbáts merktum Wham! í nágrenninu.

## DREYMDI DAGDRAUMA UM GEORGE



**FYRSTA ÁSTIN** Ólafíu Erlu Svansdóttur þóttu meðlimir Duran Duran helst til villtir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„George Michael var fyrsta ástin mín og í langan tíma gengu dagdraumar mínir út á að hann myndi banka á dyrnar á blokkaríbúðinni sem ég bjó í í Breiðholtinu, í þröngum stuttbuxum, og taka mig með sér," segir Ólafía Erla Svansdóttir bókaútgefandi, sem heyrði fyrst í Wham! sjö ára gömul og gerðist strax mikill aðdáandi, eða allt þar til níundi áratugurinn og flest sem honum fylgdi hætti að vera töff í hennar augum. „Það gerðist reyndar áður en níundi áratugurinn var liðinn. George Michael var til dæmis kominn í „næntís"-tísku strax árið 1987. Seinna fór ég svo að blása rykið af gömlu plötunum og finnst þær frábærar í dag," segir Ólafía.

Hún man vel eftir þeim ríg sem ríkti milli aðdáenda Wham! og Duran Duran en segir þá síðarnefndu hafa verið mun fleiri talsins, að minnsta kosti í Breiðholtinu. „Ég hlustaði aldrei á Duran Duran. Mér fannst þeir ekki beint hallærislegir, en þeir voru líklega aðeins of villtir. Ég man til dæmis eftir myndbandinu við lagið Wild Boys, sem mér þótti full ruddalegt. Á sama tíma þótti mjög halló og stelpulegt að halda með Wham!, eins og sagt var í þá daga, og ég man ekki eftir mörgum strákum sem gerðu það. En ég man að á flesta veggi hafði verið tússað „Wham! best" eða „Duran best" og þá laumaðist maður stundum til að breyta því í „Duran vest," segir Ólafía og skellir upp úr, en hún minnist þess meðal annars að hafa átt fjöldann allan af plakötum og í það minnsta eitt pennaveski sem merkt var dúettinum frá Watford í Englandi. „Eldri systir mín hélt með Wham! til að byrja með en skipti svo yfir í Duran og ég hef aldrei litið hana sömu augum síðan," bætir hún við.

## WHAM-LIÐIÐ HNAKKAR ÞESS TÍMA




**WHAM Í MINNIHLUTA** Þórarinn Þórarinsson blaðamaður lýsir tónlist Wham sem glaðlyndu og innantómu rusli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Duran Duran var bara svo góð hljómsveit. Þeir voru allir ferlega sætir og flottir og lögin svakalega góð. Og svo voru þeir auðvitað ljósárum á undan öllum öðrum í myndbandagerð, algjörir brautryðjendur þar. Wham! var hins vegar ömurleg. Líklega er rétt að taka fram að George Michael sannaði sig síðar sem frábær tónlistarmaður, en þarna um miðjan níunda áratuginn voru þetta bara sólbrúnir og skoppandi asnar, syngjandi eitthvert glaðlynt, innantómt rusl. Manni fannst Wham-liðið frekar heimskt, ætli það hafi ekki verið hnakkar þess tíma, og dæmigert fyrir þennan háværa minnihluta sem er alltaf með uppsteyt," segir Þórarinn Þórarinsson blaðamaður, sem hefur verið harður aðdáandi fimmmenninganna frá Birmingham síðan í gagnfræðaskóla og varð því ekki lítið ánægður þegar honum bauðst að taka símaviðtal við söngvarann Simon Le Bon í undanfara þess að sveitin hélt tónleika í Egilshöllinni árið 2005. „Ég á ennþá upptökuna af viðtalinu. Simon byrjaði á að spyrja „Hello, is this Þórarinn Þórarinsson?," og ég játti því. Þá sagði hann „What a fantastic name! I'm just plain old boring Simon LeBon!" Út frá tilfinningalegu sjónarmiði er þetta líklega hápunkturinn á mínum blaðamannaferli."

Þórarinn keypti þýsku tímaritin Bravo og Pop Rocky, sem uppfull voru af fréttum og myndum af Duran Duran, í hverri viku og eyddi ómældum fjárhæðum í Duran-tengdan varning í versluninni Hjá Hirti á Laugaveginum. „Ég man sérstaklega vel eftir því þegar umsjónarmenn vinsældalista Rásar 2 hentu Duran-laginu Save a Prayer út af listanum vegna gruns um að aðdáendur hefðu staðið fyrir kosningasmölun. Þá urðum við mörg alveg brjáluð og hötuðum Ásgeir Tómasson út af lífinu. Svo má ekki gleyma því þegar Duran flutti titillagið í Bond-myndinni A View to a Kill. Þar sameinuðust tvö stór áhugamál mín og á ákveðinn hátt var þetta hápunktur níunda áratugarins að mínu mati. Á þessum tíma var ég í klíku með nokkrum strákum og stelpum, þar á meðal æskuástinni minni sem síðar varð eiginkona mín og enn síðar fyrrverandi eiginkona. Hún var harður Duran-aðdáandi, en umpólaðist svo og gerðist Whamari, hóf að ganga með Wham!-barmmerki og annað sem á stóð „I hate Duran Duran". Þetta var rosalega erfitt, í fullri alvöru, en við tókumst á við þetta með því að snúa þessu upp í grín," segir Þórarinn.





# BLUR GEGN OASIS

Öfugt við vinsældabaráttu Bítlanna og Rolling Stones og Wham! og Duran Duran tóku sjálfir meðlimir Britpopp-sveitanna Blur og Oasis virkan þátt í stríði heilögu stríði þeirra um miðjan tíunda áratuginn. Móðganirnar flugu manna á milli í viðtölum og var hvergi gefið eftir, enda sveitirnar meðvitaðar um að ágreiningur og umfjöllun selur plötur. Hámarki náði baráttan þegar gefnar voru út smáskífur með Blur og Oasis sama daginn síðsumars 1995. Ætlaði þá allt um koll að keyra í fjölmiðlum og aðdáendur rifu plöturnar út úr hillum plötubúða til að freista þess að tryggja „sinni" hljómsveit brautargengi. Blur reyndist sigursælli í þeirri orrustu, en áhöld eru um hvor sveitanna hafi unnið stríðið.

Í breskum fjölmiðlum var vinsælt að líkja rígnum milli Blur og Oasis og aðdáenda þeirra við hefðbundið landfræðilegt stéttastríð, þar sem Oasis voru fulltrúar verkamannastéttarinnar norðan megin landsins, en Blur talsmenn millistéttarinnar að sunnan.

## BLUR-LIÐAR SKYNSAMARI EN OASIS-MENN



**EITILHARÐUR BLUR-MAÐUR** „Í ljósi sögunnar er auðvitað augljóst að Blur var þúsund sinnum betra band," segir Ágúst Bogason. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég held að baráttan á milli Blur og Oasis hafi verið ákveðið millistig í þessum málum. Mig grunar að hér áður fyrr hafi þetta verið meira afgerandi hjá aðdáendum, annaðhvort varstu Stónsari eða Bítill. En eins og ég upplifði þetta sem unglingur var allt í lagi að hlusta á bæði böndin. En núna gæti ég trúað að þetta fyrirbæri sé nánast liðið undir lok, að fólk skipti sér í hópa eftir uppáhaldshljómsveitunum sínum," segir útvarpsmaðurinn Ágúst Bogason. „En í ljósi sögunnar er auðvitað augljóst að Blur var þúsund sinnum betra band," bætir hann við.

Ágúst gengst fúslega við að hafa orðið eitilharður Blur-maður fljótlega eftir útkomu plötunnar Parklife árið 1994. „Þegar einhver úr fjölskyldunni fór til útlanda kom ekkert annað til greina en að keyptir yrðu handa mér geisladiskar, plaköt, dagatöl og hvaðeina með myndum af Blur á. Ég og vinur minn gerðumst líka áskrifendur að enska tónlistarblaðinu Melody Maker til að hafa greiðan aðgang að nýjustu fréttum um hetjurnar okkar. Þegar Damon Albarn fór að venja komur sínar hingað til lands var vinur minn svo lánsamur að hitta hann á röltinu niðri í bæ, labbaði með honum hálfan Laugaveginn og þeir spjölluðu heillengi saman. Svo hittust þeir aftur nokkrum dögum síðar og heilsuðust þá eins og aldagamlir vinir. Ég viðurkenni alveg að þá varð ég örlítið öfundsjúkur," segir Ágúst. „Vinkonur okkar héngu líka klukkustundum saman í anddyrinu á Hótel Sögu til að freista þess að hitta goðið, og ein þeirra skrifaði meira að segja langt og ítarlegt ástarbréf til Graham Coxon, gítarleikara Blur, í þeirri von að Damon myndi selflytja það yfir hafið."

Ágúst rámar í að hafa brugðið í brún þegar platan Parklife með Blur var útnefnd besta plata ársins 1994 á Brit-verðlaunahátíðinni, en þá stakk Damon Albarn upp á því að verðlaununum yrði deilt með Oasis. „Þá hélt ég að þessar hljómsveitir hefðu slíðrað sverðin, en svo las ég skömmu síðar viðtal við Noel Gallagher þar sem hann óskaði þess að Damon myndi smitast af alnæmi og deyja. Þarna sást vel hversu mikil harka var hlaupin í stríðið milli sveitanna og styrkti mig líka í þeirri trú að meðlimir Blur væru mun skynsamari menn en kollegar þeirra að norðan."

## HEFNDI MÍN Á DAMON ALBARN




**NORÐANMAÐUR** „Oasis vann stríðið, enda valtaði hljómsveitin yfir Blur í vinsældum," segir Davíð Magnússon tónlistarmaður.

Davíð Magnússon, tónlistarmaður og auglýsingaframleiðandi, sem nú býr og starfar í Toronto í Kanada, er mikill aðdáandi Manchester-hljómsveitarinnar Oasis, sem barðist hatrammlega um vinsældir við kollega sína frá Suður-Englandi í Blur um miðjan tíunda áratuginn. Hámarki náði stríðið milli sveitanna sumarið 1995 þegar gefnar voru út smáskífur með Oasis og Blur á sama deginum, og þurfti Roll with It, smáskífa Oasis, að lúta í lægra haldi fyrir Country House þeirra Blur-liða á breska vinsældalistanum þá vikuna. „Blur vann þá orrustu en Oasis vann stríðið enda valtaði hún yfir Blur í vinsældum síðar meir. Það viðurkennir jafnvel sjálfur Damon Albarn í dag," segir Davíð.

„Ég hafði verið í danshljómsveitinni Bubbleflies í nokkurn tíma þegar ég heyrði fyrstu plötu Oasis, Definitely Maybe, árið 1994 og fannst rokkið lifna við á ný að ákveðnu leyti með þeirri plötu. Mér fannst Blur reyndar líka ágætis hljómsveit, en Damon Albarn fór í taugarnar á mér og ég náði að hefna mín á honum," segir Davíð og skellir upp úr. „Þannig var að þegar Damon Albarn kom í fyrsta skipti til Íslands endaði hann í partíi heima hjá mér fyrsta kvöldið. Mig grunar að hann hafi hálfpartinn flúið til Íslands til að losna við allt þetta vesen í kringum stríð Blur og Oasis, en það fyrsta sem hann sá þegar hann gekk inn í íbúðina mína var risastórt plakat af Oasis í stofunni. Það kom smá svipur á hann en hann var ekkert að erfa þetta við mig," segir Davíð, sem hefur tvisvar séð Oasis á tónleikum og hlustar enn mikið á plötur sveitarinnar.

# Välj.

Eða **veldu** eins og sagt er á íslensku. Nýtt samstarf SAS og Icelandair þýðir að núna áttu möguleika á að velja á milli miklu fleiri áfangastaða en áður.
Við bjóðum nú uppá þann möguleika að bóka flug til Evrópu og lengra á frábæru verði á **www.flysas.is**

Berlín
München
Hamborg
Varsjá
Zürich
Mílanó
Vilníus

Ósló
Kaupmannahöfn
Stokkhólmur
Helsinki
Gautaborg
Stafangur
Þrándheimur

Bergen
London
París
Frankfurt
Peking
Tokyo
Bangkok

**Ávallt með SAS**
Engin dulin gjöld - innritun án endurgjalds - sætabókun án endurgjalds
Farangursheimild án endurgjalds - EuroBonus-punktar - 25% barnaafsláttur

**flysas.is**

ICELANDAIR

SAS
Scandinavian Airlines

A STAR ALLIANCE MEMBER




# Frábær tilboð í öllum verslunum!

## INTERSPORT

Opið virka daga til 19:00
og um helgar til 18:00

**20% AF ÖLLUM BARNAFATNAÐI**



## KRÓNAN

Opið alla daga til kl. 20:00

### KYNNINGAR OG TILBOÐ

*Grand it. pestó með ólífum*
**Tilboð: 95** kr./pk. Verð áður: 189

*Göteborgs piparkökur, hjarta*
**Tilboð: 398** kr./pk. Verð áður: 498

*Kjörís Fjörís - KYNNING*
**Tilboð: 489** kr./stk. Verð áður: 698

*Jólaostakaka m/skógarberjum - KYNNING*
**Tilboð: 860** kr./stk

*Bounty Zewa eldhúsrúllur*
**Tilboð: 398** kr./pk. Verð áður: 498

*Ariel Regular, 45 þvottar*
**Tilboð: 2.698** kr./pk. Verð áður: 3.145

*KEA hangiframpartur, sagaður m/beini*
**Tilboð: 958** kr./kg. Verð áður: 1.198

**Stútfullar verslanir af frábærum tilboðum!**



*Krónu Bayonneskinka*
**Tilboð: 679** kr./kg
Verð áður: 799

## ELKO

Opið virka daga til 19:00
og um helgar 18:00




1 stk. á mann

**3.333**

LOGIK
**L2GMP309**. MP3 spilari, 2GB með USB tengi og skjá.

KÖNIG
**HCPL30**. Mjúkur og þægilegur nuddkoddi sem eykur blóðflæði. Er með 6 mismunandi nuddkerfi og lagar sig vel að líkamanum.

**2.995**



1TB

**12.995**

iomega
**IOMEGA1TBSEL**. Utanáliggjandi harður diskur. Frábær til að taka afrit af tölvu eða flytja gögn milli tölva. Tengdur með USB 2.0. Tilvalinn til að taka með sér.



**6.666**

Logitech 1 stk. á mann
**LTS1251**. Hátalari með iPod tengikví og mini jack inntengi.




**2.495**

STEINDINN OKKAR



**995**

HQ
**HQAT10**. Alkóhólmælir á lyklakippu sem sýnir strax með ljósum ef magn alkóhóls er yfir akstursmörkum. Ekki klikka á þessu.

EXPO • www.expo.is



Laugardagur 27. nóv. 2010
FRÁBÆR TILBOÐ
NÓVEMBER
FESTIVAL
LINDUM KÓPAVOGI
Í DAG, LAUGARDAG
30% afsláttur
Kjörís Fjörís kynning í dag
Karamellu
Súkkulaði
Ösku
Saltlakkrískurl
FJÖRÍS
Vanillu
FJÖRÍS
Steindi áritar í ELKO kl 14:00
Kaffikynning í ELKO kl. 14 - 16
Dolce Gusto, það er málið!





## FRAMLÖG UNICEF EFTIR HEIMSHLUTUM




**Upphæð 769 milljónir dollara, andvirði um 88,281 milljarðar íslenskra króna**

**UMSVIFAMIKIÐ STARF** UNICEF starfar um heim allan en starfið er umsvifamest í Afríku sunnan Sahara og í Asíu. Myndirnar sýna aðsetur stúlkubarns við tjaldbúðir í Pakistan sem urðu til í kjölfar flóða í ánni Sukkur og Stefán Inga Stefánsson í heimsókn í Síerra Leóne en þar styrkir UNICEF á Íslandi ýmis verkefni. Kortið sýnir hvernig framlög UNICEF skiptast eftir heimshlutum.

# Heimsforeldrar skipta máli

Venjulegt fólk sem styrkir Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna gerir börnum heimsins kleift að lifa og búa við betri aðstæður. *Sigríður Björg Tómasdóttir* ræddi við **Stefán Inga Stefánsson** framkvæmdastjóra um hvernig grín getur komið þeim til hjálpar.

Langtíma sjónarmið í þróunarstarfi eru mjög mikilvæg og það er ánægjulegt að segja frá því að þó að alltaf megi gera betur þá hefur okkur í UNICEF orðið ágengt síðustu áratugi,“ segir Stefán Ingi Stefánsson framkvæmdastjóri Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF á Íslandi.

„Sem dæmi má nefna að börnum sem deyja fyrir fimm ára aldur dag hvern hefur fækkað úr 34.000 í 24.000 síðan 1990. Talan er vissulega há en það er ánægjulegt að hún hefur lækkað þrátt fyrir fjölgun í heiminum,“ segir Stefán sem tekur á móti blaðamanni í miklu annríki vegna söfnunardags UNICEF í tilefni af Degi rauða nefsins sem haldinn verður hér á landi næsta föstudag.

### Upphæð að eigin vali

Tilgangur dagsins er að hvetja fólk til að gerast svokallaðir heimsforeldrar UNICEF. „Heimsforeldrar styrkja UNICEF mánaðarlega og velja sjálfir hve mikið þeir styrkja samtökin, það getur verið á bilinu frá 1.000 krónum og upp úr. Þetta er framlag sem skiptir gríðarlegu máli því venjulegt fólk, heimsforeldrarnir, eru okkar helstu styrktaraðilar. Peningarnir sem þeir leggja til fara í almenn og víðtæk verkefni UNICEF sem tengjast lífsafkomu og þroska, menntun, vernd gegn ofbeldi, baráttu við HIV-smit og fleira. Heimsforeldrar eru ekki að styrkja eitt ákveðið barn heldur mætti segja að þeir séu að styrkja öll börnin í heiminum sem þurfa á stuðningi að halda,“ segir Stefán og bendir á að margt smátt geri eitt stórt. Með einföldum aðgerðum sé til að mynda hægt að draga verulega úr barnadauða. „Mörg af börnunum sem deyja fyrir fimm ára aldur deyja af orsökum sem hægt er auðveldlega að koma í veg fyrir, öndunarfærasýkingum, malaríu, mislingum svo dæmi séu tekin.“

> „Mörg af börnunum sem deyja fyrir fimm ára aldur deyja af orsökum sem hægt er auðveldlega að koma í veg fyrir.

UNICEF hefur svokölluð þúsaldarmarkmið að leiðarljósi en þau eru sjö talsins: að draga úr fátækt og hungri, að tryggja grunnmenntun fyrir börn, að styðja jafnrétti og styrkja konur, að draga úr barnadauða, að bæta heilsu mæðra, að berjast gegn alnæmi og öðrum sjúkdómum og að styðja sjálfbæra þróun. Stefán segir að í öllum markmiðum þokist í rétta átt. „Það er alveg klárt að þróunarstarf skilar miklu, að minnsta kosti í þessu tilviki. Þróunarstarf sætir stundum gagnrýni en það er óhætt að rýna í tölurnar hjá UNICEF, meirihlutinn fer beint til hjálparstarfsins.“

### Langaði að vinna að betri heimi

Stefán Ingi hefur verið framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi síðan landsnefndin tók til starfa árið 2003. Hann var líka í hópnum sem vann að undirbúningi stofnunarinnar. „Mig langaði alltaf til þess að vinna fyrir Sameinuðu þjóðirnar og sérstaklega þá UNICEF, ég hef alltaf haft þá trú að við ættum öll að vinna saman að því að gera heiminn betri. Það var svo í árslok 2002 sem sú hugmynd kviknaði hjá hópi fólks að hafa landsnefnd hér á landi og við fengum mikinn stuðning við þá hugmynd frá UNICEF,“ segir Stefán Ingi en bætir við að jólakort Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna hafi þó verið til sölu í fjölmörg ár og ýmsir sjálfboðaliðar komið að sölu þeirra, til dæmis Félag háskólakvenna og fleiri.

Samræður um sjálfboðaliða leiða okkur að tali um rauða nefið, fjáröflun UNICEF sem nær hápunkti næsta föstudagskvöld.

„Rauða nefið á sér sögu og hefð á Bretlandi, þar vildu grínarar leggja sitt af mörkum eftir að tónlistarmenn höfðu staðið fyrir Live Aid-tónleikunum. Hér á landi var Dagur rauða nefsins fyrst haldinn árið 2006, í annað sinn í fyrra og er nú haldinn í þriðja sinn. Við erum þakklát grínurum þessa lands sem leggja sitt af mörkum til að safna fé fyrir UNICEF,“ segir Stefán Ingi sem hvetur fólk til að taka þátt í deginum og aðdraganda hans.

## RAUTT NEF Í ÞRIÐJA SINN

Á Íslandi verður Dagur rauða nefsins haldinn í þriðja sinn föstudaginn 3. desember 2010 næstkomandi. Þann dag verður söfnunarþáttur í opinni dagskrá Stöðvar 2 þar sem grínistar láta ljós sitt skína í þeim tilgangi að safna fé fyrir bágstödd börn um allan heim.

Það verður mikið um grín, glens og spaug í aðdraganda Dags rauða nefsins. Þá verður kímni og hlátri beitt til að koma alvarlegum skilaboðum á framfæri, vekja athygli á bágbornum aðstæðum barna víða um heim og safna fé til verkefna UNICEF fyrir börn sem eiga um sárt að binda.

UNICEF hvetur alla til að gerast heimsforeldrar, kaupa stóru rauðu nefin og safna áheitum. Bylgjan mun hita upp og þá geta vinnustaðir, fyrirtæki og stofnanir tekið þátt í almennu fjöri, glensi og gríni. Hægt er að nálgast alls kyns fjáröflunarhugmyndir, grín og glens fyrir einstaklinga og fyrirtæki á síðunni www.rauttnef.is.

Hugmyndin að Degi rauða nefsins kemur frá bresku góðgerðasamtökunum Comic Relief, sem héldu hinn fyrsta Dag rauða nefsins árið 1988 í þeim tilgangi að safna fé til þurfandi barna í Afríku. Síðan hefur Dagur rauða nefsins verið haldinn annað hvert ár og hefur hann nú fest sig í sessi sem einn af stærstu góðgerðaviðburðum Bretlands.

### Rauð styrktarnef til sölu og lag í tilefni dagsins

Rauðu trúðanefin sem seld eru á 700 krónur til styrktar verkefnum UNICEF eru komin í verslanir.

Lag Retro Stefson, Rauða nefið, var samið sérstaklega fyrir átakið.



**GRÍN ER ALVARA** Jón Gnarr borgarstjóri setti upp rauða nefið á borgarstjórnarfundi á dögunum þegar nefin voru sett í sölu.

SETTU ÞITT KYNNINGAREFNI INN Í FRÉTTABLAÐIÐ



Notaðu mest lesna blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina. Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendi á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

93% landsmanna hafa aðgang að Fréttablaðinu.

Kannaðu dreifileiðir í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Fjölpóstur með Fréttablaðinu skilar árangri!



# Jólasprengja

# 40% afsláttur

## af ÖLLU jólaskrauti og seríum



Gildir aðeins 27. og 28. nóvember

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Einfalt og girnilegt

Íslenska kokkalandsliðið hefur staðið í stórræðum undanfarið. Í vikunni sem leið keppti landsliðið á HM í matreiðslu og gekk afar vel. Fyrir kalda borðið hlaut það silfurverðlaun, fyrir heita matinn gull en þegar á heildina var litið lenti liðið í sjöunda sæti. Landsliðið gaf sömuleiðis nýverið út matreiðslubókina **Einfalt með kokkalandsliðinu** og *Fréttablaðið* birtir hér nokkrar uppskriftir úr henni, skreyttar ljósmyndum Árna Torfasonar ljósmyndara.



## LAMBASKANKAR Í RAUÐVÍNSSÓSU

1. 4 lambaskankar (leggir)
2. 500 ml rauðvín
3. 2 laukar
4. 100 g grænmeti (t.d. gulrætur, rófur, sellerí eða hvað sem er)

**Í eldhúsinu:**
olía
kraftur (t.d. kjötkraftur)
salt og pipar

*Hitum ofninn í 165 gráður. Hitum olíuna í víðum þykkbotna potti sem þolir að fara í bakarofn. Kryddum skankana vel með salti og pipar og brúnum þá á öllum hliðum. Skerum nú laukana í sneiðar og dreifum þeim á milli skankanna. Hellum rauðvíni yfir. Kryddum til með salti, pipar og krafti, hitum allt upp að suðumarki, leggjum þá lok yfir og setjum í ofninn. Látum réttinn malla í 2,5 klukkutíma. Bætum grænmeti saman við og steikjum í 15-20 mínútur í viðbót. Smökkum soðið og bragðbætum með pipar og salti eftir þörfum. Berum kjötið fram með lauk, grænmeti og soði. Ofnbakaðar kartöflur eða kartöflustappa bragðbætt með hvítlauk fara mjög vel með þessu.*

***Það er gott að nota ítalskt krydd í þennan rétt, til dæmis lárviðarlauf, basil eða rósmarín. Lambaskankar eru enn betri ef maður setur þá í 10% saltlög í tólf klukkutíma og svo ferskt vatn í tólf klukkutíma áður en þeir eru eldaðir. – Þeir verða bragðmeiri og mýkri fyrir vikið.***



## STÖKKT FRANSKBRAUÐ

1. 600 g hveiti
2. 25 g pressuger (eða þurrger)

**Í eldhúsinu:**
250 ml vatn við stofuhita
1 tsk. salt

*Leysum gerið upp í hluta af volga vatninu og hrærum svo hveiti og afganginum af vatninu saman við. Hnoðum deigið í 5-10 mínútur, látum það svo hefast í tvær klukkustundir. Bökum við 220 gráður í 10 mínútur, lækkum ofninn í 180 gráður og bökum áfram í 15-20 mínútur eða þar til brauðið er fallega brúnt og stökkt.*

***Ef við gerum bollur úr deiginu bökum við það áfram í 7-10 mínútur í stað 15-20 mínútna.***

## REYKÝSUPLOKKFISKUR MEÐ BLAÐLAUK

1. 600 g reykt ýsuflök (roð- og beinlaus)
2. 400 g kartöflur
3. 1 peli matreiðslurjómi
4. 1 blaðlaukur

**Í eldhúsinu:**
100 g smjör
salt og pipar

*Sjóðum kartöflurnar. Skerum blaðlaukinn langsum og skolum hann undir köldu vatni. Skerum laukinn svo í bita og ýsuna í litla kubba. Setjum smjör í pott og eldum blaðlaukinn við vægan hita í um fimm mínútur eða þar til hann er orðinn mjúkur í gegn. Bætum svo fiski og rjóma út í pottinn. Þegar fiskurinn er tilbúinn, eftir um 10 mínútur, tökum við kartöflurnar heitar úr pottinum og stöppum þær saman við fiskinn. Bragðbætum með salti og pipar.*

***Í staðinn fyrir rjóma má nota sojarjóma, með honum verður rétturinn léttari og enn hollari. Notaðu það grænmeti sem þú átt til að bæta í réttinn með blaðlauknum, til dæmis papriku, gulrót eða rófu.***





## HINDBERJA- OG FERSKJUDÚETT

1. 500 g frosnar ferskjur
2. 100 g frosin hindber
3. 500 ml jógúrt eða skyr (helst hreint)
4. agave-síróp

**Í eldhúsinu:**
120 ml mjólk

*Blöndum saman ferskjum, sírópi, 375 g af jógúrt og 100 ml af mjólk í blandara og hellum blöndunni í fjögur glös. Setjum svo hindberin og afganginn af mjólk og jógúrt (eða skyri) í blandarann og setjum hræruna í glösin ofan á ferskjublönduna.*

## ■ AÐEINS FJÖGUR HRÁEFNI




Lykilatriði í matreiðslubók kokkalandsliðsins er að í hvern rétt þarf aðeins fjögur hráefni, sem gerir matseldina skapandi og innkaupin sáraeinföld. Þar fyrir utan er gert ráð fyrir að notandinn eigi nokkur grunnhráefni; salt, pipar, hveiti, sykur, olíu, kraft, smjör og mjólk. Góð ráð til að breyta og bæta réttina fylgja svo flestum réttum. Matarritstjórn var í höndum Bjarna G. Kristinssonar og Fritz M. Jörgenssonar en ljósmyndir og umbrot á könnu Árna Torfasonar.

## BLÓMKÁLSSÚPA MEÐ BLÓMKÁLSKURLI

1. 1½ blómkálshaus
2. 400 ml rjómi
3. 400 ml nýmjólk
4. safi úr hálfri sítrónu

**Í eldhúsinu:**
kraftur (t.d. kjúklingakraftur)
salt

*Skerum heila blómkálshausinn í bita og setjum í pott með mjólk og rjóma. Látum allt sjóða þar til kálið verður mjúkt undir tönn. Maukum súpuna í blandara og setjum maukið svo aftur út í pottinn til að þykkja súpuna. Notum salt, kraft og sítrónusafa til að laða bragðið fram. Rífum svo hálfa blómkálshausinn með grófu rifjárni og myndum þannig kurlið sem við sáldrum yfir súpuna. Berum fram með grófu brauði og smjöri.*



markhonnun.is

# netto
*gleðjumst saman um jólin*




SVÍNAHRYGGUR
M/PURU

999 kr/kg
áður 1.298 kr/kg

## *Jólin nálgast*

HANGILÆRI
ÚRBEINAÐ

30% afsláttur



2.099 kr/kg
áður 2.998 kr/kg
KJÖTSEL

HANGIFRAMPARTUR
ÚRBEINAÐUR

30% afsláttur



1.399 kr/kg
áður 1.998 kr/kg
KJÖTSEL

HAMBORGARHRYGGUR

31% afsláttur



898 kr/kg
áður 1.298 kr/kg
KJÖTSEL

INNBAKAÐUR LAX
750 G

25% afsláttur



1.349 kr/pk.
áður 1.798 kr/pk.

GRÍSAKÓTELETTUR
GRÍSASNITSEL
FERSKT




40% afsláttur

1.229 kr/kg
áður 2.049 kr/kg

GRÍSAGÚLLAS
FERSKT




32% afsláttur

1.399 kr/kg
áður 2.049 kr/kg

HANGILÆRI
Á BEINI



25% afsláttur

1.499 kr/kg
áður 1.998 kr/kg
KJARNAFÆÐI

SAFARÍK MANGÓ
Í LAUSU

50% afsláttur



249 kr/kg
áður 498 kr/kg

LÝSISPERLUR ÓMEGA 3 + D
500 MG




999 kr/pk.
NÝ VARA!

ARIEL SENSITIVE
800 G




499 kr/pk.
LÆKKAÐ VERÐ!

SÚKKULAÐIDAGATÖL
ÝMSAR TEG.




199 kr/stk.
FRÁBÆRT VERÐ!

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

**Tilboðin gilda 27. - 28. nóvember**
eða meðan birgðir endast

# Flakkað á milli borga

**MYNDBROT ÚR DEGI | Fimmtudagurinn 26. nóvember | Canon EOS 1**

Tónlistarmaðurinn **Ólafur Arnalds** hefur verið á tónleikaferðalagi um Evrópu undanfarnar vikur. Fréttablaðið fylgir honum eftir dag einn í bænum Hasselt í Belgíu þar sem tæknimenn, tónlistarfólk og tattúveraðir aðdáendur koma við sögu.



**1** Ég vakna yfirleitt um hádegið, fæ mér morgunkaffi á meðan ég kíki á e-mailin mín, svara viðtölum og byrja að spá í kvöldið.



**2** Þegar ég er kominn á stjá er tæknifólkið þegar byrjað að stilla upp sviðinu. Hér er ég með tæknimönnunum mínum: Stuart, Nico og Terence, sem voru á fullu við uppsetninguna.



**3** Þessar undurfögru stúlkur mynda þrjá-fjórðu af strengjakvartettinum. Þær Laura, Margrét og Eva slaka hér á fyrir tónleikana.



**4** Tónleikarnir í kvöld voru í þessum flotta sal í Hasselt í Belgíu. Bæði hljóð og ljós voru upp á sitt besta, hér má sjá ‚showið' okkar í fullum skrúða. Myndböndum er varpað á baktjaldið til að skapa umhverfi



**5** Eftir tónleikana hitti ég þennan hressa strák sem hafði tattúverað logoið mitt á bakið á sér.



**6** Eftir að búið er að ganga frá er haldið aftur í rútuna, menn fá sér bjór eða horfa á vídeó eða fara bara að sofa, á meðan rútan heldur af stað til næstu borgar.




PÁLL ÓSKAR OG EUROVISION-STJÖRNUR ÍSLANDS Í KÖBEN 5. MAÍ 2011

EINSTÖK TÓNLISTARUPPLIFUN FYRIR HÓPA OG KLÚBBA.

VERÐ Á MANN FRÁ:
87.900* KR. Í TVÍBÝLI
98.900* KR. Í EINBÝLI

GESTASÖNGVARAR:
Icy-hópurinn (Pálmi Gunnarsson, Eiríkur Hauksson, Helga Möller)
Stebbi & Eyfi
Björgvin Halldórsson
Sigga Beinteins
Hera Björk
Jóhanna Guðrún
Selma Björns
Friðrik Ómar
Regína Ósk
Sigrún Eva

Eurovision-stórtónleikar í Cirkus í Kaupmannahöfn þar sem Páll Óskar skemmtir ásamt fjölda söngvara sem hafa allir tekið þátt í söngvakeppninni á árum áður.
Tónleikarnir fara fram undir borðhaldi þar sem snæddur verður glæsilegur þriggja rétta kvöldverður meðan listamennirnir skemmta gestum. Síðan verður dansleikur og stanslaust stuð til kl. 02.00 þar sem Páll Óskar sér um tónlistina og heldur uppi fjörinu eins og honum er einum lagið.

Nánari upplýsingar á www.icelandair.is

HOTELBOKANIR.IS

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

*Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði í eina nótt, aðgöngumiði á tónleika Páls Óskars og EUROVISION-stjarna ásamt þriggja rétta kvöldverði, aðgöngumiða á dansleik.


**Í ÞÁ TÍÐ …**



## Straumhvörf í Kóreustríðinu

**Gagnsókn Kínverja hrekur Bandaríkjamenn til undanhalds.**

Fyrir réttum 60 árum urðu vatnaskil í Kóreustríðinu sem hafði brotist út í júnímánuði 1950 eftir að deilur milli norður- og suðurhlutans höfðu farið stigvaxandi.

Stórveldin höfðu skipt með sér Kóreuskaga eftir seinni heimsstyrjöldina, þar sem Sovétríkin og Kína höfðu ítök norðan 38. breiddargráðu, en Bandaríkin sunnan hennar. Eftir að ófriðurinn braust út komu Sameinuðu þjóðirnar, undir forystu Bandaríkjamanna, Suður-Kóreu til hjálpar og hröktu norðurkóreska herinn langt norður í land.

Þar blönduðu Kínverjar sér í málið og varð úr þriggja ára stríð þar sem helstu leikendur kalda stríðsins tókust á.

Vendipunkturinn varð í lok nóvembermánaðar þegar kínverski herinn hóf mikið gagnáhlaup á tveimur stöðum, annars vegar við Chosinvatn og hins vegar við ána Chongchon í norðurhluta Kóreu.

Douglas McArthur hershöfðingi hafði sett sér það takmark að klára stríðið fyrir jól, en honum varð ekki að ósk sinni þar sem kínverski herinn, í krafti liðstyrks, sigraði í þessum tveimur snörpu gagnáhlaupum. Þeir hröktu lið Bandaríkjamanna suður eftir skaganum, suður fyrir 38. gráðu, og þar var víglínan dregin að nýju. Þótt Kóreuskagi sé ekki lengur leikvöllur stórveldanna sér ekki enn fyrir enda deilunnar, eins og atburðir vikunnar sýna gjörla.

- þj

ÁR 1900 **1950** 2000 2010



# Stöndum vörð um stjórnarskrána

## Hér er listi yfir frambjóðendur til stjórnlagaþings sem undirritaðir hafa sett saman.

Við teljum að bankahrunið gæti verið notað sem ástæða til að breyta stjórnarskránni til hins verra. Mikilvægt er að á þinginu sitji fólk sem tekur á verkefninu af hófsemi og ábyrgð.

Kjósi nógu stór hópur með þeim hætti sem hér segir, er mögulegt að hafa áhrif á stjórnlagaþingið svo að þar heyrist rödd skynseminnar.

Hægt er að klippa listann út og taka með í kjörklefann.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | **Þorsteinn Arnalds** | 2358 |
| 2. | **Skafti Harðarson** | 7649 |
| 3. | **Inga Lind Karlsdóttir** | 8749 |
| 4. | **Elías Blöndal Guðjónsson** | 7759 |
| 5. | **Patricia Anna Þormar** | 8947 |
| 6. | **Vilhjálmur Þ. Á. Vilhjálmsson** | 3183 |
| 7. | **Grímur Sigurðarson** | 7946 |
| 8. | **Vilhjálmur Andri Kjartansson** | 7418 |
| 9. | **Guðmundur B. Friðriksson** | 6065 |
| 10. | **Karen Elísabet Halldórsdóttir** | 6615 |

**f.h. Áhugafólks um verndun stjórnarskrárinnar**
Bergþór Ólason, fjármálastjóri
Heiðrún Lind Marteinsdóttir, lögfræðingur
Haukur Örn Birgisson, lögfræðingur
Halldór Karl Högnason, verkfræðingur
Laufey Rún Ketilsdóttir, laganemi við HÍ
Vala Pálsdóttir, viðskiptafræðingur

Auglýsing þessi var fjármögnuð með samskotum og er ekki að neinu leyti á vegum þeirra frambjóðenda sem hér eru studdir og voru þeir ekki spurðir. Auglýsingin er tilraun til að skapa samstillt átak, og upplýsa þann fjölda fólks sem vill kjósa hófsama frambjóðendur um hvaða fólk sé sennilega óhætt að kjósa í þeim frumskógi einstaklinga sem hafa boðið sig fram.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**HALLDÓRA BJARNADÓTTIR**
ritstjóri (1873-1981) andaðist þennan dag.
*„Ull er þjóðargull.“*

GRAND
erfidrykkjur
Hlýlegt og gott viðmót á Grand hótel.
Fjölbreyttar veitingar lagaðar á staðnum.
Næg bílastæði og gott aðgengi.
Verið velkomin
Grand Hótel Reykjavík
Sigtún 38, 105 Rvk.
Sími: 514 8000
www. grand.is
erfidrykkjur@grand.is
Grand HÓTEL REYKJAVÍK

## Merkisatburðir

**1857** Tvö skip fórust fyrir Vesturlandi með allri áhöfn og farþegum. Póstskipið Sölöven og Drei Annas.

**1896** Grímur Thomsen, skáld og alþingismaður, lést á Bessastöðum.

**1927** Ferðafélag Íslands var stofnað.

**1974** Hryðjuverkalög tóku gildi í Bretlandi.

**1980** Utangarðsmenn gáfu út sína fyrstu plötu, Geislavirkir.

**ÞETTA GERÐIST: 27. NÓVEMBER 1956**

## *Stökk til silfurs á Ólympíuleikum*

Vilhjálmur Einarsson stökk 16,26 metra í þrístökki þennan dag árið 1956 og hlaut fyrir það silfurverðlaun á Ólympíuleikum í Melbourne í Ástralíu. Hann var þá tuttugu og tveggja ára og gerði þennan dag bjartan í hugum Íslendinga, mitt í skammdeginu. Að sjálfsögðu var stökkið einnig Íslandsmet svo og Norðurlandamet og mesta íþróttaafrek Íslendings til þess tíma.

Vilhjálmur kom sjálfum sér og öðrum á óvart með þessari frábæru frammistöðu. Fyrir Ólympíuleikana hafði hann stokkið lengst 15,82 metra sem reyndar skipaði honum í röð fremstu íþróttamanna heims. Fyrir Ólympíuleikana var hann í Bosön í Svíþjóð í sextán daga við æfingar og lét afar vel af þeirri dvöl.

Vilhjálmur tók forystuna í þrístökkskeppninni á leikunum og hélt henni þar til í síðustu umferð að Brasilíumaðurinn Da Silva náði að stökkva tíu sentimetrum lengra.





**JÓN GUNNAR** Steinar frá víðri veröld eru meðal gripa á vinnustað hans. Hér stillir hann sér upp við ametyst frá Minas Gerais-svæðinu í Brasilíu.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

JÓN GUNNAR OTTÓSSON, FORSTJÓRI NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUNAR: SEXTUGUR

# Í TENGSLUM VIÐ NÁTTÚRUNA

„Það verður engin stórveisla,“ tekur Jón Gunnar Ottósson fram þegar hann er spurður hvernig hann ætli að fagna sextugsafmæli sínu sem er í dag. „Ég ætla að halda upp á daginn með konunni minni, börnum, tengdabörnum og barnabörnum. Við ætlum út í hádeginu og fá okkur bröns. Í kvöld förum við svo í Borgarleikhúsið að sjá Fólkið í kjallaranum eftir sögu dóttur minnar, Auðar.“

Jón Gunnar spaugar með að vera alls staðar frá. „Ég er fæddur á Akureyri en alinn upp í Reykjavík frá fjögurra ára aldri og að hluta til í Mývatnssveit þar sem ég var í sveit hjá góðu fólki að Laxárbakka. Foreldrar mínir eru Rannveig Jónsdóttir húsfreyja og Ottó Jónsson menntaskólakennari sem er látinn. Margir þekktu hann sem leiðsögumann því hann var í því starfi í áratugi erlendis á sumrin. Við bjuggum á nokkrum stöðum í Reykjavík, lengst á Fornhaganum og svo í Hvassaleitinu. Mig rámar samt enn í bernskuna á Akureyri.“

Jón Gunnar er forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands og starfaði áður við skógræktina á Mógilsá og í umhverfisráðuneytinu. Hvaðan kemur honum áhuginn á umhverfinu og náttúrunni? „Hann er nú í ættinni og svo var ég auðvitað í miklum tengslum við náttúruna í Mývatnssveitinni,“ svarar hann en á hann sér eftirlætisstað á landinu fyrir utan þá góðu sveit? „Já, marga. Mér hefur alltaf þótt vænt um Bæjarstaðarskóg. Í gamla daga fór ég þangað einu sinni til tvisvar á ári í tengslum við vinnuna.“

Síðustu sextán ár hefur Jón Gunnar verið fulltrúi Íslands í náttúruverndarsamningi Evrópu. Var varaforseti frá 2004-2007 og hefur verið kosinn forseti árlega síðustu þrjú árin. Meðal verkefna hans um þessar mundir er að bera íslensku náttúruverndarlöggjöfina saman við löggjöfina í Evrópusambandinu og segir talsvert bera á milli. „Evrópusambandslöggjöfin er mun sterkari fyrir náttúruna en okkar,“ upplýsir hann.

Talið berst að áhugamálunum. Á Google sést glöggt að Jón Gunnar hefur verið liðtækur skákmaður. Skyldi hann vera það enn? „Ég hef nú dregið úr taflmennsku en eins og aðrir gamlir skákmenn hef ég ánægju af að tefla. Geri bara alltof lítið af því. Garðyrkja og smíði eru áhugamál hjá mér og svo hef ég mjög gaman af stangveiði.“

Eiginkona Jóns Gunnars er Margrét Frímannsdóttir fangelsisstjóri og í upphafi spjalls nefndi hann börn og barnabörn. Í lokin er hann rukkaður um tölu á þeim. „Samanlagt eigum við Margrét fimm börn. Ég er faðir þriggja og á tvö stjúpbörn, barnabörnin eru fjögur og það fimmta er á leiðinni,“ telur hann upp og bætir við: „Þetta fólk er allt á landinu núna, sem betur fer. Barnabörnin flest í Reykjavík en eitt er á Ísafirði og það er svolítið eins og í útlöndum.“

**gun@frettabladid.is**



*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Anna S. Karlsdóttir**
frá Siglufirði, Þrastarási 44,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 14. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug ættingja og vina og sérstakar þakkir fær starfsfólk líknardeildar Landspítalans og heimahjúkrunar LSH. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á vina- og líknarfélagið Bergmál sími 587 5566 / 845 3313.

**Helga Kristjánsdóttir** **Tryggvi Örn Björnsson**
**Anna Kristín Tryggvadóttir** **Jón Þórðarson**
**Lóa Birna Tryggvadóttir** **Jónþór Þórisson**
**Kristján Björn Tryggvason** **Kristín Þórsdóttir**
**Tinna, Íris, Þórður, Kristján, Tryggvi, Sonja, Ísak og Agla.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Guðni Þórarinn Valdimarsson**
Hamrahlíð 21, Vopnafirði,

lést mánudaginn 22. nóvember á Hjúkrunarheimilinu Sundabúð. Útför hans fer fram frá Vopnafjarðarkirkju miðvikudaginn 1. desember kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Sundabúðar í síma 470 3077.

**Ásta Ólafsdóttir**
**Valdimar Guðnason**
**Droplaug Guðnadóttir** **Kristján Geirsson**
**Páll Guðnason**
**Guðrún Anna Guðnadóttir** **Sigurjón Haukur Hauksson**
**og barnabörn**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sverrir Aðalbjörnsson**

andaðist á Líknardeild Landakotsspítala sunnudaginn 21. nóvember. Útförin fer fram frá Neskirkju mánudaginn 29. nóvember kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hins látna er bent á Minningarsjóð Líknardeildar Landakots.

**Ragnheiður J. Sverrisdóttir**
**Aðalbjörn J. Sverrisson** **Anna J. Karlsdóttir**
**Ágúst B. Sverrisson** **Erla Kjartansdóttir**
**Þorbjörg Steinarsdóttir** **Pétur Ágústsson**
**Heidi Krogholt**
**Normandy del Rosario**
**John Paul del Rosario**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi*

**Einar Hafsteinn Guðmundsson**
skipstjóri

sem lést á heimili sínu þ. 21. nóv. verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 3. des. kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Ása Lúðvíksdóttir**
**Magnús Einarsson** **Salvör Jóhannesdóttir**
**Sólveig Einarsdóttir** **Gunnar Már Eðvarðsson**
**Guðrún Einarsdóttir** **Árni Blandon Einarsson**
**Gísli Hafsteinn Einarsson** **Kolbrún Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Maðurinn minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Garðar Pálsson**
fv. skipherra, Fornhaga 15,

andaðist sunnudaginn 21. nóvember. Útför hans fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 30. nóvember kl. 15.

**Lilja Jónsdóttir**
**Ásta Garðarsdóttir** **Sturla Þórðarson**
**Helga Garðarsdóttir** **Sigurjón Sindrason**
**Lilja, Kjartan og Halldór Sturluborn**
**Garðar, Sindri og Eva Sigurjónsbörn**
**og barnabarnabörn.**




TILBOÐ
KULDAGALLI
11.990
(fullt verð 13.990)

**MCKINLEY RASK OVERALL**
Kuldagalli úr Exodus útivistar-efni með 5.000 mm vatnsheldni. Sérstaklega styrktur á rassi og hnjám. Litir: Svartur, blár, bleikur. Stærðir: 80-120.



2.990

**NIKE KIDS REVERSIBLE KNIT BEANIE**
Húfa, hægt að snúa við. Litir: Bleik, blá, græn. Barnastærðir.

1.990



**MCKINLEY MINIOR WINTER MITTEN**
Hanskar með flísfóðri úr vatnsheldu EXODUS útivistarefni. Barnastærðir.

SKÓR
FRÁBÆRT VERÐ
6.990



**MCKINLEY BLIZZ V JR**
Kuldaskór með vatnsheldri AQUAMAX öndunarfilmu og varmainnleggjum. Barnastærðir.



3.990

**MCKINLEY BASIC FLEECE JR**
Rennd flíspeysa. Litir: Svört, bleik, blá. Barnastærðir.



2.990

**MCKINLEY FLEECE PANT JR**
Flísbuxur. Litir: Svartar, bleikar. Barnastærðir.



TILBOÐ
SNJÓBUXUR
8.990
(fullt verð 10.990)

**MCKINLEY LOOP SKIPANT**
Snjóbuxur úr EXODUS útivistarefni með 5.000 mm vatnsheldni og góðri öndun. Styrkingar á hnjám og rassi. Barnastærðir.



ÚLPA
FRÁBÆRT VERÐ
14.990

**FIREFLY FREEDOM JR PARKA**
Hlý vetrarúlpa með hettu og loðkraga sem taka má af. Barnastærðir.

INTERSPORT

**AKUREYRI** SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA** SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDUM** SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
**SELFOSSI** SÍMI 480 4611 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND** SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

EXPO • www.expo.is



*Einlægar þakkir færum við öllum þeim fjölmörgu sem sýndu okkur vináttu, hlýhug og samúð í veikindum og við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Svanhildar Erlu Benediktsdóttur**

Tjarnarbraut 22, Njarðvík.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki D-deildar og heimahjúkrunar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og starfsfólki á deild 11B á Landspítalanum, fyrir ómetanlega umönnun, stuðning og kærleika. Guð blessi ykkur öll.

**G. Hafsteinn Ögmundsson**

**Anna Margrét Hafsteinsdóttir** **Friðrik K. Jónsson**
**Bjarki Birgisson**
**Agnes Jónsdóttir** **Árni Sigurðsson**
**Silvía Jónsdóttir** **Björgvin Karl Haraldsson**
**Emilía Hafsteinsdóttir** **Elís Óttar Jónsson**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, bróðir og vinur,*

**Haukur Lárus Hauksson**

Laugarásvegi 8, Reykjavík,

lést sunnudaginn 21. nóvember á Landspítalanum við Hringbraut. Verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju mánudaginn 29. nóvember klukkan 13.
Þeim sem vilja minnast Hauks er bent á styrktarsjóð krabbameinsfélagsins Framfarar kt: 620207-2330. Bankareikningur: 0101-15-380028.

**Hera Sveinsdóttir**

**Arinbjörn Hauksson** **Lára Sigríður Lýðsdóttir**
**Edda Þöll Hauksdóttir** **Haraldur Þór Sveinbjörnsson**
**Elísabet Hauksdóttir** **Arnór Valgeirsson**
**Karl Pétur Hauksson**
**Valur Arnórsson** **Unnur Jónsdóttir**
**Viktoría Valsdóttir.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Ragnars Elíassonar**

Árskógum 8, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Skógarbæjar.

**Helga Ragnarsdóttir** **Sigurður Guðmundsson**
**Elísa S. Ragnarsdóttir** **Friðrik Guðnason**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Bjarni Ragnarsson**

Bræðratungu 24, Kópavogi,

lést á Landspítala Háskólasjúkrahúsi við Hringbraut að morgni fimmtudagsins 25. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**

**Sigurveig Helga Hafsteinsdóttir**
**Steinvör Bjarnadóttir** **Ragnar Þorsteinsson**
**María Bjarnadóttir** **Daði Már Ingvarsson**
**Steinar Bjarnason**
**Anetta Rós Bjarnadóttir** **Christian Svorkmo**
**og barnabörn.**

# Stórskotalið tónlistarmanna með disk til styrktar Mæðrastyrksnefnd



**STYÐUR GOTT MÁLEFNI** Hemmi Gunn er verndari verkefnisins „Hjálpin er næst“. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hjálpin er næst nefnist nýr diskur frá Hjálparsveitinni sem seldur verður um land allt til styrktar Mæðrastyrksnefnd. Það var trúbadorinn Siggi Guðfinns sem fékk hugmyndina og stóð fyrir gerð disksins, auk þess sem sex af níu lögum eru eftir hann. Til liðs við sig fékk hann sannkallað stórskotalið hljóðfæraleikara og söngvara, hvorki fleiri né færri en 22 manns, og má á kreditlistanum sjá nöfn margra ástsælla tónlistarmanna.



**SIGGI GUÐFINNS** Átti hugmyndina að gerð disksins og semur sex af níu lögum hans.

Verkefnisstjóri framtaksins er Jón Bjarni Jónsson bassaleikari og Snorri Snorrason, fyrrum ædol, lagði til hljóðverið Fjarupptökur.is auk þess að stjórna upptökum og hljóðblanda diskinn.

„Þetta er alfarið hugmynd Sigga,“ segir Jón Bjarni. „Hann var að horfa á fréttirnar snemma á þessu ári, rann til rifja að sjá biðraðirnar eftir mataraðstoð og tók til sinna ráða.“

Upphaflega hugmyndin var að stofna hljómsveit til að gera disk, en því fleiri tónlistarmenn sem talað var við, því meira óx verkefnið. „Það má endilega koma fram að nánast undantekningalaust tóku tónlistarmenn vel í að gefa vinnu sína við diskinn,“ segir Jón Bjarni. „Og það er ekki eins og við séum að tala um einhverja aukvisa, þetta er stórskotalið í músíkinni.“ Það eru orð að sönnu því meðal flytjenda má finna nöfn eins og Pálma Gunnarsson, Pál Rósinkrans, Kjartan Valdemarsson, Matthías Stefánsson, Sigurjón Brink og fleiri stórkanónur. Að ógleymdum Hemma Gunn sem bæði syngur og er sérlegur verndari verkefnisins.

Jón Bjarni segir það vera tilvalið fyrir fyrirtæki að kaupa diskinn í starfsmannagjafir og slá tvær flugur í einu höggi; gleðja starfsmenn með góðri tónlist og styrkja um leið gott málefni.

Diskurinn fæst á stöðvum N1 um allt land og auk þess í verslunum Hagkaups og Bónuss. **- fsb**

# Jólatré og menning í Heiðmörk

Jólamarkaður Skógræktarfélags Reykjavíkur á Elliðavatni í Heiðmörk verður opnaður í dag og verður opinn allar helgar fram að jólum milli klukkan 11 og 17.

Þetta er í fjórða sinn sem markaðurinn er haldinn í Heiðmörk og hefur aðsóknin farið stigvaxandi. Skógræktarfélagið selur jólatré og tröpputré og ýmsan annan varning sem á uppruna sinn í skógum Heiðmerkur. Í Gamla salnum er hægt að nálgast kakó og ilmandi vöfflur og yfir sjötíu handverksmenn og hönnuðir bjóða fram vöru sína, bæði í salnum og jólahúsum sem komið hefur verið fyrir á hlaðinu við bæinn á Elliðavatni.

Auk jólatréssölu og íslensks handverks er nú sem endranær töluverð menningardagskrá á Jólamarkaðnum. Rithöfundar lesa upp úr nýjum bókum sínum, bæði fyrir börn og fullorðna, á hverjum degi. Harmonikkuleikarar þenja nikkur sínar og kórar koma í heimsókn; Jósef „Elvis“ Ólafsson verður með Elvisslagara og Sirrý spákona les í framtíð gesta í Spákonukjallaranum. Klukkan 14 er alltaf sérstök barnastund í Rjóðrinu skammt frá bænum; þar logar varðeldur, farið verður í leiki og rithöfundur les úr bók sinni. Þá býður markaðurinn upp á hestamennsku í fyrsta sinn, því teymt verður undir börnum á túninu neðan við bæinn. **- fsb**



**JÓLAMARKAÐUR** Ungir sem aldnir finna eitthvað við sitt hæfi á Jólamarkaðnum við Elliðavatn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**PAKKA INN** Starfsfólk leikskólanna tveggja kom saman eitt kvöld í vikunni og pakkaði gjöfunum í kassana.

# Útbjuggu gjafakassa fyrir börn

Starfsfólk á tveimur leikskólum í Mosfellsbæ hefur útbúið gjafakassa fyrir um 60 íslensk börn sem ætlunin er að færa jólagjafir í samvinnu við Rauða kross Íslands.

Starfsfólk leikskólanna Reykjakots og Hlaðhamra hefur á undanförnum mánuðum setið við í frítíma sínum og prjónað húfur, vettlinga, sokka, ennisbönd, peysur og ýmislegt fleira til að setja í kassana.

Leitað var til nokkurra fyrirtækja um aðstoð til að gera kassana sem veglegasta og var því vel tekið. Gjafir fengust frá Barnasmiðjunni, Diplo ehf., Ísey, Ístex, Nóa Síríus og Bókaútgáfunni Sölku ehf. Kassarnir voru svo afhentir Rauða krossi Íslands til úthlutunar á fimmtudaginn var. **- fsb**



*Innilegar þakkir færi ég öllum þeim er sýndu samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför*

**Tryggva Georgssonar**

múrarameistara, Hamragerði 13, Akureyri.

Sérstakar þakkir færi ég starfsfólki Grænuhlíðar á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hlíð sem og starfsfólki Umönnunar.
„Og bjart er alltaf um besta vininn...“

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Bergljót Pálsdóttir.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



# Er Ísland ekki inni í myndinni?

Auknar álögur og lækkuð laun háskólamenntaðra
vinna gegn nýsköpun og framþróun.

Ef ekkert er að gert er hætt við að háskólamenntað fólk
sjái sér ekki fært að starfa, búa og lifa á Íslandi.

Ísland á að vera hluti af atvinnusvæði háskólamenntaðra.

**Menntun er dýrmæt.**
**Missum verðmætin ekki úr landi.**

Bandalag
háskólamanna

www.educatedbyiceland.is

# Jólaleikur BYKO

Dregið 20. des. 2010

## Aðalvinningur

# 300.000 kr.

50 aukavinningar.
Heildarverðmæti vinninga er
**ein milljón króna!**

## Aðalvinningur:

**300.000 kr.** inneign sem gildir
í BYKO, ELKO, Intersport,
Húsgagnahöllinni og Krónunni!

BYKO ELKO INTERSPORT HÚSGAGNAHÖLLIN KRÓNAN

## 50 aukavinningar

1x **50.000 kr.** inneign í BYKO
1x **50.000 kr.** inneign í ELKO
1x **50.000 kr.** inneign í Intersport
1x **50.000 kr.** inneign í Húsgagnahöllinni
1x **50.000 kr.** inneign í Krónunni
45x **10.000 kr.** inneign í BYKO

Komdu og verslaðu í næstu BYKO
verslun, settu nafnið þitt í pott
og draumurinn gæti ræst!

TAKTU ÞÁTT!

BYKO

Jól í BYKO

SAMANBURÐ! GERÐ

# afslát
# jólaser

GERÐU VERÐSAMAN



25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SERÍUM



25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLU JÓLASKRAUTI

# 25%

# ttur af öllum

# íum og jólaskrauti

BYKO

Gildir aðeins þessa helgi

BURÐ! GERÐU VERÐSAMANBURÐ! GERÐU VERÐSAMANBURÐ! GE




# Jólagleði í verslunum BYKO!

Komdu og upplifðu sannkallaða jólastemningu í verslunum BYKO um helgina!



## BYKO Breidd

**Laugardagur**

**Kl. 11:30-12:30**
Harmonikkukvintett Reykjavíkur sér til þess að skapa rétta andrúmsloftið nú fyrstu helgina í aðventu með því að töfra fram ljúfa tóna sem koma öllum í rétta jólagírinn.

**Kl. 12:00-16:00**
Sigurður Benediktsson frístundamálari kynnir trönur og liti. Hann mun einnig sinna list sinni og verða með trönurnar á staðnum og fá gestir og gangandi að fylgjast með.

**Kl. 13:00-15:00**
Boðið verður upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur, piparkökur og kaffi.

**Sunnudagur**

**Kl. 11:30-12:30**
Harmonikkukvintett Reykjavíkur.

**Kl 13:00-15:00**
Boðið verður upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur, piparkökur og kaffi.



## BYKO Kauptúni

**Laugardagur**

**Kl. 14:30-15:30**
Harmonikkukvintett Reykjavíkur sér til þess að skapa rétta andrúmsloftið nú fyrstu helgina í aðventu með því að töfra fram ljúfa tóna sem koma öllum í rétta jólagírinn.

**Kl. 13:00-15:00**
Boðið verður upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur, piparkökur og kaffi.



**Sunnudagur**

**Kl. 14:30-15:30**
Harmonikkukvintett Reykjavíkur.

**Kl. 12:00-16:00**
Sigurður Benediktsson frístundamálari kynnir trönur og liti. Hann mun einnig sinna list sinni og verða með trönurnar á staðnum og fá gestir og gangandi að fylgjast með.

**Kl 13:00-15:00**
Boðið verður upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur, piparkökur og kaffi.

## BYKO Granda

**Laugardagur og sunnudagur**

**Kl. 13:00-14:00**
Harmonikkukvintett Reykjavíkur sér til þess að skapa rétta andrúmsloftið nú fyrstu helgina í aðventu með því að töfra fram ljúfa tóna sem koma öllum í rétta jólagírinn.

**Kl. 13:00-15:00**
Boðið verður upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur, piparkökur og kaffi.

LENGRI OPNUNARTÍMAR Í BREIDD OG KAUPTÚNI UM HELGINA! LAUGARDAG: 10-18, SUNNUDAG: 11-18

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**MENNTA.HI.IS/VEFIR/SNILLIHEIMAR/NAMSVEFUR.HTM**
Námsvefur fyrir fjögurra til átta ára börn. Vefurinn er eins og þorp þar sem hægt er að fara í mismunandi leiki í nokkrum húsum.






## BRANDARAKISTAN

**Einu sinni voru tveir hundaeigendur að metast. Þá sagði annar: „Hundurinn minn er svo gáfaður að þegar hann þarf að komast inn rekur hann trýnið í dyrabjölluna." „Það er nú ekkert, hundurinn minn notar lykil!"**

**Pétur og Páll áttu hvor sinn hestinn og höfðu þá í sama haganum. Til þess að þekkja hestana í sundur bundu þeir græna saufu í faxið á hesti hans Péturs. Þetta gekk þangað til þeir komu í hagann og sáu að græna slaufan hafði dottið af . “Nú fór í verra sagði,” sagði Pétur, “Hvernig eigum við nú að þekkja hvor okkar á hvaða hest? “Heyrðu mér dettur eitt í hug,” sagði Páll eftir nokkra þögn: “Ég tek þann gráa og þú þann brúna.”**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***

# JÓLASVEINAR SKRÍTNIR EN GÓÐIR KARLAR

**Ævintýrið um Augastein hefur verið tekið til sýninga í Tjarnarbíói. Fréttablaðið náði tali af stjörnum leiksýningarinnar, þeim Felix Bergssyni og sjálfum Augasteini, sem finnst alltaf gaman að fá krakka í heimsókn.**



> Þau eiga bara einn jólasvein en ekki þrettán eins og við. Skrítið!

***Hvað eruð þið búnir að þekkjast lengi?*** Felix: Ja, það var Helga Arnalds sem leiddi okkur saman árið 2002. Við Augasteinn urðum strax vinir og við hlökkum alltaf til að hittast aftur.

Augasteinn: Felix tók mig bara upp og hélt á mér og þá vorum við orðnir vinir!

***Hvernig er að vinna saman?*** Felix: Það er nú sko auðvelt því Augasteinn er mjög góður og þægur strákur.

Augasteinn: Já, og það er Felix líka!

Felix: Svo eru líka fleiri sem vinna með okkur, hún vinkona okkar Helga Arnalds brúðugerðarkona, Jói ljósamaður og Salka dóttir hans og svo hún Kolla sem er leikstjórinn. Hún er líka mjög góður vinur Augasteins.

***Þið heimsóttuð á dögunum krakka í Bretlandi og lékuð fyrir þau. Hvernig gekk sú heimsókn fyrir sig?*** Felix: Það gekk svo vel að við ætlum að fara aftur til London og leika fyrir börn þar. Þau voru mjög góðir áhorfendur og sátu dolfallin á meðan við Augasteinn sögðum þeim söguna. Þau eiga bara einn jólasvein en ekki þrettán eins og við. Skrítið!

***Hlakkið þið til jólanna?*** Felix: Já, jólin eru mjög skemmtilegur tími. Í gamla daga fagnaði fólkið því að dagarnir fóru aftur að lengjast. Jólin eru hin eina sanna hátíð ljóssins.

Augasteinn: Og maður fær pakka! Ég hlakka mikið til!

***Hvernig ætlið þið að halda upp á jólin?*** Felix: Ég held upp á þau með fjölskyldunni minni og Augasteinn fær að vera með. Hann situr nú bara rólegur og fylgist með okkur.

***Hvað finnst ykkur um jólasveinana, eru þeir góðir eða vondir?*** Augasteinn: Þeir virðast vondir og svolítið skrítnir en þegar maður kynnist þeim kemur í ljós að þeir eru mjög góðir og vænir. Ótrúlegt í raun þegar maður er búinn að lenda í hinum hræðilegu foreldrum þeirra!

Felix: Já og jólakettinum. Hann er skelfilegur.

***Hver er skemmtilegasti jólasveinninn?*** Augasteinn: Við Stekkjastaur erum mjög góðir vinir, en Gluggagægir er eiginlega fyndnastur!

Felix: Mér finnst Þvörusleikir mjög skemmtilegur. Hann er svo stríðinn.

***Hvað tekur við eftir jól?*** Augasteinn: Þá förum við bara að telja dagana þangað til við hittum krakkana aftur rétt fyrir jólin!




## SPURNINGALEIKUR



1. Hvað heitir kertið sem fyrst er kveikt á á aðventukransinum?
2. Hvaða jólasveinn kemur fyrstur?
3. Hvaða jólasveinn kemur síðastur?
4. Hvað fá börn í skóinn sem eru óþekk?
5. Hvaða mánaðardagur er jóladagur?
6. Hvenær eru jólin alveg búin?
7. Hvað kallast jólin þegar ekki er snjór?
8. Hvenær hringja kirkjuklukkurnar inn jólin?

**Svör:**

1. Spádómskerti
2. Stekkjastaur
3. Kertasníkir
4. Kartöflu
5. 25. desember
6. 6. janúar, 13 dögum eftir jól þegar síðasti jólasveinninn heldur til fjalla.
7. Rauð jól.
8. Klukkan sex (klukkan 18)




## Þú kemst í jólaskap með okkur

**Jólatrukkar Coca-Cola** koma við á öllum stærri verslunarkjörnum landsins næstu daga og vikur fram að jólum. Jólatrukkar Coca-Cola eru innfluttir frá Bandaríkjunum og sérhannaðir til að skapa jólastemningu þar sem þeir eru skreyttir jólaljósum og ríkulega útbúnir. Annar jólatrukkurinn er helgaður **stofu jólasveinsins** þar sem yngsta kynslóðin getur fengið mynd af sér með sjálfum **jólasveininum**. Í hinum jólatrukknum er áhugasömum boðið að spreyta sig á nýjustu **Playstation Move** leikjunum, sem byggja á hreyfingu leikmanna.

### Jólatrukkar Coca-Cola® verða við

# Hagkaup í Skeifunni á morgun

### sunnudaginn 28. nóv. á milli kl. 14-16

Nánar á Coke.is

Coca-Cola Með þér um jólin

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** eyja í asíu, **6.** í röð, **8.** stroff, **9.** farfa, **11.** tveir eins, **12.** fáni, **14.** einkennis, **16.** rás, **17.** flíkur, **18.** fát, **20.** fyrir hönd, **21.** handa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** helminguð, **3.** frá, **4.** vitsmunamissir, **5.** sigað, **7.** geðtruflaður, **10.** saur, **13.** gifti, **15.** flóki, **16.** iðka, **19.** tvö þúsund.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** java, **6.** áb, **8.** fít, **9.** lit, **11.** tt, **12.** flagg, **14.** aðals, **16.** æð, **17.** föt, **18.** fum, **20.** pr, **21.** arma.
**LÓÐRÉTT: 1.** hálf, **3.** af, **4.** vitglöp, **5.** att, **7.** bilaður, **10.** tað, **13.** gaf, **15.** strý, **16.** æfa, **19.** mm.







**Kambsvegur 33**
**Opið hús sunnudaginn**
**28. nóv kl. 13.00 til 13.30**

Virkilega fallegt og mikið endurnýjað einbýlishús á frábærum stað í Reykjavík. Húsið er alls 210 fm, þar af 40 fm bílskúr. Stofa, borðstofa og opið rými ( var áður herbergi, ásamt 3 svefnherbergjum - 2 baðherbergi. Mikið búið að endurnýja húsið eins og þak, glugga, golfefni, innréttingar o.fl. Frábær staðsetning í grónu hverfi.



**Verð 59,9 milljónir**



Allar upplýsingar veitir
Sigurður Samúelsson
fasteignasali í síma 896-2312

LANDMARK
FASTEIGNASALA
www.landmark.is - sími: 512 4900 - Bolholti 4



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

**VERTU MEÐ VIÐSKIPTIN Í RASSVASANUM**

**Meiri Vísir.**

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.



m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

vísir.is


# Træbalismi eða jafnrétti

**BAKÞANKAR**
**Davíðs Þórs Jónssonar**



**MÉR** finnst eins og það sé dálítið á reiki um hvað er verið að kjósa í dag. Jú, það er verið að velja einstaklinga á stjórnlagaþing, samkomu sem á að gera drög að nýrri stjórnarskrá undir handleiðslu sérfræðinga á því sviði, samkvæmt niðurstöðum þjóðfundar, í von um að Alþingi samþykki hana. Já, þetta er svona einfalt. Stjórnlagaþing er í raun nefnd sem nýtur leiðsagnar við að fara eftir fyrirmælum til að framleiða texta sem Alþingi þarf að samþykkja. Það sem mér er hulin ráðgáta í þessu sambandi er einkum tvennt. Í fyrsta lagi af hverju það þurfa að vera svona margir í nefndinni og í öðru lagi af hverju svona margir hafa áhuga á að sitja í henni.

**ÞAÐ** er nefnilega ekki eins og þessi nefnd sé að fara að ákveða einhverjar lýðræðisumbætur sem valda straumhvörfum en Alþingi hefur verið dragbítur á í varnarbaráttu sinni fyrir hagsmunum fjórflokksins. Þessi nefnd er ekki að fara að setja lög, hún er að fara að færa í letur reglur um jafnrétti og aðrar vitaskuldir. Persónuleg baráttumál frambjóðendanna skipta engu máli, hendur þeirra eru bundnar. Stjórnlagaþing er ekki að fara að gera landið að einu kjördæmi og tryggja þannig jafnrétti allra Íslendinga nema eitthvað stórkostlegt kraftaverk verði til þess að blása órofa hefð margra alda hreppapólitíkur út úr hausnum á alþingismönnunum okkar. Þessi nefnd er ekki að fara að vinna að jafnrétti með því að tryggja einstaklingskosningar nema jafnmikið kraftaverk verði til þess að alþingismenn láti jafnrétti í raun vega þyngra en flokkahagsmuni í fyrsta skipti í sögu þingsins.

**HÉRÖÐ,** hreppar, kjördæmi, flokkar og kyn eru úreltar træbalískar stofnanir sem við verðum að henda út í hafsauga. Jafnrétti getur aðeins verið jafnrétti einstaklinga. Aðeins einstaklingar geta tryggt jafnrétti. Að gera það er andstætt eðli hinna træbalísku stofnana samfélagsins sem þjóna þeim tilgangi einum að sundra heildinni og greina fólk í hópa, t.d. á grundvelli búsetu eða kynferðis. Stjórnlagaþingi er ætlað að tryggja jafnrétti í stjórnarskrá óháð kyni eða búsetu. Af hverju ætti að velja fólk í það út frá öðrum forsendum en hæfni í textavinnslu?

**EKKI** misskilja. Ég er ánægður með þessar kosningar. Ef þær takast vel gætu þær nefnilega orðið fyrirmyndin að því hvernig hægt væri að velja Alþingi á forsendum raunverulegs jafnréttis en ekki úrelts træbalisma.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**HERTEKIN** Michelle Williams lifir sig inn í hlutverk Marilyn Monroe. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Monroe tekur yfir

Leikkonan Michelle Williams segir að henni finnist eins og Marilyn Monroe sé að taka völdin í lífi hennar en Williams er þessa dagana við tökur á kvikmyndinni My Week with Marilyn, þar sem hún bregður sér í spor leikkonunnar frægu. „Mér líður undarlega og eins og ég sé ekki lengur ég sjálf. Marilyn Monroe er búin að hertaka mig," segir Williams. Hún þurfti að fara í sérstaka kennslutíma til að ná hegðun og framkomu Monroe sem best. Myndin er væntanleg í bíóhús á næsta ári.

# Styrkir SKB fimmta árið í röð

Róbert Þórhallsson, starfsmaður Valitor, hefur síðustu fimm ár staðið fyrir sölu á jólakortum til styrktar Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna (SKB) á aðventunni.

Hann telur sig hafa safnað um tveimur milljónum króna á þessum árum. Salan hefst í Kringlunni um helgina. Hann verður svo með hóp í Kolaportinu um næstu helgi og loks í Smáralind þá þarnæstu. Umfang sölunnar eykst með hverju árinu og Róbert áætlar að selja fyrir eina, til eina og hálfa milljón króna í ár.

„Fyrir mér snúast jólin um kærleik og að gefa af sér. Ég vildi að ég gæti gert eitthvað til að hjálpa, eitthvað óeigingjarnt og jafnvel krefjandi," segir Róbert spurður um upphaf sölunnar. Hann byrjaði smátt, með því að kaupa 20 pakka af jólakortum frá SKB og selja. „Næsta ár keypti ég samt 50 pakka og ætlaði að neyða mig út í þetta að losna við þessi kort á einhvern hátt og skapa pening fyrir þetta góða málefni," segir Róbert, sem seldi kortin í Kolaportinu það ár.

Með auknu umfangi þarf fólk til að selja öll ósköpin og Róbert er kominn með sextíu sjálfboðaliða í ár. Á meðal þeirra eru borgarstjórinn Jón Gnarr, Tobba Marinós, Haukur Heiðar úr Diktu og Edda Björgvins. „Mér líður rosalega vel yfir að hafa stofnað þennan árlega viðburð þar sem ég fæ tækifæri til að gefa af mér til góðs," segir Róbert. „ Þetta gerir jólin hjá okkur hátíðleg og skemmtileg. Ég skora á þig að vera með okkur, þetta mun breyta lífi þínu." - afb



**DUGLEGUR** Róbert telur sig hafa safnað um tveimur milljónum króna fyrir Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/DANNI



**EITT EÐA TVÖ?** Mariah Carey talaði um barnið sitt í fleirtölu í viðtali á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Á Carey von á tveimur?

**Bandarískir fjölmiðlar hafa aldeilis tekið við sér eftir að söngdívan Mariah Carey talaði um barnið sem hún ber undir belti í fleirtölu. Velta þeir nú fyrir sér hvort Carey eigi von á tvíburum eða hafi hreinlega mismælt sig. Ekki er langt síðan Carey opinberaði að hún væri kona eigi einsömul og verður hún léttari með vorinu. Eiginmaður söngkonunnar er útvarps- og sjónvarpsstjarnan Nick Cannon.**



**SÁTT VIÐ PABBA** Lindsay Lohan virðist hafa tekið föður sinn í sátt því þau snæddu saman á þakkargjörðarhátíðinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Pabbi tekinn í sátt

Leikkonan og vandræðapésinn Lindsay Lohan fékk dagsleyfi frá meðferðarstofnuninni þar sem hún dvelur þessa dagana til að eyða þakkargjörðarhátíðinni með föður sínum.

Lohan hefur lengi verið ósátt við föður sinn og meðal annars úthúðað honum á Twitter-síðu sinni þar sem hún kallaði hann lygara og glæpamann. „Hún keyrði heim til sín þar sem hún fagnaði hátíðinni ásamt vinum sínum og föður. En hún þurfti að vera komin aftur á meðferðarstofnunina fyrir miðnætti þannig að þetta var tæpt."

Ráðgjafarþjónusta í *skuldamálum einstaklinga*

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 52532 11/10

Hefur þú kynnt þér *sérhæfða* ráðgjafarþjónustu

*— fyrir einstaklinga í greiðsluvanda?*

Á fyrstu vikunum sem ráðgjafarþjónustan hefur starfað hefur starfsfólk haft samband við fjölmarga viðskiptavini og 80% þeirra eru ánægð með þjónustuna og hafa hug á að nýta sér lausnir bankans.

Við munum halda áfram að hringja í þá viðskiptavini sem eiga í verulegum greiðsluvanda vegna húsnæðislána og vinna að lausn þeirra mála með ***Ráðgjafarþjónustu Arion banka*** í Garðabæ. Þegar hefur starfsfólk Arion banka aðstoðað um **14.000** viðskiptavini í greiðsluvanda.

- Ráðgjafarþjónusta Arion banka í skuldamálum einstaklinga er á 2. hæð við útibú bankans við Garðatorg 5 í Garðabæ.
- Hver viðskiptavinur fær sinn eigin ráðgjafa sem vinnur með honum allt ferlið og fylgir málum hans eftir.
- Við ætlum að leggja okkur fram við að finna lausn sem hentar hverjum og einum og hrinda henni í framkvæmd.
- Okkar markmið er að allir, sem við getum hjálpað, hafi fengið lausn sinna mála innan nokkurra mánaða.
- Viðskiptavinir geta eftir sem áður einnig farið í útibú bankans og fengið ráðgjöf um þær lausnir sem í boði eru.






Opið virka daga kl. 9:00-16:00.

*— Verið velkomin*

Ráðgjafarþjónusta **Arion banka** í skuldamálum einstaklinga er opin alla virka daga kl. 9:00–16:00. Viðskiptavinir geta komið í heimsókn, hringt í **444 7000** eða sent okkur tölvupóst á netfangið radgjafathjonusta@arionbanki.is

Arion banki

markhonnun.is

netto
gleðjumst saman um jólin

# Bækur á ver




STELPUROKK
BRYNDÍS JÓNA MAGNÚSD.
**2.394kr**




AÞENA
MARGRÉT ÖRNÓLFSDÓTTIR
**2.786kr**




STELPUR
KRISTÍN & ÞÓRA TÓMASDÆTUR
**3.244kr**




GÆSAHÚÐ FYRIR ELDRI
MARGRÉT ÖRNÓLFSDÓTTIR
**1.603kr**




DAGBÓK KIDDA KLAUFA
JEFF KINNEY
**2.793kr**




ÉG MAN ÞIG
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
**3.711kr**




FYRIRGEFNING
LILJA SIGURÐARDÓTTIR
**3.976kr**




SNJÓBLINDA
RAGNAR JÓNASSON
**3.699kr**

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

# ...ulega lækkuðu verði!




JÓNÍNA BEN
SÖLVI TRYGGVASON
3.980kr




GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR
HALLA GUNNARSDÓTTIR
3.894kr




ÁRNI MATT
ÞÓRHALLUR JÓSEPSSON
3.894kr




STORMURINN
BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON
3.980kr




ÞAÐ SEM MÁLI SKIPTIR
PÉTUR GUÐJÓNSSON
1.973kr

**Í ÞESSARI TÍMAMÓTABÓK sem kemur út samtímis á mörgum tungumálum er spurningunni svaraðum hvernig við getum haldið stöðugri stefnu á þessum óróleikatímum sem við nú lifum.**




MAÐURINN SEM VAR...
HJORT ROSENFELDT
3.692kr




SVÍVIRÐA
LOTTE & SØREN
3.692kr




HRINGNUM LOKAÐ
MICHAEL RIDPATH
3.528kr

**Tilboðin gilda 27. - 28. nóvember**
eða meðan birgðir endast

**JÓLADAGATAL NORRÆNA HÚSSINS** Opinberað verður hverjir taka þátt í jóladagatali Norræna hússins mánudaginn 29. nóvember klukkan 12.34, auk þess sem boðið verður upp á danskar eplaskífur og jólaglögg. Listamaðurinn Sigtryggur Berg Sigmarsson sér um gerð dagatalsins í ár.




Fram koma:
Fjallabræður — Húsið opnar kl. 19:00
Barnakór Fjallabræðra — Tónleikar hefjast kl. 20:00
Sverrir Bergmann — Miðaverð kr. 2.500
Magnús Þór Sigmundsson — Miðasala á midi.is
Munaðarleysingjarnir
midi.is
Í AUSTURBÆ 12. DESEMBER
UPPSELT
AUKA TÓNLEIKAR
MÁNUDAGINN 13. DESEMBER KL. 20:00


# ÍSLAM ÖGRUM SKORIÐ

**Runukrossar nefnist nýjasta skáldsaga Helga Ingólfssonar, þar sem glæpasögu er fléttað saman við hugleiðingar um umhverfismál og trúarbrögð. Sagan gerist í framtíðinni þar sem Ísland er orðið fámennt jaðarríki í ríkjasambandinu EMIR og flestir íbúarnir eru múslimar.**



**HELGI INGÓLFSSON** Skrifaði Þegar kóngur kom og Runukrossa samhliða. Sú fyrri gerist árið 1874 en sú síðarnefnda árið 2141. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við getum séð fyrir okkur þúsund möguleika um hvernig framtíðin verður og þetta er einn af þeim," segir Helgi Ingólfsson um bók sína Runukrossa sem kom út hjá Ormstungu á dögunum.

Síðasta bók Helga, Þegar kóngur kom, sló óvænt í gegn þegar hún kom út í fyrra. Það fór lítið fyrir henni í jólabókaflóðinu en hún spurðist vel út og eftir áramót náði hún talsverðu flugi og seldist vel.

Þegar kóngur kom er söguleg skáldsaga, glæpasaga sem gerist árið 1874 þegar Kristján IX. kom til Reykjavíkur. Það kemur ef til vill ekki á óvart í ljósi þess að Helgi er sagnfræðingur og kennir sögu við Menntaskólann í Reykjavík.

Í Runukrossum er Helgi aftur á móti á slóðum sem sagnfræðingar hætta sér sjaldan á, það er að segja í framtíðinni. Bókin gerist árið 2141, eða öllu heldur 1566 eftir hirjah, þegar Ísland er orðið fjörutíu þúsund manna jaðarbyggð innan ríkjasambandsins EMIR. Íbúarnir eru flestir múslimar og þorri þeirra býr undir hvelfdu glerþaki í höfuðborginni Hellu, enda Reykjavík löngu farin í eyði. Váleg tíðindi berast menningarverðinum Umar ibn-Yusef sem leiða til þess að hann aðstoðar lögreglufulltrúann Hasan Rahman við að upplýsa sakamál.

## Íslam í mestri útbreiðslu

Helgi segir að Runukrossar sé í raun tvíburabók Þegar kóngur kom.

„Ég skrifaði þær jafnhliða, reyndar byrjaði ég á Runukrossum á undan Þegar kóngur kom, þótt ég kláraði þá síðarnefndu fyrr."

Þótt bókin gerist í framtíðinni felur hún í sér harða ádeilu á atburði líðandi stundar, til dæmis sýpur mannkynið seyðið af skeytingarleysi fyrri kynslóða í umhverfismálum. Hryggjarstykkið í framtíðarsýn bókarinnar er hins vegar útbreiðsla íslam á Vesturlöndum.

„Fyrir 150 til 200 árum var vestrænt lýðræði dýnamískasta hugmyndafræðin og sú sem varð að lokum ofan á," segir Helgi. „Ef við horfum hlutlægt á málin og spyrjum hver sé dýnamískasta hugmyndafræðin í dag, sem er í útbreiðslu, er það tvímælalaust íslam. Það á ekki aðeins við í Mið-Austurlöndum, íslam er líka að gera sig gildandi á Vesturlöndum."

Helgi kveðst líka hafa viljað koma því sjónarmiði á framfæri að trúarbrögð bæri ekki að vanmeta eða halda að þau séu dauð.

„Hugmyndakerfi deyja aldrei þannig séð, menn komast alltaf einhvern tímann á það stig að þeir vilja leita aftur á náðir æðri máttarvalda eða einhvers sem fríar þá kannski ábyrgð gagnvart umhverfi sínu."

## Umburðarlynt samfélag

Í bókinni er dregin upp mynd af tæknivæddu íslömsku samfélagi, þar sem önnur trúarbrögð fá að þrífast en múslimar eru engu að síður forréttindastétt.

„Svona er þetta í reynd byggt upp í múslimasamfélögum," segir Helgi. „Þau hafa löngum verið umburðarlynd gagnvart eingyðistrúarbrögðum en þó þannig að múslimar hafa notið ákveðinna forréttinda. Þetta er í raun bara einföld endurspeglun á því."

Aðalpersóna bókarinnar er guðhrædd og trúrækin og hefur takmarkað þol fyrir þeim sem ástunda ekki dyggðugt líferni. Spurður hvort bókin sé gagnrýni á íslömsk samfélög fyrir þröngsýni og umburðarleysi segir Helgi svo ekki vera.

„Þetta er einmitt ekki umburðarlaust samfélag sem þarna er lýst. Þetta er bræðingur af vestrænu og íslömsku samfélagi, tæknivætt múslimasamfélag þar sem sumt lifir og annað ekki.

Aðalsöguhetjan er til dæmis á þessari forpokuðu trúarlínu en svo er þarna lögreglumaður sem er á hinum endanum og finnst greinilega trúarbrögð skipta minna máli. Það er því sannarlega ákveðið umburðarlyndi til staðar og ég lagði upp með að það yrði ákveðinn díalógur milli þessara enda."

## Mikil heimildarvinna

Helgi lýsir hinni ímynduðu framtíð í talsverðum smáatriðum og segist hafa pælt heilmikið í henni áður en hann hóf skriftir.

„Já, þessi bók á sér dálítið langan aðdraganda og það liggur heilmikil heimildarvinna að baki. Ég sótti eðli málsins mikið í Kóraninn. Ég hef líka kennt töluvert um íslam og aflað mér þekkingar í gegnum það. Svo gluggaði ég í aðrar bækur og efni sem má finna á netinu. Í rauninni er til ofgnótt af fróðleik og ég varð að skera heilmikið niður. Það var hreinlega of mikið af heimildum."

bergsteinn@frettabladid.is









# JÓLATÓNLISTARHÁTÍÐ
# Í HALLGRÍMSKIRKJU 2010

28. NÓVEMBER - 31. DESEMBER





**28. NÓVEMBER** – 1. SUNNUDAGUR Í AÐVENTU

**11:00 HÁTÍÐARMESSA OG BARNASTARF**
Biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, prédikar.
Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson og sr. Birgir Ásgeirsson þjóna fyrir altari.
Mótettukór Hallgrímskirkju syngur.
Stjórnandi: Hörður Áskelsson.
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson.

## 17:00 AÐVENTAN OG MARÍA

*– aðventutónleikar Schola cantorum*
Schola cantorum syngur evrópskar endurreisnarmótettur og íslensk kórverk eftir Viadana, Guerrero, Handl, Lassus, Victoria, Hassler, Palestrina, Báru Grímsdóttur, Þorkel Sigurbjörnsson og Hjálmar H. Ragnarsson.
Frumflutt verða verk eftir Guðrúnu Eddu Gunnarsdóttur og Hafstein Þórólfsson.
Schola cantorum flytur sömu dagskrá í hinni víðfrægu dómkirkju í Köln í Þýskalandi 3. desember.
Stjórnandi: Hörður Áskelsson.
Aðgangseyrir 2.500 kr. / listvinir 1.500 kr.

**4. DESEMBER** – LAUGARDAGUR

**12:00 ORGELTÓNLEIKAR Á HÁDEGI**
*– aðventa og jól*
Verk eftir Johann Sebastian Bach og Charles-Marie Widor.
Flytjandi: Björn Steinar Sólbergsson.
Ókeypis aðgangur en frjáls framlög þegin til styrktar Listvinafélaginu.

**5. DESEMBER** – 2. SUNNUDAGUR Í AÐVENTU

**12:00 LÍKAMSPARTAR Í TRÚARBRÖGÐUM**
Hannes Lárusson myndlistarmaður opnar með gjörningi sýningu með nýjum verkum sem unnin eru með blandaðri tækni. Sýningin er síðust í röð þriggja sýninga á vegum Listvinafélagsins sem kallast *Kristin minni.*
Sýningarstjóri er Guðrún Kristjánsdóttir myndlistarmaður.

**11. DESEMBER** – LAUGARDAGUR

## 14:00-17:00 HÁTÍÐ FER AÐ HÖNDUM EIN

Listvinafélag Hallgrímskirkju og tónlistarfólk kirkjunnar býður til tónlistarveislu á aðventu. Samfelld dagskrá með kórsöng og orgeltónlist og kirkjugestum er velkomið að syngja með.

14:00 Drengjakór Reykjavíkur.
Stjórnandi: Friðrik S. Kristinsson.
14:30 Hörður Áskelsson leikur á Klaisorgelið.
15:00 Mótettukór Hallgrímskirkju.
Stjórnandi: Hörður Áskelsson.
15:30 Björn Steinar Sólbergsson leikur á Klaisorgelið.
16:00 Schola cantorum.
Stjórnandi: Hörður Áskelsson.
16:30 Björn Steinar Sólbergsson leikur á Klaisorgelið.

Aðgangseyrir 1.000 kr. / ókeypis fyrir yngri en 16 ára.
Heitt súkkulaði selt á vægu verði til styrktar Listvinafélaginu.

**24. DESEMBER – AÐFANGADAGUR**

**17:00 BJÖRN STEINAR SÓLBERGSSON LEIKUR Á KLAIS-ORGELIÐ.**

**18:00 AFTANSÖNGUR**
Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson prédikar og þjónar fyrir altari.
Mótettukór Hallgrímskirkju syngur.
Stjórnandi: Hörður Áskelsson.
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson.



**23:00 HÖRÐUR ÁSKELSSON LEIKUR Á KLAIS-ORGELIÐ**

**23:30 MIÐNÆTURGUÐSÞJÓNUSTA Á JÓLANÓTT**
Sr. Birgir Ásgeirsson prédikar og þjónar fyrir altari.
Mótettukór Hallgrímskirkju syngur.
Stjórnandi og organisti: Hörður Áskelsson.

**29. DESEMBER** – MIÐVIKUDAGUR OG
**30. DESEMBER** – FIMMTUDAGUR

## 20:00 „ÉG HELD GLAÐUR JÓL"



*- Kristinn Sigmundsson og Mótettukór Hallgrímskirkju á jólum*
Jólatónleikar Mótettukórsins hafa í nærri þrjá áratugi verið fastur liður í aðventubyrjun í Hallgrímskirkju. Að þessu sinni verða tónleikar kórsins milli jóla og nýárs. Kristinn Sigmundsson óperusöngvari syngur með kórnum meðal annars lög sem hann flutti ásamt kórnum á metsöluplötunni „Ég held glaður jól" frá árinu 1985. Björn Steinar Sólbergsson leikur á orgelið.
Stjórnandi: Hörður Áskelsson.
Tilvalin jólagjöf. Falleg gjafabréf í boði.
Aðgangseyrir 3.500 kr. / listvinir 2.500 kr.

**31. DESEMBER** – GAMLÁRSDAGUR

**17:00 HÁTÍÐARHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT**
Hátíðartónlist fyrir tvo trompeta og orgel.
Flytjendur: Ásgeir H. Steingrímsson og Eiríkur Örn Pálsson trompetleikarar ásamt Herði Áskelssyni á orgel.
Aðgangseyrir 2.500 kr. / listvinir 1.500 kr.

**18:00 AFTANSÖNGUR**
Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson prédikar og þjónar fyrir altari.
Mótettukór Hallgrímskirkju syngur.
Stjórnandi og organisti: Björn Steinar Sólbergsson.



**Miðasala Hallgrímskirkju 510 1000 | www.listvinafelag.is**




# Gæsahúð á fiðlutónleikum

Tónleikar ★★★★

**Verk eftir Sibelius, Prókofíev og Mendelssohn.**

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék undir stjórn James Gaffigan. Einleikari: Helga Þóra Björgvinsdóttir.

Hann var óvenju músíkalskur, stjórnandinn á tónleikum Sinfóníunnar í Háskólabíói á fimmtudagskvöldið.

Hann heitir James Gaffigan og mun hafa stjórnað Sinfóníunni áður. Ég man reyndar ekkert eftir því. En tónleikarnir nú verða mér minnistæðir. Ballettinn eftir Prokofíev, Rómeó og Júlía, hefur sjaldan verið eins magnaður. Strengjahljómurinn var óvenjulega safaríkur og flottur, það var hreinn unaður að hlusta á hljómsveitina spila. Tréblásararnir voru tærir og nákvæmir, og brassið yfirleitt pottþétt. Aðrir voru líka með á nótunum. Einhverjir hnökrar voru vissulega greinanlegir, en túlkunin var bara svo sannfærandi að manni var alveg sama. Hápunktarnir voru þannig að ég fékk gæsahúð, og það gerist ekki oft á sinfóníutónleikum.

Annað á efnisskránni kom einnig vel út. Hin ábúðarfulla, en innilega tónsmíð eftir Sibelius, Elskhuginn, var fallega spiluð. Eins og nafnið bendir til er tónlistin rómantísk, reyndar var þetta upphaflega kórverk. Sem slíkt fjallar það um ungan mann sem leitar að ástvinu sinni yfir fjöll og skóga og finnur hana að lokum. Kórverkið varð flóknara en tónskáldið hafði gert ráð fyrir, og á endanum varð það að tónsmíð fyrir strengi og slagverk. Frammistaða strengjasveitar Sinfóníunnar var glæsileg, spilamennskan fókuseruð, mjúk og umfram allt tilfinningarík undir öruggri stjórn Gaffigans.



**HELGA ÞÓRA BJÖRGVINSDÓTTIR** Lék E-moll konsertinn eftir Mendelssohn prýðisvel en hefði mátt taka meiri áhættu, segir í dómnum.

Einleikari kvöldsins var Helga Þóra Björgvinsdóttir fiðluleikari. Hún hefur áður spilað með Sinfóníunni, en það var í fiðlukonsert eftir Martinu fyrir tæpum tveimur árum. E-moll konsertinn eftir Mendelssohn er mun aðgengilegri og Helga Þóra lék hann prýðisvel. Hröð nótnahlaup voru tær og jöfn, hljómurinn í fiðlunni var fagur og túlkunin byggð á þekkingu og fagmennsku. Einstaka sinnum hefði maður þó viljað hafa meira líf í leiknum, meiri spennu. Helga Þóra virtist ekki taka neinar sérstakar áhættur, sem gerði verkið stundum óþarflega litlaust. En hún er samt fínn fiðluleikari. Með meiri reynslu á eftir að sópa að henni og það er örugglega mikils af henni að vænta í framtíðinni.

Jónas Sen

**Niðurstaða:** Óvanalega sannfærandi túlkun á Rómeó og Júlíu eftir Prókofíev. Fiðlukonsertinn eftir Mendelssohn var líka fallega spilaður og Elskhuginn eftir Sibelius var hrífandi.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 27. nóvember

**➜ Tónleikar**

**16.00** **Nemendur við Tónlistarskólann í Reykjavík** flytja rómantísk verk í Þjóðmenningarhúsinu í dag. Tónleikarnir hefjast kl. 16.

**16.00** Hljómsveitin **Orphic Oxtra** verður með tónleika í Havarí í dag kl. 16.

**23.00** Á Faktorý koma í kvöld fram **7Berg, Diddi Fel, Emmsjé Gauti og Introbeats**. Tónleikarnir hefjast kl. 23 og er aðgangseyrir 1000 krónur.

**➜ Opnanir**

**15.00** Sýning þeirra **Áslaugar Thorlacius, Finns Arnars Arnarssonar, Salvarar, Kristjáns, Hallgerðar og Helga Finnsbarna** verður opnuð í dag kl. 15 í Ásmundarsal í Listasafni ASÍ.

**17.00** **Rakel McMahon og Snorri Ásmundsson** opna sýninguna Blow me (pott)- Bloody beauty, ókei? í dag kl. 17 í Crymo við Laugaveg.

**Jón Henryson** hefur opnað sýninguna Mýndabók mannlegra skepna í litum í sýningarsal Íslenskrar grafíkur í Tryggvagötu 17 (hafnarmegin).

**➜ Fundir**

**16.00** Minningarfundur um **heiðursfélaga MÍR**, þá Nikolas Kúdrjavtsev og Valeríjs Berkov, í félagsheimili MÍR á Hverfisgötu 105. Minningarfundurinn hefst kl. 16.

**➜ Málþing**

**13.00** Málþing í Þjóðminjasafni Íslands í tengslum við sýningu **Einars Fals Ingólfssonar,** Í fótspor W.G. Collingwoods. Málþingið stendur frá 13-15 í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands. Aðgangur ókeypis.

**14.00** Haustþing **AkureyrarAkademíunnar** verður haldið í dag í Gamla Húsmæðraskólanum við Þórunnarstræti 19 á Akureyri frá 14-17. Yfirskrift þingsins er Menningin og monníngurinn. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**➜ Samkoma**

**14.50** Ljósin verða tendruð á **jólatrénu** á **Akureyri** í dag kl. 14.50 við Ráðhús Akureyrar.

### Sunnudagur 28. nóvember

**➜ Tónleikar**

**15.00** **Bjöllukór Tónstofu Valgerðar** spilar í Borgarbókasafni/Ársafni í dag frá kl. 15.

**17.00** Aðventutónleikar **Schola cantorum** í Hallgrímskirkju í dag. Tónleikarnir hefjast kl. 17 og er aðgangseyrir 2.500 krónur, 1.500 krónur fyrir listvini.

**20.00** Í Hafnarborg verður **Tríó Reykjavíkur** með tónleika í dag. Tónleikarnir hefjast kl. 20 og er miðaverð 2.400 krónur.

**➜ Listasmiðja**

**14.00** Opin listsmiðja fyrir börn og fullorðna í **Viðeyjarstofu** í dag frá kl. 14-16. Ferjutollur og þátttökugjald er 1000 krónur fyrir fullorðna og 500 krónur fyrir börn.

**➜ Útivist**

**11.00** Ferðafélag Íslands ásamt Góu efna til **Konfektgöngu** á **Esjuna** kl. 11. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.

**➜ Samkoma**

**14.00** **Félagsvist** verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14, í dag kl. 14. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**











# SÁLIN OG FROSTRÓSIR ÁRITA Í SKÍFUNNI Í KRINGLUNNI Í DAG!




ÁRITA KL. 14.00

HELGARTILBOÐ 1.799,- Áður ~~2.599,-~~

**Sálin hans Jóns míns áritar í dag kl. 14:00 í Skífunni Kringlunni**

**Sálin hans Jóns míns · Upp og niður stigann**
11 laga plata frá vinsælustu hljómsveit á Íslandi.




ÁRITA KL. 16.00

CD &DVD

HELGARTILBOÐ 2.499,- Áður ~~3.999,-~~

**Frostrósir árita í dag kl. 16:00 í Skífunni Kringlunni**

**Frostrósir · Hátíðin heilsar**
Tónleikarnir í heild sinni á geislaplötu og mynddiski.




HELGARTILBOÐ 1.799,- Áður ~~2.599,-~~

**Fúsi Halldórs · Vinsælustu lögin**
Hér eru perlur Sigfúsar fluttar af landsliði íslenskra söngvara.




3CD HELGARTILBOÐ 2.499,- Áður ~~3.499,-~~

**Elly Vilhjálms · Heyr mína bæn**
Glæsilegt 60 laga safn með Elly Vilhjálms, en hún hefði orðið 75 ára á þessu ári.




HELGARTILBOÐ 1.799,- Áður ~~2.599,-~~

2CD HELGARTILBOÐ 2.499,- Áður ~~3.299,-~~

**Justin Bieber · My Worlds - The Collection**
Inniheldur ný lög og nýjar útgáfur af helstu smellum Biebers.

Ný verslun Laugavegi 44



KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44 · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

S·K·Í·F·A·N

# Fólk

folk@frettabladid.is

**77.900.000** NIÐURSTÖÐUR BIRTAST ef táningsstjörnunni Justin Bieber er flett upp á Google.



## Fullur með Gaga



Samkvæmt tímaritinu The Insider neyddist Anderson Cooper, fréttahaukurinn hjá CNN, næstum til að hætta í miðju viðtali við söngkonuna Lady Gaga sökum þess að hann var að verða of fullur. Lady Gaga bauð Cooper upp á viskí á meðan þau ræddu saman á bar í London en Cooper er hins vegar ekki mikill viskímaður. „Hún náði í drykki handa mér, tvo að mig minnir, og eftir smá stund var ég reiðubúinn að slíta viðtalinu því ég gat ekki spurt fleiri spurninga," viðurkennir Cooper.

CNN-maðurinn segist hins vegar vera ákaflega þakklátur fyrir að hafa fengið að eyða tveimur helgum með poppstjörnunni. „Það var virkilega skemmtilegt," játar Cooper, sem hingað til hefur verið þekktastur fyrir að leiða áhorfendur bandarísku fréttastöðvarinnar í allan sannleikann um hörmungar á hamfarasvæðum.

**FULLUR** Lady Gaga hellti fréttahaukinn Anderson Cooper næstum fullan á bar í Englandi þegar hann tók viðtal við hana.



**RISAPLATA** Á nýrri plötu Erps er 21 lag og sjálfur segist hann aldrei hafa verið eins hreinskilinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# MÁ ÉG KOMA HEIM?

**Erpur Eyvindarson fer öfganna á milli í textunum á fyrstu sólóplötu sinni. Segja má að platan skiptist í þrjá hluta: Djamm, pólitík ásamt hluta þar sem við heyrum mýkri hlið á rapparanum sem er aldrei kjaftstopp.**

„Þegar maður er að fá sér, þarf að tala um það. Þegar maður er í frænkunum, þarf að tala um það. Þegar maður er að mótmæla þarf að tala um það og þegar maður þarf að skrifa eitthvað til að koma hlutunum frá sér á persónulegum nótum, þá gerir maður það," segir rapparinn Erpur Eyvindarson.

Erpur sendi nýlega frá sér plötuna Velkomin til Kópacabana. Platan er stór í sniðum, inniheldur 21 lag sem tekur meira en klukkutíma að spila. Erpur byrjaði að vinna að plötunni fyrir tæpum fjórum árum og fer öfganna á milli í textagerðinni. Hann hefur oft verið gagnrýndur fyrir grófa texta og í laginu 112 stendur hann undir nafni:

*Blaz Roca er halinn sem*
*börnin þín fíla, því að,*
*ég kenni þeim að ríða,*
*fýra og dett'íða*
*Fjórfingra þig físa, fyrir*
*kynslóðina mína*
*Ég er Blaz Roca bíaaa,*
*étum krakkana þína*

„Þetta er rosalega mikið *fokk júlag*," útskýrir Erpur. „Eins og hann Dabbi T segir í þessu lagi: „Dabbi T og hinn alræmdi Erpur – ástæðan fyrir því að barnið þitt drekkur." Þetta er náttúrulega bull. Krakkar voru að drekka löngu áður en ég byrjaði að rappa. Það er svo mikil einföldun að kenna alltaf tónlistinni um. Þetta snýst svolítið mikið um það."

Þannig að þetta er hæðni?

„Já. Bara pönk – að hræða lið sem er svo *hysterískt* að það meikar ekki sens. Sumir fatta ekki að foreldrar ala upp krakka, ég get ekki alið upp krakka annarra."

Erpur fer út í persónulega og mjúka sálma í lögunum Framhaldið, Má ég koma heim? og Má ég koma aftur heim? Sem dæmi um það er hér textabrot úr Má ég koma heim?:

*Hún er á maraþon túr*
*og rústa heilli íbúð*
*en ég sver upp á þennan púng*
*að ég hef alltaf verið trúr*
*Ég bara hata að vera þekktur*
*Af því ég er Erpur*
*Þá hlýt ég að vera að*
*negla aðrar stelpur*

Mér finnst ég sjá nýjan Erp þarna. Þetta kom mér svolítið mikið á óvart.

„Það finnst mér líka. Uppáhaldslagið á plötunni minni er Má ég koma heim? og það hafa margir sagt það sama. Þetta er allt nýtt og mun meira fullorðins. Maður verður alltaf að gera eitthvað nýtt, þó ég þurfi líka að skila ákveðnum hlutum til þeirra sem hafa fylgst mest með mér og hafa mest gaman af mér. Það eru hlutir eins og samfélagsleg ádeila í lögum eins og Stórasta landið, Hleraðu þetta, Landráð og Reykjavík Belfast."

Erpur útskýrir að það sé miklu persónulegra að gera sólóplötu heldur en þær sem hann hefur gert t.d með hljómsveitinni XXX Rottweiler.

„Þegar ég fer með Rottweiler í stúdíó get ég ekki sagt: „Strákar, munið þið eftir henni Gunnu? Eigum við ekki að rappa aðeins um hana?" Þess vegna hef ég ekki gert þetta áður. Í bandi er miklu meiri málamiðlun um þemað. Þetta er lang persónulegasta platan mín og þetta er bara *real shit*.

Beint frá hjartanu?

Já. Þetta er það hreinskilnasta sem ég hef gert opinberlega."

Þannig að þú hefur lent í því sem þú rappar um í þessum texta?

„Já, þetta er mjög klassískt, sko. Ógeðslega klassískt hallæri. En það eru kostir og gallar og þetta er einn af göllunum. Það finnst engum að gæjar eins og ég og fleiri getum verið slakir heima á laugardagskvöldi að spila í *PlayStation*. Maður þarf alltaf að vera einhvers staðar að láta sjúga sig."

Þú ert ekki að gera mikið til að kveða það niður!

„Ég er ekkert að stressa mig á því hvað fólk heldur. En ef þetta er að trufla samskipti manns við einhvern sem skiptir máli þá er það fáránlegt. Ég er samt ekki að segja að það sé neitt að því að láta sjúga sig öll laugardagskvöld – ég er bara alltaf ekki að því."

atlifannar@frettabladid.is







## Fáum ekki leið á Jólahjólinu

„Við höfum ekkert breyst. Það hafa bara allir í kringum okkur breyst," segir snigillinn Skúli Gautason, en Sniglabandið fagnar 25 ára afmæli sínu í ár. Af því tilefni gefur hljómsveitin út þriggja diska afmælispakka sem ber einfaldlega nafnið „25". Afmælispakkinn inniheldur tvo hljómdiska og einn mynddisk. Fyrri hljómdiskurinn skartar mörgum af vinsælustu lögum Sniglabandsins en á þeim seinni er að finna lög sem aldrei áður hafa verið gefin út á geisladiski. Á mynddisknum er svo hægt að horfa á tvenna tónleika Sniglabandsins í Borgarleikhúsinu.

Skúli segir að Sniglabandið hafi spilað á margvíslegum uppákomum í gegnum árin, en að þeir tónleikar sem bandið hefur haldið í leikhúsinu séu í uppáhaldi. „Þessi hljómsveit á það til að fara út í leikræna tilburði svo þegar við spilum í Borgarleikhúsinu þá líður okkur eins og litlum börnum sem komast í dótakassa," segir Skúli.



**ALDARFJÓRÐUNGSAFMÆLI** Strákarnir í Sniglabandinu hafa spilað saman í 25 ár. Þeir gefa út þriggja diska afmælispakka af því tilefni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skúli er fljótur að svara þegar hann er spurður út í vinsælasta lag Sniglabandsins. „Ég myndi halda að það væri „Jólahjól". Við erum beðnir um að spila það allan ársins hring." Hann segir þá félaga samt ekki vera orðna leiða á laginu. „Það er eitthvað við þetta lag. Það virðist vera orðið að sameign þjóðarinnar og það gilda einhver önnur lögmál um svoleiðis lög."

- ka




# Leikandi laugardagur

**Útgáfufögnuður eineygða kattarins Kisa og dægurlagapopp með Lifun**

## Kl. 15:00

Hugleikur Dagsson verður á staðnum og mun árita eintök af bókinni. Þá verður einnig frumflutt nýtt lag um eineygða köttinn Kisa.

## Kl. 17:00

Hljómsveitin Lifun leikur lög af nýrri plötu sinni, *Fögur fyrirheit*.



**Hugleikur Dagsson**




**Fögur fyrirheit**
Lifun

## GERIÐ VERÐSAMANBURÐ

**Furðustrandir**
Arnaldur Indriðason




32%
**3.880 kr.**
Verð áður 5.690 kr.

**Takk útrásarvíkingar**
Lára Björg Björnsdóttir




30%
**3.190 kr.**
Verð áður 4.490 kr.

**Dömusiðir**
Tobba Marinós




30%
**2.790 kr.**
Verð áður 3.990 kr.

**Þóra biskups**
Sigrún Pálsdóttir




30%
**3.980 kr.**
Verð áður 5.690 kr.

**Dagur kvennanna**
Megas & Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir



30%
**3.490 kr.**
Verð áður 4.980 kr.

**Frumskógarbókin**
Rudyard Kipling




30%
**3.490 kr.**
Verð áður 4.980 kr.

**Eldað um veröld víða**
Gordon Ramsay




30%
**4.190 kr.**
Verð áður 5.990kr.

**Fiskmarkaðurinn**
Hrefna Rósa Sætran




30%
**3.490 kr.**
Verð áður 4.990 kr.

**Allt fínt en þú ?**
Jónína Leósdóttir




30%
**3.980 kr.**
Verð áður 5.690 kr.

**Þokan**
Þorgrímur Þráinsson




30%
**2.790 kr.**
Verð áður 3.990 kr.

* Tilboðsverð gilda til 1. desember 2010

**Opið til**
**22:00**
**öll kvöld**

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18



**ÓSÁTT** Britney Spears er mjög ósátt við að foreldrar sínir hafi tekið aftur saman, en þau skildu árið 2002. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vill ekki að foreldrar sínir séu saman

Foreldrar söngkonunnar Britney Spears skildu árið 2002 eftir rúmlega þrjátíu ár saman. Þau tóku nýverið aftur saman og voru fréttirnar engar gleðifréttir fyrir Britney. Hún telur að þetta séu samantekin ráð foreldra hennar til að komast yfir peninga hennar.

Eftir að Britney fékk taugaáfall árið 2008 hefur faðir hennar séð um fjármál og önnur persónuleg mál söngkonunnar. „Britney finnst hún svikin. Hún leitaði mikið til móður sinnar þegar hún átti í erfiðleikum með að sætta sig við stjórnsemi föðursins. Lynne ráðlagði Britney í einu öllu og gaf henni von um að hún fengi brátt sjálfræði sitt aftur. Nú telur Britney að móðir sín hafi farið á bak við sig og sagt föður hennar allt sem hún treysti Lynne fyrir,“ var haft eftir heimildarmanni.

Spears telur að þetta hafi verið samantekin ráð foreldra hennar til að gera hana meðfærilegri og til að auka tekjur sínar. Jamie Spears, faðir Britney, fær 1,8 milljónir á mánuði fyrir starf sitt sem forráðamaður söngkonunnar. „Ef Britney fær sjálfræði sitt aftur hættir Jamie að fá þessi laun og þyrfti að finna sér aðra vinnu. Hún er mjög ósátt við að foreldrar hennar hafi tekið aftur saman.“

# HÚSFYLLIR HJÁ YESMINE

**Það var margt um manninn í Veisluturninum í Kópavogi á fimmtudagskvöldið þegar Yesmine bauð vinum og velunnurum í smakk á bæði framandi og freistandi réttum. Nýverið gaf hún út matreiðslubókina Framandi & freistandi í eldhúsinu heima. Með bókinni fylgir einnig mynddiskur þar sem réttu handtökin eru kennd og virtust gestirnir kunna vel að meta það sem Yesmine hafði upp á að bjóða.** - fgg



Svanhildur Hólm er mikil smekkmanneskja og smakkaði á ljúffengum réttum Yesmine í Turninum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Jón Páll Júlíusson og Laufey Karítas létu sig ekki vanta.



Þær Dassa og Guðrún Gunnarsdóttir kunnu vel að meta kræsingarnar hennar Yesmine.



Ljósvakameistararnir Logi Bergmann og Karl Berndsen gæddu sér á dýrindis veigum. Ef rýnt er í myndina má sjá Arnar Grant standa fyrir aftan þá.




# Færir engar þakkir

Samkvæmt sumum slúðurritum hið vestra hefur Angelina Jolie ákveðið að þakkargjörðarhátíðin verði ekki haldin hátíðleg á heimili Jolie-Pitt fjölskyldunnar.

„Henni finnst út í hött að halda upp á dag sem fagnar sigri hvítra landnema yfir indíánum. Hún vill ekki að fjölþjóðleg fjölskylda hennar haldi upp á slíkt,“ var haft eftir fjölskylduvini, sem bætir við að Jolie blöskri svo sagan á bak við hátíðina að hún hafi passað sérstaklega upp á það að fjölskyldan væri ekki í Bandaríkjunum í kringum hana.

„Angelina lítur á þetta sem enn eitt skiptið sem Bandaríkin reyna að endurskrifa mannkynssöguna,“ sagði fjölskylduvinurinn.



**STENDUR Á SÍNU** Angelina Jolie vill ekki halda upp á þakkargjörðarhátíðina.

# Börnin ekki í mynd



Glamúrfyrirsætan Katie Price, áður þekkt sem Jordan, tilkynnti á Twitter-síðu sinni að börn hennar myndu ekki birtast í nýrri þáttaröð raunveruleikaþátta hennar.

„Tökur á raunveruleikaþætti mínum hefjast aftur í þessari viku. Junior og Princess verða ekki í þáttunum og munu ekki sjást með mér á myndum aftur,“ skrifaði Price. Hún hefur hingað til verið óhrædd við að sýna börn sín í fjölmiðlum og sat dóttir hennar meðal annars fyrir í auglýsingaherferð fyrir barnafatalínu Price.

„Ég vil ekki að þau séu undir stöðugu eftirliti myndavéla heldur að þau lifi eðlilegu lífi og ákveði sjálf hvort þau vilji koma fram opinberlega þegar þau eru orðin nógu gömul.“

**ENGAR MYNDAVÉLAR** Katie Price vill draga börn sín í hlé.

# Dreymir um Rihönnu

Breska söngkonan Susan Boyle vill ólm syngja dúett með bandarísku poppdívunni Rihönnu. Boyle lítur á Rihönnu sem keppinaut sinn í poppbransanum og vill meina að ef þær tvær leiða saman hesta sína á plötu myndi það slá í gegn.

Ekki er vitað hvernig Rihanna sjálf tekur í þessar pælingar bresku X Factor-stjörnunnar en gaman verður að fylgjast með ef af samstarfi verður. Fjölmiðlar vestanhafs telja það samt harla ólíklegt.



**POPPDÍVAN** Rihanna hefur ekki talað um hvort hún vilji syngja með Boyle. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Besta fyrirmyndin

Breskar unglingsstúlkur hafa valið skólafélaga Harry Potter, Hermione, sem bestu fyrirmyndina. Hermione er leikin af leikkonunni ungu Emmu Watson og skýtur hún þar með poppprinsessunum Cheryl Cole og Katy Perry ref fyrir rass. Í Harry Potter-kvikmyndunum kemur Hermione fyrir sem einstaklega gáfuð stúlka sem er gædd yfirnáttúrulegum hæfileikum og lýsa breskir fjölmiðlar þessu sem ánægjulegri þróun hjá ungu kynslóðinni.



**GÓÐ FYRIRMYND** Emma Watson er besta fyrirmyndin sem Hermione, skólasystir galdrastráksins Harry Potter. NORDICPHOTOS/GETTY

# Faldi hringinn í skó

Söngkonan Jessica Simpson trúlofaðist nýverið unnusta sínum, fyrrverandi íþróttamanninum Eric Johnson. Að sögn Simpson hafði pilturinn mikið fyrir því að fela hringinn fyrir henni þar til hann bar upp bónorðið.

„Hann faldi hringinn ofan í skópari einhvers staðar í húsinu. Mér fannst það skrítinn felustaður, en það virkaði. Ég var alveg grunlaus,“ sagði söngkonan í útvarpsviðtali.

Eins og sönnum herramanni sæmir hafði Johnson fengið leyfi foreldra Simpson til að kvænast henni og því vissu foreldrarnir af ráðahagnum löngu áður en dóttir þeirra. „Ég trúi ekki að fjölskylda mín hafi getað þagað svona lengi yfir leyndarmáli. Ég var að horfa á sjónvarpið og hann bað mig um að setja þáttinn á pásu, svo kraup hann fyrir framan mig og bað mín. Ég varð svo hissa að ég missti næstum málið. Ég hef aldrei upplifað aðra eins stund, aldrei.“



**TRÚLOFUÐ** Jessica Simpson og Eric Johnson ætla að ganga í það heilaga. Hann bað hennar í byrjun mánaðarins. NORDICPHOTOS/GETTY



**Á BLEIKU SKÝI** Katy Perry segist gleyma því að kalla leikarann Russell Brand eiginmann sinn enda stutt síðan þau gengu í það heilaga. NORDICPHOTOS/GETTY

# Gleymir giftingunni

Poppdívan Katy Perry á erfitt með að venjast breyttri hjúskaparstöðu sinni en hún er stöðugt gleyma því að leikarinn Russell Brand sé eiginmaður hennar en ekki kærasti. Parið gekk í það heilaga með pompi og prakt á Indlandi í síðasta mánuði og má því segja að hjónin svífi um á bleiku skýi þessa dagana. Foreldra Perry eru líka í skýjunum yfir nýja tengdasyninum og elduðu meira að segja sérstakan rétt fyrir hann á þakkargjörðardaginn.

# Sandler alveg milljón

**Gamalt myndband úr sjónvarpsþáttunum Saturday Night Live með Adam Sandler rauf milljón áhorfenda múrinn á fimmtudagskvöldið. Á myndbandinu sést Sandler syngja hið fræga Þakkargjörðarlag en þar koma við sögu frægir einstaklingar á borð við Mike Tyson, Betty Grable og Sammy Davis Jr. Myndbandið hefur yfirleitt verið vinsælt í Bandaríkjunum um þetta leyti en þær vinsældir náðu nýjum hæðum um þessa þakkargjörðarhátíð. Sandler er sjálfur að leika í kvikmyndinni Jack and Jill þar sem Katie Holmes og Al Pacino eru meðal mótleikara hans.**



**VINSÆLL** Ameríkumenn hlustuðu mikið á gamalt þakkargjörðarlag með Adam Sandler á fimmtudaginn.





## Þú kemst í jólaskap með okkur

**Jólatrukkar Coca-Cola** koma við á öllum stærri verslunarkjörnum landsins næstu daga og vikur fram að jólum. Jólatrukkar Coca-Cola eru innfluttir frá Bandaríkjunum og sérhannaðir til að skapa jólastemningu þar sem þeir eru skreyttir jólaljósum og ríkulega útbúnir. Annar jólatrukkurinn er helgaður **stofu jólasveinsins** þar sem yngsta kynslóðin getur fengið mynd af sér með sjálfum **jólasveininum**. Í hinum jólatrukknum er áhugasömum boðið að spreyta sig á nýjustu **Playstation Move** leikjunum, sem byggja á hreyfingu leikmanna.

**Jólatrukkar Coca-Cola® hefja för sína við**
**Fjarðarkaup, í dag**
**laugardaginn 27. nóv. á milli kl. 14-16**

**Næstu viðkomustaðir jólatrukkanna verða eftirfarandi:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 28. nóv | Sunnudagur | **Hagkaup Skeifunni** | kl. 14-16 |
| 29. nóv | Mánudagur | **Krónan Mosfellsbæ** | kl. 17-19 |
| 30. nóv | Þriðjudagur | **Bónus Garðabæ** | kl. 16-18 |
| 1. des | Miðvikudagur | **Hagkaup Eiðistorgi** | kl. 17-19 |
| 2. des | Fimmtudagur | **Bónus Akranesi** | kl. 16-18 |
| 3. des | Föstudagur | **Bónus Akureyri Langh.** | kl. 16-18 |

Nánar á Coke.is

Coca-Cola Með þér um jólin




# EVA OPNUÐ Á LAUGAVEGI

**Margt var um manninn þegar Svava Johansen opnaði verslunina Evu á nýjum stað neðar á Laugaveginum. Búðin var full af nýjum merkjum og skartar meðal annars stærri skódeild en áður. Það er mál manna að verslunin sé vel heppnuð og hleypi nýju lífi í flott húsnæði. Ljósmyndari Fréttablaðsins fór og myndaði gesti opnunarinnar.**


**FAGNAÐI** Svava Johansen var ánægð með viðtökurnar og heldur hér á blómvendi við hlið Kristbjörgu Sigurðardóttur og Fjólu Friðriksdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


**SÁTTAR** Björg Jónasdóttir og Kristjana Magnúsdóttir stilltu sér upp fyrir ljósmyndara.


**MIKIÐ SPENNANDI** Þær Hulda Gunnarsdóttir, Edda Björnsdóttir og Regína Pálsdóttir voru hrifnar af þessum leðurjakka.


**BAKARINN MÆTTUR** Hjónin Unnur Helga Gunnarsdóttir og Jóhannes Felixson, eða Jói Fel, létu sjá sig.


**GAMAN** Þeim Maríönnu Traustadóttur og Bertu Kristínu Jónsdóttur leist vel á það sem fyrir augu bar.


**BROSANDI** Þær Gunnhildur Úlfarsdóttir og Brynja Nordquist voru ánægðar með nýju búðina.

# Skrifar handrit um Silungapoll

„Þetta er saga um ótrúlega bjartsýni og um að komast af,“ segir kvikmyndagerðarmaðurinn Guðrún Ragnarsdóttir. Guðrún fékk styrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands til að halda áfram með kvikmyndahandrit sem hefur verið gefið vinnuheitið Silungapollur. Guðrún segir handritið vera byggt á atvikum sem þarna áttu sér stað en tekur skýrt fram að þetta sé ekki heimildarmynd heldur leikin mynd í fullri lengd. „Myndin gerist á þeim tíma þegar börn höfðu enga rödd og ekki var komið fram við þau eins og manneskjur,“ útskýrir Guðrún og bætir því við að handritið sýni að það líði engum vel hjá vandalausum.

Silungapollur var eitt þeirra vistheimila sem Reykjavíkurborg starfrækti á árunum 1945 til 1970 fyrir börn sem glímdu við erfiðar heimilisaðstæður. Börnin sem voru þarna í vist voru mjög ung að árum, á aldrinum þriggja til sjö ára en samkvæmt skýrslu Vistheimilisnefndar sem birt var í september á þessu ári kom fram að húsakosturinn hefði ekki verið nægjanlega góður, eftirliti ábótavant og að of mörg börn hafi verið vistuð þarna á sama tíma. Guðrún segir handritið hafa verið lengi í vinnslu, raunar fyrir Breiðavíkurupplјóstrunina miklu. „Handritið fer alveg að verða tilbúið og þetta hefur gengið mjög vel, allavega hafa framleiðslufyrirtæki sýnt handritinu áhuga en það er ekki alveg algilt.“ - fgg


**SILUNGAPOLLUR** Guðrún Ragnarsdóttir skrifar um þessar mundir kvikmyndahandrit sem hefur verið gefið vinnuheitið Silungapollur, eftir samnefndu vistheimili við Rauðhóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Epli og spil



## MacBook 13”

**2,4GHz** Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
**NVIDIA GeForce 320M** 256MB skjástýring
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi
Þráðlaust WiFi netkort (801.11n), Bluetooth
**Allt að 10** klst rafhlöðu ending

**Verð: 169.990,-**

## MacBook Air

Nýlent





**MacBook Air 11”**
Intel Core 2 Duo
2-4 GB innra minni
64/128 GB SSD diskur
Aðeins 1kg
**Verð frá: 179.990.-**

**MacBook Air 13”**
Intel Core 2 Duo
2-4 GB innra minni
128/256 GB SSD diskur
Aðeins 1,32kg
**Verð frá: 239.990.-**

## iMac 21,5”

1920 x 1080 dílar; milljónir lita; IPS-tækni
4GB 1066MHz DDR3 SDRAM
500GB Serial ATA, 7200 rpm Harður diskur
NIVIDIA GeForce 9400M
Innbyggð iSight vefmyndavél (1,3MP upplausn)
Fjögur USB 2.0, Eitt FireWire 800, SD-kortarauf
Innbyggt Airport Extreme (802.11n)
Innbyggt Bluetooth 2.1 + EDR
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og þráðlaus Magic Mouse



**Verð frá 209.990.-**

## Nýr Office Pakki fyrir Mac

Office : mac 2011

Microsoft hefur gefið út nýja útgáfu af hinum vinsæla Office pakka fyrir Mac.

**Verð frá 18.990.-**



**Opið til 21**
alla fimmtudaga

**Ókeypis námskeið**

**www.epli.is/fraedsla**

## Nýr iPod nano

8GB - 35.990.-
16GB - 43.990.-

Geymir allt að 4000 lög
Allt að 24 klst rafhlöðuending
Vegur aðeins 21g
FM útvarp
7 litir



**Apple búðin**
Sími 512 1300
Laugavegi 182

**Afgreiðslutími:**
Mán. - mið. 10-18 | Fim. 10-21
Fös. 10-18 | Lau. 12-16

www.epli.is

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

# Metnaðarfull frumraun

Tónlist: ★★★★★

**A Long Time Listening**

Agent Fresco

Þegar ég setti plötuna A Long time Listening, fyrstu breiðskífu Agent Fresco, í spilarann og sá að hún innihélt sautján lög og var rúmur klukkutími að lengd sótti að mér uggur. Rétt eins og hjá bókmenntagagnrýnanda sem tekur við fyrsta verki rithöfundar og sér að skáldsagan er fimm hundruð síður.

Spurningin sem vaknar er hvort listamaðurinn eða listamennirnir standi undir þessu, er þroskinn nægjanlegur? Hefði ekki verið betra að senda frá sér „smásagnasafn“ eða litla og einfalda „skáldsögu“. En Agent Fresco setur augljóslega markið hátt, hljómsveitarmeðlimir fengu náttúrulega sína eldskírn með sex laga plötunni Lightbulb Universe og fimm af þeim eru á Long Time Listening. Og til að svara spurningunni að ofan þá er svarið einfaldlega já: Agent Fresco stendur fyllilega undir þessu klukkutíma langa verki og vel það. A Long Time Listening er einfaldlega ein besta plata ársins, konfektmoli handa tónlistarunnendum sem eiga eftir að njóta þess að hlusta á hana aftur og aftur og heyra hana breytast við hverja hlustun. Það er hreinlega erfitt að sjá hver muni skáka þessari mögnuðu plötu á listum íslenskra gagnrýnenda í ár.



Auðvitað verður að færa mjög góð rök fyrir því af hverju A Long Time Listening er besta plata ársins. Og af hverju hún verðskuldar fullt hús. Ástæða númer eitt er ákaflega þéttur hljómur sveitarinnar. Það er greinilega engin tilviljun að dómnefnd Músíktilrauna fyrir tveimur árum skyldi ákveða að verðlauna hljóðfæraleikara sveitarinnar; það er unun að hlusta á samspil fjórmenninganna í heilan klukkutíma án þess að taka sér hvíld. Stilla bara allt í botn og gleyma sér í rokkinu. Söngvarinn Arnór Dan Arnarson fer á kostum og rödd hans hefur mjög sterka nærveru. Önnur ástæða eru þroskaðar lagasmíðar og útsetningar. Það úir og grúir af straumum og stefnum á plötunni og þeir Þórarinn Guðnason og Arnór Dan Arnarson eru ekki smeykir við að blanda saman „poppuðum“ laglínum og þungu rokki án þess að framsetningin verði klisjukennd, þeir hafa sem betur fer ekki gleymt uppruna sínum og hráleikinn dansar á bak við upptökurnar. Það er kannski til marks um hversu reiðubúin Agent Fresco er að titillag plötunnar og jafnframt það lengsta er best. Agent Fresco bíður glæst framtíð ef hún heldur áfram að kafa ofan í tónlistina í hinu stóra samhengi af jafn miklu fordómaleysi og hún gerir á A Long Time Listening.

**Freyr Gígja Gunnarsson**

**Niðurstaða:** A Long Time Listening er einfaldlega besta plata ársins. Svo mörg voru þau orð.



**FRÁBÆR PLATA** A Long Time Listening er sannkallað eyrnakonfekt fyrir tónlistarunnendur. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA





| | | |
|---|---|---|
| THE NEXT THREE DAYS | 5.45, 8 og 10.30 | 12 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | 2(650 kr)og 3.50 ISL TAL | L |
| JACKASS - ÓTEXTUÐ | 6, 8 og 10.15 | 12 |
| UNSTOPPABLE | 6, 8 og 10.15 | 12 |
| ARTÚR 3: TVEGGJA HEIMA STRÍÐ | 2(650 kr)og 4 - ISL TAL | L |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | 2(650 kr) og 4 - ISL TAL | L |







**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 2 - 5 - 6:30 - 7 - 8 - 10 - 11 | 10 |
| HARRY POTTER | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | VIP |
| DUE DATE | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| RED | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 10 | 10 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 2 - 4 Síðasta sýningar helgi | L |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 1:30 | L |
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 1:30 | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | 10 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 2 | L |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA M/ ísl. Tali | kl. 4 | 7 |
| DUE DATE | kl. 6 - 8 | 10 |
| RED | kl. 10:10 | 12 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 2, 3, 5, 6, 8, 9, 11 | 10 |
| DUE DATE | kl. 5.50, 8, og 10.10 | 10 |
| GNARR | kl. 3.40, 5.50, og 8 | L |
| ÆVINTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 2 og 4 | L |
| RED | kl. 10.10 | 12 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 1.30 | 7 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 2:30 - 5:30 - 8:30 - 10:10 | 10 |
| GNARR | kl. 5:50 - 8 | L |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 2 | L |
| THE SWITCH | kl. 5:50 | 10 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:50 | 7 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 1:50 - 3:50 | L |

SPARBÍÓ KR 650 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU




**SMÁRABÍÓ** *Gleraugu seld sér Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| THE NEXT THREE DAYS | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| THE NEXT THREE DAYS LÚXUS | kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 1 (700)- 3(LAU) - 6 | L |
| SKYLINE ÓTEXTUÐ | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| JACKASS 3D ÓTEXTAÐ | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| EASY A | KL. 5.50 - 8 | L |
| ARTHÚR 3 | KL. 1 (700) - 3.40 | L |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | KL. 1 (700) - 3.40 | L |
| AULINN ÉG ÍSL. TAL 3D | KL. 1 (950)* - 3.40 | L |
| UNSTOPPABLE | KL. 10.10 (SUN) | L |
| PARANORMAL ACTIVITI2 FORS | KL. 10.10 LAU | 16 |

**HÁSKÓLABÍÓ** Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| AGORA | kl. 3 - 6 - 9 | 14 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 2 (700) - 4 - 6 | L |
| DRAUMURINN UM VEGINN | KL. 6 | 12 |
| SKYLINE ÓTEXTUÐ | KL. 8 - 10.10 | L |
| UNSTOPPABLE | KL. 8 - 10.10 | L |
| BRIM | KL. 2 - 4 - 6 | L |
| YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER | KL. 8 - 10.15 | L |
| ARTÚR | KL. 2 (700) - 4 | L |

**BORGARBÍÓ** Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 2 (600) - 4 - 6 | 12 |
| ARTÚR 3 | KL. 4 - 6 | L |
| JACKASS 3D | KL. 8 | 12 |
| THE NEXT THREE DAYS | KL. 8 - 10.15 | L |
| SKYLINE | KL. 10 | 12 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | KL. 2 (600) | L |

5% facebook /smarabio • Sími 564 0000
Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is















# CELEBRATE

## Í DAG FÖGNUM VIÐ 1 ÁRS AFMÆLI ADIDAS ORIGINALS Í KRINGLUNNI

**BLAZ ROCA MÆTIR Á STAÐINN KLUKKAN 16:00 OG SPILAR FYRIR AÐDÁENDUR ADIDAS ORIGINALS**
**Á SAMA TÍMA FÁ ALLIR SEM MÆTA TIL OKKAR ADIDAS ORIGINALS TAUPOKA***

*GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

© 2009 adidas AG. adidas, the Trefoil logo and the 3-Stripes mark are registered trademarks of the adidas AG Group.

# sport

sport@frettabladid.is



**NONNI MÆJU**, Jón Ólafur Jónsson, úr Snæfelli, fékk flest atkvæði í kosningu á byrjunarliðsmönnum í Stjörnuleik KKÍ sem fram fer 11. desember. Í liði Landsbyggðarinnar eru líka Snæfellingarnir Sean Burton og Ryan Amaroso, Páll Axel Vilbergsson (Grindavík) og Hörður Axel Vilhjálmsson (Keflavík). Pavel Ermolinskij (KR) fékk flest atkvæði í liði Höfuðborgarinnar en aðrir í liðinu eru Ægir Þór Steinarsson (Fjölni), Marvin Valdimarsson (Stjarnan, Jovan Zdravevski (Stjarnan) og Fannar Ólafsson (KR).



**ERFITT** Rakel Dögg og félagar komust ekkert áfram í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ísland hafði ekkert að gera í Ólympíumeistarana:

## Neyðarlegt tap gegn Noregi

**HANDBOLTI** Ólympíumeistarar Noregs sýndu íslenska landsliðinu í gær hvernig á að spila handbolta. Þetta besta handboltalið heims fór algjörlega á kostum í vináttuleik liðanna og vann yfirburðasigur, 35-14. Staðan í hálfleik var 19-7. Þetta var fyrsti leikur Íslands á fjögurra liða æfingamóti.

*Vináttulandsleikur:*

Noregur-Ísland 35-14 (19-7)
Mörk Íslands (skot): Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 4 (14/1), Rakel Dögg Bragadóttir 2 (9/1), Harpa Sif Eyjólfsdóttir 2 (3), Arna Sif Pálsdóttir 2 (2), Sólveig Lára Kjærnested 2 (3), Karen Knútsdóttir 1 (5), Þorgerður Anna Atladóttir 1 (4). Ásta Birna Gunnarsdóttir (2), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir (2), Rut Jónsdóttir (3).
Varin skot: Berglind Íris Hansdóttir 7/1, Íris Björk Símonardóttir 4.

Norðmenn spiluðu framúrskarandi varnarleik og ekki var markvarslan síðri. Hraðaupphlaupin voru síðan í hæsta gæðaflokki en Noregur skoraði yfir 20 mörk úr hröðum upphlaupum í gær. Íslenska liðið stóð eftir varnarlaust.

Það breytti engu þótt Norðmenn skiptu út byrjunarliði sínu í hálfleik. Yfirburðirnir voru algjörir. Fyrsta mark Íslands í síðari hálfleik kom eftir rúmar tíu mínútur og lengi vel leit út fyrir að Ísland myndi ekki rjúfa tíu marka múrinn.

Stelpurnar gáfu sig allar í verkefnið fram á lokamínútu en íslenska liðið er mörgum klössum fyrir neðan þetta frábæra norska lið.

- hbg


**Aðalfundur Golfklúbbs Reykjavíkur.**

Aðalfundur Golfklúbbs Reykjavíkur verður haldin mánudaginn 6. desember og hefst kl.20:00.
Fundarstaður Golfskálinn Grafarholti

**Dagskrá aðalfundar:**
Í upphafi aðalfundar skal kjósa sérstakan fundarstjóra og ritara eftir tilnefningu.

1. Skýrsla formanns.
2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
3. Umræður um skýrslu formanns og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
4. Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna skv. 19. gr. ef einhverjar eru.
5. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
6. Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár.
7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
8. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara.
9. Önnur málefni ef einhver eru.

Virðingarfyllst
Stjórn Golfklúbbs Reykjavíkur


# Auglýsa eftir stuðningi

**Haukar ætla að selja sig dýrt gegn þýska liðinu Grosswallstadt í dag er liðin mætast í EHF-bikarnum. Haukarnir þurfa að vinna upp tveggja marka forskot. Þátttakan í keppninni kostar mikið og Haukar safna með því að selja þorskhnakka.**

**HANDBOLTI** Síðari leikur Hauka og þýska úrvalsdeildarliðsins Grosswallstadt, sem landsliðsmaðurinn Sverre Andreas Jakobsson spilar með, fer fram á Ásvöllum klukkan 17.00 í dag. Íslandsmeistararnir eiga raunhæfan möguleika á að komast áfram eftir að hafa tapað fyrri leiknum ytra með aðeins tveggja marka mun.

„Þetta verkefni leggst vel í okkur. Það er alltaf gaman að mæta svona sterkum liðum. Við höfum mætt mörgum af sterkustu liðum Evrópu á síðustu árum og það er alltaf jafn gaman. Þessir Evrópuleikir eru eins og landsleikir fyrir marga okkar,“ segir hinn harðskeytti hornamaður Haukanna, Freyr Brynjarsson. Hann segir Haukana hafa hitt á mjög góðan leik ytra.

„Það var okkar besti leikur í vetur. Vörnin var virkilega góð hjá okkur í þeim leik. Þeir voru eflaust að vanmeta okkur eitthvað á sama tíma og við duttum á góðan leik. Grosswallstadt datt samt úr bikarnum um daginn, tapaði fyrir liði í 2. deild, og þeir eiga því til að brotna. Ef við náum vörn og markvörslu aftur þá er allt hægt. Sérstaklega ef við fáum fullt hús og góðan stuðning. Við hvetjum fólk til þess að mæta,“ segir Freyr ákveðinn en frítt er á leikinn.

„Þátttaka í Evrópukeppnum hefur oft hjálpað okkur í deildinni heima. Við steinlágum einu sinni fyrir Val og lögðum síðan hið gríðarsterka lið Fotex Veszprém í kjölfarið. Leikurinn úti sýndi okkur hvað við getum. Við munum selja okkur dýrt í þessum leik og ef allt smellur hjá okkur er aldrei að vita hvað gerist.“



**ÞAÐ ER ALLT HÆGT** Freyr Brynjarsson verður í lykilhlutverki hjá Haukum í dag er þeir mæta Grosswallstadt í EHF-bikarnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það er ekki ókeypis að taka þátt í Evrópukeppni og Haukarnir eru þegar komnir í mínus vegna þátttökunnar í ár. Þeir eru samt duglegir að afla fjár og verða meðal annars með sjávarréttakvöld eftir leikinn þar sem leikmenn beggja liða mæta.

„Það eru enn lausir miðar á sjávarréttakvöldið og þeir verða seldir á leiknum. Við höfum einnig farið hefðbundnari leiðir til að afla fjár og meðal annars selt klósettpappír og þorskhnakka. Við munum svo gera eitthvað fleira eftir áramót. Bóna bíla og svo var líka hugmynd að gefa út dagatal. Við gerum eitthvað sniðugt,“ segir Freyr Brynjarsson léttur.

henry@frettabladid.is

Erfiðir útileikir hjá Chelsea og Man. City og Liverpool sækir Tottenham heim:

## Tapar Chelsea þriðja leiknum í röð?

**FÓTBOLTI** Stórleikur helgarinnar í enska boltanum er viðureign Spurs og Liverpool á White Hart Lane. Man. City á erfiðan útileik á Britannia og Chelsea þarf að rífa sig upp á St. James´ Park.



Chelsea hefur tapað þremur af síðustu fjórum leikjum sínum í deildinni og þar af hafa tveir síðustu tapast. Þetta er í fyrsta skipti í fjögur og hálft ár sem liðið tapar tveim deildarleikjum í röð. Ef liðið tapar í dag verður það í fyrsta skipti síðan 1999 sem liðið tapar þrem leikjum í röð.

Liverpool vann loks leik í síðustu umferð en Spurs hefur unnið tvo í röð. Harry Redknapp, stjóri Spurs, hefur ekki tapað í síðustu fjórum heimaleikjum gegn Liverpool. Liverpool hefur aðeins unnið einn útileik í vetur.

- hbg

**Leikir helgarinnar:**

**Laugardagur:**
Aston Villa - Arsenal
